Lóðarleigu skal greiða á sömu gjaldögum og önnur gjöld til bæjarsjóðs. Leigan samkvæmt 4. gr. a. rennur beint í bæjarsjóð, en gjaldið samkvæmt 4. gr. b. í sjerstakan sjóð. er nefnist »húsfyrningasjóður Reykjavíkurbæjar« og ekki má gera að eyðslufje. Fyrir lóðarleigunni er lögtaksrjettur samkv. lögum frá 16. des. 1885.

Leigutaki og veðhafar eru skyldir að hlíta því, ef lög verða sett ákvæði um að leigan gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

5
14. jan.

8. gr.

Fje það, sem greiðist í húsfyrningarsjóð skal ávaxta tryggilega, og þegar sjóðurinn er að áliti bæjarstjórnar orðinn nægilega stór, skal veita úr honum lán til íbúðarhúsabygginga á leigulóðum bæjarins, gegn veði í húsunum og vöxtum, er ekki sjeu hærri en 5 af hundraði á ári.

Fyrst um sinn og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hefir borgarstjóri á hendi stjórn sjóðsins, en bæjargjaldkeri reikningshald hans.

Samþykt þessi, sem bæjarstjórnin í Reykjavík hefir samið samkvæmt 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, staðfestist hjermeð.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 14. jan. 1920.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

6
15. jan.

um notkun bryggjunnar í Steinsvör á Skipaskaga.

Atvinnu og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins hefir 15. janúar 1920 gefið út svofelda reglugjörð um notkun bryggjunnar í Steinsvör á Skipaskaga, samkvæmt lögum nr. 76 frá 14. nóv. 1917.

1. gr.

Bryggjan er í umsjá hreppsnefndarinnar í Ytri-Akraneshreppi. Hún hefir sjerstakan reikning, sem miðast við almanaksár og sje endurskoðaður og úrskurðaður af sömu mönnum og reikningur hreppsins. Hreppsnefndin innheimtir eða lætur innheimta gjöld fyrir notkun bryggjunnar samkvæmt reglugjörð þessari og gerir reikningsskil fyrir þeim, gegn 5% innheimtulaunum. Ársreikningur skal sendur stjórnarráðinu.

2. gr.

Ef árleg gjöld fyrir notkun bryggjunnar hrökkva ekki fyrir viðhaldi hennar og viðgerðarkostnaði, greiðist það sem á vantar úr hreppssjóði. Ef reynslan sýnir að bryggjan ber sig ekki fjárhagslega með gjöldum þeim sem ákveðin eru í 3. gr., gerir hreppsnefndin tillögur um hækkun þeirra

3. gr.

Gjöld fyrir notkun bryggjunnar skulu greiðast þannig.

a. fyrir hver 100 kg. af kolum, saltfiski, salti, ísvörðum fiski, og síd ... ... 4 aura
b. — hverja 10 fiska blauta, ef ekki eru í umbúðum ... ... 5 —
c. — hvern teningsmeter af timbri, húsgögnum, orgelum, o. þ. h. vörum sem reiknast eftir rúmmáli ... ... 20 —
d. — hvern stórgrip ... ... 25 —
e. — hverja sauðkind ... ... 4 —
f. — hvern heykapal ... ... 6 —
g. — hvert stykki (kolli) af öðrum flutningi ... ... 4 —

Opnir bátar skulu í byrjun hverrar vertíðar greiða minst 1 krónu af hlut, hvort sem fleytan er stærri eða smærri. Hreppsnefndinni eða umsjónarmanni bryggjunnar er heimilt að semja við fjelög eða einstaka menn til eins árs í senn um greiðslu fyrir notkun bryggjunnar í stað lögákveðins gjalds í hvert skifti, skulu þeir samningar fara fram um hvert nýár. Formenn á vjelbátum annast greiðslu á öllum flutningi er þeir flytja. En að öðru leyti sendandi eða móttakendur vörunnar.

4. gr.

Enginn flutningur hverju nafni sem nefnist má liggja á bryggjunni lengur en bráð nauðsyn krefur, fisk má ekki slægja þar, að öðru leyti eru notendur bryggjunnar og aðrir[1] háðir þeim ákvörðunum sem hreppsnefnd og heilbrigðisnefnd setja um góða reglu og hreinlæt á henni.

5. gr.

Allir notendur bryggjunnar eða aðrir, sem á einhvern hátt brjóta eða skemma hana eru skyldir að borga það að fullu eftir kostnaðarreikningi.

6. gr.

Komi notendur bryggjunnar sjer ekki saman við umsjónarmann hennar um bryggjugjaldið, geta þeir skotið máli sínu til hreppsnefndar, og gildir úrskurður hennar þar um.

7. gr.

Gjöld þau sem hjer að framan ræðir um má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum er renna í hafnarsjóð Ytri-Akraneshrepps. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 16. janúar 1920 og fellur þá úr gildi reglugjörð um sama efni útgefin 20. júní 1912.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnaráðsins, 15. jan. 1920.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

7
24. jan.

Reglugjörð

um

skipun póstmála.

1. gr.

Aðalpóstmeistari hefir á hendi yfirstjórn póstmála og ber ábyrgð gagnvart ráðherra á öllum framkvæmdum þarað lútandi.

Aðalpóstmeistari stendur undir atvinnumálaráðherranum án nokkurra millilíða og leggur munnlega fyrir hann þau mál, sem ráðherra á að skera úr, eða, sem hann á að fá vitneskju um.

Aðalpóstmeistari hefir sjer til aðstoðar póstritarann, póstfulltrúa og aðstoðarmenn.

2. gr.

Póstritari ber ábyrgð gagnvart aðalpóstmeistara á öllu því, sem heyrir undir hann á aðalskrifstofu póstmálanna, og kemur í hans stað, þegar hann er fjarverandi eða eigi viðlátinn.

Brjef þau, sem aðalpóstmeistari skrifar eigi undir sjálfur, undirskrifar póstritarinn og bætir við nafn sitt f. h. a. (fyrir hönd aðalpóstmeistara) eða póstfulltrúinn og bætir við nafn sitt e. u. (eptir umboði).

3. gr.

Konungur veitir aðalpóstmeistaraembættið, en eftir tillögum aðalpóstmeistara veitir ráðherra bæði póstritara- póstmeistara- og póstfulltrúaembætti.

Aðalpóstmeistari skipar póstafgreiðslumenn og aðstoðarmenn, en brjefhirðingarmenn, brjefbera og pósta skal hann ráða með samningum.

Þeir póstembættismenn, sem taldir eru í launalögum, mega eigi takast á hendur nein launuð störf fyrir stjórnarvöld eða einstaka menn án leyfis aðalpóstmeistara eða ráðherra.

Þegar póstembætti eru laus skal aðalpóstmeistari sjá um að þeim verði þjónað með því að setja menn í þau til bráðabirgða, og hann hefir heimild til að víkja póst embættismönnum frá um stundarsakir.

Við skipun embætta og sýslana skal aðalpóstmeistari hafa í ráðum með sjer póstritarann og póstmeistarann í Reykjavík.

4. gr.

Á aðalskrifstofu póstmálanna skal, meðal annars, endurskoða reikninga frá póstmeisturum og póstafgreiðslumönnum, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu, og þangað skal senda peninga, sem póstmeistarar og póstafgreiðslumenn eiga að standa skil á. Þaðan

skal afgreiða til sömu frímerki, peninga, eyðublöð og áhöld eftir þörfum, og þar skal saminn reikningur yfir allar pósttekjur og öll póstgjöld ríkisins fyrir hvert almanaksár. 7 24. jan.

Reikning þenna lætur fjármálaráðherrann endurskoða.

Hinar nánari reglur um störfin á aðalskrifstofu póstmálanna setur aðalpóstmeistari.

5. gr.

Póstmeistarar stjórna öllum störfum á póststofum sínum bæði gagnvart starfsmönnum og yfirmönnum sínum, gagnvart öðrum pósthúsum og almenningi, sem notar póstinn.

Þeir skulu jafnframt því að taka þátt í störfunum, sjá um að verkin sjeu vel unnin og að almenningi sje sýnd lipurð, en jafnframt að allrar sparsemi sje gætt. Verknm skal þannig fyrir komið, að hægt sje að ákveða, hver beri ábyrgð á misfellum þeim, sem kunna að koma fyrir, og það er skylda hvers starfsmanns að styðja að því.

Þeir hafa eftirlit með starfsmönnum á póststofum sínum, brjefberum, sem ganga þaðan, og pósthúsum, sem liggja undir þá, og þeir skulu rannsaka frímerkjabirgðir og sjóð hjá hinum framantöldu, svo og á öðrum pósthúsum, þegar aðalpóstmeistari leggur svo fyrir.

Póstmeistarar skulu senda aðalskrifstofu póstmálanna eða aðalpóstmeistara reikning yfir tekjur og gjöld við lok hvers mánaðar með þeim fylgiskjölum, sem hann leggur fyrir.

6. gr.

Póstafgreiðslumenn, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu, skulu við lok hvers mánaðar semja reikning yfir tekjur og gjöld við póstafgreiðsluna fyrir mánuðinn og senda aðalpóstmeistara eða aðalskrifstofu póstmálanna ásamt kvittunum fyrir gjöldunum og það, sem kann að vera í sjóði, ef eigi þarf á því að halda, til að borga með útgjöld póstafgreiðslunnar. Við árslok skal póstafgreiðslumaður senda ársreikning, sem hefir inni að halda samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld póstafgreiðslunnar samkvæmt mánaðarreikningunum.

Auk þess að sjá um póstafgreiðsluna þar á staðnum skal hann hafa gætur á að póstafgreiðslumenn, er eigi hafa sjálfstæða reikningsfærslu, og kunna að verða lagðar undir hann, svo og brjefhirðingarmenn í umdæmi hans, leysi af hendi störf sín eins og fyrirskipað er. Hann skal bera upp fyrir aðalpóstmeistara uppástungur um, hverja skuli taka í nefndar sýslanir, þegar þær eru lausar, og hann getur gefið þeim ferðaleyfi, þó svo að sjeð verði um að störfunum sje gegnt, svo að alt sje í reglu á meðan.

Póstafgreiðslumaðurinn skal senda aðalpóstmeistara öll bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv. um póstmál og hann skal, svo opt sem þess verður krafist, leggja fram bækur sínar og annað póstafgreiðslunni tilheyrandi til sýnis aðalpóstmeistara eða þeim, sem hann setur í sinn stað til að framkvæma slíka skoðun.

Hann skal sækja um leyfi hjá aðalpóstmeistara til þess að ferðast út fyrir umdæmi sitt; þegar á liggur getur hann samt tekist ferðina á hendur þegar í stað, en senda skal hann aðalpóstmeistara skýrslu um það, og verður hann, hvernig sem á stendur, sjálfur að sjá um að áreiðanlegur maður annist póststörfin á hans ábyrgð, meðan hann er fjarverandi.

7 7. gr.

24. jan. Póstafgreiðslumenn þeir, sem eigi hafa sjálfstæða reikningsfærslu, liggja annaðhvort undir póstmeistara eða póstafgreiðslumann með sjálfstæðri reikningsfærslu, og hafa að eins viðskifti við aðalpóstmeistara gegnum póstmeistara þann eða póstafgreiðslumann, sem yfir þá er settur.

Póstafgreiðslumaður, sem eigi hefir sjálfstæða reikningsfærslu, skal með hverri póstferð senda póstmeistara eða póstafgreiðslumanni, sem hann heyrir undir, alla peninga, sem hann hefir í sjóði, með nauðsynlegri skilagrein.

8. gr.

Bréfhirðingamaður er skyldur til þess við lok hvers mánaðar að gjöra póstmeistara eða póstafgreiðslumanni þeim, sem hann er undirgefinn, skil fyrir póstgjöldum þeim, sem hann hefir tekið við, og senda það sem kann að vera í sjóði. Hann hefir aðeins viðskifti við aðalpóstmeistara, fyrir milligöngu nánasta yfirboðara síns, sem getur veitt honum ferðaleyfi, gegn því, að áreiðanlegur maður annist póststörfin á hans ábyrgð meðan hann er fjarverandi.

9. gr.

Aðalpóstmeistarinn ræður pósta þá, sem með þarf til þess að póstflutningur komist áfram, með samningum, og skal þar í ákveða um fargögn, borgunarskilyrði, hve lengi pósturinn megi vera á leiðinni og fyrir hve langan tíma samningurinn skuli gilda; en burtfarartíma, póstleiðina og viðkomustaði ákveður póstáætlunin ár hvert, og skal samningurinn vísa til hennar í því efni.

Í samningnum skal póstinum bannað að taka nokkuð til flutnings utan pósts eða utan tösku; skulu sektir, sem nákvæmlega skal tiltaka, liggja við, ef brotið er út af, og skulu þær vera nokkur hluti af kaupi því, sem samið er um fyrir ferðina, og sje aftur brugðið út af því, skal víkja póstinum frá þegar í stað.

Fari póstur ekki af stað á ákveðnum tíma, sjeu fargögn eigi í því ástandi, sem ákveðið er, hafi hann án gildrar ástæðu farið aðra leið en ákveðið var, eða tafið of lengi á leiðinni, eða ef hann yfir höfuð hefir brugðið út af nokkru því, sem um samið er, skal hann sæta sekt, sem nákvæmara er ákveðin í samningnum. Hafi aftur á móti náttúruviðburðir eða annað, sem honum verður ekki sök á gefin, valdið því, að hann hefir orðið að bregða út af skilmálum þeim, sem settir eru í samningnum, verður hann til þess að firra sig vítum, að sanna með vottorði áreiðanlegs manns, að slíkt hafi átt sjer stað.

Pósturinn skal hafa meðferðis sendinga-, stundar- og vigtarseðil, og skal ritað á hann á hverjum viðkomustað, hvenær póstur kemur og hvenær hann fer og hvað sent er með honum.

10. gr.

Hinar nánari reglur um afgreiðslu á póstum og póstsendingum svo og um reikningsskil og reikningsfærslu póstmeistara, póstafgreiðslumanna og bréfhirðingarmanna setur aðalpóstmeistari.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1920 og frá sama tíma er feld úr gildi reglugjörð fyrir póstmenn 22. maí 1908. 7 24. jan.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 24. janúar 1920.

Sigurður Jónsson.

Ole P. Blöndal.

Samþykt 8 11. febr.

um stjórn bæjarmálefna í Akureyrarkaupstað.

I. Um stjórn og framkvæmdir á bæjarmálefnum.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 11 kjörnum fulltrúum. Bæjarstjóri á sæti í bæjarstjórn, þótt hann sje eigi kjörinn bæjarfulltrúi.

2. gr.

Sjerstökum málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum, sem bæjarstjórnin kýs. Þessar nefndir eru:

1. Fjárhagsnefnd
2. Hafnarnefnd.
3. Jarðeignanefnd
4. Byggingarnefnd
5. Fátækranefnd
6. Veganefnd
7. Vatnsveitunefnd
8. Húseignanefnd
9. Brunamálanefnd
10. Rafmagnsnefnd
11. Ellistryrktarsjóðsnefnd
12. Sundnefnd
13. Stjórnarnefnd »Caroline Rest«
14. Skólanefnd.

Ennfremur kýs bæjarstjórnin 2 menn í skattanefnd og einn til vara, 1 mann í heilbrigðisnefnd, 1 mann í sóttvarnarnefnd og einn mann til að semja verðlagsskrá, 1 mann í fulltrúaráð »Verksmiðjufjelags Akureyrar«, og 1 mann til að endurskoða reikninga þess. 1 mann í stjórn sjúkrahússins »Gudmanns Minde« og 1 mann til að endurskoða reikninga þess.

8 11. febr. Þeir, sem kosnir eru í nefndirnar, fara frá annaðhvort ár, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, en þó má endurkjósa þá. Kosning skólanefndarmanna gildir um 3 ár.

Fai einhver hinna kosnu nefndarmanna þau forföll, að hann geti eigi gegnt starfi sínu, kýs bæjarstjórnin annan í hans stað, ef henni þykir þess þurfa, og gegnir sá starfi hins uns kjörtíminn er á enda.

Bæjarstjórnin getur tekið sjerhvert mál til meðferðar og úrskurðar, þótt falið sje fastri nefnd, og er það mál þá gengið úr höndum þeirrar nefndar. Svo getur bæjarstjórnin og skipað sjerstakar nefndir fyrir einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einum úr sínum flokki framkvæmd þeirra.

Allar ályktanir nefnda skulu lagðar fyrir bæjarstjórnina til úrskurðar.

3. gr.

Í fjárhagsnefndinni er bæjarstjóri formaður, en auk hans eiga í henni sæti 2 af bæjarfulltrúunum. Nefnd þessi veitir forstöðu fjárhag bæjarins, býr undir áætlun, semur árlega skýrslur um eignir og skuldir bæjarins, sjer um stjórn gjaldkera á bæjarsjóði, að hann heðgi sjer eftir erindisbrjefi sínu riti rjett og reglulega bækur sínar, byrji skattakröfur allar og ljúki þeim á rjettum tíma, svo sem fyrir er skipað. Hún hefir og eftirlit með því að tekjurnar sjeu goldnar á rjettum tíma og gengið sje eftir ógoldnum gjöldum og að það fje sje sett á vöxtu, er umfram kann að verða gjöldunum. Nefndin hlutast til um að samin sje skrá yfir gjöld þau, er greiða skal af föstu lögboðnum tekjustofnum, t. d. lóðargjöldum, og skal skrá þessi vera bæjarbúum til sýnis ásamt niðurjöfnunarskránni.

Nefndin skipar fyrir um, hversu reikningsbækur gjaldkera eða annara, er hafa kunna umráð yfir fje bæjarins, skuli vera lagaðar, leiðbeinir þeim er hlut eiga að máli í því efni, og gætir þess, að reglum þeim sje hlýtt, sem um það efni eru settar. Svo ber og nefndinni að hafa eftirlit með öllum fjárbirgðum hjá gjaldkera og hverjum öðrum, er hafa kann fje bæjarins undir höndum.

Alla reikninga til bæjarsjóðs skal senda bæjarstjóra. Rannsakar hann þá, sjer um, að þeir sjeu nægilega vottaðir, að rjettir sjeu, hafi áætlunarheimild eða gilt ákvæði bæjarstjórnar við að styðjast og ávísar þá síðan til greiðslu.

Í ávísunarbók skal rita alt það, sem ávísað er, og skulu í bók þessari vera greindir allir aðaldálkar og liðir áætlunarinnar, hver sjer. Á ávísanirnar skal ávalt rita, til hvers dálks og liðar gjaldið skuli telja.

Gjaldkeri má ekki greiða neitt fje úr bæjarsjóði nema löglega ávísað sje.

4. gr.

Bæjarsjóri er formaður hafnarnefndar og auk hans eiga sæti í nefndinni 4 menn er bæjarstjórnin kýs, 3 bæjarfulltrúar og 2 utan bæjarstjórnar. Nefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni samkv. lögum og hafnarreglugjörð kaupstaðarins.

5. gr.

Jarðeignanefnd er skipuð bæjarstjóra, sem er formaður hennar, og 2—4 mönnum öðrum, af þeim sjeu minst 2 bæjarfulltrúar. Nefndin hefir á hendi umsjón með jarðeignum bæjarins, túnum, erfðafestulöndum, slægjum, afrjettarlöndum, hagagöngu, mótaki, grjótnámi, o. s. frv., að svo miklu leyti sem umsjónin er ekki öðrum sjerstaklega á hendur falin.

Nefndin skal fyrir miðjan nóvembermánuð ár hvert semja skýrslu yfir tekjur af öll-

um jarðeignum bæjarins, nægilega sundurliðaða til þess að bæjargjaldkeri geti innheimt tekjurnar eftir henni. 8 11. febr.

6. gr.

Bæjarstjóri er formaður byggingarnefndar. Auk hans eigi sæti í nefndinni slökkviliðsstjóri og 3 menn, er bæjarstjórnin kýs, 2 þeirra úr sínum flokki.

Nefnd þessi annast byggingarmálefni kaupstaðarins samkvæmt því sem fyrir er mælt í byggingarlögum og byggingarsamþykt bæjarins.

7. gr.

Bæjarstjóri er formaður fátækranefnarinnar, en auk hans eigi sæti í henni 4 bæjarfulltrúar.

Nefnd þessi hefir á hendi alla stjórn fátækramála. Hún sjer fyrir öllum sveitarómögum, annast greftrun þeirra og lögflutning, allar brjefaskriftir um fátækramálefni og viðskifti við önnur sveitafjelög. Nefndin ráðtafar fje því, sem veitt er til ómaga og þurfamanna. Hún semur um meðgjafir með ómögum og önnur útgjöld til fátækra.

Bænum skal skift í 4 fátækrahverfi og skal hver bæjarfulltrúi í nefndinni hafa sitt hverfi til umsjónar. Skulu nefnarmenn, hver í sínu hverfi, hafa nákvæmar gætur á sveitarómögum og þurfamönnum, högum þeirra, heimilisástæðum og háttalagi og stuðla að því að þurfamenn noti efni sín með sparnaði og forsjá, leiti sjer atvinnu eftir megni og kosti kapps um að bjarga sjer og sínum, sem mest af rammleik sjálfs síns. Styrkbeiðni þurfamanns verður að jafnaði eigi til greina tekin, nema fátækranefnarmaður fyrir hans hverfi styðji hana, og má ávísa honum styrknum til ráðstöfunar fyrir þurfamanninn, ef ástæða þykir til. Nefndarmenn skulu gera sjer far um að afla sjer skýrslna um aðkomna þurfamenn, er orðið hafa öðrum sveitum til þyngsla, eða hætt er við, að eigi geti haft ofan af fyrir sjer í kaupstaðnum.

8. gr.

Bæjarstjórnin kýs 2 menn úr sínum flokki í veganefnd auk bæjarstjóra, sem er formaður nefndarinnar. Veganefndin hefir á hendi alla umsjón og framkvæmdir á vegagerðum, endurbótum og hirðingu á vegum, holræsum, rennum og götulýsingu, alt eftir ákvæðum bæjarstjórnarinnar.

9. gr.

Vatnsveitunefndin er skipuð bæjarstjóra, sem er formaður og tveim bæjarfulltrúum. Hún hefir umsjón með vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins.

10. gr.

Húseignanefnd er skipuð bæjarstjóra, sem er formaður hennar og 2 bæjarfulltrúum. Hún hefir á hendi umsjón með öllum húseignum bæjarins sem ekki heyra undir sjerstakar nefndir, annast viðhald þeirra, gerir leigusamninga og lætur bæjargjaldkera i tje skýrslur yfir leigur þær, er honum ber að innheimta.

11. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 5 mönnum: bæjarstjóra, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóranum og 3 bæjarfulltrúum, sem bæjarstjórnin til þess kýs. Hún skal fylgja

8 reglum þeim, sem settar eru í lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið kaupstað-
11. febr. arins, og fullnægja öllum þeim skyldum sem henni eru þar á herðar lagðar.

12. gr.

Rafmagnsnefnd er skipuð bæjarsjóra, sem er formaður hennar og 2—4 bæjarfulltrúum. Hún hefir á hendi allan undirbúning undir bygging rafstöðvar fyrir bæinn og umsjón með rafstöðinni, þegar hún er komin á stofn.

13. gr.

Ellistyrktarsjóðsnefnd er skipuð tveim bæjarfulltrúum, auk bæjarstjóra sem er formaður hennar. Hún semur árlega ská yfir gjaldskylda menn til ellistyrktarsjóðs, gerir tillögur um úthlutun styrks úr sjóðnum, og starfar að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, er lög og reglugerðir mæla fyrir.

14. gr.

Í sundnefnd eru 2 bæjarfulltrúar, auk bæjarstjóra, sem er formaður hennar. Hún hefir umsjón með sundstæði bæjarins og sundkenslu.

15. gr.

Skólanefndin hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum kaupstaðarins sjerstaklega með kenslunni í barnaskóla kaupstaðarins, og öllu því sem barnaskólann varðar, alt samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum um fræðslu barna og reglugerðum þeim, er kenslumálastjórnin setur.

16. gr.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt eiga sæti í skattanefndinni, bæjarstjóri sem er formaður nefnarinnar, og 2 menn, sem bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um, að heilbrigðissamþykt bæjarins sje fylgt. Bæjarfógeti er formaður hennar og í henni eiga þess utan sæti hjeraðslæknir og einn bæjarfulltrúi.

18. gr.

Sóttvarnarnefnd er skipuð bæjarfógeta, sem er formaður hennar, hjeraðslækni og einum bæjarfulltrúa. Hún annast sóttvarnir samkvæmt ákvæðum það að lútandi laga og reglugjörða.

19. gr.

Stjórnarnefnd »Caroline Rest« er skipuð 3 mönnum er bæjarstjórnin kýs og hefir nefndin umsjón og eftirlit með stofnuninni samkvæmt gjafabrjefi George H. F. Schraders dags. 23. mars. 1915. Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar er yfirstjórn »Caroline Rest«.

20. gr.

Um stjórn »Verksmiðjufjelags Akureyrar« fer eftir þar um settum lögum og reglum. Kýs

bæjarstjórnin 1 mann úr flokki sínum í fulltrúaráð nefnds fjelags og 1 mann til að endur- 8
skoða reikninga þess. 11. febr.

21. gr.

Stjórn sjúkrahússins »Gudmanns Minde« skipa 3 menn. Kýs bæjarstjórnin einn mann úr sínum flokki til 3ja ára í senn.

Sjúkrahúsið er eign Akureyrarkaupstaðar og umliggjandi hjeraða samkvæmt gjafabrjefi F. Gudmanns dags. 13. nóv. 1873. Un stjórn þess fer nánar eftir þar um settum reglum.

Yfirstjórn sjúkrahússins er bæjarstjórn Akureyrar og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu.

22. gr.

Áður en frumvarp til fjárhagsáætlunar er samið skulu allar fastar nefndir senda fjárhagsnefnd tillögur um, hve miklu fje skuli varið næsta ár til mála þeirra, er heyra undir hverja nefnd fyrir sig, og hvernig því skuli varið. Einnig áætlun um tekjur af gjaldstofnum þeim, er nefndirnar hafa í umsjá sinni.

23. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á málefnum þeim og ráðstöfunum bæjarstjórnarinnar, sem eru eigi falin öðrum á hendur. Honum ber að annast allar brjefaskriftir bæjarstjórnarinnar og nefnda þeirra, sem hann er formaður í.

II. Um starfa niðurjöfnunarnefndar og innheimtu bæjargjalda.

24, gr.

Niðurjöfnunarnefndin er skipuð 7 mönnum. Kjósa þeir sjálfir formann sinn.

25. gr.

Nefndin semur skrá yfir alla þá, er greiða eiga bæjargjöld eftir efnum og ástæðum á árinu og tilgreinir heimili þeirra, Þess skal getið í sjerstökum dálki, ef gjaldandi hefir jafnframt fasta dvöl annarstaðar.

26. gr.

Miðurjöfnun bæjargjalda skal lokið eigi síðar en innan loka nóvembermánaðar ár hvert Við niðurjöfnun bæjargjalda ber nefndinni sjerstaklega að gæta þess, hverjar tekjur hver greiðandi hefir til að framfæra sjer og sína, og aðra er hann vinnur fyrir, til munaðar eða gróða, eftir öllum efnahag hans og atvinnu. Hún skal og taka til greina, hversu tekjurnar eru á sig komnar og allar heimilisástæður og ómagaþunga af vandamönnum. Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu yfir árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Nefndinni og bæjarstjórninni er skylt að halda þessum upplýsingum leyndum.

Til þess að hin áætlaða upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full, og rýrist ekki við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldanda úr bænum eða árangurslaust fjárnám o. s. frv. ber nefndinni ávalt að jafna niður 5—10 af hundraði meira en til er tekið í áætluninni.

8 11. febr. Niðurjöfnunarskráin skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok á skrifstofu bæjarstjórans, eftir að búið er að birta það opinberlega.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefir verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eftir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hefir verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefir gert má svo innan hálfsmánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eftir hinn ákveðna tima, verða eigi til greina teknar.

Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

27. gr.

Reglur þær, sem settar eru um aðalniðurjöfnunina, gilda og um aukaniðurjöfnun, en hún á fram að fara í septembermánuði og endranær ef bæjarstjórnin fyrirskipar.

28. gr.

Öll bæjargjöld, hvort heldur er af lögboðnum tekjustofnum eða eftir efnum og ástæðum, falla í gjalddaga ár hvert 1. dag aprílmánaðar og 1. dag októbermánaðar, að helmingi í hvort skifti, og ber gjaldkera þá að innheimta þau. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, bör að taka þau lögtaki

29. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir innan janúarloka og því næst liggja til sýnis bæjarmönnum 14 daga. Þá skulu reikningarnir sendir hinum kosnu endurskoðunarmönnum, og skulu þeir hafa lokið endurskoðuninni innan mánaðar. Athugasemdum endurskoðunarmanna skal gjaldkeri svo hafa svarað innan hálfs mánaðar. Því næst semur fjárhagsnefndin ásamt endurskoðunarmönnum tillögur til úrskurðar um reikninginn, og skal því starfi lokið innan loka aprílmánaðar. Að svo búnu leggur bæjarstjórnin úrskurð á reikninginn til lögboðinnar afgreiðslu.

III. Um starfsmenn kaupstaðarins.

30. gr.

Starfsmönnum bæjarins ber í einu sem öllu að fara eftir erindisbrjefum þeirra. Starfsmönnum öllum skal launað eftir ákvæðum bæjarstjórnar.

31. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykt á bæjarstjórnarfundi 13. jan. 1920 staðfestir:

Bæjarstjórinn á Akureyri 15. jan. 1920

Jón Sveinsson.

Samþykt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykt er hjermeð staðfest. 8 11. febr.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. febr. 1920.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Endurskoðuð reglugjörð 9 21. febr.

fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar.

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórnin 3ja manna nefnd úr sínum flokki.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til húsaskatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær sjeu nothæfar til eldvarnar, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rjett á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir brunabótavirðingu húsanna og greiðist með 3,5 p. m. af fyrstu 20000 kr. virðingarverðsins, en með 2 p. m, af því, sem fram yfir er. Þegar svo er ástatt að einn er eigandi að fleiri húsum er standa í hvirfingu á sömu lóð, og notuð eru til sama atvinnureksturs — enda sje eigi búið nema í einu þeirra — þá reiknast 2 p. m. af því, sem fram yfir er 20000 kr. af samanlögðu virðingarverði húsanna.

Auk þess greiða húseigendur 1 kr. árlega fyrir hvern mann, sem býr í húsum þeirra þegar manntal er tekið næst áður en niðurjöfnun skattsins fer fram.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá bæjarstjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um alt að 20%.

3. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir er venjulegar heimilisþarfir skal gjaldið ákveðið með samningi við bæjarstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal greiða:

a. fyrir vatn í síldarpækil 8 aura og kjötpækil 10 aura fyrir hverja tunnu síldar eða kjöts.
b. fyrir vatn til fiskþvottar 25 aura fyrir hvert skippund.
c. fytir vatn til annarar notkunar eftir mati þannig að 3 kr. greiðist fyrir hverja 100 hektolitra upp að 10000 hektolitrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndarinnar og eftir því hve mikið er notað. Notandi má hafa löggiltan vatnsmælir.

Enginn má setja hreyfivjelar í samband við vatnsæðarnar án leyfis bæjarstjórnarinnar.

9 21. febr.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl og 1. október ár hvert og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga um sig.

Vatnsskatt má taka lögtaki og má byrja á að gera lögtak á hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskifta.

5. gr.

Fyrir vatn til skipa, skal greiða við afhendingu 3. kr. fyrir hverja smálest, þó eigi minna í hvert skifti en 10 kr. fyrir fiskveiðaskip 20 kr. fyrir öll önnur skip.

Vatnsveitunefnd getur þó fyrir eitt ár í senn eða skemri tíma gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjöld eða mánaðargjald af skipum,

6. gr.

Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og sjeu þeir skyldir að hlíta vinnukaupstaxta þeim, er bæjarstjórnin kann að setja og að öðru leyti fari eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa löggildingu, mega leggja æðar frá bæjarvatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðum.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sjerstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Engin má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær.

Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju leiti ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

9. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og ennfremur fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt á rjettum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðunum er lokað.

10, gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis umsjónarmanns hennar.

11. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað um

niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts, notkun vatns úr bæjarvatnsveitunni, meðferð á vatnsæðum o. fl., frá 23. maí 1917. 9 21. febr.

Reglugjörð þessi sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykt samkvæmt lögum nr. 83, 22. nóv. 1907 staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. apríl 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 21. febr. 1920.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Samþykt

10 10. mars

um þyngd bakarabrauða í Hafnarfirði.

1. gr.

Samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í lögum 16. mars 1917, um þyngd bakarabrauða, hefir bæjarstjórnin í Hafnarfirði ákveðið, að þyngd bakarabrauða í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar skuli vera sem hjer segir:

1.	Rúgbrauð, heil	3000 grömm
2.	— hálf	1500 —
3.	Franskbrauð, heil,	500 —
4.	— hálf	250 —
5.	Sigtibrauð, heil	500 —
6.	— hálf	250 —
7.	Súrbrauð heil	500 —
8.	— hálf	250 —
9.	Landbrauð, heil	500 —
10.	— hálf	250 —
11.	Normalbrauð og hálfsigtirúgbrauð, heil	2500 —
12.	— — hálf	1250 —
13.	Hveitihleifar	1500 —

2. gr.

Óheimilt er að selja brauð, sem hafa aðra þyngd en þá, sem ákveðin er í 1. gr., er þau eru vegin nýbökuð, en þó kólnuð svo, að vel megi handleika þau berum höndum. — Mega brauðin eigi hafa meira vatn í sjer, er þau eru vegin, en 38% —

10 10. mars

Þó skal það eigi teljast brot, þótt einstök brauð sjeu 4% ljettari, en ákveðið er, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%.

3. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum, 25—500 kr., er renni í bæjarsjóð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Með mál út af brotum gegn samþykt þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

4. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum 16. mars 1917 um þyngd bakarabrauða, staðfestist hjermeð.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 10. mars 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

11 26. mars

Reglur

um kosningu borgarstjóra í Reykjavík.

1. gr.

Þegar kjósa á borgarstjóra skal auglýsa stöðuna í lögbirtingablaðinu og dagblöðunum í Reykjavík og tiltaka framboðsfrest í auglýsingunni. Framboð skulu komin til kjörstjórnar minst 14 dögum áður en kosning á fram að fara og framboðsfrestur skal eigi vera skemri en mánuður,

Regluleg borgarstjóraskifti verða 1. júlí 6. hvert ár og skal kosning þá fara fram í janúarmánuði það ár að afstaðinni bæjarstjórnarkosningu, en framboðsfrestur vera til 15 desember árið áður.

2. gr.

Kosningin er leynileg. Kosningarrjett eiga allir hinir sömu — konur og karlar — sem kosningarrjett hafa til bæjarstjórnar.

3. gr.

Kjörstjórn skal skipuð forseta bæjarstjórnar og 2 bæjarfulltrúum, sem bæjarstjórnin

kýs. Er forseti oddviti kjörstjórnar og í forföllum hans kemur varaforseti bæjarstjórnarinnar í hans stað. Þess utan kýs bæjarstjórnin 2 bæjarfulltrúa til vara í kjörstjórnina og er sá fyrri varamaður, sem fyr er kosinn, eða flest atkvæði fær. 11 26. mars

Frambjóðandi getur ekki átt sæti í kjörstjórn.

4. gr.

Kjörstjórnin semur kjörskrá yfir kjósendur á sama hátt og til bæjarstjórnarkosninga. Kjörskráin skal vera til sýnis á opinberum stað í 14 daga á undan kjördegi. Kærur um, að nokkur sje vantalinn eða oftalinn á kjörskrá skal senda kjörstjórninni innan 15 daga eftir að kjörskráin var lögð fram og leggur kjörstjórnin úrskurð á kærurnar áður en kosning fer fram. Kærur sem koma fram seinna má kjörstjórnin ekki taka til greina.

5. gr.

Frambjóðendur skulu senda kjörstjórninni framboð sitt skriflega svo snemma, að það sje komið í hendur oddvita kjörstjórnar innan þess frests, sem tiltekinn er í auglýsingu þeirri er getur um í 1. gr.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 50 kjósenda um að þeir mæli með kosningu frambjóðanda. Meðmælendur skulu tilgreina við nöfn sín stöðu sína og bústað.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þrem sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan viku bjóða sig fram, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

6. gr.

Þegar framboðsfrestur er liðinn skal kjörstjórnin tafarlaust gera almenningi kunnugt með uppfestum auglýsingum hverjir verði í kjöri og láta fullgera kjörseðla fyrir kosninguna. En hafi aðeins einn maður boðið sig fram þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin hann sjálfkjörinn, og gefur honum kjörbrjef.

Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent og skrift sjest ekki í gegn um, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir, eins í lagi og með sama lit. Á hvern seðil skal skrá með stóru og skýru prentletri nöfn allra frambjóðenda og skulu þau standa í stafrófsröð hvert niður undan öðru. Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Milli nafna frambjóðenda skulu vera feit og skýr þverstryk og hæfilegt bil fyrir kross fyrir framan hvert nafn. Fyrirsögn skal vera á kjörseðli: »Kjörseðill við kosningu borgarstjóra í Reykjavík _____dag _____mánaðar 19_____«, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir.

7. gr.

Oddviti kjörstjórnarinnar skal boða dag, stað og stundu, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem almennur er um opinberar auglýsingar.

8. gr.

Kosningin fer fram í svo mörgum kjördeildum, sem bæjarstjórnin ákveður og skipar

11 26. mars

hún þrjá kjósendur í undirkjörstjórn fyrir hverja deild til að taka á móti atkvæðum. Fatlist undirkjörstjóri frá starfinu skipar kjörstjórnin annan kjósanda i hans stað.

9. gr.

Í hverri kjördeild skal vera kjörklefi og atkvæðakassi.

Í kjörklefa skal aðeins vera gengt úr kjördeildarstofunui og skal vera þannig tjaldað fyrir klefann, að inn í hann verði ekki sjeð að utan, en inni í honum skal vera svo bjart, að hægt sje að lesa skrifað mál þar inni. Í klefanum skal vera borð og einn eða tveir almennir svartir linir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Á lokinu skal vera rifa til að stinga niður um kjörseðlum.

10. gr.

Frá því er kosningarathöfnin hefst, skulu listar með nöfnum frambjóðenda festir upp í kjördeildarstofunum. Þar skal og vera upp fest prentuð leiðbeining fyrir kjósendur, sem hefir inni að halda öll hin verulegustu ákvæði þessara reglna.

11. gr.

Kosningarathöfnin hefst þannig, að oddviti skýrir frá, hverjir sjeu í kjörstjórn, hve margar sjeu kjördeildir, kvernig kjósendum sje skift í þær og hverjir sjeu í undirkjörstjórn hverrar deildar, svo og hverjir frambjóðendur sjeu í kjöri. Þvínæst gengur kjörstjórnin um allar kjördeildir, sýnir atkvæðakassana, svo að sjáist, að þeir sjeu tómir, læsir þeim síðan og geymir oddviti alla lyklana.

Þvínæst byrjar kosningarathöfnin og meðan hún stendur yfir mega ekki án leyfis undirkjörstjórnar vera aðrir í kjördeildarstofunni með henni en kjörstjórnin, frambjóðendur og tveir umboðsmenn hvers þeirra svo og mest 4 kjósendur, sem koma og fara. Dyraverðir skulu vera við dyr hverrar kjördeildarstofu.

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð er þeim sjálfum líst, og eftir því, sem þeir komast að. Þegar komið er inn í kjördeildarstofu gengur kjósandinn til undirkjörstjórnar, sem fær honum kjörseðil þegar hún hefir kannast við hann og sannfært sig um, að nafn hans standi á kjörskrá. Ekki má undirkjörstjórn meina neinum manni að kjósa, ef nafn hans stendur á kjörskrá og engum leyfa það, ef nafn hans stendur ekki á kjörskrá, en verði ágreiningur sker kjörstjórnin úr.

Þegar kjósandi hefir tekið við kjörseðli fer hann með hann inn í kjörklefann, að borði því, er þar stendur og með blýanti þeim, sem þar er, gjörir hann kross fyrir framan nafn þess frambjóðanda á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Ekki má gera neitt annað merki á kjörseðilinn en þenna eina kross og ekki strika út nokkurt nafn á honum.

Að svo búnu brýtur kjósandinn kjörseðilinn saman í sömu brot sem hann var í, er hann tók við honum, gengur síðan út úr kjörklefanum að atkvæðakassanum og stingur seðlinum þannig samanbrotnum gegnum rifuna á lokinu og fer þvínæst út úr kjördeildarstofunni.

Einn undirkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en annar undirkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, og tölu á kjörskrá, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, geta neytt atkvæðisrjettar síns, eftir sömu reglum og nú gilda undir sömu kringumstæðum við kosningar til Alþingis.

Nú skýrir kjósandi undirkjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis, eða af öðrum ástæðum, er undirkjörstjórn tekur gildar, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt og skal þá sá undirkjörstjóri, er kjósandi tilnefnir, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. 11 26. mars

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist á einhvern hátt eftir að kjósandi tók við honum, þá getur kjósandinn afhent undirkjörstjórninni hinn skemda seðil og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðirnar eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

12. gr.

Kosningargjörðin má ekki standa yfir skemur en 3 tíma, en þegar sá tími er liðinn og ekki gefa sig fram fleiri kjósendur, lýsir oddviti því yfir, að kjörstjórnin greiði atkvæði og að kosningarathöfninni sje þvínæst lokið. Oddviti greiðir síðast, atkvæði og má ekki eftir það taka við neinum atkvæðum.

Enginn kjósandi, er kosið hefir, skal skyldur til fyrir rjetti, í hvaða máli sem er, að skýra frá, hvern hann hafi kosið.

Enginn úr kjörstjórnunum, eða nokkur sá, sem samkvæmt 10. gr. er staddur í kjördeildarstofunum, má meðan á atkvæðagreiðslu stendur gefa nokkrum kjósanda ráð, tilvísun eða áminningu um, hvaða frambjóðanda skuli kjósa og á kjörstaðnum yfirleitt má ekki útbýta, festa upp eða hafa til sýnis neinskonar skrifuð eða prentuð meðmæli eða ummæli um frambjóðendur, nje heldur í heyranda hljóði mæla með frambjóðanda eða mót.

Enginn má heldur skýra frá því, sem hann í kjördeildarstofu kann að hafa orðið áskynja um, hvernig einhver kjósandi hefir kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, ekki minna en viku einföldu fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru, þó ekki undir 20 krónum.

13. gr.

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði þegar er kosningarathöfninni er lokið. Oddviti kjörstjórnarinnar opnar atkvæðakassana, einn og einn lætur kjörseðlana úr atkvæðakössum allra kjördeildanna saman í eitt hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp úr ílátinu einn og einn kjörseðil í einu, og les upp nafn þess frambjóðanda, sem krossað er við. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra og leggur þá svo frá sjer, þannig, að þeir kjörseðlar, sem eru sammerktir, sjeu í bunka sjer og ógildir eða auðir seðlar í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fara í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

sett kross við fleiri en eitt nafn, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er geti gert seðilinn þekkanlegan og ekki bera með sjer að sje af óvilja gert, eða notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur kjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra og ber samtöluna saman við tölu greiddra atkvæða samkvæmt atkvæðisskrám kjördeildanna og lýsir því næst þann frambjóðanda kosinn, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild, og gefur honum kjörbrjef.

Nú fá tveir eða fleiri þeirra frambjóðenda, er flest atkvæði hljóta jafnmörg atkvæði; ákveður bæjarstjórnin þá hverjum þeirra skuli veitt staðan, og gilda þar um sömu reglur og áður um kosningu borgarstjóra.

11 26. mars

Kjörstjórnin skal þegar að lokinni kosningu senda bæjarstjórninni skriflega tilkynningu um úrslit kosningarinnar.

Allt sem snertir kosninguna og úrskurði alla skal kjörstjórnin rita í hina almennu kjörbók bæjarins.

14. gr.

Sá, sem hefir eitthvað að kæra yfir kosningargjörð skal innan viku eftir að kosning fór fram bera kæru sína skriflega fram fyrir bæjarstjórnina, en hún leitar álits kjörstjórnar, sem skal senda álit sitt innan 3 daga og leggur bæjarstjórnin því næst úrskurð sinn á kæruna áður en 14 dagar eru liðnir frá því að kæran barst henni. Úrskurði bæjarstjórnar má innan viku frá því hann var upp kveðinn áfrýja til stjórnarráðsins sem þá leggur endanlegan úrskurð á málið.

Verði kosning úrskurðuð ógild skal ný kosning fara fram svo fljótt, sem því verður við komið.

15. gr.

Verði kosning ógild skal ný kosning fara fram á sama hátt að öðru leyti en því, að kjörstjórn er þá heimilt að stytta fresti þá, sem ákveðnir eru í reglum þessum.

16. gr.

Bráðabirgðaákvæði:

Árið 1920 fer borgarstjórakosning fram 1. eða 2. laugardag í maímánuði, en framboðsfrestur skal vera til 15. apríl s. á.

Reglur þessar eru hjermeð settar samkvæmt lögum nr. 48, 30. nóvember 1914, eftir tillögum bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 26. mars 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

12
9. apr.

um viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918.

Aftan við 5. gr. bætist:

Telji hreppsnefnd afrjett ofsetinn, er hlutaðeigandi hreppur á upprekstrarrjett í, þá getur hún borið það upp á almennum fundi í upprekstrarfjelagi þess afrjettar að takmarka notkun afrjettarins þannig, að hver jörð, sem þar á upprekstur, megi aðeins reka þangað til-tekna tölu hrossa og sauðfjár.

Fái tillaga um þetta fylgi $^2/_3$ fjelagsmanna, þeirra er jarðarumráð hafa og fund sækja, skal hún vera bindandi fyrir upprekstrarfjelagið í heild sinni.

Til þessa fundar skal hreppsnefndin boða alla hlutaðeigendur með minst eins mánaðar fyrirvara. Mæti þá ekki $^2/_3$ fjelagsmanna þeirra, er atkvæðisrjett eiga, skal boða til nýs fundar með minst hálfs mánaðar fyrirvara, og getur hann tekið gilda ákvörðun, ef helmingur atkvæðisbærra manna sækir fundinn.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. apríl 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

13

Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1920 til jafnlengdar 1921.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum ..... á	516	67	516	67	431
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	61	83	370	98	309
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	81	00	486	00	405
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	67	00	536	00	447
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	48	12	577	44	481
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	64	75	518	00	432
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	46	08	460	80	384
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. .. á	463	33	463	33	386
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	442	50	590	00	492
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni, ... pd. á	2	76	331	20	276
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni, ... pd. á	1	89	226	80	189
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	2	56	307	20	256
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	1	45	174	00	145
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr. 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pd., haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pd. á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs .. 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar, 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum, .. vættin á	53	17	319	02	266
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum, ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum, ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri, ... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum, ... vættin á	»	»	»	»	»

			Í peningum kr.	Í peningum aur.	Hundruð á kr.	Hundruð á aur.	Alls aur.
	E. Lýsi.						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis, ...	8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis, ...	8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis, ...	8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis, ...	8 pottar á	6	48	97	20	81
	F. Skinnavara.						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10 pund á	40	39	161	56	135
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10 pund á	43	79	262	74	219
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10 pund á	30	00	180	00	150
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri ..	10 pund á	26	22	209	76	175
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10 pund á	18	00	216	00	180
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	hvert á	0	34	81	60	68
	G. Ýmislegt.						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, ..	pundið á	16	50	99	00	82
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum, ...	pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum	10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	á	7	83	»	»	157
43.	— 1 lambsfóður	á	12	17	»	»	243
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:						
	Eftir A. eða í fríðu				502	14	419
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg				259	80	216
	Eftir C. eða í ullartóvöru				»	»	»
	Eftir D. eða í fiski				319	02	266
	Eftir E. eða í lýsi				97	20	81
	Eftir F. eða í skinnavöru				185	28	154
	En meðalverð allra landaura samantalið				1363	44	1136
	og skift með 5 sýnir:						
	Meðalverð allra meðalverða				**272**	**69**	**227**

Skrifstofu Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, 24. janúar 1920.

Ari Arnalds.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hjer með.

í fjármáladeild stjórnarráðs Íslands,
6. apríl 1920.

Magnús Guðmundsson.

Gísli Ísleifsson.

14

Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

Suður-Múlasýslu

frá 16. maímánaðar 1920 til jafnlengdar 1921.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum ..... á	497	33	497	33	414
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	58	80	352	80	294
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	73	42	440	52	367
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	58	64	469	12	391
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	45	08	540	96	451
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	56	43	451	44	376
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	42	37	423	70	353
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. .. á	436	92	436	92	364
9	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	410	23	546	97	456
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni, ... pd. á	2	43	291	60	243
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni, ... pd. á	1	83	219	60	183
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	2	59	310	80	259
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	1	46	175	20	146
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr. 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pd., haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pd. á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
Sjóður þessi skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Honum stjórnar forforstöðunefnd Kvennaskólans undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands, kenslumáladeildarinnar, og og skal árlega birta reikning sjóðsins í stjórnartíðindunum. Ef Kvennaskólinn í Reykjavík eða forstöðunefnd hans yrði afnumin, skal sjóðurinn falla undir stjórn kenslumáladeildar stjórnarráðsins og skal þá veita stúlkum námsstyrk úr honum eins og segir í 2. grein, síðari hluta.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal forstöðunefnd Kvennaskólans fá konunglega staðfestingu.

Kaupmannahöfn, Ole Suhrsgötu 18. 13. nóvember 1919,

Bogi Th. Melsted.

44 25. maí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Sjúkrasjóð Fellsstrandarhrepps«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra stjórnarráðsins 25. maí 1920. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Sjúkrasjóð Fellsstrandarhrepps.

1. gr.

Sjóður þessi, sem nefnist Sjúkrasjóður Fellsstrandarhrepps, er stofnaður með gjöf til minningar um hjónin Jónas Jónsson og Kristbjörgu Einarsdóttur frá Skógum og er að upphæð 220 krónur — tvö hundruð og tuttugu krónur.

2. gr. **44**

25. maí

Tekjum sjóðsins, vöxtum, gjöfum og tillögum skal varið þannig: Vextir leggist allir við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn er orðinn 1000 krónur — eitt þúsund krónur. Þegar sjóðurinn hefir náð þeirri upphæð, skal öllum tekjum hans og hálfum vöxtunum varið til að styrkja efnalítið fólk í veikindum eftir þeim reglum, sem settar eru í 3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 kr. — tíu þúsund krónur — má ákveða að leggja minna en hálfa vextina við höfuðstólinn, ef $^2/_3$ þeirra, sem atkvæðisrjett hafa í safnaðarmálum í hreppnum samþykkja það; þó má aldrei leggja minna en $^1/_4$ vaxtanna við höfuðstólinn.

Ef eigi skiftist upp við hina árlegu styrkveitingu, skal veita þeim mun meiri styrk næsta ár. Ef eigi er þá heldur sótt um styrk, skal hann leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Styrkur úr sjóðnum skal árlega veitast sjúklingum í Fellsstrandarhreppi í Dalasýslu. Skal farið við styrkveitinguna eftir skýrslu hlutaðeiganda, sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Má þar tilfæra kostnað við læknishjálp, sjúkrahússvist eða sjerstaka hjúkrun í heimahúsum og vinnutjón, ef sjúkdómurinn varir lengi og sjúklingurinn er efnalítill eða hefir fyrir ómögum að sjá.

Forgangsrjett að styrk úr sjóðnum getur fólk trygt sjer með því að greiða til hans fast árstillag, er ekki sje minna en 5 krónur fyrir þá, sem eldri eru en 16 ára, en 2 krónur fyrir þá, sem yngri eru, þó skal tillagið hafa verið greitt í 2 ár áður en styrks er beiðst.

Þangað til sjóðurinn er orðinn 1000 krónur, skulu engir aðrir en þeir, sem árstillag greiða, koma til greina að hljóta styrk úr honum.

Afkomendur áðurnefndra hjóna skulu hafa sama rjett til styrks úr sjóðnum sem innanhreppsmenn, þótt þeir eigi heima annarsstaðar, ef þeir greiða árstillag.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn. Skal sóknarpresturinn sjálfkjörinn, en 2 skulu kosnir árlega af safnaðarmönnum. Kjörgengi og kosningarrjett hafa allir, sem kosningarrjett eiga í safnaðarmálum í Fellsstrandarhreppi. Stjórnarkosning skal fram fara fyrri hluta sumars á kirkjufundi og skal hún boðuð fyrirfram um allan hreppinn. Sóknarpresturinn er sjálfkjörinn formaður stjórnarnefndar og skal hann hafa á hendi bókfærslu alla og reikningsskil.

5. gr.

Stjórnin skal hafa gjörðabók, er í skulu færðir reikningar sjóðsins og alt annað, sem hann snertir.

Minnargjafir, sem sjóðnum kunna að hlotnast, skulu auk þess skráðar í sjerstaka bók, sem geymd sje í kirkjunni á Staðarfelli.

Endurskoðun á reikningum sjóðsins skal einhver ættingi framannefndra hjóna hafa á hendi og sje hann kosinn árlega.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands eða annarstaðar þar sem stjórn hans telur fulltryggilegt. Reiknings ár hans er almanaksárið. Skulu reikningar hans endurskoð-

aðir leggjast fyrir safnaðarmenn til samþyktar á kirkjufundi um leið og stjórnarkosning
44 fer fram.
25. maí

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Skógum 1. október 1919.

Jóhann Jónasson. *Guðni Jónasson.*

45
1. júní

Reglugjörð

um breyting á gjöldum, sem skulu greiðast Löggildingarstofunni fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum samkvæmt tilskipun nr. 3. 12. febrúar 1919.

1. gr.

		Löggildingargjald.	Eftirlitsgjald.
1. Vogarlóð:			
Þyngd	1—5 gr.	kr. 0,25	kr. 0,20
—	10 gr. og 20 gr.	— 0,35	— 0,30
—	50 gr.	— 0,40	— 0,30
—	100 gr. og 200 gr.	— 0,50	— 0,40
—	½ kg.	— 0,60	— 0,50
—	1 kg. og 2 kg.	— 0,80	— 0,60
—	5 kg.	— 1,00	— 0,80
—	10 kg.	— 1,50	— 1,20
—	20 kg.	— 2,00	— 1,60
2. Metaskálar, jafnarma:			
Vogarþol	3 kg. eða minna	— 6,00	— 5,00
—	5 kg. ——	— 7,00	— 6,00
—	10 kg. ——	— 9,00	— 7,00
—	20 kg. ——	— 10,00	— 8,00
—	30 kg. ——	— 12,00	— 8,00
—	yfir 30 kg.	— 15,00	— 8,00
3. Borðvogir, jafnarma:			
Vogarþol	5 kg. eða minna	— 9,00	— 7,00
—	10 kg. ——	— 10,00	— 8,00
—	20 kg. ——	— 12,00	— 9,00
—	30 kg. ——	— 14,00	— 9,00
—	yfir 30 kg.	— 18,00	— 9,00

45
1. júní

4. Desímalvogir:		Löggildingargjald.	Eftirlitsgjald.
Vogarþol	200 kg. eða minna	kr. 12,00	kr. 9,00
—	300 kg. ——	— 14,00	— 9,00
—	500 kg. ——	— 16,00	— 10,00
—	600 kg. ——	— 18,00	— 10,00
—	1000 kg. ——	— 20,00	— 12,00
—	2000 kg. ——	— 30,00	— 15,00
—	yfir 2000 kg.	— 40,00	— 20,00

Fyrir hundraðsvogir (centesimal) og reisluvogir greiðist sama löggildingargjald og eftirlitsgjald sem fyrir desímalvogir með sama vogarþoli og auk þess við löggildingu aukagjald 10 aura fyrir hvert mark eða skerðingu á rennilóðsvogum.

Gjald fyrir kvarða og mæliker helst óbreytt.

Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram á löggildingarstofunni, eða hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast með ferðakostnaði kaupgjald fyrir starfsmann löggildingarstofunnar 4 krónur um klukkutímann eða brot úr tíma, þó eigi meira en 32 krónur á dag.

2. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt heimild í 38. gr. tilskipunar nr. 3, 12. febrúar 1919, um löggilt mælitæki og vogaráhöld, og er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 1. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

46
9. júní

Breyting

á erindisbréfi fyrir ullarmatsmenn frá 25. febrúar 1916.

7. gr. í erindisbréfi 25. febrúar 1916 fyrir ullarmatsmenn skal vera svo hljóðandi:

Matsmenn fá í kaup 2 krónur á virkum dögum og 2 krónur 50 aura á helgum dögum fyrir hverja klukkustund, sem þeir eru við vinnu, hvort sem það er við mat ullarinnar, pökkun eða útskipun.

Þurfi þeir að ferðast út fyrir hina löggiltu verslunarlóð, þar sem aðalstarf þeirra er, en ekki út fyrir umdæmi sitt, telst borgunin einnig fyrir þann tíma, sem þeir verða að vera á ferðinni fram og aftur.

Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun, hverju nafni sem

46 9. júní nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá seljendum, kaupendum eða útflytjendum ullarinnar eða umboðsmönnum þeirra, eða öðrum, sem kunna að vera riðnir við sölu, kaup eða flutning ullarinnar á útflutningskipunum.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

47 9. júní

Breyting

á erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn frá 12. ágúst 1910.

5. gr. í erindisbréfi 12. ágúst 1910 fyrir fiskimatsmenn skal vera svo hljóðandi:

Þeir fá í kaup 2 kr. um hverja klukkustund á virkum dögum og 2 kr. 50 aura um klukkustund hverja á helgum dögum, sem þeir eru að vinnu hvort sem það er við aðgreining fiskjarins eða umsjón með vikt hans, útskipun eða hleðslu. Fari matið fram utan hinnar löggiltu verslunarlóðar, telst borgunin fyrir þann tíma, er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglaga bannað að taka á móti nokkrri annari þóknun eða góðgjörðum hverju nafni sem nefnist frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum, skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, er flytja á fiskinn út, að sýsla.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson

Vigfús Einarrson

Hafnarreglugjörð

48
10. júní

fyrir Akureyrarkaupstað.

I. Þáttur.

Um takmörk hafnarinnar, stjórn, almenna reglu, notkun o. fl.

I. Kafli.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Akureyrarhöfn takmarkast að norðan af beinni línu, sem hugsast dregin úr ysta Glerárós í Geldingsá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu umhverfis fjarðarbotninn á alla vegu.

II. Kafli.

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast bæjarstjóri í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim erindisbrjef, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til þurfi að koma samþykki bæjarsjórnar.

III. Kafli.

Um almenna reglu.

4. gr.

Bæjarstjóri sjer um að gætt sje reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og ennfremur þeirra starfsmanna, er hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sjer órjettur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir bæjarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framin.

6. gr.

Böð nálægt landi eða við bryggjur hafnarinnar eru bönnuð, nema með leyfi lögreglustjóra. Veiði með skotum og öll skot að óþörfu eru bönnuð 200 mtr. frá landi út á Pollinn.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. — Í skipum sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavjel skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu.

Álíti bæjarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi bæjarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip nje þjetta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi bæjarstjóra og með þeim skilmálum sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi bæjarstjóra.

9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, nje flytja það úr landi út í höfnina.

Ekki má heldur gera nein hafnarmannvirki við höfnina, nje breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp nje dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

IV. Kafli.

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki nje afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annara skipa og skulu þau í hvert skifti skyld að hlýða boðum bæjarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunum að eigi sje nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum bæjarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá bæjarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Í sjerhverju skipi eða fari (að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafn-

arnefndar til að liggja mannlaus í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari. 48 10. júní

12. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpa. — Sjeu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sje úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bólvirkis eða bryggju, ef krafist er.

13. gr.

Gufuskip og önnur vjelarskip mega ekki láta vjelarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því má bæjarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur.

V. Kafli.

Notkun hafnarbryggjanna.

15. gr.

Meðan bæjarstjóri eigi ákveður annað, hafa öll skip rjett til þess að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rjett til þess að leggjast að bryggju þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Samskonar rjett hafa vjelskip fram yfir seglskip. Sje fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti bæjarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki sje lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sje þess eigi gætt, getur bæjarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefir verið því, sem áfátt er.

48 Kjölfestu má eigi láta annarstaðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar sem
10. júní bæjarstjóri vísar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal bæjarstjóri sjá um að það sje gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á á bryggju eða bólvirki og eigi annarstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sjerstöku leyfi bæjastjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem bæjarstjóri krefst þess. Sje það eigi gert, lætur bæjarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

VI. kafli.

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

20. gr.

Sjerstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi og skal leyfið bundið því skilyrði að eigandi láti taka skipið upp, ef það sekkur eða sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina og sje því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, þá getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir sjeu af hafnarnefnd, að skip hans sje svo þjett að ekki stafi nein hætta af hvað leka snertir, þó að það sje mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja án þess að menn sjeu á því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum á þeim tíma árs, sem bæjarstjóri krefst. Liggi skipin fyrir utan ákveðið svæði, er einungis er ætlað skipum, sem lagt er í lægi, þá skal bæði tendra ljós og gera hljóðbendingar á þeim eftir þeim reglum, sem settar eru í alþjóða sjóferðareglum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

21. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni á viku fara út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, er lagt er í lægi á höfninni.

II. þáttur. **48**

Um hafnargjöld. 10. júní

VII. kafli.

Um lestargjald.

22. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vjelaskip, stærri en 12 smálestir, hvort sem þau eru tóm, eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestargjaldið af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

23. gr.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Akureyri og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingu, skulu greiða lestargjald (hafnargjald) einu sinni á ári, 0,75 kr. fyrir hverja smálest.

b. Innlend fiskiskip og öll önnur skip, sem eru einungis í innanlandssiglingum, greiða 15 aura fyrir hverja smálest í hvert skifti, sem þau koma til hafnar. Þó ekki meira á ári en 1 kr. 50 au. fyrir hverja smálest.

c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, nema herskip, varðskip, skip sem hafa skírteini sem skemtiskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip sem leita hafnar vegna sjóskemda, skulu greiða 20 au. lestargjald fyrir hvert tonn.

24. gr.

Hafi skipið legið á höfninni 14 daga, skal greiða lestargjaldið að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

VIII. kafli.

Um ljósgjald.

25. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 14. ágúst til 14. apríl og lestargjald greiða, skulu greiða ljósgjald þannig:

a. Skip, sem getur um í 23. gr. a. greiða 5 kr. á ári.

b. Skip, sem getur um í 23. gr. b. greiða 2 kr. í hvert skifti, sem þau koma til hafnar.

c. Öll önnur skip, greiði einn eyri fyrir hverja smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert skifti.

IX. kafli.

Um bryggjugjald.

26. gr.

a. Gjald af bryggjum bæjarsjóðs.

Hvert skip, sem legst við bólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bryggju

48 10. júní eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af netto burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum skal sleppa.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta af hálfum sólarhring, 4 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en tvær krónur í hvert sinn. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

b. Gjald af bryggjum einstakra manna.

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá Akureyri og leggja upp á þeirra eigin bryggjur. Flutningsskip og önnur gjaldskyld skip greiði samkvæmt gjaldskrá hafnarsjóðs $^1/_3$ í bryggjugjald.

27. gr.

Skipakvíargjöld:

Þeir sem vilja fá skipum sínum lagt í skipakví vetrarlangt, snúi sjer til hafnarnefndar fyrir 1. sept. ár hvert.

Skipakvíargjaldið fer eftir samningi.

X. kafli.

Um vörugjald.

28. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem um getur í næstu greinum.

29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því eigi að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist að eins hálft gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sjeu þær ákveðnar það samkv. farmskránni, greiðist ekkert gjald.

30. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru.

b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.

c. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.

31. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjadeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjórn í tje eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki bæjarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæðst gjald skal greiða af. **48** 10. júní

32. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiða eins og þar segir.

Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, skal bæjarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

33. gr.

Vörugjaldskrá.

a. Aðfluttar útlendar vörur.

1. flokkur. Gjald 10 au. fyrir hver 100 kg.
Kol, salt, sement.

2. flokkur. Gjald 30 au. fyrir hver 100 kg.
Alskonar vefnaðarvörur,- skófatnaður,- leirvörur,- glysvarningur,- tóbak, eldspítur og þesskonar léttar vörur.
Allskonar ávextir,- lyfjavörur,- niðursuðuvörur,- nýlenduvörur,- og slíkar vörur, sem reiknast eftir þyngd (ekki sykur).

3. flokkur. Gjald 15 au. fyrir 100 kg.
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.

4. flokkur. Gjald 20 au. fyrir hvert fat.
Steinolía og aðrar olíur.

5. flokkur. Gjald 2 au. fyrir tunnu.
Kjöt- og síldartunnur tómar, uppsettar og óuppsettar.

6. flokkur. Gjald 3 au. fyrir hvert teningsfet.
Trjáviður.

7. flokkur. Gjald 5 au. fyrir hvert teningsfet.
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

b. Útfluttar innlendar vörur.

1. flokkur. Gjald 25 au. fyrir hver 100 kg.
Ull, ullarvörur, dúnn, fiður, hert skinn og sundmagi.

2. flokkur. Gjald 10 au. fyrir hver 100 kg.
Aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.

3. flokkur. Gjald 15 au. fyrir tunnu.
Kjöt.

4. flokkur. Gjald 5 au. fyrir tunnu.
Síld.

5. flokkur. Gjald 2 au. fyrir hvert teningsfet.
Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

6. flokkur. Gjald 50 au. fyrir stykkið.
Hestar og nautgripir.

7. flokkur. Gjald 10 au. fyrir stykkið.
Kindur.

48
10. júní

XI. Kafli.
Um ýms gjöld til hafnarinnar.

34. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarsjóðs til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 8 au. af hverju tonni af nettóburðarmagni skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 2 kr.

35. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 2 au. fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverja 24 kl. eða brot úr þeim. Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

36. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða fjelögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

37. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem bæjarstjóri ákveður í hvert sinn.

38. gr.

Vjelbátar — minni en 12 smálestir — greiða sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald 5 kr. í hvert skifti, sem þeir koma til hafnar, eða 10 kr. eitt skifti fyrir öll á ári.

Vjelbátar, sem eiga heima á Akureyri, greiða 10 kr. árlegt gjald.

XII. Kafli.
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

39. gr.

Hafnargjaldkeri sjer um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

40. gr.

Skipstjóri eða formaður á bátum, ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds, bryggjugjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrjett yfir fleytunni uns gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugjörð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

41. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 35. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hjer og hefir hafnarsjóður haldsrjett á vörunum uns gjaldið er greitt. Leigu samkv. 36. gr. greiðir samningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa

skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. 48 10. júní

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

42. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugjörð má taka lögtaki.

III. Þáttur.

XIII. Kafli.

Ýms ákvæði.

43. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki viðkomið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður sje liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemi 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

44. gr.

Enginn, sem bakað hefir sjer refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri tekur gilda.

45. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann með vottorði, frá bæjarstjóra sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

46. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugjörð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkv. 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

47. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar sektum frá 10—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkv. almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Akureyrar.

48
10. júní

48. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

49. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 10. júní 1920, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað frá 5. sept. 1895, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við reglugjörð þessa.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 10. júní 1920

Í fjarverru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

49
11. júní

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð fyrir Árnessýslu um fjallskil, rjettahöld, grenjaleitir o. fl. vestan Hvítár og Ölfusár 6. ágúst 1909, og annari breytingu á reglugjörð frá 1919

1. gr.

Síðasta málsgrein 11. gr. fjallskilareglugjörðar 1909 falli niður, en í stað málsgreinarinnar komi: Grímsness- og Laugardals greiði hvor um sig allan kostnað af refaveiðum hvor sínum hreppi, á sama hátt og aðrir hreppar vestan Hvítár.

2. gr.

Í stað 13. gr. eða þeirra ákvæða, sem komin eru í hennar stað samkv. breytingu á reglugjörðinnl frá 20. maí 1919 komi ný gr. svohljóðandi: Allir fjáreigendur í hreppunum eru skyldir að reka allan fjenað sinn til afrjettar á sumrum nema nautgripi, tamin hross og fráfærðar ær. Þó er mönnum heimilt að hafa annan fjenað heima, ef þeir hafa sauðhelda girðingu fyrir hann í sínu landi. Hreppsnefnd getur veitt einstökum mönnum undanþágu frá þessari skyldu. Þó skal lögð áherslu á það, að Grímsnesingar reki sauðfje til afrjettar svo fljótt að vorinu til, sem hreppsnefnd álítur fært, og ráði rekstrarforingja fyrir hvern rekstur, sem rekinn er á afrjett Grímsnesinga.

3. gr.

Í stað breytingarákvæðanna frá 20. maí 1919 á 18. gr. reglugjörðarinnar komi á

eftir orðunum: í Þingvallahreppi mánudaginn í 22. viku sumars: í Laugardalshreppi í Laugar- **49**
vatnsrjett þriðjudaginn og í Grímsnesi í Klausturhólarjett miðvikudaginn. Síðan heldur 18. 11. júní
gr. reglugjörðarinnar áfram óbreytt frá og með orðunum í Selvogshreppi o. s. frv.

4. gr.

Inn í byrjun 28. gr. reglugjörðarinnar bætist orðið Laugardals inn á milli orðanna Grímsness- og þingvallahreppum.

5. gr.

Breytingarnar frá 20. maí 1919 á 31. gr. reglugjörðarinnar falli niður, en í nefndri 31. gr. komi svofeldar breytingar: á eftir orðunum Grafnings, Þingvalla komi: Laugardals, Grímsness; en í burtu falli setningin: En úr Grímsness . . . . . í bygð.

6. gr.

Niðurlagssetning 34. gr. Af óskilafjárverði o. s. frv. falli niður.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Arnessýslu hefir samið og samþykt, samkvæmt 71, gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Þorkels Guðmundssonar«. **50**
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12, júní 1920. Skipu- 12. júní
lagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Þorkels Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Þorkels Guðmundssonar« og er hann stofnaður til minningar um Þorkel Guðmundsson, bónda á Valdastöðum í Kjósarhreppi, er andaðist 23. nóv. 1918, af foreldrum hans og systkinum með upphæð, er nemur kr. 400,00 — fjögur hundruð kr. —

50
12. júní

2. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur í Kjósarhreppi.

3. gr.

Sjóðurinn skal geymdur á tryggum stað eða stöðum undir umsjón sóknarnefndar Reynivallasóknar og sóknarprestsins í Reynivallaprestakalli, er hafa heimild til að lána úr sjóðnum innanhrepps gegn tryggu veði eða ábyrgð með hagkvæmum lánskjörum til hverskonar framfara fyrirtækja í hreppnum.

4. gr.

Þegar árlegir vextir sjóðsins eru orðnir kr. 200,00 — tvö hundruð kr. — tekur sjóðurinn til starfa samkvæmt aðaltilgangi sínum. Úthlutar þá sóknarnefnd ásamt sóknarpresti fyrst um sinn $^3/_4$ vaxta til ekkna þeirra, sem dvöl og heimili eiga í hreppnum, og nefndinni þykir þörf að styrkja. Þær ekkjur, sem flytja inn í hreppinn, ber að styrkja samkvæmt framanskráðu, er þær hafa dvalið 3 ár í hreppnum. Giftist ekkja eða taki saman við mann og búi þau saman líkt og gift væri, missir hún rjett til styrksins. Nefndin mismunar styrks úthlutun eftir efnum og ástæðum ekknanna.

Þegar $^3/_4$ vaxtanna eru orðnir það mikil fjárupphæð, að nefndin telur ekki þörf á að úthluta þeim öllum til ekkna þeirra, sem styrkþurfar teljast, ræður hún, hve miklu hún úthlutar.

Ekki þarf að sækja um styrk úr sjóði þessum.

Fje það, sem sjóðnum gefst, — nema gefandi setji önnur skilyrði, — legst við höfuðstólinn og $^1/_4$ árlegra vaxta, að frádregnum öllum árlegum kostnaði við sjóðinn.

5. gr.

Sjóðurinn gefur út minningarspjöld, sem afhendast þeim, er gefa sjóðnum gjafir til minningar um látna vini. Halda skal bók yfir nöfn gefenda og þá látna vini, er þeir þannig minnast.

6. gr.

Sóknarnefndin ásamt sóknarpresti semur við hver árslok reikning yfir tekjur og gjöld og efnahag sjóðsins á liðnu ári, ásamt árlegri skýrslu um starf hans, er þar að kemur. Leggjast reikningar þessir endurskoðaðir fyrir hreppsnefnd Kjósarhrepps til úrskurðar og samþykkis.

7. gr.

Verði starf við þennan sjóð svo mikið, að sóknarnefnd ásam sóknarprestsi telji sjer ofvaxið endurgjaldslaust, getur hún bæði ráðið sjer aðstoðarstarfsmenn og gert honum reikning fyrir starfi sínu.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að hann geti meir en fullnægt aðaltilgangi sínum. skal hann, þegar hann telst fær til þess, styrkja fátæka, unga og gáfaða menn, uppvaxna í

Kjósarhreppi, til þeirra mentunar, er hugur þeirra og hæfileikar stefna að. Um þann styrk þarf að sækja og dæmir sóknarnefnd, ásamt sóknarpresti um. hvort umsækjandi er styrksins verður og ákveður styrksupphæðina eftir atvikum. **50** 12. júní

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Valdastöðum 1. janúar 1920.

Guðm. Sveinbjarnarson, Katrín Jakobsdóttir, Þorgils Guðmundsson,
Steini Guðmundsson, Þorbergur Guðmundsson, Benidikt Einarsson,
Halldóra Guðmundsdóttir, Sveinbjörn Guðmundsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Tryggvasjóð«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. júní 1920.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá **51** 12. júní

fyrir „Tryggvasjóð“,

er Tryggvi Gunnarsson fyrv. bankastjóri gaf Dýraverndunarfjelagi Íslands með arfleiðsluskrá dags. 17. apríl 1917.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tryggvasjóður.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er að upphæð kr. 51533,27 — fimmtíu og eitt þúsund fimm hundruð þrjátíu og þrjár krónur tuttugu og sjö aurar, samkvæmt skiftagjörð í dánarbúi gefanda, dags. 30. des. 1919 og áritun skiftaráðanda, dags. 11. mars 1920, á útskrift af skiftunum og er fólgið í þessum eignum:

1.	Skuldabrjef Emil Rokstads	kr.	3000	00
2.	Hlutabrjef í h.f. Lögrjetta	—	300	00
3.	Hlutabrjef í h.f. Bræðratungu	—	500	00
4.	Tvö skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar nr. 54 og 55, hvort að upphæð 100 kr.	—	200	00
5.	Veðdeildarbrjef Landsbankans:			
	a. 2. fl. Ltr. B nr. 198	kr.	500	00
	b. 3. fl. Ltr. C nr. 1018	—	100	00

51	c. 3. fl. Ltr. C nr. 1037	kr.	100	00	
12. júní	d. 4. fl. Ltr. A nr. 396	—	1000	00	
		kr.	1700	00 á 90%	kr. 1530 00
6.	Peningaskápur				— 20 00
7.	Skuldabrjef Dýraverndunarfjelags Íslands, dags. 31. des. 1919				— 21513 73
8.	Innstæða í innlánsviðskiftabók við Íslandsbanka nr. 13090...				— 24455 64
9.	Peningar				— 13 90
					kr. 51533 27

3. gr.

Fyrstu tuttugu árin frá sjóðstofnun, skal leggja að minsta kosti hálfa vexti við höfuðstólinn og má aldrei skerða höfuðstól eins og hann verður þá eða síðar. En hálfum vöxtum í tjeð 20 ár og síðan öllum vöxtum sjóðsins getur stjórn Dýraverndunarfjelags Íslands varið til verðlauna og annars, er hún telur þarft samkvæmt tilgangi fjelagsins.

Noti fjelagsstjórnin ekki alla vextina eitthvert ár, legst það, sem afgangs verður, til höfuðstólsins. Sama gildir um gjafir og annað, sem sjóðnum kann að hlotnast.

4. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn Dýraverndunarfjelags Íslands, sem geymir sjóðinn og ávaxtar hann. Hún semur árlega reikning sjóðsins og leggur hann fram endurskoðaðan á aðalfundi fjelagsins ár hvert ásamt fylgiskjölum, en fundurinn úrskurðar reikninginn eftir að svarað hefir verið athugasemdum endurskoðunarmanna, ef nokkrar eru.

5. gr.

Endurskoðendur eru hinir sömu og endurskoðendur fjelagsreikninganna.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningsár hans er árið 1920.

7. gr.

Birta skal hvern ársreikning í B-deild stjórnartíðindanna og í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, svo og í málgagni Dýraverndunarfjelags Íslands. Birting skal fara fram innan 3ja mánaða eftir lok reikningsársins.

Reykjavík, 16. mars 1920.

F. h. »Dýraverndunarfjelags Íslands«,

Jón Þórarinsson
p. t. formaður

Reglugjörð

52
14. júní

um notkun og meðferð rafmagns í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Rafmagnsstöð Húsavíkurkauptúns selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar stöðvarinnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir til, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Meðan rafmagnið er eingöngu notað til lýsingar, verður rafmagnsstöðinni lokað frá 12. maí til 15. ágúst ár hvert, svo og á hverjum degi meðan dagsbirta er nægileg og ljósa þarf alment ekki við. Breytingar á þessu ákveður hreppsnefndin fyrir ákveðinn tíma í senn eftir því sem við á, og eftir því til hvers rafmagnið frekar verður notað, og verða þær breyt ingar auglýstar notendum með hæfilegum fyrirvara og á venjulegan hátt.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má því að eins stöðva þær eða taka af straumin, að brýna nauðsyn beri til, sökum aðgerða eða annara tálmana, er ekki verði hjá komist, og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum í þræðina, svo fljótt sem unt er.

Breytingar og aðgerðir, svo og viðtengingar á nýjum línum, skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, fara fram á þeim tíma, sem stöðin er lokuð. Komi það fyrir, að stöðin sje lokuð sökum aðgerða, eða af öðrum ástæðum, sem ekki verður hjá komist, lengur en tvo sólarhringa í senn, á þeim tíma, sem hún á að vera opin, skal draga frá hjá þeim, sem ekki hafa mæli $^1/_{300}$ hluta af árgjaldinu fyrir hvern sólarhring, sem fram yfir er. Að öðru leyti ber stöðin enga ábyrgð gagnvart straumnotendum á lokun, sem stafar af ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum atvikum, heldur verður skemdin bætt svo fljótt sem unt er.

3. gr.

Hver, sem óskar að fá lagt inn til sín rafmagn eða breytt eldri innlagningu, skal senda formanni rafmagnsnefndar skriflega beiðni um það með nákvæmum upplýsingu mum það, hve mikið rafmagn hann vill fá alls, hve mikið til ljósa, suðu, vjela eða annars, hvort hann hugsar sjer seinna að bæta meiru við, og öðrum upplýsingum, nauðsynlegum fyrir innlagninguna. Ákveður rafmagnsnefnd því næst í samráði við stöðvarstjóra hvort innlagningin skuli leyfð eða ekki og hve mikið gjald skuli greitt. Formaður rafmagnsnefndar tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnnar, og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en tveimur vikum eftir að rafmagnsnefnd fjekk umsóknina.

Áður en byrjað er á innlagningunni skal hlutaðeigandi umsækjandi, með undirskrift sinni á einu eintaki þessarar reglugerðar, skuldbinda sig til þess að uppfylla allar þær kröfur, sem reglugjörðin gerir til hans.

Pöntun á rafmagni sje bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðarfyrirvara, skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta ár o. s. frv.

4. gr.

Húsálmur leggur rafmagnsstöðin á sinn kostnað frá aðalálmunum að húsinu alt að 40 metra. Standi hús lengra en 40 metra frá næstu aðalálmu, fer um kostnað við húsálmuna

52 eftir samkomulagi við rafmagnsnefnd, en stöðin lætur að sjálfsögðu vinna verkið, og kostar
14. júní uppsetningu á öryggjum, takmörkurum og mælum. Ef sjerstakir erfiðleikar eru við lagning húsálmu; sem er styttri en 40 metra, getur stöðin krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði, en ef svo stendur á, skal gera húseiganda aðvart fyrirfram.

Aðaltaugakerfi stöðvarinnar má ekki stækka nema með samþykki hreppsnefndar.

5. gr.

Innanhússtaugar, lampa og önnur áhöld, vjelar o. s. frv. skal setja upp á kostnað hlutaðeigandi umsækjanda af löggiltum innlagningarmanni. Enginn, nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin, eftir tillögum rafmagnsnefndar löggildir til þess, má leggja inn taugar, setja upp lampa eða önnur rafmagnsáhöld eða vjelar, er setja á í samband við rafveituna, nje heldur breyta eldri innlagningu eða fást við svipuð störf, er að rafveitunni lúta, hvort heldur utan húss eða innan.

6. gr.

Nú hafa verið lagðar inn taugar eða áhöld sett í hús eða breyting verið gerð á eldri innlagningu, og má þá ekki taka innlagninguna til afnota fyr en formaður eða fulltrúi rafmagnsnefndar hefir skoðað og prófað innlagninguna og vottað, að hún sje fullnægjandi, og þetta tilkynt stöðvarstjóra. Álítist innlagningin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi innlagningarmaður laga hana þannig að hún sje fullnægjandi.

7. gr.

Enginn má án leyfis rafmagnsnefndar taka rafmagn úr taugakerfi kauptúnsins, nje ótilkvaddur brjóta innsigli stöðvarinnar, og ekki heldur aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á rafmagnstaugum eða öðrum rafmagnstækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við, samkvæmt hegningarlögunum.

8. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur að sjá um, svo sem honum er unt, að innlagning hans sje ætíð í góðu lagi. Komi ólag á rafmagnstaugar eða rafmagnstæki í húsi, þannig að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafmagnsveitunnar, t. d. að öryggi hrökkvi í sundur eða að bilun sjáist á einangrun á leiðsluþráðum, og ef mælar eða takmarkarar skemmast, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það formanni eða fulltrúa rafmagnsnefndar.

Þar sem rafmagn er notað til ljósa, skal varast að taka sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin, o. s. frv. Sje rafmagn notað til suðu eða hitunar, ber þess að gæta, að suðu eða hitunaráhöldin standi ekki svo nálægt þilveggjum, að brunahætta geti stafað af.

Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innan húss, en rafmagnsstöðin utan.

9. gr.

Hreppsnefndin áskilur sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum, er setja á í samband við rafveituna.

10. gr.

Rafmagnsnefndinni er heimilt að banna að nota gamla lampa og önnur áhöld, sjeu

þau eftir áliti hennar orðin ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri. Sjerstaklega skulu vjelar vera þannig gerðar, að þær byrji ekki ganginn eða stöðvi hann snögglega, heldur jafnt, svo það hafi sem minst áhrif á ljósin. **52** 14. júní

11. gr.

Rafmagnsnefnd og umboðsmenn hennar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang alstaðar þar sem taugar og áhöld standa í sambandi við aðaltaugarnar, til þess að rannsaka hvort alt sje í góðu lagi.

12. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, er hann hefir samkvæmt þessari reglugjörð, og skal þá stöðinni heimilt að slíta sambandi við hann, og ber notandi fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

13. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er hreppsnefninni heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum, sker hreppsnefndin úr. Úrskurði þessum má áfrýja til lögreglustjóra.

14. gr.

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar skipa þrír menn, sem hreppsnefndin kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára.

Gengur einn nefndarmaður síðan úr nefndinni árlega, tvö fyrstu skiftin eftir hlutkesti, og er kosið í þeirra stað. Hreppsnefnin tilnefnir formann rafmagnsnefndar, og hefir hann á hendi aðalframkvæmdir á ályktunum nefndarinnar. Rafmagnsnefndin gefur fyrir hver árslok hreppsnefndinni skýrslu um störf stöðvarinnar um leið og ársreikningurinn er lagður fram. Stöðvarstjóri skal jafnan kvaddur á fundi rafmagnsnefndar og hefir þar tillögurjett og málfrelsi, en ekki atkvæðisrjett.

Hreppsnefndin hefir yfirstjórn stöðvarinnar á hendi.

15. gr.

Hreppsnefnd ræður gæslumenn rafmagnsstöðvarinnar í samráði við rafmagnsnefnd.

16. gr.

Reglugjörð þessari og gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

17. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum, sem renna í sveitarsjóð Húsavíkurhrepps. og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

52 14. júní

Reglugjörð þessi sem 14. júní f. á. var sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, um rafmagnsveitur er hjermeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 14. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

53 14. júní

Gjaldskrá

fyrir notkun rafmagns í Húsavíkurkauptúni.

1. gr.

Verð á rafmagnsstraumi til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, skrifstofum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekinn í gjaldskránni, er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir	50	watt	kr.: 25,00
—	75	—	— 37,00
—	100	—	— 49,00
—	150	—	— 72,00
—	200	—	— 93,00
—	250	—	— 112,00
—	300	—	— 129,00

og svo 17 kr. fyrir hver 50 watt úr því.

Til suðu og hitunar svo og til vjela í verksmiðjum eða annarstaðar ákveður hreppsnefndi nverðið fyrir hverja kilowattstund eftir atvikum, þó ekki hærra en 20 aura. Til lýsingar á bryggjum og til annara utanhúsljósa einstakra manna og fjelaga; í sjóbúðum án fastrar íbúðar, í geymsluhúsum, sem enginn íbúð er í, fer um gjaldið eftir samningi við hreppsnefnd.

Gjaldið fyrir straum um takmarkara er hreppsnefndinni þó heimilt að hækka eða lækka um alt að 20 % frá því sem það er sett hjer að framan, og fyrir götuljós og ljós til húseigna hreppsins, ákveður hreppsnafndin sjálf gjaldið.

2. gr.

Leiga eftir straumtakmarkara er á ári kr. 2,00, þar sem ekki er notaður meiri straumur en 50 watt í húsi, ella kr. 4,00. Leiga eftir mæli er kr. 10,00 árlega.

3. gr.

Reikningsár rafstöðvarinnar er fardagaár eða frá 1. júní til 31. maí.

Gjaldið greiðist tvisvar á ári; annar helmingur gjaldsins fyrir 31. dos., en hinn fyrir 30. apríl. Þar sem straumtakmarkari er notaður, er $^1/_2$ hluti greiddur í hvert skipti.

Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjalddaga, er stöðinni heimilt að slíta sambandi við hlutaðeiganda, eftir skriflega tilkynningu til hans. **53** 14. júní

Taka má gjaldið lögtaki. Gjaldið greiðist til þess manns, er hreppsnefndin felur innheimtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir takmarkara eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi sem 14 júní f. á. var sett samkvæmt lögum nr. 51, 3 nóvember 1915 um rafmagnsveitur, er hjermeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 14. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannzzon.

Vigfús Einarsson.

Auglýsing

54 15. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykt fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 1. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóv. 1919, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina er hjermeð staðfest eftirrituð

lögreglusamþykt fyrir Akureyrarkaupstað.

I. kafli.

Um reglu og velsæmi á almannafæri

1. gr.

A almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvellir, sölutorg, bryggjur, bólvirki, o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarstaðar, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

54 15. júní

3. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstjetta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum, eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu, og svo nærri götubrún eða gangstjettabrún, sem auðið er. Við krossgötu skal, ef þörf gjörist, sá bíða, sem er til vinstri handar. Þeir, sem fara um gangstjettir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja á akbraut, sje hún til vinstri handar.

4. gr.

A almannafæri, stræti eða svæði má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt eða hafa annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar þá, sem um fara eða nálægt búa.

5. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða yfir höfuð hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr.

A fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sjer á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annnað, er til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri og hvergi að óþörfu á kaupstaðarlóðinni. Sömuleiðis er öll veiði með skotum bönnuð í landareign kaupstaðarins. Þó er Glerárdalurinn og »fjallið« undan skilið. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Nauðsýnlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sjerstöku samþykki lögregustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

8. gr.

Það er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun á almannafæri, svo sem með því að brúka þar ölæðislæti, eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap, einnig með því að viðhafa ósæmileg orð eða látbragð, ennfremur með því að ganga dulklæddur eða í búningi, sem misbýður velsæmi, eða fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. s. frv.

Þá menn, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða á almannafæri með hrópi, köllum eða á annan hátt, eða sýna af sér óskunda, svo sem með höggum eða barsmíð, má setja í varðhald og skulu þeir sæta sektum eigi minna en 50 kr.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða annarstaðar svo nálægt landi að hneyksli valdi, eigi heldur nálægt skipum sem á höfninni liggja.

10. gr. 54

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og 15. júní heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

11. gr.

Lögregluvaldið getur krafið sjer til aðstoðar sjerhvern fulltíða karlmann, sem nálægt er, til að afstýra óspektum og annari óreglu á almannafæri, og hefta þá, er slíku valda, og varðar það sektum samkvæmt samþykt þessari, ef slíkri áskorun ekki er sint, en heimtingu eiga slíkir menn á bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. Kafli.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema að hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða. —

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki sjeu lægri en 50 kr.

13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á götu, stræti eða svæði sem almenningur fer um, til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, og fyrir þann tíma, sem í leyfinu er tiltekið. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða lóðareiganda má enginn láta fyrir berast á umgirtum garðsvæðum eða á öðrum stöðum, þar sem inngengið er í hús eða garða.

14. gr.

Stjettir fram með götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum, eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sjer fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddahrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má eigi bera á götum bæjarins eða annarstaðar á almannafæri. Byssur skal ávalt bera þannig að opið viti upp.

15. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sjer á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningnum stendur, en gæta skal þess að það geri sem minstan farartálma. Að flutningnum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa

54 15. júlí. á götu lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstjettum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutnings, og setur sjerstakar reglur þar að lútandi.

16 gr.

Á götum, strætum eða svæðum, sem almenningur fer um, má eigi vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta eða því um líkt. Á götum eða strætum eða á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að götu eða stræti, má eigi heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt eða hengja föt til þerris eða þesskonar.

17. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þesskonar má eigi hengja utan á hús þannig að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtapotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

18. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahíði, pappírsrusli eða öðru þesskonar á almannafæri, nje heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sjer hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

19. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára, mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin á tímabilinu frá 1. sept. til 14. maí, og ekki seinna en kl. 12 frá 15. maí til 31. ágúst. nema að þau sjeu í fylgd með fullorðnum.

20. gr.

Enginn má gera skurð í gangstjettir, götur eða torg bæjarins, nje raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarverkstjóra og samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því dimma fer að kvöldi uns bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess sem verkið átti að framkvæma.

21. gr.

Þegar nýtt hús er bygt eða eldra hús er rifið og bygt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lög-

reglustjóri leyfir, og eigi, má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, er húsageiðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. 54 15. júní

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sje gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

22. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar, og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. A slíkum pöllum utanverðum skal vera að minsta kosti 20 cm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4. m. langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

23. gr.

Nú er hús, eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætta er búin, að það hrynji eða falli niður, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt eiganda fyrir, að láta gera slíkar endurbætur á því, sem nauðsynlegar eru til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Auk þess getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir í þessa átt.

Sama er, þegar grjótgörðum, skíðgörðum eða öðrum girðingum liggur við hruni eða falli.

24. gr.

Ahöld öll, sem notuð eru til þess, að hefja upp eða renna niður vörum úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust.

25. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá vera handrið úr járni eða öðrum málmi beggja megin við þau og lögreglustjóri getur auk þess krafist, að kjallaraopið sje byrgt með hlemm eða hlera frá því dimma tekur að kvöldi uns bjart er að morgni.

Í kringum birtugrófir við stjett eða götu skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stjettinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

26. gr.

Um þakrennur og rensli frá húsum í göturæsin eða rennurnar skal svo um búið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykt kaupstaðarins.

27. gr.

Stórt grjót, sem til tálmunar er skipum, bátum eða fyrirdráttum, eða annað þvílíkt, mega menn ekki láta liggja víðsvegar um fjöruna, heldur skulu þeir, sem það eiga, flytja það burt eða saman eftir fyrirsögn lögreglustjóra.

28. gr.

Ef ís á Pollinum er ótryggur, getur lögreglustjóri, að viðlögðum sektum, bannað að fara út á hann.

Enginn má höggva vakir á Pollinn nær landi en í beina línu frá melhorninu fyrir sunnan Krókeyraroddann, þar sem hann gengur lengst í austur og varða segir til, í stöng þá, sem sett er við ósinn, á miðri Oddeyrinni, nema lögreglustjóri veiti leyfi til þess.

III. Kafli.

Um reið, lestaflutning og akstur á götum bæjarins.

29. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar í stað, þegar lögreglan gefur þeim merki til þess.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka harðara en á hægu brokki og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún ráðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstjettir bæjarins.

30. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum eða svo horuðum að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

31. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel útaf götunni fyrir vögnum er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

32. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings, sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sjerstökum reglugjörðum.

Aktýgin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumanns á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel fram undan sjer og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

33. gr. **54**

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára. 15. júní

34. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestinum veiti ljett að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo að það ekki haggist, Það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast við jörðu. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstur hávaði hljótist af.

35. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir sjeu saman. Það er og bannað að festa sleða og handvagna við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

36. gr.

Með vagna og hesta má aðeins fara eftir þeim hluta strætisins, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstjettum nje vegum, sem ætlaðir eru til annarar sjerstakrar notkunar. Ef gata í bænum er þröng eða mikil umferð um hana, getur lögreglustjóri bannað alla vagna umferð um hana, enda sje það auglýst með spjaldi á gatnamótum.

37. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegabrún eða gangstjett til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er við til vinstri handar, en í löngum boga ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer.

38. gr,

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum eða líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

39. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert, sem næst gangstjettinni eða götujaðri og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sje jafnhliða gangstjettinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti hinumeginn á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum, eða fast við þau.

40. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

54 15. júní

41. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna að því viðbættu, að á aktýgi hestsins skal festa bjöllur, þannig gerðar, að til þeirra heyrist í hæfilegri fjarlægð. Enn fremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig fyrir hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, auk sjerreglna þeirra, sem hjer fara á eftir.

42. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem þeim er auðið. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. kafli.

Um bifreiðar.

43. gr.

Bifreið nefnist í samþykt þessari hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvjel í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþyktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

44. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álíst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

45. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir 3., 6., 10. og 12. gr. í lögum um notkun bifreiða, nr. 88 frá 14. nóv. 1917 og reglugjörð um bifreiðar 28. apríl 1915, eða þeim lögum og reglugjörðum, sem síðar kunna að verða settar þar að aðlútandi. Ljós á bifreiðum skal tendra ekki seinna en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum.

46. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hjer í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum þessarar samþyktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda merki með áletruðu A. og tölumerki, sem festa skal aftan á bifreiðina, svo að sjáist greinilega og má ekki taka það af henni, eða hylja á nokkurn hátt, meðan bifreiðin er notuð. Engin önnur merki mega vera aftan á bifreið, sem skrásett er hjer í bænum. Verði eiganda skifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Lögreglustjóri ákveður hve margir menn mega vera í einu í bifreið ef hún er ætluð til að flytja farþega fyrir borgun, og mega aldrei vera í henni fleiri menn, enda skal bifreiðarstjóri ávalt hafa meðferðis skírteini lögreglustjóra, er tiltekur farþega fjölda. Í hverri slíkri bifreið skulu og vera til sýnis öll gildandi ákvæði laga og reglugjörða um bifreiðar, svo og gjaldskrá.

Bifreiðar, sem eru eign utanbæjarmanna, mega því að eins fara um götur bæjarins,

að aftan á þeim sje skrásetningarmerki þess lögsagnarumdæmis, þar sem eigandinn er búsett- 54
ur, og ekkert annað merki. 15. júní

47. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann sje fullra 21 árs að aldri og hafi ökuskírteini, er heimili honum að stýra bifreið, nema um undanþágu sje að ræða, lögum samkvæmt.

Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu á höfði og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið ökuskírteini og tölumerki skírteinis hans.

Bifreiðarstjóri má ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar meðan ekið er og meðan hann situr við stýrið má hann ekki reykja tóbak og ekki tala við farþega.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

48. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávalt tempra svo, að komist verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sje ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 12 km. á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sjer skamt frá sjer, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, og þar sem mikil umferð er, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur nje á gangstjettir.

49. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast framhjá henni.

50. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegár hætt er við árekstri, og ávalt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum, þeir bera og ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða.

51. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

52. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.

Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreið sína og gangvjel hennar.

Bifreiðarstjóri skal og ávalt stöðva bifreið, ef lögreglan gefur honum merki um að nema staðar.

54
15. júní

53. gr.

Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum bifreiðarlaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

V. Kafli.
Um reiðhjól.

54. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess er hjer segir.

a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá, er stýrir hjólum, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báðar fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.

b. Á hverju hjóli skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð er hann fer fyrir götuhorn eða yfir gatnamót.

c. Á hverjum hjólum skal, þegar dimt er, vera tendrað ljósker, er snúi fram og lýsi fram undan sjer. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum bæjarins.

d. Ökuhraði á hjólum má aldrei vera meiri en 12 km. á klukkustund og þar sem hjólamaður sjer skamt frá sjer í kröppum bugðum, við gatnamót þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur, nje á gangstjettina. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða verði órór.

e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstjettum nje yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.

f. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi ef þess er krafist og hjálpa þeim, sem slasast hefir ef þörf gerist.

Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem yngri er en 15 ára.

VI. Kafli.
Um rekstur gripa og fjenaðar um götur bæjarins o. fl.

55. gr.

Hænsn, gæsir og endur má eigi hafa í kaupstaðnum frá 1. júní til 31. ágúst, þó má hafa hænsn, þar sem svo til hagar, að þau geta engan skaða gert í görðum, eða þar sem lögreglustjóri leyfir.

56. gr.

Sauðfjenaður bæjarmanna má ekki ganga laus á svæðinu fyrir austan beina línu

vestan við túnið á Eyrarlandi og Hamarkoti, frekar en nauðsynlegt er, til að reka hann úr eða í haga eða til vatns. 54 15. júní

Þeir, sem sauðfje eiga eða hafa undir hendi, skulu skyldir að annast samanrekstur á sauðfje vor og haust, reka fjeð til afrjettar og gera gangnaskil að haustinu eftir fyrirmælum bæjarstjórnarinnar.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til geitfjár og svína.

57. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur bæjarins, frekar en nauðsynlegt er til að reka þá í haga eða til vatns.

Á meðan lestamenn eða ferðamenn standa við í kaupstaðnum, skulu þeir hafa hesta sína í »Caroline Rest« eða öðrum hesthúsum. Sje eigi rúm þar, skal heimilt að hafa hestana utan við götubrautina, þar sem engin umferð er, á sumrin er þó leyfilegt að hafa hestana í rjett.

58. gr.

Á götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sjer. Eigi má heldur teyma meira en einn hest samhliða vagni eða hjólum, nje fleiri en tvo lausa hesta samhliða.

Lausa ferðamanna hesta má ekki reka um götur bæjarins, nema riðið sje eða gengið hægt á undan þeim.

59. gr.

Naut, sem farið er með um bæinn, skulu ávalt leidd í bandi, nægilega traustu, og tveir fullorðnir karlmenn að minsta kosti fylgja hverju nauti. Ekki mega naut heldur standa úti gæslulaus.

60. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutninga eða slátrunar, getur lögreglustjóri gert þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur. Sláturfje að hausti má einungis reka eftir þeim götum í lögsagnarumdæminu, sem lögreglustjóri fyrirskipar.

VII. Kafli.

Um hunda.

61. gr.

Skyldur er hver hundaeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletuðu A. og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisspjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur sem ekki ber slíkt helsi eða fylgir utanbæjarmanni, er rjettdræpur, ef eigandi hirðir ekki um að greiða áfallinn kostnað innan hálfsmánaðar eftir að hundurinn hefir verið auglýstur. Ennfremur er lögreglunni heimilt að láta drepa þá hunda, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli, og skulu eigendur þeirra sæta sektum samkvæmt 98. gr.

51
15. júní

62. gr.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendunum að binda eða mýla forsvaranlega, að viðlagðri sekt samkvæmt 98. gr.

63. gr.

Enginn má siga hundi á mann nje láta farast fyrir að aftra hundi sínum þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver sem brýtur á móti þessu skal sæta sektum, þó ekkert tjón hafi hlotist af. Það er og bannað að egna hunda eða siga þeim saman á almannafæri.

64. gr.

Blóðhunda, eða aðra grimma hunda, má ekki nota til vörslu, hvorki utan húss eða innan.

65. gr.

Skylt er lögreglustjórninni að hafa sjerstakt eftirlit með því, að hundeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugjörð bæjarins um lækning hunda af bandormum.

VIII. Kafli.

Um friðun almenningseigna og einstakra manna.

66. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þesshátttar, má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum og girðingum, sem liggur að almannafæri.

67. gr.

Enginn má klifra upp á eða yfir eða skemma girðingar, sem settar eru fram með götum, strætum eða svæðum eða kringum tún og garða, hvar í landi bæjarins sem er.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

68. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað Trje eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, nje spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má ekki beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega ekki vera í kirkjugarðinum, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra. 54 15. júní

IX. Kafli.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

69. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja ef þörf gerist.

70. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki samsöngva sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögunum.

71. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

X. Kafli.

Um veitingahús, skemtistaði og almennar skemtanir.

72. gr.

Allir staðir þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og óáfengra drykkja, eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglustórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

73. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta druknum manni í tje neins konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

54 15. júní

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu, matar og óáfengra drykkja, eða selur gistingu, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

74. gr.

Allir veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11 $^1/_2$ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem eigi hafa náttstað skulu hafa farið út eigi síðar en $^1/_2$ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðmönnum greiða á hvaða tíma sem er, og heimilt skal fjelögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

75. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun nema kann fái til þess leyfi löreglustjóra, er ákveður í samráði við bæjarstjóra, hve mikið skuli greiða í bæjarsjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í velgerðarskyni, eða til að styrkja fyrirtæki í almenningsþarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð. Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrasýningar o. s. frv. eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

76. gr.

Föst kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Akveður bæjarstjórnin hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmynda sýningu í senn og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

77. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemtanir nje heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er í samráði við bæjarstjóra ákveður hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð, An leyfis lögreglustjóra má og ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys.

Auk gjalds þess í bæjarsjóð, fyrir skemtanir, sem getur í 75., 76. og 77. gr. skal greiða skemtanaskatt, sem ákveðinn kann að verða með reglugjörð samkvæmt lögum 22. nóv. 1918, um skemtanaskatt.

78. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleiki, dansleiki, samsöngva eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, — er skyldur að sjá um að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu og velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

79. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, sem leyfi hefir fengið til að halda skemtanir samkvæmt 75.—77. gr. noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sjerhverjum, sem hefir sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess,

að engar almennar skemtanir, sem háreisti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans að hætta eða tjón geti af því hlotist. **54** 15. júní

80. gr.

Við hvert veitingahús eða alment samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um að því sje ávalt haldið vel hreinu.

XI. Kafli.

Um alment hreinlæti og þrifnað.

81. gr.

Til þess að hafa eftirlit með öllu því, sem lýtur að almennum þrifnaði í kaupstaðnum, og því, að reglum þeim, sem hjer koma, sje framfylgt, skal vera heilbrigðisnefnd; í henni eiga sæti sjálfkjörnir, bæjarfógeti og hjeraðslæknir, og einn maður, sem bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki.

82. gr.

Á almannafæri eða í skipakvíarnar má eigi kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða nokkrum öðrum óhreinindum. Alt slíkt, svo og innýfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal látið í gryfjur þær, sem mykja og áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins að láta sópa allan lausan hroða af götunni fyrir sinni lóð, þegar lögreglustjóri fyrirskipar.

Hey, svörð eða áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur við flutning um göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Mold, leyfar og rusl og verkefni sem af húsabyggingum eða aðgerð á húsi stafar, skal færa jafnóðum burtu svo langt ofan í fjöru, að flóð taki það út samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í bænum, og eru menn þá skyldir til, ef bæjarstjórnin ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

83. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þjettum. Má eigi fylla þá svo að neitt hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

84. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við götur, stræti, eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum, nægilega byrgðum, og skal þó til þess hafa leyfi heilbrigðisnefndarinnar, og mega þær ekki vera nær vatnsbólum en heilbrigðisnefndin ákveður. Salerni skal vera við hvert hús, þar sem heilbrigðisnefndin ákveður.

85. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja, negla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng nje annað, sem óþrifnaður er að, eða óþefur, og ekki má heldur hafa fiskitrönur á almannafæri.

54
15. júní

86. gr.

Skepnum má eigi slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal þetta gert að húsabaki eða innan grinda eða á lokuðu svæði. Það er bannað að láta hunda koma á blóðvöllinn þegar slátrað er sauðfjenaði. Brot á banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi lóðareiganda.

87. gr.

Í saurrennur, sem hlaðnar skulu vera við hvert íbúðarhús, má eigi kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið eða stíflað upp rennurnar, nje heldur læki þá, sem renna um lóð kaupstaðarins, nje í kýlana og sýkin á Oddeyrinni.

88. gr.

Þeir, sem saurrennur hafa frá húsum sínum þvert yfir götu, stræti eða svæði, skulu hafa svo um búið, að lokræsi sje. Saurrennur allar, hvort heldur opnar eða lokaðar, skulu hreinsaðar að minsta kosti fjórum sinnum á ári, eða oftar, ef heilbrigðisnefndin finnur ástæðu til að fyrirskipa slíkt.

89. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða alt skólp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennur og sjá um að afrensli í þeim stíflist ekki.

90. gr.

Götur bæjarins og göturæsin skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

91. gr.

Lifrarbræðsla má eigi fram fara á lóð kaupstaðarins, nema þar sem heilbrigðisnefndin tilvísar.

Atvinna þessi skal standa undir sjerstakri tilsjón heilbrigðisnefndarinnar, og er sá, sem lifrarbræðsluna rekur, skyldur til að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndarinnar, sem lúta að því, að allur þrifnaður sje viðhafður og allri hættu afstýrt.

92. gr.

Stampa, opnar tunnur eða föt með lifur, grút eða áburð, má alls ekki hafa á almannafæri eða við götur og stræti bæjarins, eða neitt það annað, sem ódaun leggur af eða er til óþrifnaðar.

93. gr.

Síldarverkun má aðeins fara fram í bakgörðum eða á afviknum svæðum, þó getur lögreglustjóri veitt leyfi til, að hún fram fari annarstaðar, en þó eigi á almannafæri, nema þörf þyki til þess vera.

94. gr.

Ekkert hús eða herbergi í þeim má vera svo sett af mönnum, að heilbrigði þeirra sje hætta búin. Um hvort svo sje, ákveður heilbrigðisnefnd.

95. gr.

Fiskverkun og fiskþurkun skal aðeins fram fara á þeim svæðum, sem heilbrigðisnefndin ákveður til þess.

XII. kafli.

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

96. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir alt lögsagnarumdæmi Akureyrar, en skal, nema hitt sje beint tekið fram, því að eins beitt utan verslunarlóðarinnar að það þyki við eiga, eða því verði við komið.

97. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

98. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 1000 kr., ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára dr̃gir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

99. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþyktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanræksla valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþyktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

10. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykt þessari, og eigi verður krafist af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

101. gr.

Lögreglusamþykt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920 og fellur frá sama tíma úr gildi lögreglusamþykt fyrir Akureyrarkaupstað staðfest 18. sept 1900, svo og öll ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykt þessa.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

55
15. júní

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykt fyrir Isafjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóv. 1919, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina er hjermeð staðfest eftirrituð

lögreglusamþykt fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. Kafli.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

A almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvellir, sölutorg, bryggjur, sjógarðar o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaðar þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu, og svo nærri götujaðri sem auðið er. Við krossgötu skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar. —

4. gr.

A almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur, eða þá, sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur afstafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sjer á skautum eða sleðum eða hafa um hönd aðrar skemtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri, nje tíðka skot á höfninni. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má að eins gera með sjerstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sje gætt.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbíður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, eða með því að sýna af sjer ósæmilegt látbragð, svo sem fletta sig klæðum, gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. s. frv. —

Hneykslanleg hegðun telst það, ef nokkur sjest drukkinn á almannafæri, og hver sem verður sekur um það, skal sæta sektum er ekki sjeu lægri en 50 krónur.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins, eða annarsstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það, á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

55 15. júní

II. Kafli.

Akvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á ljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra.

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki sjeu lægri en 50 krónur.

13. gr.

An leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu og sje slíkt leyfi veitt, þá að eins á þeim stað sem leyfið tiltekur. Börn, yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og frjettablöð, og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki er gilda fyrir sjerstaka hátíðisdaga.

14. gr.

An leyfis húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, á húsriðum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir nje fara inn í híbýli hans í söluerindum.

15. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annarstaðar á almannafæri og byssur skal ávalt bera þannig að opið viti upp.

Um ljái, gaddahrífur skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, skal svo búið, að enginn hætta stafi af þeim

16. gr.

A almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sér vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sjer á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningi stendur; en gæta skal þess að það geri sem minstan farartálma. Að flutningum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma. Bæjarstjórnin ákveður í samráði við lögreglustjóra hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutnings, og getur sett sjerstakar reglur þar að lútandi.

17. gr.

A almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu er hindri umferðina eða gerir hana hættulega t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta eða því um líkt. A almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi hrista gólfdúka, viðra sængurföt hengja föt til þerris eða annað þesskonar.

18. gr.

55
15. júní

Vöruskápa, sjálfsala gluggaskýlur, anglýsingaspjöld eða annað þesshátttar má eigi hengja utan á hús þannig að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri má eigi láta standa jurtapotta eða neitt það er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

19. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þesskonar á almannafæri nje heldur skvetta þar vatni eða öðru er haft getur í för með sjer hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

20. gr.

Foreldrum og öðrum, er ganga í þeirra stað, er skylt að annast um að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin á tímabilinu frá 1. september til 14. maí og ekki seinna en kl 12 frá 15. maí til 31. ágúst nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum

21. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg bæjarins, nje raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu í dimmu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

22. gr.

Þegar nýtt hús er bygt eða eldra hús rifið og bygt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandi færa burtu er húsgerðinni er svo langt komið, að því verði viðkomið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma skal taka burtu, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burtu, án þess að annað sje bygt í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá grunninum, að ekki stafi af hætta eða óþrifnaður, eða óprýði sje að.

23. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. A slíkum pöllum utanverðum skal vera að minsta kosti 20 cm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málningu, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stigin er meira en 4 metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

24. gr.

Nú er hús svo hrörlegt að hætt er við að það hrynji eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbætur svo sem þörf gerist til að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Akvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trjevegg eða annari girðingu liggur við hruni eða falli.

25. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar, og þeir sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

26. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá vera handrið úr járni eða öðrum málmi beggja megin við þau og lögreglustjóri getur auk þess krafist, að kjallaraopið sje byrgt með hlemm eða hlera frá því að dimma tekur að kvöldi uns bjart er að morgni.

Í kringum birtugrófir við stjett eða götu skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stjettinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 centimetrar.

27. gr.

Um þakrennur og afrensli af húsum í göturæsin eða rennurnar skal svo umbúið, sem fyrir kann að vera mælt í byggingarsamþykt kaupstaðarins.

28. gr.

Þegar höfnina leggur, má enginn fara út á ísinn fyr en hann er orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra ísinn eigi nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann. Enginn má heldur taka ís af Pollinum eða höggva vakir í hann, nema með samþykki lögreglustjóra, og ákveður hann þá jafnframt hvernig vakirnar skuli girtar eða auðkendar, svo að engin hætta stafi af þeim.

29. gr.

Eigi má kasta í Pollinn eða fjöruna við hann, grjóti, möl, sandi, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, matarleifum eða öðru slíku, nje skilja það þar eftir.

III. kafli. 55

Um reið, lestaflutning og akstur á götum bæjarins. 15. júní

30. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar, er lögreglan gefur þeim merki til þess.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka harðara en á hægu brokki og þar sem mikil umferð er, gatan er mjó eða farartálmi á veginum, skal að eins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir til bera, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

31. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

32. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengi viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

33. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings, sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að verða mælt í sjerstökum reglugjörðum.

Aktýgin skulu vera haldgóð og hesturinn vel gyrtur við vagninn.

Sæti ökumannsins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel framundan sjer og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

34. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera fullsterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hest í höfuð fætur eða nára.

35. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestunum veiti ljett að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo að það ekki haggist. Það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast með jörðu. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstur hávaði hljótist af.

55 15. júní

36. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir sjeu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagn við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

Ef gata í bænum er þröng eða mjög mikil umferð um hana, getur lögreglustjóri bannað alla vagnaumferð um hana, enda sje það auglýst með spjaldi á gatnamótum.

37. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarjaðri til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er við til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer.

38. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

39. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst götujaðri og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sje jafnhliða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti hinumegin á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau.

40. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

41. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna að því við bættu, að á aktýgi hestsins skal festa bjöllur, þannig gerðar, að til þeirra heyrist í hæfilegri fjarlægð. Ennfremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig fyrir hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, sbr. lög um notkun bifreiða nr. 88, 14. nóvbrm. 1917.

42. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem þeim er auðið. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. kafli.

Um reiðhjól.

43. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess, er hjer segir:

a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá er stýrir hjól-

um, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báða fætur á stig- **55**
sveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað 15. júní
umferðina.

b. A hverjum hjólum skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en hann fer fyrir götuhorn eða yfir gatnamót.

c. Þegar dimt er, skal á hverjum hjólum vera tendrað ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sjer. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum bæjarins.

d. Ökuhraði á hjólum má ekki vera meiri en 12 kílómetrar á klukkustund og þar sem hjólamaður sjer skamt frá sjer í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór.

e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla inn eða út úr hliðum.

f. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist og hjálpa þeim sem slasast hefir ef þörf gerist.

Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

V. kafli.

Um rekstur gripa og fjenaðar um götur bæjarins o. fl.

44. gr.

Fjenaður má ekki hafast við gæslulaus á götum bæjarins og er eigendum jafnan skylt að láta mann fylgja honum í haga eða fjöru. Ef út af þessu er brugðið varðar það eiganda sektum. Ennfremur greiði hann kostnað við handsömun og varðveislu búfjárins og má selja það til lúkningar kostnaðinum, ef eigandi greiðir hann ekki. Fjenaði má þó beita í fjöruna frá 15. september til 30. maí.

Akvæði greinar þessarar ná einnig til geitfjár. Eftir fráfærur og fram til rjetta má gelt geitfje ekki ganga í landi bæjarins.

45. gr.

A almannafæri mega hestar ekki ganga lausir, og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins nema fluttir sjeu úr haga og í. Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir. Hesta, sem leika sjer eða fara á hlaupum um göturnar, skal handsama. Hesta, sem ráfa umhirðulausir um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fóðra.

Um kostnað fer eins og segir í 44. gr.

46. gr.

A götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sjer,

55 Eigi má heldur teyma meira en einn hest samhliða vagni eða hjólum, nje fleiri en tvo lausa
15. júní hesta samsíða.

47. gr.

Nautgripir, sem fluttir eru til bæjarins, skulu ávalt leiddir í bandi nægilega traustu, og skulu nægir gæslumenn fylgja hverjum nautgrip Það er með öllu bannað að binda nautgripi í tagl á hesti.

48. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri, þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

VI. kafli.

Um hunda.

49. gr.

Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletruðu ÍS og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkispjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur, sem ekki ber slíkt helsi eða fylgir utanbæjarmanni, er rjett dræpur, ef eigandi hirðir hann ekki og greiðir áfallinn kostnað innan þriggja daga eftir að hundurinn hefir verið auglýstur. Rjettdræpir eru einnig þeir hundar, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli og skulu eigendur þeirra sæta sektum samkvæmt 80. gr.

50. gr.

Grimma hunda og hunda, sem ónáða menn með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendum að binda eða mýla forsvaranlega, að viðlagðri sekt samkvæmt 80. gr.

51. gr.

Enginn má siga hundi á mann nje láta farast fyrir að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver, sem brýtur á móti þessu, skal sæta sektum, þó ekkert tjón hafi hlotist af. Það er og bannað að egna hunda eða siga þeim saman á almannafæri.

52. gr.

Blóðhunda eða aðra grimma hunda, má ekki nota til vörslu, hvorki utanhúss nje innan.

53. gr.

Skylt er lögreglustjóra að hafa sjerstakt eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugerð bæjarins um lækning hunda af bandormum.

VII. kafli.

Um friðun almenningseigna o. fl.

54. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsnota eða

til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, síma rafleiðslutæki götu- 55
ljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þesshátta má 15. júní
enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita eða rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trjegirðingum, sem liggja að almannafæri.

Veiðirjettur í landi bæjarins er óheimill, nema með leyfi bæjarstjóra og samþykki lögreglustjóra Eigi nær þó þetta til fiskveiða eða síldar. Leyfi bæjarstjóra þarf til skelfiskstöku, sands, malar og grjóts í landi bæjarins.

55. gr.

Enginn má skemma girðingar sem eru við almannafæri, nje setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

56. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað. Trje eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, nje spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn.

Skepnur mega ekki hafast við í kirkjugarðinum. Vanræki eigendur gæslu búpenings í þessu efni, varðar það sektum og kostnaði við handsömun búfjársins samkvæmt 44. gr.

Börn, yngri en 14 mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

VIII. Kafli.

Um götuspjöld, hústölur og uppfestar auglýsingar.

57. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja ef á þarf að halda.

58. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögunum.

59. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu auglýsendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má engin rífa niður, saurga eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

60. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og óáfengra drykkja, eða gististaðir fyrir almenning skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

A öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

61. gr.

A almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. þar má heldur eigi sýna af sjer ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta druknum manni í tje neinskonar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, matar og óáfengra drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi sem er á móti góðri reglu og velsæmi

62. gr.

Allir veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11 $^1/_2$ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en $^1/_2$ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, og heimilt skal fjelögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa framyfir hinn tiltekna tíma.

63. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögregustjóra, er ákveður í samráði við bæjarstjóra, hve mikið skuli greiða í bæjarsjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í velgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almennings þarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð. Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrasýningar o. s. frv. eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

64. gr.

Föst kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í bænum, nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Akveður bæjarstjórnin hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

65. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemtanir nje heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er í samráði við bæjarstjóra ákveður hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð. An leyfis lögreglustjóra má ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys.

Auk þess gjalds í bæjarsjóð fyrir skemtanir, sem getur um í 63., 64. og 65. gr., **55**
skal greiða skemtanaskatt, sem ákveðinn kann að verða með reglugerð samkvæmt lögum 15. júní
22. nóv. 1918 um skemtana skatt.

66. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleiki, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur að sjá um að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

67. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefur fengið til að halda skemtanir samkvæmt 63.—65. gr., noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sjerhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

68. gr.

Við hvert veitingahús eða alment samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um að því sje ávalt haldið vel hreinu.

X. Kafli.

Um alment hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

69. gr.

A almannafæri má enginn fleygja hrækjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Eigi má heldur fleygja neinu slíku í Pollinn. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað geti vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna nje fram af sjógörðum eða öðrum bryggjum en þeim, sem til þess eru ætlaðar. Eigi má heldur skilja þar eftir neitt þesskonar, er valdið getur óþrifnaði eða óheilnæmi.

70. gr.

Hey, þang, mó, mold eða þesskonar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um almannafæri, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs.

71. gr.

Aburð og annað slíkt, sem ópef leggur af, má að eins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þjettum. Má eigi fylla þá svo að neitt hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

55
15. júní

72. gr.

A húshliðar eða gafla, eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng, nje annað, sem óþrifnaður er að, eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur við almannafæri. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefnd ákveður.

73. gr.

A tún, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

74. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við almannafæri, nema í steinlímdum gryfjum vandlega byrgðum, enda veitti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

75. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sje hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús hans, eða óbygðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að slíkt berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burtu á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

76. gr.

Þegar bærinn leggur holræsi í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða alt skólp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennur og sjá um að afrensli í þeim stíflist ekki.

77. gr.

Götur bæjarins og almannasvæði skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

XI. kafli

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

78. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir alt lögsagnarumdæmi Ísafjarðar, en skal, nema hitt sje beint tekið fram því að eins beitt utan Skutilsfjarðareyrar að Hlíðarvegi, að það þyki við eiga, eða því verði við komið.

79. gr. 55

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið sem almenn lög- 15. júní
reglumál.

80. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

81. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþyktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. — Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþyktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

82. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykt þessari og eigi verður krafist af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

83. gr.

Með samþykt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykt fyrir Ísafjarðarkaupstað 21. nóvbrm. 1893 með viðauka 7. ágústm. 1913 og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykt þessa.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

56
15. júní

Auglýsing

um staðfesting stjórnaráðsins á lögreglusamþykt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvbr. 1919, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfest eftirrituð

lögreglusamþykt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

I. kafli.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvellir, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkju, sölubúða, leikhúsa, eða annnara samkomuhúsa eða annarstaðar þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

2. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstjetta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum fararkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast framfyrir þá, halda sjer, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstjettabrún sem auðið er. Við krossgötu skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar, þeir sem fara um gangstjettir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó skyldir til að víkja á akbraut, sje hún til vinstri handar.

3. gr.

Á almannafæri má eigi fljúgast á, æpa, blístra eða hafa annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar þá, sem um fara eða nálægt búa.

4. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum, eða yfir höfuð hafast neitt það að, sem ónáðar íbúendur húsa.

5. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik,

paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sjer á skautum, skíðum eða sleð- **56**
um eða hafa um hönd aðrar skemtanir eða leika, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, 15. júní
hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Á götum eða yfir götur eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með byssum eða öðrum skotvopnum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða nokkrum öðrum sprengiefnum, og ekki kasta steinum, glerbrotum, snjóköglum, torfi, óhreinindum, vatni, eða neinu öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum fyrir þá, er um slíka staði fara. Nauðsýnlegar sprengingar vegna mannvirkja má að eins gera með sjerstöku samþykki lögregustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sje gætt.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, er misbýður velsæmi eða raskar allsherjarreglu.

Einnig er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Þá menn, sem eru ósjálfbjarga sökum drykkjuskapar á götu eða á almannafæri, má setja í varðhald þangað til þeir koma til sjálfs sín aftur. Þá menn, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða á almannafæri með ljótum söng, hrópum eða illyrðum eða sína af sjer óskunda með höggum og barsmíð, má setja í varðhald, ef þeir ekki skipast þegar í stað við munnlega áminningu lögregluvaldsins, og skulu þeir ennfremur sæta sektum eftir samþykt þessari fyrir þá röskun á reglu og friði, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða fjörur kaupstaðarlóðarinnar, eða svo nálægt landi, að hneyksli geti valdið, eigi heldur nálægt skipum, sem á höfninni liggja, ef það getur hneykslað nokkurn. Enginn má baða sig eða þvo sjer í Hvanneyraránni, vatnsleiðsluþrónni eða þeim uppsprettum og lækjum, er renna í ána eða þróna.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannfæri, er skyldur að segja rjett til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

11 gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

56
15. júní

II. Kafli.

Akvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra og umsjónarmanns vatnsveitunnar.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki sjeu lægri en 50 krónur.

13. gr.

An leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið til tekur. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á allmannafæri. Þó skal börnum, 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og frjettablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sjerstaka hátíðisdaga

An leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, á hússviðum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir, nje fara inn í híbýli hans í sölnerindum.

14. gr.

Stjettir fram með götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum; eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna nje önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sjer fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni; ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annarstaðar á almannafæri. Byssur skal ávalt bera þannig að opið viti upp.

15. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað slíkt og eigi geta lagt það frá sjer á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningum stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minstan farartálma. Að flutningnum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstjettum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutnings, og setur sjerstakar reglur þar að lútandi.

16. gr.

A götum, gangstjettum eða annarstaðar á almannafæri má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, t. a. m. höggva eða mylja grjót, járna

hesta eða því um líkt. Eigi heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt eða hengja föt eða þvotta til þerris eða þesskonar. 56 15. júní

17. gr.

Vöruskápa, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þesshátttar má eigi hengja utan á hús þannig að óþægindi verði að á almannafæri að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtapotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður. Eigi skal leyfilegt að setja upp sjálfsala.

18. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 8 á tímabilinu frá 1. september til 14. maí og ekki seinna en kl. 10 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum.

19. gr.

Enginn má gera skurð í gangstjettir, götur eða torg bæjarins nje raska þeim á neinn hátt nema hann hafi til þess leyfi veganefndar og samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

20. gr.

Þegar nýtt hús er bygt eða eldra hús rifið og bygt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði viðkomið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt án þess að annað sje gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

21. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur og þeir, sem nota hann,

56 15. júní skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minsta kosti 20 cm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stíginn er meira en 4 metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

22. gr.

Nú er hús eða hluti úr húsi orðið svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða falli niður, eða það er þannig bygt, að hætt er við að járn fjúki af þaki eða veggjum, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og boðið eiganda eða umráðamanni hússins að gera þær umbætur á því, að eigi geti valdið hættu fyrir vegfarendur. Auk þess getur lögreglustjóri gert aðrar ráðstafanir í þessa átt á kostnað hlutaðeiganda. Sama gildir og þegar grjótgörðum, skíðgörðum eða annari girðingu liggur við falli.

23. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru til þess að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn.

24. gr.

Þegar ís leggur á höfnina, má enginn fara út á ísinn fyr en hann er orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra ísinn eigi nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann.

25. gr.

Eigi má kasta í höfnina eða fjöruna grjóti, möl, sandi, ösku, dauðum fiski, síld, matarleifum, fiskúrgangi nje öðru slíku, og ekki skilja neitt slíkt þar eftir nema fyrir utan inu, er hafnarnefnd ákveður.

26. gr.

Síldarnætur má aldrei breiða til þerris yfir götur kaupstaðarins, gangstjettir eða annarstaðar þar sem umferð er mikil. Timbur má ekki liggja laust á lóð bæjarins eða þakjárn eða slíkar vörur, þannig, að þær geti fokið á hús eða götur.

III. Kafli.

Um reið, lestaflutning og akstur á götum bæjarins.

27. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar í stað, þegar lögreglan gefur þeim merki til þess.

A almannafæri má ekki ríða eða aka harðara en á hægu brokki, og þar sem mikil er **56**
umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur 15. júlí.
skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema stað um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstjettir bæjarins.

28. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

29. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

30. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sjerstökum reglugerðum.

Aktýgin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumannsins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel framundan sjer og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

31. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

32. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestunum veiti ljett að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo, að það ekki haggist. Það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast með jörðu. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstur hávaði hljótist af.

33. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir sjeu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagna við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

56
15. júní

34. gr.

Með vagna og hesta má að eins fara eftir þeim hluta strætisins, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstjettum nje vegum, sem ætlaðir eru til annarar sjerstakrar notkunar. Ef gata í bænum er þröng eða mjög mikil umferð um hana getur lögreglustjóri bannað alla vagnaumferð um hana, enda sje það auglýst með spjaldi á gatnamótum.

35. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegabrún eða gangstjett til vinstri handar sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er við til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer.

36. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

37. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst gangstjettinni eða götujaðri, og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sje jafnhliða gangstjettinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti hinum megin á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau.

38. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri, nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

39. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna, að því viðbættu, að á aktýgi hestsins skal festa bjöllur þannig gerðar, að til þeirra heyrist í hæfilegri fjarlægð. Ennfremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig fyrir hjól og bifreiðar eftir því sem við á, auk sjerreglna þeirra, sem hjer fara á eftir.

40. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem þeim er auðið. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. kafli.
Um bifreiðar.

41. gr.

Umferð bifreiða og bifhjóla skal eigt leyfð um götur og vegi kaupstaðarins. Þó getur bæjarstjórnin leyft umferð flutningabifreiða.

V. kafli.
Um reiðhjól.

42. gr.

Þeir sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess, er hjer segir:

a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá, er stýrir hjólum, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báða fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.

b. Á hverjum hjólum skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en hann fer fyrir götuhorn eða yfir gatnamót.

c. Á hverjum hjólum skal, þegar dimt er, vera tendrað ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sjer. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum bæjarins.

d. Ökuhraði á hjólum má ekki vera meiri en 12 kílómetrar á klukkustund, og þar sem hjólamaður sjer skamt frá sjer í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er, og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur nje á gangstjettina. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór.

e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstjettum nje yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.

f. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist, og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.

Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

VI. kafli.
Um rekstur gripa og fjenaðar um götur bæjarins.

43. gr.

Bannað er að reka hesta ógætilega um götur bæjarins. Fælnir eða slægir hestar mega ekki ganga lausir.

Það er á ábyrgð sauðfjáreigenda, að sauðfjenaður þeirra geri engan usla eða óskunda í bænum, hvorki shemmi fisk eða fari inn á umgirt svæði eða í garða kaupstaðarbúa.

Hið sama gildir um geitfje.

Auk sekta fyrir þetta, sem renna í bæjarsjóð, varða brot gegn þessu skaðabótum fyrir ágang og skemdir.

Nautgripir mega ekki ganga lausir á götum kaupstaðarins, nema þegar þeir eru reknir í haga og úr.

44. gr.

Þeir kaupstaðarbúar, sem eiga sauðfje eða hafa það undir hendi, skulu skyldir að

56 annast samanrekstur á því vor og haust og gera gangnaskil að haustinu eftir fyrirmælum
15. júní bæjarstjórnar eða fjallskilastjóra.

45. gr.

Nautgripir, sem færðir eru til bæjarins, skulu ávalt leiddir í bandi nægilega traustu og skulu 2 gæslumenn fylgja hverjum nautgrip. Það er með öllu bannað að binda nautgrip í tagl á hesti.

VII. kafli.

Um hunda.

46. gr.

Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletruðu Sgf. og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkispjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur, sem ekki ber slíkt helsi eða fylgir utanbæjarmanni, er rjettdræpur, ef eigandi hirðir hann ekki og greiðir áfallinn kostnað innan þriggja daga eftir að hundurinn hefir verið auglýstur. Rjettdræpir eru einnig þeir hundar, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli, og skulu eigendur þeirra sæta sektum.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendum að binda eða mýla forsvaranlega að viðlagðri sekt.

47. gr,

Enginn má siga hundi á mann nje láta farast fyrir að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver sem brýtur á móti þessu, sæti sektum, þótt ekkert tjón hafi hlotist af.

48. gr.

Flækingshunda — en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign eða á vegum kaupstaðarbúa — getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa, og ef eigandinn gefur sig ekki fram innan þriggja sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda.

VIII. kafli.

Um friðun almenningseigna o. fl.

49. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota eða til prýðis á almannafæri, svo sem kirkju, skóla, kirkjugarð, minnisvarða, götuljósker, brunahana, vatnsleiðsluþró, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, trje, blómsturgarða, girðingar og annað þesshátttar, má enginn skemma, ekki heldur ata eða saurga, ekki rita, rispa, tjarga, mála, eða teikna á þá.

50. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almnnafæri, nje setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær.

Engin má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir. **56** 15. júní

51. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað. Trje eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu nje spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

IX. kafli.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

52. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

53. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

54. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu teknar niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga þær eða gera þær ólæsilegar á neinn hátt.

X. kafli.

Um veitingahús, skemtistaði og almennar skemtanir.

55. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og óáfengra drykkja, eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldinn nákvæm gestaskrá.

56. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sjer ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um

56 hönd. Eigi er heimilt að láta drukknum manni í tje neins konar veitingar umfram lífsnauð
15. júní synjar á almenuum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu, matar og óáfengra drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi

57. gr.

Veitingahúsum öllum skal lokað kl. 10 á kvöldin til kl. 7 að morgni, og allir gestir, sem ekki hafa þar næturstað, skulu vera farnir út ekki seinna en kl. $10^1/_2$.

Samt skal fjelögum, sem lögreglustjóri þekkir, heimilt að halda samkvæmi og dansleika eða aðrar skemtanir á veitingahúsum, sem eigi sjeu bundnar við áðurnefndan tíma, ef eigi taka aðrir þátt í því en fjelagsmenn og gestir þeirra.

Ennfremur mega brúðkaup og önnur samsæti eða dansleikar tiltekinna manna standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

58. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleika eða hlutaveltu eða aðrar skemtisamkomur fyrir borgun án leyfis lögreglustjóra, og skal hann fyrir leyfið greiða 5 til 30 kr., er renna í bæjarsjóð. Þeir, sem fá þetta leyfi, skulu vera skyldir að hlíta þeim ákvörðunum, er lögreglustjóri setur um löggæslu og til að afstýra brunahættu, og greiða þann kostnað, sem af því leiðir.

59. gr.

Enginn má halda opinbera dansleika, myndasýningar eða aðrar opinberar skemtisamkomur nema með leyfi lögreglustjóra, og greiði í hvert sinn gjald í bæjarsjóð, 5 til 30 kr. eftir ákvæðum hans.

60. gr.

Enginn má halda opinbera samsöngva nema með leyfi lögreglustjóra, og greiði gjald í bæjarsjóð, 5 til 30 kr., nema sungið sje í góðgerðarskyni eða aðgangur sje ókeypis. Skylt skal og, ef þess er krafist, að sýna lögreglustjóra fyrirfram þá texta, er syngja skal eða leika, ef um sjónleika er að ræða.

61. gr.

Þegar opinberar skemtanir, hverskonar sem eru, eða leikir, eru haldnir að kvöldi dags og fram á nótt í húsum, sem enginn býr í, skulu þeir sem standa fyrir slíku, láta tvo menn aðgæta öll eldfæri í húsinu, og skulu þeir fullvissa sig um, að eigi geti eldhætta af neinu stafað.

Eins og það er vitaskuld, að húseigendur eða húsráðendur geta bannað að sá, sem leyfi hefir fengið til þess að halda skemtanir ssmkvæmt 58., 59. og 60. gr., noti leyfið á þeirra lóð, svo er og sjerhverjum, er sjúkur er eða sjúkling hefir á heimili sínu, heimilt að fá bannað að almennar skemtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta geti af því hlotist.

62. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum,

sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmynd- **56**
um og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi. Án leyfis lög- 15. júní
reglustjóra má ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys.

XI. Kafli.

Um alment hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

63. gr.

A almannafæri má enginn fleygja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna nje út af bryggjum eða bólvirkjnm nema fyrir utan línu, er hafnarnefnd ákveður.

64. gr.

Hver sá, er ekur grút, blóðvatni, síldarleifum, mykju eða öðrum áburði, eða heyi, þangi, mold eða þesskonar um götur bæjarins, skal skyldur til að hafa góð ílát og aka varlega, svo að sem allra minst, helst ekkert, fari niður á göturnar, og hreinsa skal hann vandlega, strax og akstri er lokið, alt það, sem niður kann að hafa farið.

65. gr.

Lifrarbræðslu, síldarbræðslu eða spikbræðslu eða verksmiðjuiðnað má ekki setja á stofn á lóð bæjarins nema þar sem heilbrigðisnefndin til vísar.

Atvinna þessi, svo og síldarverkun öll, skal standa undir sjerstakri tilsjón heilbrigðisnefndarinnar, og eru þeir, sem þessa atvinnu reka, skyldugir til að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar, sem lúta að því, að allur þrifnaður sje viðhafður og allri hættu afstýrt.

66. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal það gert bak við hús, innan grinda eða á lokuðu svæði, þar sem aðrar skepnur geta ekki sjeð blóðvöllinn. Bannað er að láta hunda koma á blóðvöllinn þegar slátrað er.

67. gr.

Stampa, opnar tunnur eða föt með lifur, grút eða áburði, má alls eigi hafa á almannafæri eða við götur kaupstaðarins, nje heldur neitt það annað, sem ódaun leggur af eða er til óþrifnaðar.

68. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við almannafæri nema í steinlímdum gryfjum, vandlega byrgðum, enda veiti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

69. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sje hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús hans eða óbygðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

56 Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða
15. júní orsaka að slíkt berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burtu á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns. Undanþágu má heilbrigðisnefnd veita þegar sjerstakar ástæður mæla með því.

70. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið, og skal leiða alt skolp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið, eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennur, og sjá um, að afrensli í þeim stíflist ekki.

71. gr.

Ekkert hús eða herbergi má vera svo hlaðið fólki, sumar nje vetur, að heilbrigði þess sje hætta búin að áliti heilbrigðisnefndar.

72. gr.

Polla, síki eða tjarnir á leigðum lóðum kaupstaðarins, sem óhollusta stafar af að áliti heilbrigðisnefndar, er lóðarleigjendum skylt að fylla upp og þurka eftir nánari ákvæðum heilbrigðisnefndar. Ef út af bregður, getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma verkið á kostnað lóðarleigjenda. Kröfum bæjarins útaf slíkum kostnaði fylgir lögtaksrjettur, svo og lögveð í lóðarrjettindum leigjenda, er gangi fyrir öllum kvöðum og veðböndum á lóðinni.

XII. Kafli.

Um staðgildi samþyktarinnnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

73. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir alla verslunarlóð Siglufjarðarkaupstaðar, eins og hún er ákveðin eða síðar kann að verða ákveðin.

74. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 1000 krónum. Drengir 14 til 15 ára skulu sæta vandarhöggum, þó ekki fleiri en fimtán, ef þeir gera sig seka í brotum á samþykt þessari eða gera eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru — eða sæta einföldu fangelsi alt að 8 dögum.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem ganga barninu í foreldra stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

75. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gera það. Kostnaður við þetta, og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþyktinnni, greiðist af þeim, sem brýtur, og

má taka þann kostnað lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885. Ef hlutaðeigandi reynist ekki fær um það við lögtakið að borga kostnaðinn, greiðist hann úr bæjarsjóði. **56** 15. júní

76. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á þessari samþykt, og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

77. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum á samþykt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð.

78. gr.

Með samþykt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykt fyrir Siglufjarðarkauptún frá 2. júní 1915.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 15. júní 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

Auglýsing **57** 15. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Heilbrigðissamþykt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþyktin gildir fyrir land jarðanna Hvanneyrar og Hafnar í Siglufirði.

2. gr.

Bæjarfógeti er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni 2 menn, er bæjarstjórnin kýs til 2ja ára.

57
15. júní

3. gr.

Fundi skal halda í nefndinni að minsta kosti þrisvar á ári, í mars, júní og október. Formaður ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin öll skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er um ræðir í þessari samþykt eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða á einstakra manna eign. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er samþyktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefudin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr bæjarsjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir bæjarstjórn og fara fram á að fjeð sje veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrifnaðarbætur án fengins samþykkis bæjarstjórnar, ef brýna nauðsyn ber til að þær sjeu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg farsótt alt í einu kemur upp í bænum. Skal þá svo fljótt sem verða má leggja slík útgjöld undir samþykki bæjarstjórnar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, er í húsinu býr, að vera húsráðandi; skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykt þessari með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á eiganda.

Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd hver sje húsráðandi.

II. Um fráræslu.

7. gr.

Eldhússkólp, þvottaskólp og önnur óhreinindi má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist, síst þar sem kjallarar eru undir húsum; öllu því skolpi, sem ekki er borið í sjó, skal veita burtu frá húsunum í opnum eða lokuðum ræsum, svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skolpræsi skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollur eða vilpur; skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

8. gr.

Ef ræsi er gert fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gera skólpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, á þann hátt, er heilbrigðisnefnd telur hentugast.

III. Um slátrun og kjötsölu.

9. gr.

Meðan ekki eru komin upp í kaupstaðnum regluleg slátrunarhús, skal heilbrigðisnefndin hafa eftirlit með slátrun og kjötsölu. Slátrun skal fara fram á hreinlegum stað.

Slátrarar skulu vera í hreinum fötum með ermar brettar upp fyrir olnboga. Þeir skulu ávalt vera hreinir um hendurnar. Menn, sem hafa útbrot á höndum eða ganga með einhvern næman sjúkdóm, mega ekki vera slátrarar. Hundar mega ekki vera nálægt slátrun

Sullum skal safna í sjerstakt ílát og brennast eða grafast í jörðu niður. Kjöt af sjálfdauðum skepnum eða veikum má ekki selja til manneldis.

IV. Um peningshús hauga og forir.

10. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð handa mönnum. Ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, getur þó heilbrigðisnefndin veitt leyfi til þess að skepnur sjeu hafðar i kjallara.

11. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haughús, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir.

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en 15 álnir, fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gera og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli en 15 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná $^1/_4$ alin eða meir upp úr jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilhrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir sjeu gerðar úr höggnu grjóti og steinlími eða steinsteypu, svo að þær sjeu vatnsheldar, bæði botn og veggir.

12. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þó eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar innan 8 daga undir úrskurð bæjarstjórnar, sem gefur úrskurð í málinu svo fljótt, sem verða má.

V. Um salerni.

13. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu en nemi 5 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum; þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með því. Gólfið í salerninu skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring.

Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni.

57 15. júní

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innanhúss í sjerstökum kleía, ef útigluggi á hjörum er á klefanum og að öðru leyti svo um salernið búið, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

Ef vatnsheld for er gerð hjá húsinu, má hafa salerni yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í hana.

14. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreint, og saurílátin skal tæma áður en þau fyllast; skal heilbrigðisnefndin ákveða hvar láta megi saurinn úr salernunum.

15. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykt, eða þau ein, sem illa eru gerð eða mikill óþrifnaður er að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum að þeir geri ný salerni á þann hátt, er segir í 13. gr.

VI. Um sorp og önnur óhreinindi.

16. gr.

Hver húseigandi á kaupstaðarlóðinni skal láta útbúa, innan 1. mai n. k., sorpkassa með loki. Sorpkassar skulu vera vatnsheldir og skal í þá safna öllu sorpi og ösku, er til fellur frá húsinu. Alt sorp skal svo flutt í sjó norður fyrir Siglufjarðareyri nema heilbrigðisnefnd kveði öðru vísi á. Húseigandi ber ábyrgð á að sorpi sje safnað í sorpkassa og fluttt af lóð samkvæmt framangreindum reglum. Nú er misbrestur á, að ákvæði þessu sje hlýtt og getur heilbrigðisnefnd þá látið útbúa sorpkassa, látið safna í þá, og flutt sorpið burt á kostnað húseiganda.

Hver lóðareigandi skal láta hreinsa af lóð sinni alt rusl og sorp, strax og snjó leysir af lóðinni. Ef út af bregður getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma verkið á kostnað lóðareigenda.

Öllum ofangreindum kröfum fylgir lögtaksrjettur.

17. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori í sjóinn svo út taki, fyrir utan þá línu, sem hafnarnefnd ákveður, ef því er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Útgerðarmenn og skipstjórar bera ábyrgð á því að þessu sje hlýtt.

18. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kring um hús manna svo að fýlu leggur af, eða daunílt rensli fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað hlutaðeigandi húsráðanda að flytja burtu óhreinindin tafarlaust.

VII. Um iðnað, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta.

19. gr.

Í kaupstaðnum má enginn reka nokkurn þann iðnað sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðslu og sútun, nema heilbrigðisnefndin veiti leyfi til.

Skal allur slíkur iðnaður vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan. **57** 15. júní

VIII. Um bökunarstofur.

20. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum, og eru bakarar skyldir að hlýða fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir.

Framvegis má enginn reisa brauðgerðarhús fyr en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar og skal leyfið bundið þeim skilyrðum er hjer segir:

Brauðgerðarhús skal vera bjart og loftgott. Loft og veggir skulu kalkaðir eða steinlímdir og gólf steinlímt, asfalterað eða hellulagt.

21. gr.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í brauðgerðarhúsum. Enginn má sofa í stofum, er hafðar eru til brauðgerðar.

Brauðgerðarmenn skulu hafa yst klæða hvítar yfirhafnir, er ávalt sjeu hreinar, þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til verka, og ekki mega þeir þvo sjer í vinnustofunni.

Deig má ekki hnoða með fótum. Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnatæring hafa, eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

IX. Um matvæli.

22. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því að ekki sje höfð á boðstólum matvara sem skaðleg er fyrir heilsu manna.

Nefndinni er heimilt að taka í búðum og öðrum sölustöðum, fyrir gangverð, sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til að skemd sje og skaðleg fyrir heilsu manna, og rannsaka hana.

Komi það í ljós við rannsókn læknis eða annara er vit hafa á, að einhver matvara er skemd og skaðleg til manneldis, skal lóga vörunni eða gera hana óskaðlega fyrir heilsu manna á einhvern annan hátt, á kostnað þess, sem vöruna hefir á boðstólum.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist óhæfur vegna óþrifnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum og hætt er við að salan greiði sjúkdóminum götu.

X. Um íbúðarhús.

23. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi og trjególf í öllum íverustofum

57 Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda að ræstuð sje herbergi í íbúðar-
15. júní húsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álítur húsbúum hættu búna.

24. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda eða umboðsmanni hans bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda heimilt á 8 daga fresti að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð bæjarstjórnar, er leita skal álits hjeraðslæknis og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

25. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir, dimmir og þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjer eftir, má ekki hafa kjallara svo gerða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

XI. Um samkomuhús og skóla.

26. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með samkomuhúsum í bænum og sjá um að þau sjeu ræstuð hvenær sem hún álítur þess þörf, og af þeim, sem hún telur til þess færa, og sjá um að í slíkum húsum sjeu jafnan nægilega mörg hrákagögn. Vilji eigendur eða notendur ekki sætta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits hjeraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

28. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 100 rúmfet komi á hvert barn í minsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum, en ekki sópa.

29. gr.

Ef heilbrigðisnefndin verður, í einhverjum skóla, vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skulu strax gerðar ráðstafanir til þess, að barnið eða kennarinn komi ekki í skólann þar til sóttnæmishættan er að dómi læknis um garð gengin, sjertaklega ef um berklaveiki er að ræða.

Holdsveik börn mega ekki ganga á skóla og holdsveikir menn mega ekki fást við barnakenslu.

XII. Um næma sjúkdóma.

30. gr.

Heilbrigðisnefnd, í samráði við sóttvarnarnefnd gengst sjerstaklega fyrir því að lögskipuðum vörnum sje haldið uppi gegn næmum sjúkdómum. Ef upp kemur alvarlegur, næmur sjúkdómur á því svæði, er samþyktin nær yfir eða í grendinni, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um kirkjugarða.

31. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum. —

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XIV. Um sektir o. fl.

32. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er rennur í bæjarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefur verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

33. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið sem almenn lög reglumál. —

34. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920 og er þá úr gildi fallin samþykt fyrir Siglufjarðarkauptún frá 22. júní 1908.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júní 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

58
16. júní

Reglugjörð

um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu.

I. Um afrjetti.

1. gr.

Suður-Þingeyjarsýsla, ásamt Keldunesshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, skiftist eftir landsháttum í 3 fjallskilafjelög þannig: Á öllu svæðinu milli Jökulsár og Skjálfandafljóts sje eitt fjallskilafjelag; annað fjallskilafjelag sje á svæðinu vestan Skjálfandafljóts og norðan Ljósavatnsskarð vestur í Fnjóskadal, norðan Skógalands yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd; hið þriðja fjallskilafjelag er á svæðinu vestan Skjálfandafljóts ofan við Ljósavatnsskarð. Hvert fjallskilafjelag skiftist í deildir, eftir því, sem landi hagar, og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfjelaga.

2. gr.

Sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamálefna á fjallskilasvæðinu samkvæmt 30. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum deildanna. Breytingar, sem gerðar verða á reglugerðinni, skal bera undir sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu til samþykkis að því er Keldunesshrepp snertir. — Nú heyrir ein deild til tveimur eða fleiri hreppum og kjósa þá hlutaðeigandi hreppsnefndir úr sínum flokki sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi

3. gr.

Alt land skiftist í öræfi, afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrjetti, ef nauðsyn ber til, eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeiganda.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afrjetti með tölu og ummerkjum, er hún hefir umsjón með, og skal rita hana í fjallskilabók hreppsins. Þessar skrár skulu allar sendar sýslunefnd, er sjer um, að þær sjeu allar innfærðar í eina bók.

4. gr.

Hreppsnefndirnar gangast fyrir því, hver í sínum hreppi, að gerð sje sveitarsamþykt um það, hvort nota skuli heimalönd til upprekstrar fyrir geldfje eða lömb; skal í samþyktinni skýrt tekið fram, hver þau lönd sje, og tala þess fjár, er í þau má reka. Má enginn nota, nje leyfa öðrum að nota heimaland sitt til upprekstrar, nema það sje þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykt, staðfestri af sýslunefnd, ella tvígjaldi hann fjártolla grönnum þeim er lönd eiga að landi hans, og verður sekur að auki sem um gangnarof. — Nú liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og skulu þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gera sameiginlega samþykt um notkun þeirra. Heimalönd þau, sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrjett, að því er göngur snertir, enda sje þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum.

Allar samþyktir, sem nefndar eru í grein þessari, hvort sem þær eru eldri eða yngri en þessi reglugjörð, skulu sendar sýslunefnd til samþyktar, áður en ár er liðið frá því, er reglugerðin öðlast gildi. **58** 16. júní

5. gr.

Sauðfje, sem menn hafa í hólmum, eyjum og afgirtum svæðum, skal undanskilið fjallskilum, ef það kemst eigi þaðan hjálparlaust, að áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar.

6. gr.

Alt sauðfje, nema kvíaær þær, sem nytkaðar eru, eða það fje, sem menn hafa í hólmum, eyjum og afgirtum svæðum (sbr. 5. gr.) skal reka í afrjetti, eða þau heimalönd, sem notuð eru sem afrjettir (sbr. 4. gr.). Verður hver, sem eigi hlýðnast þessu, sekur sem um gangnarof, og gjaldi grönnum sínum skaðabætur að auki, eftir óvilhallra manna mati. Alt fullorðið geldfje skal á afrjett komið, þá er 8 vikur eru af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni; en lömb og dilkær viku eftir fráfærur. Reka skal í miðjan afrjett, nema afrjettareigandi eða hreppsnefnd hafi öðruvísi mælt fyrir.

7. gr.

Nú gengur fje á sumrum úr afrjettum og í búfjárhaga manna. Er þá rjett, að búendur þeir, er lönd eiga að afrjetti, kveðji granna sína, þá er næstir búa, til að hreinsa land með sjer og reka fjeð aftur í afrjetti. Svo skulu þeir haga hreinsun og rekstri, að fjenu verði eigi mein að, ella varðar það sektum sem fyrir gangnarof, nema meiru varði eftir almennum hegningarlögum.

8. gr.

Rjett er þeim, sem líður usla og ágang af afrjettarfje, að kæra það fyrir sýslunefnd, enda hafi hann eigi náð samkomulagi við umráðamann afrjettar, og leggur þá sýslunefnd fullnaðarúrskurð á málið.

9. gr.

Nú eiga tveir eða fleiri menn afrjett saman, og skiftast þá afrjettartollar milli þeirra, eftir tiltölu hvers eins í afrjetti, þó einn leyfi upprekstur frekar en aðrir.

10. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera ákvörðun um, hve margt sauðfje má reka á hvern afrjett, sem heyrir undir stjórn hennar, og eigi má eigandi eða umráðamaður afrjettar taka hross eða sauðfje í afrjett af mönnum, er heimili eiga utan hrepps þess, er afrjetturinn liggur í, nema með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar. Sje eigandi eða umráðamaður afrjettar óánægður með ákvörðun hreppsnefndar, getur hann skotið máli sínu til sýslunefndar er leggur fullnaðarúrskurð á málið.

Sú hreppsnefnd, er telur of margt fje rekið í aðliggjandi utansveitarafrjett, getur og skotið því atriði til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist ekki samkomulag við umráðamann afrjettarins.

II. Um fjárrjettir.

11. gr.

Fjárrjettir skiftast í aðalrjettir og aukarjettir. Aðalrjettir eru nú: Tungurjett og

58 Lokastaðarjett í Fnjóskadal, Gljúfrárrjett í Höfðahverfi, Fellsrjett í Kinn, Litlutungurjett og
16. júní Víðirkersrjett í Bárðardal, Gautlandarjett og Reykjahlíðarrjett í Mývatnssveit, Hraunsrjett í Aðaldal, Tröllarjett á Tjörnesi, Fjallarjett og Höfðarjett í Kelduhverfi. Auk þessa er heimilað að byggja nýa fjárrjett á Miðvíkurskarði eða þar í nánd og má þá rjetta þar daginn eftir Lokastaðarjettardag.

Hver aukarjett heyrir undir einhverja aðalrjett. A aukarjettum skal rjetta fyr en á aðalrjett þeirri er aukarjettin heyrir undir, enda gangi úrtýningsfje þaðan til aðalrjettar og dragist þar upp.

Sýslunefnd semur skrá yfir allar fjárrjettir í sýslufjelaginu. Skal þar fram tekið, hverja afrjetti og heimalönd ganga skal að hverri rjett, og hverja daga þar skal rjetta. Skrá þessa skal síðan rita í fjallskilabók hvers hrepps.

12. gr.

Skyldir eru allir fjáreigendur, er sókn eiga að fjárrjett, að halda henni við, og byggja að nýju, ef þörf er á. Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu eftir niðurjöfnun hreppsnefndar, þegar um rjettarbyggingar eða stærri aðgerðir er að ræða, en smáaðgerðir lætur hreppsnefndin framkvæma, og jafnar þeim kostnaði niður á fjáreigendur ásamt fjallskilunum. Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sjer sjálfur fyrir dilkrúmi við þá rjett, er hann á sókn að, handa öllu því fje, er hann á á afrjetti. Sama gildir um þær fjallskiladeildir, er von eiga fjár á rjettinni. Nú á maður sókn að tveim rjettum, og er hann skyldur að eiga dilkrúm á báðum. Hver sem eigi vinnur þá skylduvinnu að fjárrjett, er á hann skiftist, eða vanrækir að hafa þar nægilegt dilkrúm fyrir fje sitt, verður sekur sem um gangnarof. Svo má og hreppsnefnd láta vinna verk það, er honum bar að vinna á hans kostnað. Lokið skal aðgerð rjettar og dilka degi fyrir fyrsta rjettardag haust hvert.

13. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárrjettum, eða færa gamla rjett á annan hentari stað, og skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málefnið undir atkvæði búenda í hreppnum, á almennum fundi. Sje um aukarjett að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarlykta, en um aðalrjett þarf samþykki sýslunefndar til þess ákvörðunin sje gild.

III. Um smölun til rúnings og fráfærna.

14. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir til að smala heimalönd sín á vorin, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

15. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til að skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin til rúnings, þegar hentugast þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara fram í afrjettum og heimalöndum eyðijarða; hið sama gildir um smölun á ám til fráfærna. Innansveitarfje, sem kemur fyrir við vorsmölun, skal reka bæja á milli eftir sömu reglum og haustrekstra. Utansveitarfje, sem kemur fyrir við rúning, eða eftir rúning, er finnandi skyldur að rýja ef unt er, og einnig marka unglömb; skal hann gera eigendum aðvart um ullina, og gera grein fyrir merking á lömbum. Fyrir ómak sitt ber honum borgun: Fyrir að rýja kind 50 aurar, og fyrir að marka lamb 50 aurar, nema öðruvísi sje umsamið.

IV. Um göngur og rjettun.

16. gr.

Hver fjáreigandi, sem á sauðkindur, geitfje eða hross á afrjetti, er skyldur að gera fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður, en skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskilin af hendi fyrir heimamenn. Enginn er undanþeginn almennri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi slept geldfje sínu í heimalönd, annaðhvort í óleyfi eða samkvæmt 4. gr.

Taki afrjettareigandi utansveitar fjenað í óleyfi á afrjett, getur hreppsnefnd átt aðgang að honum með fjallskil fyrir þann fjenað.

17. gr.

Skifta skal hreppsnefnd afrjettum þeim, sem hún hefir yfir að ráða, í leitir, og kveða á um, hve marga menn þarf í leit hverja, svo og til annara fjárrjetta, er sækja þarf fje að. Skrá um þetta skal rita í fjallskilabókina.

18. gr.

Á vor hreppamóti ár hvert, skal hreppsnefndin, þá er framtal er tekið, rita upp fjártölu framteljanda, og er þeim jafnframt skylt að skýra hreppsnefndinni frá, hvaða afrjett þeir nota það ár. Hreppsnefnd er skyld að semja skýrslu um fjártölu þeirra hreppsbúa, er reka á utansveitarafrjetti, og senda skýrslu þessa hlutaðeigandi hreppsnefnd, eigi síðar en mánuði fyrir göngur.

Hreppsnefnd ákveður, hve mikið hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna, með hliðsjón af fjártölu hvers eins, eftir því, sem næst verður komist.

Nú nota fjáreigendur utansýslu, afrjett í einhverri fjallskiladeild sýslunnar; eru þeir þá skyldir að gefa hlutaðeigandi hreppsnefnd skýrslu um tölu fjár þess, er þeir eiga á afrjettinni, um leið og þeir reka fje sitt á afrjett, enda er þeim í öllu skylt að hlíta ákvæðum þessarar reglugerðar.

19. gr.

Nú er eigi svo mikill mannafli til, að einhver afrjettur verði hreinsaður til hlítar af þeim er hann nota, og er þá rjett að það fjallskilafjelag, er afrjetturinn liggur í, leggi hæfilegan styrk til fjallskila á þeim afrjetti. Synji hlutaðeigandi um þann styrk, eða verði ágreiningur um, hve mikill hann skuli vera, heyrir það undir úrskurð sýslunefndar.

20. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann hafa skifst, og er honum það sjálfrátt, eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar 10—30 króna fjebótum, er renna í fjallskilasjóð hreppsins. Sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektirnar í hvert skifti; þó mega þær aldrei verða hærri en 200 krónur. Auk þess greiðir sá, er brýtur, slíkar skaðabætur, er samsvari fjallskilum þeim, er hann hefir vanrækt. Rjett er og að leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að gera fjallskil í stað þess, sem gangnarof gerði á hans kostnað, og falla þá skaðabætur niður. Sama gildir og um þann, er lögmæt forföll hefir.

58
16. júní

21. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, er leitarforingi og minst helmingur leitarmanna tekur gildan, þó aldrei yngri mann en 14 ára. Nú verður einhver leitarmaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal svo álíta, sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinni, og varðar það sektum og skaðabótum, sem fyrir gangnarof. — Nú er leitarmaður eigi talinn fullgildur, en þó eigi heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarforingja og hreppsnefndar.

22. gr.

Það skal vera aðalregla, að gera þrenn fjallskil haust hvert; þó skal hreppsnefnd heimilt með samþykki sveitarmanna, að skipa fyrir um fleiri eða færri fjallskil, eftir því, sem henta þykir á hverjum stað og í hvert skifti. Nú kemur óveður þegar gangnamenn eru á stað komnir, og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gagni eða engu, og er þá komið undir hlutaðeigandi hreppsnefnd, hvort hún álítur að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinni. —

23. gr.

Fyrstu haustgöngur skulu byrja 15. september ár hvert og verða þá fyrstu rjettardagar á aðalrjettum:

Gljúfrárrjett, Fellsrjett, Litlutungurjett, Tröllarjett og Fjallarjett 16. september.

Lakastaðarjett, Víðirkersrjett, Reykjahlíðarrjett og Höfðarjett 17. september.

Hraunsrjett, Gautlandarjett og Tungurjett 18. september.

Aðrar göngur skulu byrja 7 dögum síðar en fyrstu göngur (22. sept), og þriðju göngur 8 dögum seinna (30. september).

24. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbrjefi, er berist sem þingboð um hreppinn, nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna; sje þar tekið fram, hvernig göngum skuli hagað í hvert skifti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir eru á aðrar fjárrjettir.

Hreppsnefndin hefir umsjón með rjettun fjárins og sundurdrætti. Rjett er að hún kveðji sjer til aðstoðar á rjettinni, svo marga menn, sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega. Allskonar óhlýðni og þrjótska gegn skipunum rjettarstjóra, varðar sektum, sem fyrir gangnarof.

Störf þau, sem upp eru talin í þessari grein, má hreppsnefnd fela einum eða fleiri mönnum til framkvæmda.

25. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrjett, sem hann á sókn að, sem með þarf til þess, að fje hans verði dregið svo greiðlega, sem rjettarstjóri mælir fyrir. Skal að minsta kosti einn maður vera kominn til rjettar frá hverjum fjáreiganda, þá rjettað er, og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fje frá rjettinni fyrri en honum er lokið, nema rjettarstjóri leyfi.

26. gr. 58

16. júní

Leitarforingjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal haga í hverri leit. Þeir sjá svo um, sem unt er, að hver einstakur gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin sje rekin með reglu til rjettar og í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins þar til rjettarstjóri tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof, ef útaf er brugðið.

27. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, ef þörf krefur, að jafna niður á alla fjáreigendur í hreppnum auk þeirrar skylduvinnu til fjall-leita sem ræðir um í 16. gr. alt að þriggja aura gjaldi á hverja kind. Gjald þetta innheimtir hreppsnefndin, og er eindagi þess 31. desember.

Sje þessi heimild notuð, skal stofna fjallskilasjóð fyrir hreppinn, sem gjaldið rennur í. Heimilt er og að í hann renni eftirstöðvar af skylduvinnu til fjallskila sem ekki hafa unnist. Sjóð þennan geymir hreppsnefnd, ábyrgist hann og ávaxtar.

Nú nota utansýslu-fjáreigendur afrjett í einhverri fjallskiladeild sýslunnar, og er þá hlutaðeigandi hreppsnefnd heimilt að leggja alt að þriggja aura gjald til fjallskilasjóðs á hverja kind er þeir eiga á afrjettinum.

28. gr.

Tekjum fjallskilasjóðs má aðeins verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega inntur af höndum með skylduvinnu, svo sem til að borga aukaleitir, öræfaleitir eftirleitagjald fyrir fjáreigendur í hreppnum og utansýslu fjáreigendur þegar svo stendur á, sem segir í 27. gr. o. fl.

Hreppsnefnd semur og sendir sýslunefnd í janúar ár hvert reikning um tekjur og gjöld fjallskilasjóðs.

29. gr.

Þyki einhverjum sjer gerð of mikil fjallskil, hefir hann rjett á að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur, með því að kæra, skotið sjer undan, að inna af hendi þau fjallskil, er honum voru gerð.

V. Um hreinsun heimalanda.

30. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á hverju hausti um leið og fyrstu og önnur fjallskil fara fram. Skipar hreppsnefnd fyrir um rekstur þess fjár til rjetta, sem fyrir kemur í heimalöndum, eða sjer um rjettun þess, ef það er rjettað á aukarjettum. Heimilt er og hreppsnefnd að skipa fyrir um almenna hreinsun heimalanda að öðru leyti á hausti hverju, þegar henni þykir nauðsyn til bera.

31. gr.

Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir gera samþykt um, hvernig hreinsuninni skal haga á því svæði, er lönd hreppa ná saman. Sama gildir og um smölun til rúnings og fráfærna. Greini hreppsnefndir á um þetta, skal sýslunefnd skera úr. Óhlýðni gegn skipunum hreppsnefnda um hreinsun heimalanda, og hverskonar vanræksla í því efni, varðar sektum, sem fyrir gangnarof.

32. gr.

Hver maður er skyldur að hirða fje það, er finst í heimalöndum eftir að hinni almennu hreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, er það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust áfram rjetta leið, nema kveld sje komið eða óveður svo að eigi sje fært. Skal þá beita fjenu eða gefa hey ella, uns fært er að reka. Hver sem sleppir fjárrekstri, verður sekur sem um gangnarof.

VI. Um eftirleitir.

33. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleit á afrjetti, annaðhvort fyrir umsamda borgun eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

34. gr.

Nú finnur maður óheimt fje á afrjetti, og ber honum þá borgun fyrir það þannig:

Fyrir lamb hvert	kr.	7,00
— veturgamla kind	—	9,00
— dilká með dilki	—	13,00
— dilká með 2 dilkum	—	16,00
— dilká dilklausa eða mylka	—	8,00
— gelda á	—	12,00
— sauð 2ja vetra og eldri	—	12,00
— hrút 2ja vetra og eldri	—	14,00

Borgun fyrir eftirleitarfje greiðist úr fjallskilasjóði, þar sem hann er, en ella af eigenda fjárins.

Fyrir áður heimt fje, sem finst í löglegri eftirleit, skal eigandi borga kr. 2,50 fyrir hverja kind, á hvaða aldri sem er.

Fyrir óheimt fje, sem finst í heimalöndum eða við smölun fjár, þótt í afrjett sje, eftir að fjallskilum er lokið, er eigi skylt að greiða fundarlaun.

35. gr.

Fjárleitir á öræfi, sem ekki geta talist til nokkurra afrjetta, skulu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir, en heimilt er að þær fari fram samtímis fjallskilum.

VII. Um fjármörk.

36. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt með glöggu marki á eyrum, en ef soramarkað er, þá með brennimarki á hornum eða klaufum.

Skrúð og brögð á eyrum, eru auðkenni en eigi fjármörk.

Yngri menn en 14 ára mega ekki taka upp fjármörk nje nota. Enginn má eiga nje nota nema eitt fjármark. Þó ganga þessi ákvæði eigi í gildi fyrri en við næstu endurprentun markaskrár sýslunnar. Um markrjettindi fer sem í lögum er ákveðið.

Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna fje sitt á vinstra horni með þessum sveita- **58**
brennimörkum: 16. júní

í Keldunesshreppi	þ 1
- Tjörnesshreppi	þ 2
- Húsavíkurhreppi	$\mathfrak{þ}_2$
- Aðaldælahreppi	þ 3
- Reykdælahreppi	$\mathfrak{þ}_3$
- Skútustaðahreppi	þ 4
- Bárðdælahreppi	þ 5
- Ljósavatnshreppi	$\mathfrak{þ}_5$
- Hálshreppi	þ 6
- Flateyjarhreppi	$\mathfrak{þ}_6$
- Grýtubakkahreppi	þ 7
- Svalbarðsstrandarhreppi	þ 8

37. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá er sýslunefnd semur, og skal prenta hana svo oft, er sýslunefnd álítur þurfi, og útbýta meðal búenda í sýslufjelaginu.

Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimildarskjala er fylgja býli hans, og skila næsta ábúanda þá er hann flytur af jörðunni.

Vilji menn nota mörk, er eigi standa í markaskránni, skulu þeir birta markið í Lögbirtingablaðinu, og auk þess senda lýsingu af því til hreppsnefnda í þeim hreppum, þar sem helst er von fjársamgangna.

VIII. Um óskilafje.

38. gr.

Óskilafje, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða, og senda lýsingu af því í næstu sveitir. Það fje, sem óútgengið er á hausthreppamóti seljist við uppboð af hlutaðeigandi hreppstjóra.

Auglýsingu um fje, sem þannig er selt, sendir hreppstjóri oddvita sýslunefndar til auglýsingar í Lögbirtingablaðinu, ásamt auglýsingargjaldinu.

Rjettarstjóri annast um, að öll ómörkuð lömb, sem koma fyrir í rjettum, sje dregin í sjerstakan dilk, þar sem eigi er annað fje, og mönnum gefinn kostur á, að láta lambsmæður helga sjer lömbin.

Þeir ómerkingar, sem eigi spyrjast upp, seljast sem óskilafje.

IX. Um fjárrekstra.

39. gr.

Þegar sauðfje er rekið er um hjeraðið, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo og, að sem minstur bagi verði að, fyrir þá, er lönd eiga, sem um er rekið, eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrri en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kveldi eftir að fer að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til.

58 16. júní

Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fje lendi eigi saman við rekstur inn, en verði það, skulu þeir, þegar er þeir verða þess varir draga það fje úr rekstrinum, og annast um að það komist í átthaga sína eigendum kostnaðarlaust.

Skaða, sem hlýst af því, að útaf þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins að greiða eiganda fjárins, en sannist það, að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanna, skal hann auk þess sæta sektum.

X. Almennar ákvarðanir.

40. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerskilda fjallskilabók. Skal í hana rita skrár þær, sem um er getið í reglugjörð þessari og allar þær ákvarðanir sem hreppsnefnd gerir um fjallskila málefni. Oddviti sýslunefndar getur heimtað endurrit úr fjallskilabókinni hvenær sem þarf.

41. gr.

Með brot gegn ákvörðunum reglugerðar þessarar, skal fara sem almenn lögreglumál sbr. lög 22. mars 1890.

42. gr.

Með reglugjörð þessari, sem öðlast gildi 1. september 1920 er úr gildi numin reglugjörð um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu frá 6. júni 1913.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykt og Norður-Þingeyjarsýsla einnig samþykt, að því er Keldunesshrepp snertir, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 16. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 11. nóvember 1914[1]

Við 5. gr. Í stað »innanhreppsmanna« komi: »þeirra manna«
Í stað »50 aurar fyrir hverja kind« komi: »1 króna fyrir hverja kind í ullu, en sje það ær í ullu með ómörkuðu lambi, þá kr. 1,50.

Við 6. gr. Fyrir »20 aura« komi: 1,00 og fyrir »10 aura« 50 aurar.

Við 10. gr. Fyrir »10 aura« komi: 50 aurar.

Við 13. gr. Í stað »sem á 3 kindur« komi: sem á 4 kindur. — Í stað »leigufærar ær . . . 3 kindur« komi: af öllum framtöldum ám skulu hverjar 2 metnar jafnt til gangnaskila sem 3 kindur aðrar.

Við 17. gr. Í stað 4. málsgreinar: »Leiki grunur á« . . . og út, komi: Sje ekki um vörð eða girðingu að ræða fyrir afrjettarlöndum þeim, sem til heiða liggja skal og skylt að láta fara fram á þeim 3 göngur á þeim tíma, sem viðkomandi hreppsnefndum kemur saman um.

Við 19. gr. Fyrir »eftir mati hreppsnefndar» komi: því verði er hreppsnefnd, ákveður án tillits til mats á fjallskilum.

Við 20. gr. Við hana bætist: Gangnaforingi skal annast um að farið sje svo vel sem unt er með fje og hross í göngum. Ef kindur koma fyrir á heiðum, sem ekki verður komið lifandi til rjettar, skal slátra þeim og taka úr þeim innýfli en flytja þær að öðru leyti til rjettar. Finnist dauð kind í göngum, skal hún á sama hátt flutt til rjettar, ef nýtileg er.
Ef hross af einhverjum ástæðum geta ekki gengið til rjettar, eða ef hross drepst í göngum, eða finnst fyrir skömmu dautt, skal tafarlaust þegar komið er til bygða tilkynna það hreppsnefnd, er Þá lætur sækja það og flytja til rjettar gegn borgun að $^1/_2$ úr fjallasjóði, en að $^1/_2$ frá eiganda, sje hann innan upprekstrarfjelagsins; aðöðrum kosti skal selja það sem óskilafjenað og borga kostnað af söluverðinu. Hrökkvi það ekki, greiðist afgangurinn úr sveitasjóði.

Við 22. gr. Á eftir orðinu »sektarlaust« komi: en án tillits til mats á þeim.

Við 31. gr. Á eftir orðunum »búendur« og »ábúendur« komi orðin: og fjáreigendur.

Við 41. gr. Fyrir »30 aura« komi: 75 aura og fyrir »20 aura« komi 75 aurar.

Við 42. gr. Í stað »5 aurar« komi: 15 aura.

Við 46. gr. Í stað »40 aura« komi: 1,50.

Við 51. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslunefndin tilnefnir einn mann í hverjum hreppi sýslunnar til þess að skoða mörk á öllum hrossum sem þar eru seld á markaði. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrjett, skal fara með það eins og áður er fyrir mælt um sauðfje.
Borgun til þessara manna greiðir sá, er hrossin kaupir. komi þeir sjer ekki saman um gjaldhæðina, sker hlutaðeigandi sýslumaður úr.

Við 57. gr. Fyrir »stóðhross« komi: afrjettarfjenaður. Á eftir »á afrjettina eru rekin«

59 16. júní

komi: sje eingöngu um hrossavörð að ræða, en sje um fjárhelda girðingu að ræða, sje kostnaðinum jafnað niður að $^1/_2$ eftir jarðarhundruðum og að $^1/_2$ eftir fjárframtali. Seinni hluti greinarinnar, »skulu reglur« . . og út, falli burt.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 71, gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins. 16 júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

60 16. júní

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 2. nóvember 1917.

Við 40. gr. Á eftir orðunum »sbr. 42. gr.« bætist inn í: Takist sala alls ekki og telji 2 menn, tilkvaddir af hreppstjóra, hross ekki fóðurtækt, má selja það án innlausnarfrests. Ella ber hreppsnefnd að annast geymslu og fóðrun slíkra hrossa næstu 12 vikur gegn fullu gjaldi frá eiganda. Eftir þann tíma má selja þau án innlausnarfrests. —

Við 42. gr. 1. Í stað »10 aurar og 5 aurar« komi 25 aurar og 10 aurar.

2. Á eftir orðunum »um sólarhringinn« komi: nema þurfi að taka fjenaðinn á gjöf, þá fult endurgjald.

Við 43. gr. Í stað hennar og breytingar á greininni frá 23. júlí 1919 komi ný grein svohljóðandi:

Óskilakindur þær, sem koma fyrir eftir rjettir og ekki finst eigandi að eða komast ekki til eiganda, sökum fjarlægðar, skal hreppsnefnd annast um að sjeu geymdar til síðasta laugardags í sumri, sem skal vera almennur fjárskiladagur um alla sýsluna. Þær kindur, sem ekki eru hirtar þennan dag, skulu þá seldar sem óskilafje. Þær óskilakindur sem koma fyrir eftir fjárskiladag, skal hreppsnefnd annast um að komist til eiganda, sje hann í næstu hreppum og því verði komið við án sjerstaks kostnaðar, annars skal það selt sem óskilafjenaður, en auglýsa ber þau uppboð með minst viku fyrirvara.

Komi óskilahross eftir smölun í janúar, skal landeigandi gera hreppsnefnd tafarlaust aðvart, er hrossin finnast. Lætur hún síðan skoða mörk þeirra og skrifa upp lýsing á þeim. Ef þörf gerist sendir hún lýsingarnar til allra hreppsnefnda hjer í sýslu og næstliggjandi

hreppa utan sýslu og auglýsir um leið að uppboð á hrossunum fari fram eftir hálfan mánuð. Skal landeigandi skyldur að annast hrossin til söludags án endurgjalds, nema hann þurfi að taka þau á gjöf, þá gegn hæfilegri borgun fyrir fóður. Þetta gildir þó ekki ef landráðandi getur sannað, að hrossin hafi ekki verið í landi hans við janúarsmölun. Tekur hreppsfjelagið þá við skyldum landráðanda, nema sannað verði að þau hafi verið í annars manns landi, sem þá ber kostnaðinn. **60** 16. júní

Takist sala ekki á uppboðinu, fer um hrossin eins og segir í 40. gr. næstsíðustu málsgrein.

Í hvert sinn, er óskilafjenaður er seldur með innlausnarfresti, skal hreppsnefnd, eigi síðar en með næstu póstferð á eftir, senda nákvæma lýsingu á honum til allra hreppsnefnda innan sýslu og næstliggjandi hreppa utan sýslu. Skulu hreppsnefndir strax nákvæmlega yfirfara lýsingar þessar, og láta hreppsbúa sína vita, ef líkur eru til, að þeir eigi nokkuð af hinum seldu skepnum.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykt samkv. 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 16. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

Reglugjörð. **61** 23. júní

um notkun og meðferð rafmagns í Borgarneshreppi.

1. gr.

Rafmagnsstöð Borgarneshrepps selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar stöðvarinnar **ná** yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir til, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Meðan rafmagnið er eingöngu nota til lýsingar verður rafveitustöðinni lokað yfir tímabilið frá 1. maí til 15. ágúst ár hvert, svo og **á** hverjum degi meðan dagsbirta er nægileg og ljósa þarf ekki við.

Breytingar á þessu ákveður hreppsnefndin fyrir ákveðinn tíma í senn, eftir því sem

61 23. júní

við á, og eftir því til hvers rafmagnið verður frekar notað, verða þær breytingar auglýstar notendum með hæfilegum fyrirvara.

A þeim tíma, sem vjelin eða vjelarnar eiga að vera í gangi, má því að eins stöðva þær eða taka af straumiun að brýna nauðsyn beri til sökum aðgerða, er ekki verður hjá komist, og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum í þræðina svo fljótt sem unt er.

Breytingar og aðgjörðir, svo og viðtengingar á nýjum línum skulu, að svo mikla leyti sem hægt er, fara fram á þeim tímum, sem stöðin er lokuð. Komi það fyrir að stöðin sje lokuð sökum aðgerða, sem ekki verður hjá komist, lengur en tvo sólarhringa í senn á þeim tíma, sem hún á að vera opin, skal draga frá $^1/_{250}$ hluta af árgjaldinu fyrir hvern sólarhring, sem fram yfir er. Að öðru leyti ber stöðin gagnvart straumnotendum enga ábyrgð á lokun, sem stafar af ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum atvikum (vis major), en skemdin verður bætt svo fljótt sem unt er.

3. gr.

Hver, sem óskar að fá lagt inn til sín rafmagn eða breytt eldri innlagningu, skal senda stöðvarstjóra skriflega beiðni um það með nákvæmum upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann vill fá alls, hvort hann hugsar sjer seinna að bæta meiru við og öðrum nauðsynlegum upplýsingum fyrir innlagninguna. Stöðvarstjóri sendir umsóknina með athugasemdum sínum til rafmagnsnefndar, og ákveður nefndin, hvort innlagningin skuli leyfð eða ekki, og hve mikið gjald skuli greitt. Stöðvarstjóri tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar, og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en tveim vikum eftir að stöðvarstjóri fjekk umsóknina.

Áður en byrjað er á innlagningunni skal hlutaðeigandi umsækjandi með undirskrift sinni á einu eintaki þessarar reglugjörðar, skuldbinda sig til að uppfylla allar þær kröfur, sem reglugjörðin gjörir til hans.

Pöntun á rafmagni sje bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skoðast pöntuninn gildandi fyrir næsta ár o. s. frv.

4. gr.

Húsálmur leggur rafmagnsstöðin á sinn kostnað frá aðalálmum að húsinu, alt að 30 metra. Standi hús lengra en 30 metra frá næstu aðalálmu kostar húseigandi það, sem fram yfir fer, en stöðin lætur vinna verkið og kostar sjálf uppsetningu á öryggjum og mælum, sem hún leggur til. Ef sjerstakir erfiðleikar eru við lagningu húsálmu, getur stöðin krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af því hlýst, standi svo á, skal húseiganda gert aðvart um það fyrirfram.

Aðaltaugakerfi stöðvarinnar má ekki stækka, nema með samþykki hreppsnefndar.

5. gr.

Innanhússtaugar, lampa og önnur áhöld, vjelar o. s. frv. skal setja upp á kostnað hlutaðeigandi umsækjanda af löggiltum innlagningarmanni. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin, að fengnum tillögum rafmagnsnefndar og stöðvarstjóra, löggildir til þess, má leggja inn taugar, setja upp lampa eða önnur rafmagnsáhöld eða vjelar sem setja á í samband við rafveituna, nje heldur breyta eldri innlagningu eða fást við lík störf, er að rafveitunni lúta, hvort heldur utanhúss eða innan.

6. gr.

Nú hafa verið lagðar inn taugar eða áhöld sett í hús, áður reglugjörð þessi er staðfest, má þá ekki taka innlagninguna til afnota fyr en kjörinn maður eða menn af rafmagnsnefndinni eða stöðvarstjóri hafa skoðað og prófað innlagninguna og loftleiðslur allar, og vottað að leiðslurnar sjeu fullnægjandi. Álítist innan og utanhússleiðslur ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi innlagningarmaður laga þær þannig, að þær verði í því standi, sem brunabótalögin heimta. Hið sama gildir um þau rafmagnstæki, sem hjer eftir kunna að verða sett.

7. gr.

Enginn má án leyfis rafmagnsnefndar taka rafmagn úr taugakerfi hreppsins, nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á rafmagnstaugunum eða öðrum rafmagnstækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur eru á húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri hegning liggi við samkvæmt hegningarlögum eða öðrum lögum

8. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur að sjá um sem honum er unt, að innlagning hans ætíð sje í góðu lagi. Komi ólag á rafmagnstæki eða rafmagnstaugar í húsi þannig, að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafmagnsveitunnar, t. d. öryggi hrökkvi í sundur eða bilun sjáist á einangrun á leiðsluþráðum, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það stöðvarstjóra.

Þar sem rafmagn er notað til ljósa skal varast að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv. Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss, en rafmagnsstöðin utan.

9. gr.

Hreppsnefndin áskilur sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum, er setjá á í samband við rafveitu hreppsins.

10. gr.

Rafmagnsnefndinni er heimilt að banna, að nota gamla lampa og önnur áhöld, sjeu þau eftir áliti hennar orðin ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri. Einnig hefir nefndin heimild til að banna, að rafmagnið sje notað til annars en ljósa.

11. gr.

Stöðvarstjóri og umboðsmaður rafmagnsnefndar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang allsstaðar þar sem taugar eru eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugarnar, til þess að rannsaka hvort alt sje í góðu lagi.

12. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, er hann hefir samkvæmt þessari reglugjörð, skal þá stöðinni heimilt að slíta sambandi við hann, og ber notandi fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

61
23. júní

13. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er hreppsnefndinni heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiningur útaf einstökum ákvæðum, sker hreppsnefndin úr, og má áfrýja þeim úrskurði til lögreglustjóra.

14. gr.

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar skipa þrír menn, er hreppsnefndin kýs til eins árs í senn og stöðvarstjóri sem hreppsnefndin skipar eftir tillögum rafmagnsnefndar. Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirskipunum rafmagnsnefndar. Hann hefir málfrelsi og tillögurjett á fundum nefndarinnar, en ekki atkvæðisrjett. Rafmagnsnefndin gefur fyrir 15. janúar ár hvert hreppsnefndinni skýrslu um störf stöðvarinnar um leið og ársreikningur er lagður fram. Reikningsár stöðvarinnar eru almanaksárið. Hreppsnefndin hefir yfirumsjón stöðvarinnar á hendi og gefur rafmagnsnefndinni erindisbrjef. Rafmagnsnefndin annast innheimtu á gjöldum til stöðvarinnar, hefir alla reikningsfærslu á hendi og greiðir öll gjöld stöðvarinnar, ræður menn til vinnu þegar þarf, pantar efni og hefir alla framkvæmd á hendi í samráði við stöðvarstjóra, og semur ársreikning um tekjur og gjöld stöðvarinnar, og afhendir hann hreppsnefnd til endurskoðunar.

15. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða, að svo miklu leyti sem þyngri hegningarákvæði ekki taka til þeirra, sektum alt að 100 krónum, sem renna í sveitarsjóð Borgarneshrepps, og skal farið með mál útaf þeim, sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 23. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

62
23. júní

Gjaldskrá

fyrir notkun rafmagns í Borgarneshreppi.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum skal vera fyrir hverja kilowatt-stund kr. 2,50.

Í verslunarhúsum, skólum, samkomuhúsum, vinnustofum, sláturhúsum, götuljósum og öðrum þeim húsum, sem venjulega nota ekki ljós lengur en til kl. 8 síðd. daglega, sal vera fyrir hverja kilowatt-stund kr. 3,50.

Árlegt gjald af kilowattmælum hreppsins greiðist með 10% af kaupverði þeirra.

Hreppsnefndin ákveður í júní ár hvert, hvaða hús í hreppnum, heyri undir hvorn lið í gjaldskrá þessari.

Einnig hefir hún heimild til að færa gjöld þessi niður, ef steinolía lækkar í verði.

2. gr.

Verð á rafmagni til suðu hitunar eða til vjelareksturs verður ákveðið með sjerstökum samningi fyrir hvern sjerstakan notanda, verði á annað borð nokkurt rafmagn selt til slíkrar notkunar.

3. gr.

Árið reiknast frá nýári til nýárs og ljósgjaldið greiðist eftir hvern mánuð sem og gjald fyrir mæla. Taka má gjöldin lögtaki.

Húseigandi ber ábyrgð á því, að gjöldin sjeu greidd í tæka tíð.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, um rafmagnsveitur, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 23. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

63
25. júní

Reglugjörð

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu um hreinsun hunda af bandormum og aðrar varnir gegn sullaveiki.

1. gr.

Skylt er öllum mönnum að varna því, svo sem verða má, að hundar jeti sulli, eða nokkuð ósoðið af innýflum eða kjöti alidýra. Einnig skal gæta þess, að hundar komist ekki í matarílát, vatnsílát eða vatnsból. Þeir hafist og eigi við í baðstofum og búrum, svo sje og börnum eigi liðið að leika sjer við þá. Þessar og aðrar nauðsynlegar varúðarreglur gegn sullaveiki, skulu bæði heilbrigðisnefndir, þar sem þær eru til, hreppstjóri og hreppsnefnd hver, brýna fyrir mönnum á hverju manntalsþingi og endranær, er tilefni og tækifæri er til.

Við slátrun í kauptúnum og við slátrunarhús, eiga þeir er fyrir henni standa (kaupmenn, verslunarstjórar, slátursstjórar) sjerstaklega að gæta þess, að fylgt sje varúðarreglunum í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

2. gr.

Alla hunda í sýslunni, 2ja mánaða eða eldri, skal hreinsa svo sem auðið er af bandormum, eftir leiðarvísi, er sýslunefndin semur. Hreinsun sú skal fara fram fyrsta desember ár hvert, eða sje það sunnudagur, þá annan desember, eða næsta veðurfæran dag, ef veður hamlar. Auk þess getur sýslunefndin fyrirskipað alsherjarhreinsun hunda, þá er henni þykir ástæða til.

3. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi sýslunnar skal falið á hendur að sjá um lækning á hundum og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn eftir stærð hreppanna, til að annast hana, og getur enginn skorast undan því starfi 2 ár í senn, sem ekki er öðrum háður sem hjú, og er heill heilsu, þó er hann ekki skyldur til að taka á móti þessu starfi aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma.

4. gr.

Sjerhver eigandi er skyldur að flytja hund sinn á þann stað, er lækningamaður skipar, sem og flækingshunda er hjá honum fyrirfinnast, í ákveðinn tíma, ella drepa þá.

Sje hundi skotið undan lækningu, varðar það sektum, en valdi forföll að hundur komi eigi til lækninga, skal eigandi koma honum svo fljótt til lækninga sem auðið er, í samráði við lækningamann, en greiða skal eigandi þá kr. 4,00 til lækniugamanns fyrir slíka aukahreinsun, og tilkynna honum um færslu hundsins í hreinsunarhús.

5. gr.

Fyrir lækning og böðun á hverjum hundi skal greiða lækningamanni kr. 1,00 úr sýslusjóði og kr. 1,00 úr sveitarsjóði fyrir hvern hund, allur meðalakostnaður greiðist úr sýslusjóði.

6. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að nægilega margir steinsteyptir kofar með básum fyrir

hvern hund sjeu til, til hreinsunarinnar, og sömuleiðis baðker, og eru allir bændur skyldir til að leyfa að byggja slíka kofa, sem og að fá efni til þeirra í landi jarða sinna. Hún hefir í því efni samráð við lækningamann. Ennfremur skal hreppsnefnd skylt að leggja til nægilega mörg helsi, svo að binda megi hundana meðan á lækning stendur, ef lækningamaður krefst þess. Kostnað við áhöld eftir þessari grein má greiða úr sveitarsjóði. **63** 25. júní

7. gr.

Lækningamaður sendir hreppsnefnd skýrslu um, hve mörgum hundum hann hefir gefið inn, á hve marga meðalið hefir verkað, og úr hve mörgum hafi gengið bandormar o. s. frv. En hreppsnefnd semji aðalskýrslu, og sendi sýslunefnd fyrir árslok.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá kr. 1—10, er renni að helmingi í sýslu- og sveitarsjóð. Mál er risa útaf brotum á reglugjörð þessari, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Með reglugjörð þessari er fallin úr gildi samskonar reglugjörð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, dags. 9. maí 1908.

Leiðarvísir:

um hreinsun hunda af bandormum í Austur-Barðastrandarsýslu.

1. Sýslunefndin eða sýslumaður fyrir hennar hönd ákveður i samráði við dýralækni, hver lyf skuli gefin hundunum inn til hreinsunar, en lækningamaður skal svelta hundinn inni í hreinsunarhúsi 8 klt. á undan inngjöf, og eigi má sleppa hundi fyr, en eftir 12 klt. frá inngjöf, nema að fenginni undanþágu frá dýralækni.
2. Eigi má hunda hreinsa í híbýlum manna, og eigi í fjósi eða fjárhúsi.
3. Meðun á hreinsun stendur, skal hver hundur vera í klefa sjer eða bás, samkvæmt reglugjörð hjer að framan, svo auðið sje að rannsaka, hvað af hundinum gengur, og hreinsa klefann vandlega á eftir.
4. Áður en hundur er laus látinn, skal baða hann vandlega úr 2% sterkri brennisteinslifur uppleysingu (hepar sulphuris).
5. Sullameinvaldur (taenia echinococcus) það er bandormur sá er veldur sullaveiki í mönnum og ýmsum alidýrum, er aðeins 4ar randir (millim.) á lengd, eða $^1/_6$ úr þumlungi og mjór að sama skapi, han sjest því ekki nema með sjerstakri glöggri eftirtekt, en af honum stafar hættan. Einungis af því, að hann hefir komist úr hundi í menn, hafa þeir orðið sullaveikir.

   Annarar tegundar er vankavaldur (taenia coenius), en er einuig bandormur í hundi 40—60 cm. á lengd (15—20 þm.), ef hann eða egg hans kemst úr hundi í sauðkind, kemur innan þriggja vikna fram í henni vanki (höfuðsótt). Þessar tvær tegundir bandorma hundsins eru þannig afarhættulegar, og er einsætt að gera alt sem auðið er, til þess að eyða þeim ormum og varna því að þeir komist í menn eða skepnur. Þegar því búið er að hreinsa hundana, ríður á að brenna alt er úr þeim hefir gengið, eða að grafa það djúpt í jörð niður, en sótthreinsa sjálft húsið.
6. Af því sem nú er sagt, er auðsætt að hundahreinsunarmenn þurfu að fara mjög varlega með sjálfa sig og föt sín, og yfir höfuð gæta allrar varúðar og varkárni.

63 25. júní

7. Sullameinvaldur kemur í hundana af því einu, að þeir jeta sulli sjerstaklega úr lifur og lungum. Vankavaldur af því einu, að þeir ná að jeta heila eða eitthvað úr höfði höfuð sóttarkindar. Ef komið yrði alveg í veg fyrir þetta, mundi bandormur þessi deyja út, og með þeim sullaveiki í mönnum og vanki í sauðkindum.

Að vita þetta ætti hverjum manni að vera eitt ærið, til þess að hann telji það nauðsyn og helga skyldu sína, að varna því eftir mætti, að hundar nái að jeta sulli eða nokkurt hráæti, er sullir geti leynst í, og meðan hundar eru grunsamir, að þá sje hagað til með þá, að sem minst hætta stafi af þeim.

Samþykt á sýslufundi Austur-Barðastrandarsýslu í maí 1919.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 25. júní 1920.

Einar M. Jónasson.

64 25. júní

Samþykt

um breyting á samþykt um lækning hunda af bandormum o. fl. í Vestur-Skaftafellssýslu frá 30. nóv. 1895.

1. 1. gr. orðist svo:

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir 1—2 menn til þess að annast um lækning hunda af bandormum, og 1 varamaður, sem um leið sje skylt að vera aðalmönnum til aðstoðar, ef þeir óska.

2. 3. gr. hljóði:

Heimilt er lækningamönnum að skifta hreppnum í svo margar deildir sem þörf er á, eftir staðháttum, enda sje hreppsbúum skylt að hafa nægileg lækningahús.

3. Við 9. grein:

Í stað orðanna »25 aurar« komi 1 króna.

Þannig samþykt af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu á aðalfundi hennar, sem haldinn var 10.—14. maí þ. á.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 28. júní 1920.

Gísli Sveinsson.

Reglugjörð

65
2. mars

um hreinsun hunda af bandormum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal annast um, að allir hundar 2ja mánaða og eldri, er hittast innan lögsagnarumdæmisins þá er hundahreinsun fer fram, sjeu hreinsaðir af bandormum svo vel sem frekast er unt. Hreinsun fer fram í maí og nóvember árlega eftir leiðarvísi, er heilbrigðisnefnd semur. Ef heilbrigðisnefnd telur sjerstaka ástæðu til getur nefndin fyrirskipað aukahreinsun.

2. gr.

Til starfans skipar heilbrigðisnefnd 1 mann í Siglufirði og annan í Hjeðinsfirði. Getur enginn karlmaður, búsettur innan lögsagnarumdæmisins, að undanteknum embættismönnum, bæjarfulltrúum, símamönnum og starfsmönnum bæjarins, skorast undan að gegna starfi þessu 4 ár í senn.

3. gr.

Hverjum hundeiganda er skylt að hafa helsi á hundi sínum með áletruðu Sgf. og tölu. Heilbrigðisnefnd afhendir hreinsunarmönnum bók, er árlega skulu skráðir í hundar kaupstaðarbúa, aldur, heiti, helsistala, nafn eiganda og bústaður. Þar skal og skrá hvenær hreinsanir fari fram og með hverjum árangri. Helsið skal sett á hundana í viðurvist hreinsunarmanna að minsta kosti haustið 1920, er hreinsun fer fram.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur gera steinlímdan kofa í Siglufirði til hreinsananna og skal færa þangað hunda til hreinsunar samkvæmt auglýsingu hreinsunarmanns, en hreinsun hunda utan hreinsunarkofa er stranglega bönnuð. Þó getur heilbrigðisnefnd gert undantekningu frá þessu að því er snertir Hjeðinsfjörð, Siglunes og Dali.

5. gr.

Hunda skal hreinsa í nóvember og maí árlega og skulu hreinsunarmenn auglýsa stað og stundu hreinsana með 10 daga fyrirvara á venjulegan hátt. Öllum hundeigendum er þá skylt að láta koma með hunda sína í hreinsunarkofann eftir þeirri röð, er hreinsunarmaður tiltekur og vera honum til aðstoðar við inngjöf og böðun ef þess er krafist. Ef forföll valda, að hundur komi eigi til hreinsunar á tilteknum tíma, skal eigandi tilkynna hreinsunarmanni og láta svo fljótt sem unt er og samkvæmt skipun hreinsunarmanns koma með hundinn, er hreinsunarmaður svo hreinsar. Ef hundeigandi vanrækir þetta, telst hann hafa skotið hundi undan hreinsun.

31. dag ágústmán. 1920. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h. f.

65
2. mars

6. gr.

Hreinsunarmenn skulu tvisvar á ári, í desember og júní, gefa heilbrigðisnefnd nákvæma skýrslu um hundahreinsanir samkvæmt fyrirmynd heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Nú verður vart við bandorm í hundi milli hreinsana og skal þá eigandi hans færa hann hreinsunarmanni svo fljótt sem frekast er unt, en teljast ella sekur um að hafa skotið hundi undan hreinsun. Sá hundur verður þó eigi undanþeginn hreinsun á hinum lögskipaða tíma, ef meira en 3 vikur eru til næsta hreinsunarmánaðar.

8. gr.

Skylt er öllum af fremsta megni að varna því, að hundur nái að jeta sulli eða nokkuð ósoðið af innýflum eða kjöti alidýra. Einnig skal þess vandlega gætt, að hundar komist ekki í matarílát, vatnsílát eða vatnsból, að þeir hafist eigi við í íbúðarhúsum, baðstofum eða búrum og að börn leiki sjer ekki við þá. Þessar og aðrar varúðarreglur gegn sullaveiki skal heilbrigðisnefnd og lögregluþjónar brýna fyrir almenningi.

9. gr.

Heinsunarmenn skulu halda hundahaldsbækur eftir fyrirmynd heilbrigðisnefndar. Skulu hreinsunarmenn gæta starfsins með árvekni og alúð og rækilega brýna fyrir mönnum að gæta sem mestrar varúðar í umgengni við hunda og ganga eftir því eftir megni, að brendir sjeu sullir úr sláturfje. Hreinsunarmenn fá að launum 1 kr. fyrir hverja hreinsun hunds, er hundeigandi greiðir. Ennfremur greiðist 1 kr. fyrir hverja hreinsun úr bæjarsjóði. Taka má gjaldið lögtaki hjá hundeiganda.

10. gr.

Hreinsun hunda og allri meðferð á undan og eftir skal hagað nákvæmlega eftir leiðarvísi þeim, er hjer fer á eftir og eftir ákvæðum heilbrigðisnefndar innan þeirra takmarka, er leiðarvísirinn setur. Meðulin útvegar heilbrigðisnefnd á kostnað bæjarsjóðs.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 5—50 kr., er renna í bæjarsjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem opinber lögreglumál.

12. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. maí 1920 og er þá úr gildi numin reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl. frá 23. mars 1903 að því er lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar snertir.

Leiðarvísir

um hreinsun hunda af bandormum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar.

1. Heilbrigðisnefnd ákveður, hver lyf skuli gefin hundunum inn við hreinsunina og annað nánara um tilhögun við hana.

2. Meðan á hreinsun stendur, skal hver hundur vera sjer í bás eða klefa, er hann eigi getur sloppið úr af eigin rammleik. Klefi sá ætti helst að vera úr steinsteypu, svo að auðvelt sje að rannsaka hvað af hundinum gengur og að hreinsa klefann vandlega á eftir. Klefinn verður að vera vel þjettur að neðan svo hátt sem fullri hæð hundsins nemur, til þess að ekkert úr hundinum komist út fyrir hann.

3. Á undan hreinsun skal hundur sveltur að minsta kosti í 24 klukkutíma og haldið í hreinsunarklefa í 12 tíma eftir að honum hefir verið gefið inn hreinsunarmeðalið. Skal þess gætt, ef meðalið eigi verkar eða hundurinn ælir því, að gefa honum þá inn aftur uns meðalið verkar.

4. Áður en hundi er slept úr hreinsunarklefa, skal baða hann vandlega úr legi, blönduðum úr 39 mælum af volgu vatni og einum mæli af kreolíni, eða eftir því hlutfalli. Hundurinn skal vera niðri í baðinu í 3 mínútur svo að eigi standi annað upp úr en vitin. Gott væri að bursta hundinn með snörpum bursta, einkum að aftan og fætur hans að neðan.

5. Sullameinvaldur (taenia echinocooccus) nefnist bandormur sá, er veldur sullaveiki í mönnum og ýmsum alidýrum og er hann að eins 4 millimetrar á lengd ($^1/_6$ úr þumlungi) og mjór að sama skapi. Hann sjest því eigi nema með nákvæmri eftirtekt. Af honum stafar hættan. Einungis af því, að hann hefir komist úr hundi í menn, hafa þeir orðið sullaveikir. Önnur tegund er vankavaldur (taenia coenurus) sem er einnig bandormur í hundi 40—60 cm. á lengd (15—23 þumlungar). Ef hann eða egg hans kemst úr hundi í sauðkind, veikist hún innan 3 vikna af höfuðsótt (vanka). Þessar 2 tegundir bandorma hundsins eru þannig afarhættulegar og er einsætt að gera alt, sem auðið er, til að eyða þeim ormum og varna því, að þeir komist í menn eða skepnur. Þegar því búið er að hreinsa hundana, ríður á því að brenna alt, sem úr þeim hefir gengið, en fróðlegt er að rannsaka áður hvort fyrnefndir bandormar eru í því.

6. Hundahreinsunarmenn þurfa að fara mjög varlega með föt sín og sjálfa sig og gæta allrar varkárni og vandvirkni.

7. Sullameinvaldur kemur í hundana af því einu, að þeir jeta sulli, sjerstaklega úr lifur og lungum. Og vankavaldur kemur í hundana að eins af því, að þeir jeta heila eða eitthvað úr höfði höfuðsóttarkindar. Ef komið yrði algerlega í veg fyrir þetta, mundu bandormar þessir deyja út og með þeim sullaveiki í mönnum og vanki í sauðfje. Að vita þetta, ætti hverjum manni að vera ærin hvöt til þess að telja það nauðsyn og helga skyldu sína að varna því eftir mætti, að hundar nái að jeta sulli eða nokkurt hráæti, er sullir geta leynst í, og meðan hundar eru enn grunsamir í því efni, að þá sje þannig hagað umgengni við þá, að sem minst hætta stafi af þeim.

Þannig samþykt af bæjarstjórn Siglufjarðar 2. mars 1920.

Bæjarfógetinn á Siglufirði, 8. mars 1920.

G. Hannesson.

66
15. júlí

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykt fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykt fyrir Akureyrarkaupstað.

Heilbrigðissamþykt fyrir Akureyrarkaupstað.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþyktin hefir gildi á kaupstaðarlóðinni eins og hún er eða verður.

Á bygðum svæðum í lögsagnarumdæmi bæjarins utan kaupstaðarlóðarinnar skal ákvæðum samþyktarinnar beitt að svo miklu leyti, sem við verður komið og heilbrigðisnefndin telur þörf á.

2. gr.

Bæjarfógetinn er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni hjeraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs til 3ja ára.

Bæjarstjórnin skipar heilbrigðisfulltrúa og setur honum erindisbrjef, skal launa honum úr bæjarsjóði. Hann skal hafa á hendi framkvæmd heilbrigðismála samkvæmt ákvæðum heilbrigðisnefndarinnar. Skylt er honum að sækja heilbrigðisnefndarfundi.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir nefndarmennirnir óska þess, þó eigi sjaldnar en einu sinni á missiri hverju. Nefndin skal hafa fundarbók og rita í hana allar gjörðir sínar.

Formaður skal annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar en skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, sem ræðir um í samþykt þessari, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða eða láta skoða allar húseignir á því svæði, er samþyktin nær yfir.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, sem aðfinsluvert er samkv. þessari samþykt, og skal hún (skriflega) skipa þeim, er í hlut eiga fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta. **66** 15. júlí

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr bæjarsjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir bæjarstjórn og fara fram á að fje sje veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrifnaðarumbætur án fengins samþykkis bæjarstjórnarinnar, ef brýna nauðsyn ber til að þær sjeu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg farsótt alt í einu kemur upp í bænum. Skal þá svo fljótt sem verða má leggja slík útgjöld undir samþykki bæjarstjórnar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, er í húsinu býr, að vera húsráðandi, skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykt þessari, með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á eiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd hver sje húsráðandi.

II. Um alment hreinlæti og þrifnað.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á hreinsun torga og óbygðra lóða. I skipakvíarnar og á almannafæri, má enginn fleygja frá sjer hræjum, rusli, skólpi eða öðrum óhreinindum. Eigi má heldur fleygja frá sjer í læki þá, er renna í gegnum bæinn, eða í ræsi, neinu því, sem talið er í þessari grein, nema skólpi. Í ræsi má ekki kasta neinu því, sem stíflað getur vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna eða skipakvíarnar, nje skilja þar eftir neitt það, sem valdið getur óhreinlæti eða óhollustu.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins og láta sópa al an lausan hroða af götunni fyrir framan hús sitt.

Hey, svörð eða áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur um göturnar, er sá sem flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs Annars eiga kláfar eða önnur ílát, sem áburður er fluttur í, að vera svo þjett og eigi fyllri en svo að ekki hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

Mold, leifar, rusl og verkefni, sem af húsbyggingum stafar, skal færa jafnóðum í burtu svo ekki valdi óhreinlæti.

Nú eru settir safnkassar eða safngryfjur á ýmsum stöðum í bænum og eru menn þá skyldir til, ef bæjarstjórn ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

8. gr.

Á húshliðar eða gafla eða girðingar, sem vita að götum, strætum eða torgum má ekki hengja, negla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng eða annað. sem óþrifnaður er að eða óþefur. Og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri

66 15. júlí

9. gr.

Skylt er að halda hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús, og er það á ábyrgð eigendanna að þess sje gætt.

Enginn húsráðandi má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns. Gjöri hann það, skal hann vera skyldur til að flytja óhreinindin tafarlaust burtu aftur á sinn kostnað.

Þar sem svo stendur á, að skólpi verður eigi veitt frá húsum nema yfir lóð annars manns, skal húseigandinn veita því í steinlímdu lokuðu ræsi yfir lóðina, og annast um hreinsun þess ræsis einn saman, að svo miklu leyti, sem hann eigi notar það í sameiningu við lóðareigandann. Verði hlutaðeigendur ekki ásáttir um rennulagninguna, sker bæjarstjórnin úr málinu.

Húseigandi skal annast um hreinsun á ræsum, er ganga frá húsinu út í göturæsi, og sjá um að þau stíflist ekki.

10. gr.

Götur bæjarins og ræsi skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

III. Um fráræslu.

11. gr.

Þar sem eldhússkólpi eða þvottaskólpi verður ekki veitt í göturæsi eða til sjávar eða í læki þá og kýla, er renna gegnum bæinn, má þó eigi láta það síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum að hætta sje á því, að dómi heilbrigðisnefndar að jarðvegurinn saurgist, skal veita öllu skólpi burt frá húsinu í lokuðum ræsum, sem sjeu annaðhvort pípur úr brendum leir eða sementssteypu eða trjestokkar, og skulu ræsin ná svo langt, sem heilbrigðisnefndinni þykir þurfa.

Öll skólpræsi, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim eða hætt sje við að þau stíflist, og hvergi komi pollar eða vilpur.

12. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga á lóðum fram með götunni, skyldir að gera skólpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, og skulu þau ræsi ekki lakari að gjörð en göturæsið.

IV. Um vatnsból.

13 gr.

Þá er gjöra skal nýtt vatnsból, eða breyta gömlu vatnsbóli, skal jafnan leitað álits heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Vatnsveiturnar í bænum eru háðar umsjón og eftirliti heilbrigðisnefndar, bæði brunn-

arnir sjálfir og lindir þær, sem vatnið er leitt úr og leiðslupípurnar. Skal þess stöðugt gætt að vatnið sje heilnæmt. **66** 15. júlí

Bæði þessa brunna og öll önnur vatnsból, skal verja alls konar óhreinindum. Það er bannað að láta í þau, frá eða að þeim koma rensli úr skólpræsum, forum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo nærri þeim, hvorki fatnað eða fisk, eða neitt það annað, sem getur valdið óheilnæmi.

15 gr.

Brunna má eigi hafa nær haugum, safngryfjum eða salernum en svo, að millibilð sje 15 álnir. Nú vill einhver gera brunn á eign sinni eða breyta gömlum brunni, og skal hann, ef vatnið er notað til neyslu, tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er greftri eða borun er lokið, hvort það sje nýtilegt og hafa gát á því, að brunnarnir sjeu gerðir á þann hátt sem hjer segir:

Ef brunnur er boraður og járnpípa sett niður, skal gæta þess að samskeytin á pípunni sjeu vatnsþjett.

Ef brunnur er grafinn, þá skal hlaða hann upp að innan með höggnu grjóti eða harðbrendum múrsteini og líma stein við stein með steinlími, og skal hleðslan þannig gjörð svo langt að neðan sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa en aldrei skemra en nemi tveim álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta einskonar límkendan leir, og skal það lag vera ein alin á þykt. Hleðslan má ná $^1/_4$ alin eða meir upp úr jörðu, og út frá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga, og skal hann vera $1^1/_2$ alin að breidd að minsta kosti, og halla út frá brunnopinu. Yfir brunnopinu skal vera vatnsþjettur hlemmur, og skal taka vatnið úr brunninum með dælu, er gangi gegnum hlemminn.

16. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós að vatnið sje skaðvænt og ekki er unt að bæta úr því, skal bannað að hafa vatnið úr þeim brunni til neyslu, sje því banni eigi hlýtt, skal eigandi skyldur að moka ofan í brunninn og fylla hann svo að engu vatni verði úr honum náð. Akvæði þessarar greinar ná til allra brunna.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fylla upp og afnema þau vatnsból, sem hún telur vera mjög varasöm og óheilnæm, nema gert sje við þau viðunanlega.

V. Um peningshús og áburðargryfjur.

17. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð handa mönnum. Þar sem þetta á sjer stað nú, getur heibrigðisnefnd þó veitt undanþágu.

18. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gera áburðargryfju, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd viðvart áður en verkið er hafið og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, sem hjer segir:

66 15. júlí

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum. Básgólf og flór skal gera úr steinsteypu og skal flór hallast að steinræsi, er gangi í áburðargryfju eða áburðarvagn.

Aburðargryfju má ekki gera nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum, gryfjur þessar skal gera úr höggnu grjóti og steinlími, eða steinsteypu svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir; skulu veggirnir jafnan ná $^1/_4$ alin eða meir upp úr jörð og skal hafa yfir hverri gryfju sterkan hlera, svo að örugt sje að menn eða skepnur falli eigi í hana.

Það skal leyfilegt að safna áburði í vel þjettan vagn, sem ekið er burt jafnskótt og hann fyllist.

Bannað er að safna áburði í haug á húslóðum, en á erfðafestulöndum í nánd við bæinn getur heilbrigðisnefnd leyft það.

19. gr.

Ef peningshús eða safngryfjur, sem eru eldri en þessi samþykt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita undanfarandi fyrirmælum.

VI. Um salerni.

20. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið gera salerni innan húss eða utan, eitt eða fleiri eftir stærð hússins og fjölda íbúða. Í hverju salerni skal vera bakþil, en þau eigi bygð fast upp að húshliðum eða göflum.

Innanhússalerni skal hafa í sjerstökum klefa og sje útgluggi á hjörum á klefanum og ílátið undir setunni tvískift, eða tvö ílát annað fyrir saur og hitt fyrir þvag. Utanhússalerni skal eigi vera nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Gólf í salernum skal helst vera steinsteypt, en hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni.

21. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurílátin skal tæma áður en þau fyllast.

Bæjarstjórnin getur látið hreinsa salerni bæjarins gegn endurgjaldi frá húsráðendum. Hreinsun salerna skal fram fara um nætur, frá kl. 12—5 frá 1. apríl til 30. sept., en á öðrum tíma árs frá kl. 9 síðd. til kl. 7 árd. Heilbrigðisnefnd skal segja til hvar láta megi saur úr salernum.

22. gr.

Ef ekkert salerni fylgir húsi, sem er eldra en þessi samþykt, þá skal húseigandi hafa komið upp salerni við húsið áður en ár er liðið frá því, að þessi samþykt öðlast gildi. Ef salerni við hús, sem eldri eru en þessi samþykt, eru illa gerð, svo mikill óþrifnaður sje að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húsráðendum, að þeir geri ný salerni á þann hátt, er segir í 20. gr., eða bæti salernið á annan fullnægjandi hátt.

VII. Um sorp og önnur óhreinindi.

23. gr.

Hverju íbúðarhúsi, sem ekki hefur safngryfju skal fylgja sorpkista úr málmi, og skal hún gerð að fyrirsögn heilbrigðisnefndar.

Í þessar sorpkistur skal láta alt sorp, ösku og rusl úr húsum, og fleygja á burtu áður en ílátið fyllist.

Bæjarstjórnin getur látið flytja burt sorp úr bænum gegn endurgjaldi frá húsráðendum, ef þeir vanrækja að flytja það sjálfir.

24. gr.

Fiskverkun og fiskþurkun skal aðeins fram fara á þeim svæðum sem heilbrigðisnefndin ákveður til þess.

VIII. Um iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður.

25. gr.

Á kaupstaðarlóðinni eða í grend við hana má enginn reka nokkurn þann iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sútun o. s. frv. nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til þess, skal allur iðnaður vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utanhúss og innan.

26. gr.

Verksmiðjur og vinnustofur skulu vera háðar eftirliti heilbrigðisnefndar, ef vinnan er þess eðlis, að hún geti haft skaðleg áhrif á heilsu vinnufólksins. Gildir þetta einkum þá vinnu, sem ryk fylgir eða önnur óhreinkun á andrúmslofti, klæðaverksmiðjur, saumastofur, vindlaverksmiðjur o. s. frv.

Heilbrigðisnefnd ákveður í hvert skifti, hversu mikið loftrúm skuli ætlað hverjum vinnandi manni í þesskonar vinnustofum.

Gluggar skulu vera á hjörum, ef ekki er sjeð fyrir loftrás á annan hagkvæmari hátt. Gólf skal þvo daglega.

IX. Um matvæli.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara sem skemd er eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst að taka í búðum og á öðrum sölustöðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, þeirri er hún telur líkur til, að skemd sje eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara manna er vit hafa á, að einhver matvara er skemd og skaðleg, og ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörunni eða gera hana á einhvern hátt óskaðlega fyrir heilsu manna á kostnað þess sem vöruna hafði á boðstólum.

66 15. júlí

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist með öllu óhæfur vegna óþrifnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum og hætt við, að salan greiði sjúkdómnum götu.

X. Um sláturhús og kjötbúðir.

28. gr.

Enginn má slátra skepnum til að selja, nema hann hafi til þess fengið skriflegt leyfi bæjarstjórnar, og skal hún veita slíkt leyfi, ef fullnægt er þeim ákvæðum um tilhögun á sláturhúsum, sem hjer fara á eftir.

29. gr.

Sláturhús má ekki reisa annarstaðar en þar, sem hægt er að koma afrensli til sjávar eða í neðanjarðar göturæsi (Kloak).

Gólfið í húsunum skal vera steinsteypt, og skal það hafa halla að skólpopum, en frá skólpopum skal húseigandi gera ræsi neðanjarðar til sjávar, eða út í læk sem rennur til sjávar, eða í neðanjarðar göturæsi ef til er.

Veggir skulu vera kalkaðir, gluggar skulu vera á tveim hliðum mótsettum, og þá hægt að opna, svo að blásið geti í gegnum húsið. Hólfa skal húsið í tvent að minsta kosti. Í einu hólfi skal drepa skepnurnar og gera til, í öðru hleypa úr innýflum, skal vera sjerstakt skólpop á gólfi í hverjum klefa. Fast við innýflaklefann skal vera vatnshelt gorílát eða gorgryfja, og skal hana gera á þann hátt sem segir í 18. gr. um áburðargryfjur.

Hafa skal vatnshana í hverjum klefa í húsinu og veita vatni að úr vatnsbóli eða vatnsíláti.

Heilbrigðisnefnd getur fyrst um sinn leyft slátrunarhús þó eigi fyigi öllum þessum ákvæðum. En slátrun má eigi fram fara utan húss.

30. gr.

Stíur, rjettir eða port, sem sláturfje er geymt í, skulu vera flórlagðar.

Ef sjerstök ástæða er til, getur heilbrigðisnefnd heimtað, að steinsteypa komi í stað flórs.

31. gr.

Ekki má hafa sláturhús nær íbúðarhúsum en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum. Stíur, rjettir eða port, sem sláturfje er geymt í, má ekki hafa nær vatnsbólum en nemi 15 álnum.

32. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því að sláturhús sjeu vel þrifuð.

Gólf skal skola hreint á hverjum degi, þá er slátrað er, jafnóðum og þau óhreinkast. Gorgryfjur skal tæma jafnóðum og þær fyllast. Rjettir skal moka daglega, þegar skepnur eru geymdar í þeim.

Hundum má ekki hleypa inn í sláturhús, og ekki kasta sullum úr skepnum, þar sem hundar geta náð í þá, heldur skal brenna þá.

Slátrarar skulu vera hreinlega til fara og hafa ermar brettar upp fyrir olnboga. **66** 15. júlí

Bæjarstjórnin getur tekið slátrunar leyfi af hverjum þeim, er þrásinnis vanrækir þessi þrifnaðarfyrirmæli.

33. gr.

Það er skylda hvers þess, er slátrar nautum, hestum eða svínum, að ráðfæra sig við dýralæknir, þegar grunur leikur á að einhver sjúkleikur finnist í kjöti eða innýflum dýranna, sem óttast má að valdi sjúkdómi á mönnum, ef neytt er.

Enginn má hafa til matar kjöt eða slátur af sjálfdauðum skepnum eða þeim, sem drepnar hafa verið vegna kránkleika, nema dýralæknir sje tilkvaddur og dæmi það ósaknæmt.

34. gr.

Öllum sölubúðum þar sem nýtt kjöt er haft á boðstólum, skal haga eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Í slíkum búðum má ekki hafa aðra vöru en kjöt og matvæli, sem kjöt er haft í, reykt og niðursoðið fiskmeti, grænmeti, allskonar niðursoðnar vörur, egg og feitmeti, og skulu þær að minsta kosti fullnægja þeim skilyrðum, er hjer fara á eftir, enda má ekki taka þær til afnota, fyr en fengið er skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar.

1. Gólf skal vera steinsteypt eða steinlagt, vatnshelt og á því skólpop og frá opinu skólpræsi.
2. Búðin skal eigi vera lægri en svo, að 4 álnir sjeu undir loft. Loft skal gipsa. Veggi skal fóðra með gleruðum flögum, (ella rjóða á þá vandaðri sementsblöndu).
3. Hafa skal í búðinni vatnshana og veita vatni að úr vatnsveitu eða vatnsíláti, birtu skal hafa sem mesta og loftrás í góðu lagi.
4. Á borðum sem kjöt er lagt á skulu vera marmarahyllur, flögusteinsþynnur, zinkþynnur eða annað jafngott efni.
5. Nikkelhúð eða zinkhúð skal vera á öllum snögum, sem kjöt er hengt á.

35. gr.

Öll matvælagerð af kjöti, (pilsur, kæfa, o. s. frv.) skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, ef selja á matvælin. Að því er húsnæði snertir, getur heilbrigðisnefnd heimtað þann útbúnað, sem til er tekinn í 34. gr. 1—5. lið.

36. gr.

Þeim mönnum, er slátra til sölu eða selja kjöt eða gjöra matvæli af kjöti til sölu, getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá ákvæði 29., 31., 34. og 35. gr.

XI. Um mjólkursölu.

37. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu eða ástæða er til að ætla, eða vissa fyrir því að kýrnar sjeu veikar.

66 Berklaveikar manneskjur mega hvorki hirða kýr, mjólka eða hafa með höndum þá
15. júlí mjólk, er selja skal.

Heilbrigðisnefnd getur og bannað mjólkursölu, ef óþriflega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúnna er í svo löku standi, að erfitt verði að forðast að mjólkin óhreinkist.

XII. Um brauðgerðarhús.

38. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum, og eru bakarar skyldugir að hlýða fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir og þrifnað. Sama er og um brauðsölubúðir.

Framvegis má enginn reisa brauðgerðarhús eða setja bakaraofn í hús og byrja bakaraiðn, fyr en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar, og skal leyfið bundið þeim skilyrðum er hér segir:

Brauðgerðarhús skal vera bjart og loftgott, loft og veggir skulu vera kalkaðir eða sementaðir og gólf steinlímt, asfalterað eða hellulagt.

39. gr.

Í brauðgerðarhúsum skal gæta alls þrifnaðar. Reyktóbaksnautn er þar bönnuð.

Allar stofur og klefa skal hreinsa að minsta kosti einu sinni á dag. Veggi og loft skal kalkbera eða mála einu sinni á ári.

Enginn má sofa í stofum, sem hafðar eru til brauðgjörðar.

Brauðgjörðamenn skulu hafa yst klæða hvítar yfirhafnir, og skulu þær jafnan vera hreinar. Þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til verka, en ekki mega þeir þvo sér í vinnustofunum.

Deig má ekki hnoða með fótunum.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnatæring hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

XIII. Um íbúðarhús.

40. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört, eða hrörlegt eða þröngt að heilbrigðisnefnd álítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma svo nefndinni líki.

41. gr.

Ef kvartað er yfir því við heilbrigðisnefnd eða nefndin verður vör við að herbergi í íbúðarhúsi sé svo full af óþverra, að sjúkdómshætta stafi af því, getur heilbrigðisnefnd heimtað af leigjanda eða eiganda að þau sjeu ræstuð.

42. gr.

Bannað er að taka steinhús eða kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Enginn gluggalaus herbergi má nota til íbúðar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir eða dimmir og þröngir. **66** 15. júlí

XIV. Um skóla.

43. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða eða láta skoða öll skólahús, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti í byrjun skóla ársins.

Hver sá er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

44. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 90 rúmfet komi á hvert barn að minsta lagi. Gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á hverjum degi, en ekki sópa.

45. gr.

Ef skólabarn, eða kennari hefir berklaveiki og læknir álítur að um mikla sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefndin bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin. Holdsveik börn mega ekki ganga í skóla, og holdsveikir menn ekki fást við barnakenslu.

XV. Um næma sjúkdóma.

46. gr.

Ef hættuleg farsótt kemur upp í bænum eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s, frv.

XVI. Um kirkjugarða.

47. gr.

Þá er gjöra skal nýjan kirkjugarð, eða stækka gamlan kirkjugarð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Varnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XVII. Um sektir o. fl.

48. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum á samþykt þessari, skal farið með eins og almenn lögreglumál.

66
15. júlí

49. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt og má þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

50. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. september 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut að máli.

I dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

67
16. júní

Erindisbrjef

fyrir yfirsíldarmatsmenn.

1. gr.

Yfirsíldarmatsmennirnir skulu hafa fulla þekkingu á því, hvernig síld skal vera að verkun og útliti, og hvernig á að fara með hana og verka hana, svo að hún verði talin góð vara á þeim stöðum, þar sem helstur er markaður fyrir hana.

2. gr.

Þeir hafa einir á hendi yfirumsjón með skoðun á nýrri síld, og merkingu á síldartunnum með saltaðri síld, sem út er flutt, hver í sínu umdæmi. Um framkvæmd og fyrirkomulag á matinu og skoðuninni eru settar eftirfarandi reglur.

3. gr.

Þeir hafa undirmatsmenn og síldarmatsmenn sjer til aðstoðar við skoðun nýrrar síldar, aðgreiningu og endurmat á saltaðri síld og merkingu á tunnum með saltaðri síld. Þeir senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, á hverjum stað í umdæmi þeirra þurfi að skipa síldarmatsmenn, hve marga, og hverja ætti að skipa. Síldarmatsmennirnir eru skyldir að hlýða yfirsíldarmatsmanni samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbrjefi fyrir þá.

4. gr. 67

Áður en síldveiði byrjar ár hvert, skulu yfirmatsmenn eða síldarmatsmenn fara út á 16. júlí skip þau, sem veiða ætla síld með herpinót eða reknetum, þegar hlutaðeigandi skipstjóri tilkynnir þeim, að hann vilji útbúa skip sitt til síldveiða, og skulu þeir þá segja fyrir um hvernig skipið skuli útbúa svo hagfelt sje fyrir geymslu síldarinnar.

Á þeim síldveiðastöðum, sem liggja langt frá heimili yfirmatsmanna, skulu þeir veita einhverjum af undirmatsmönnum sínum umboð til að segja fyrir um útbúnað síldveiðaskipa á þeim stað, og yfirmatsmaður þá gefa honum reglur til að fara eftir.

5. gr.

Yfirmatsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að ný síld sje skoðuð grandgæfilega, og að samviskusemlega sje um hana dæmt af undirmatsmönnum.

Yfirmatsmenn eða undirmatsmenn, er hafa umboð þeirra, skulu skera úr, ef ágreiningur verður milli skipshafnar og matsmanna eða útgerðarmanna og matsmanna, eða annara, sem hafa umsjón með síldinni, og matsmanna um síld, sem matsmenn dæma óhæfa til útflutnings í lagarheldum tunnum.

6. gr.

Þegar síld er söltuð, sem ætluð er til útflutnings, skal sá, er hana lætur salta, merkja tunnurnar á efra botn með olíulit sem sýni 1. mánaðardag er síldin er söltuð, og 2. númer þess, er síldina saltar. Yfirmatsmennirnir setja reglur um, hver og hvernig þessi merki skulu vera.

Ef söltunarformaður vanrækir að merkja tunnurnar, eða merki hafa afmáðst, skal matsmaður láta merkja tunnurnar á kostnað þess, er síldina lætur salta.

Síld sem söltuð er óverkuð, má því að eins kverkast til útflutnings, að hún sje góð vara og hafi eigi legið lengur í salti en tvo sólarhringa.

7. gr.

Öll síld sem vottorð fær sem góð vara til útflutnings, skal vera söltun í hreinar, vel bentar lagarheldar tunnur.

Síld skal hafa legið í salti eigi skemur en þrjár vikur áður en endurmat getur farið fram. Finni matsmaður ástæðu til, getur hann, t. d. þegar mikil áta er í síldinni, eða af öðrum ástæðum, úrskurðað, að hún þurfi að liggja lengur í salti, áður en hún sje endurmetin.

8. gr.

Matsmenn skulu gæta þess, að síldin sje vel söltuð og vel lögð í tunnurnar; hvert lag sje lagt þannig, að síldin í efra laginu liggi þvert yfir þær í neðra laginu; þær skulu liggja þjett hver við aðra, hausarnir nái alveg út að tunnustöfunum, og hvert lag sje endað með »höfuðsíld«.

9. gr.

Þegar óskað er eftir skoðun og merkingu á saltaðri síld, ber þeim, er hlut á að máli, að senda yfirmatsmanni skriflega beiðni um það, og geta þess þar, hverskonar síld það er, sem

67 16. júlí

hann óskar að skoðuð sje og merkt, hve margar tunnur það eru og hvort síldin er kverkuð, ókverkuð eða magadregin.

Ennfremur skal beiðninni fylgja drengskaparvottorð um, að síldin sje vel verkuð í alla staði, eftir því sem beiðandi veit frekast.

10. gr.

Þegar meta skal, skulu allar tunnur sömu tegundar liggja út af fyrir sig. Matsmenn skulu fullvissa sig um, að tala tunnanna sje samkvæmt því, sem frá er skýrt í matsbeiðninni, með því að telja þær sjálfir. Sje talan ekki rjett, skulu þeir láta hlutaðeigandi matsbeiðanda leiðrjetta töluna í matsbeiðninni, áður skoðun fer fram.

11. gr.

Endurmat skal framkvæmt svo fljótt sem kostur er á, eftir að beiðni um það er fram komin, og ber matsmanni að láta framkvæma endurmatið eftir þeirri röð sem beiðnirnar um það berast honum í hendur.

Endurmat skal framkvæmt á þann hátt, að hver tunna síldar, sem meta á, skal tæmd í þar til gerða vigtarkassa, skoðuð nákvæmlega og öllum skemdum síldum kastað frá og síðan tilgreind þyngd látin í hverja tunnu, sem þó aldrei má fara fram yfir 105 kg. í norskum tunnum og 110 kg. í skoskum tunnum; þetta gildir jafnt um aðrar tunnur af líkri stærð þó þær beri önnur nöfn. Þessi þyngd gildir þegar ræðir um síld sem veidd er á tímabilinu 15. júlí til 15. sept. Síld sem veiðist á öðrum tíma ársins, má að því er snertir þyngdina í hverri tunnu, vera eftir samkomulagi milli saltanda og matsmanna.

12. gr.

Þegar matsmaður hefir endurmetið síldina, skal hann tafarlaust láta leggja síldina niður í tunnurnar aftur, skulu þá allar síldir höfuðlausar, rifnar eða skemdar á annan hátt, sem kynnu að hafa verið í tunnunum, teknar burtu og aðrar óskemdar látnar í staðinn. Að því loknu skulu tunnurnar bytnaðar og látinn í þær nægilega mikill pækill.

13. gr.

Þegar skoðun hefir fram farið, skal matsmaður merkja tunnurnar, ef síldin hefir verið þess verð að hans dómi. Stjórnarráðið gefur reglur um, hvernig merkin skulu vera.

14. gr.

Eftir að síldartunnur hafa verið merktar, má hvorki bæta við eða taka úr þeim, ekki heldur opna þær eða flytja burtu án vitundar matsmanna.

15. gr.

Við útskipun allrar síldar, er matsvottorð fær, skal vera matsmaður. Skal hann sjá um, að tunnurnar fari í skipið hreinar, heilar, fullbentar og pækilfullar. Honum ber og að hafa eftirlit með því, að tunnunum sje eigi hætta búin vegna slæmrar hleðslu í skipinu.

Telji hann tunnurnar í hættu vegna ógætilegrar hleðslu, og fái hann eigi breytingu á til batnaðar, skal hann geta þess í vottorðinu er síldinni fylgir.

16. gr.

Matsmanni er skylt að gefa vottorð um þyngd þeirrar síldar, sem í tunnunum er, ef þess er óskað. Yfirmatsmaður skipar fyrir hvernig vigta skuli.

17. gr.

Matsmaður skal ávalt athuga, þegar hann endurmetur síld, að tunnur þær, sem hún er í, sjeu svo góðar, að engin hætta sje á, að síldin skemmist í þeim þeirra vegna, og ber matsmanni að neita að merkja eða láta merkja síldina, ef hann álítur tunnurnar ekki nægilega góðar.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með pæklun og allri meðferð síldar, frá því er hún er endurmetin og til þess að hún er flutt út.

18. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og að Langanesi. Annar hefir aðsetur á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Hornbjargs og Reykjaness. Fjórði hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Reykjaness. Stjórnarráðið gefur þeim erindisbrjef.

Laun þessara yfirmatsmanna eru, hvers um sig, 1600 kr. á ári, og fá þeir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður eftir reikningi.

Laun, ferðakostnaður, svo og dýrtíðaruppbót, greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Síldarmatsmenn skulu hafa fast dagkaup í 6 vikur, frá því vertíð byrjar á hverjum stað, við skoðun og eftirlit með söltun á nýrri síld og endurmat, ef það fer fram á þessum tíma. Eftir þann tíma skulu þeir hafa ákveðið kaup um hverja klukkustund, er þeir starfa að mati. Kaupið ákveða yfirmatsmenn. Hinu fasta dagkaupi síldarmatsmanna skulu yfirmatsmenn jafna niður að rjettu hlutfalli á hverja frumsaltaða síldartunnu og greiða þeir síldarmatsmönnum umsamið kaup þeirra að lokinni vertíð. Yfirmatsmenn geta krafist, að síldarsaltendur setji nægilega tryggingu fyrir greiðslu síldarmatslaunanna þegar þess er óskað af yfirmatsmanni.

Öll matslaun undirmatsmanna skulu greidd af þeim, er síldina lætur salta. Fáist reikningur eigi greiddur af síldarsaltanda þegar yfirmatsmaður óskar, úrskurðar hlutaðeigandi lögreglustjóri hann, og má þá taka upphæðina lögtaki, sem önnur opinber gjöld.

20. gr.

Yfirmatsmaður er skyldur til að sjá um, að síld verði metin á hverjum þeim stað í umdæmi sínu, sem þess er óskað. Til aðstoðar við matið skipar hann einhverja af hinum löggiltu síldarmatsmönnum í umdæmi sínu, þá er honum sýnist.

Hann getur og gefið einhverjum af síldarmatsmönnum í umdæmi sínu, er hann treystir best, umboð til að sjá um störf yfirsíldarmatsmanns í sinn stað, ef hann getur ekki sjeð um þau sjálfur vegna annríkis við síldarmatsstörf eða annara forfalla.

67
16. júlí

21. gr.

Yfirsíldarmatsmenn eru skyldir til að ferðast um í umdæmi sínu, eftir samráði við stjórnarráðið, og leiðbeina mönnum um verkun og meðferð síldar.

22. gr.

Þeir mega ekki meta eða merkja síld, sem þeir eiga sjálfir, og ekki heldur vera í þjónustu síldveiðamanna eða manna, sem meta láta síld til útflutnings.

23. gr.

Yfirmatsmenn rita undir eiðstaf, um að þeir vilji hlýða erindisbrjefi þessu og rækja með alúð og kostgæfni þær skyldur, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

Þeir verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

24. gr.

Með þessu eru úr gildi feld erindisbrjef fyrir yfirsíldarmatsmenn 10. júlí 1914.

Akvæði um stundarsakir.

Ekki er skylt að framkvæma endurmat á síld þeirri, sem veiðist sumarið 1920, á þann hátt, sem greinir í 11. gr., en yfirsíldarmatsmenn skulu framkvæma eða láta framkvæma skoðun á þeirri síld, áður en hún er flutt út, á þann hátt, sem þeir telja heppilegan og tryggilegan.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 16. júlí 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Erindisbrjef

68
16. júlí

fyri síldarmatsmenn.

1. gr.

Sildarmatsmennirnir eða undirmatsmennirnir eiga að kappkosta að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði síldar og meðferð hennar og sem leiknastir í að aðgreina hana.

2. gr.

Yfirsíldarmatsmennirnir, hver í sínu umdæmi, eru yfirboðaðar þeirra, og eru þeir aðstoðarmenn yfirmatsmanna við skoðun nýrrar síldar og mat og merking á tunnum með saltaðri síld. Þeir mega ekki vera burtu frá síldveiðastöð þeirri, sem þeir ern skipaðir fyrir meðan á veiðunum stendur, nema með leyfi yfirmatsmanns.

3. gr. **68**

Þeir eru skyldir að fara eftir fyrirskipunum yfirmatsmanns og leitast við að gjöra honum til hæfis, þegar þeir eru undir stjórn hans. 16. júlí

4. gr.

Þegar síldveiðaskip kemur að landi með ósaltaða síld, sem saltast á í lagarheldar tunnur, eru þeir skyldir að vera til taks, þegar þeim er gjört aðvart af hlutaðeigandi skipstjóra. Skulu þeir þá tafarlaust fara út á skipið, sem síldina hefir, hvort heldur er að degi eða nóttu.

Áður en skoðun fer fram, skal hlutaðeigandi skipstjóri afhenda matsmönnum útfylt og undirrituð eyðublöð þau, sem um getur í 8. gr. laga um skoðun á síld 28. nóv. 1919. Og mega matsmenn ekki framkvæma skoðunina fyrri en það er gjört, Komist þeir að því að skipstjóri gefi ranga skýrslu, um hve gömul síldin sje þegar hann kemur með hana til söltunar, skal matsmaður tafarlaust skýra yfirmatsmanni frá því.

5. gr.

Skoðunin skal fara svo fram, að einn eða tveir menn skoði síldina í hverju sipi, svo að hann eða þeir geti vottað hvernig hún hefir verið, þegar hún var söltuð til útflutnings. Meðan á söltuninni stendur, skal matsmaður hafa eftirlit með því að síldin sje vel kverkuð (eða maga dregin), vel lögð niður í tunnurnar, hæfilega söltuð, og látinn í hana nægilega sterkur pækill strax og söltununni er lokið.

Komi það fyrir við vinnuna, hvort sem það er við mat á nýrri eða saltaðri síld, að matsmeun sjeu í efa um eitthvað, eða komi eitthvað fyrir, sem yfirmatsmaður hefir ekki gefið þeim fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita hans og fá fyrirskipanir hans um, hvað gjöra skuli; en verði því ekki við komið, skulu þeir ráða þar úr, sem þeim sýnist rjettast, og skýra honum svo frá því sem fyrst.

Þeir skulu skýra honum frá eða leita til hans, ef þeim er sýnd nokkkur óhlýðni af vinnufólki eða skipsmönnum eða öðrum, sem eiga síldina eða sjá um hana að einhverju leyti.

6. gr.

Sje síld svo skemd, að hún geti ekki orðið góð verslunarvara til manneldis að áliti matsmanna, skulu þeir tafarlaust skýra umsjónarmanni síldarsöltunarinnar, sem hlut á að máli, frá því.

Sje slík síld söltuð í lagarheldar tunnur, skulu matsmenn merkja orðið »skemd« á hverja slíka tunnu, eða auðkenna þær á annan hátt, svo þær sjeu auðþektar.

Tunnur með skemdri síld skal hafa á öðrum stað en tunnur með óskemdri síld, og skulu matsmenn hafa eftirlit með, að það sje gjört, af þeim sem síldina á eða sjer um hana.

Hafi síld ekki verið aðgreind í veiðiskipi eftir því á hvaða tíma hún veiddist, eða hafi síld skemst af hita eða öðru í veiðiskipi, og blandast svo saman við óskemda síld, ber matsmönnum að skoða þann hluta aflans í skipinu, sem hin skemda síld hefir blandast saman við, óhæfan til útflutnings í lagarheldum tunnum.

7. gr.

Allar tunnur, sem á að salta í herpinótasíld eða reknetasíld, eiga að vera merktar þegar þær eru látnar af hendi til að salta í þær. Merki þessi skuli vera greinilega skrifuð á efra botninn og sýna: 1) mánaðardag, er síldin er söltuð, og 2) númer þess manns eða

68 16. júlí

þeirrar konu, sem síldina saltar; skulu síldarmatsmennirnir hafa eftirlit með því. Yfirmatsmaður skipar fyrir um hvernig merkja skuli.

Síldarmennirnir skulu líta eftir, að síld sje ekki söltuð í tunnur, sem áður hafa verið merktar, nema merkin sjeu áður afmáð. Eigi má salta útflutningssíld í annað en góðar, hreinar og vel bentar tunnur.

8. gr.

Á vikufresti skulu þeir senda yfirmatsmanni eyðublöð þau, sem getur um í 4. gr. og skipstjórar fylla út og undirskrifa, ennfremur skýrslu um, hve margar tunnur saltaðar hafa verið af hverju skipi til útflutnings, og hve margar tunnur af hverju skipi hafi verið dæmdar óhæfar til útflutnings og hvað gjört hefir verið við þá síld.

9. gr.

Um kaup síldarmatsmanna fer sem greinir í erindisbrjefi fyrir yfirsíldarmatsmenn, 19. gr.

Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun eða góðgjörðum hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem síldina láta salta, frá skipstjórum eða skipsmönnum eða öðrum, sem eiga að sjá um síldina. Skoði þeir hjá fleiri skipum í einu, skal jafna kostnaðinum niður að rjettu hlutfalli.

10. gr.

Aðalstarf þeirra er við skoðun síldar á þeim stað, þar sem þeir eru skipaðir. Þó eru þeir skyldir að fara með yfirmatsmanni til annara staða í umdæmi hans, þegar hann kveður þá til að aðstoða sig þar við síldarskoðun. Síldarmatsmanni er og skylt að framkvæma yfirsíldarmatsmannastörf, er yfirmatsmaður kveður hann til þess í forföllum sínum. Fyrir vinnu við skoðun síldar á stöðum utan þess svæðis, sem þeir ern skipaðir fyrir, ákveða yfirsíldarmatsmennirnir einnig kaup þeirra, og eftir atvikum fæðispeninga og ferðakostnað.

Yfirmatsmaður skrifar á reikning þeirra og lögreglustjóri eða umboðsmaður hans á staðnum úrskurðar þá, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sjer saman.

11. gr.

Þeir rita undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja þær skyldur, sem á þeim hvíla, með alúð og kostgæfni og hlýðnast erindisbrjefi þessu.

Þeir eru skyldir til að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

12. gr.

Með þessu er úr gildi felt erindisbrjef fyrir síldarmatsmenn 10. júlí 1914.

Í stjórnarráði Íslands, 16. júlí 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Samþykt

69
16. júlí

um breyting á samþykt um lendingarsjóði í Norður-Isafjarðarsýslu, 30. nóv. 1907.

1. gr. orðist svo:

Af öllum skipum, sem ganga til fiskiveiða í verstöðunum, Hnífsdal og Ytri Snæfjallaströnd (með Skarði), skal greiða í lendingarsjóð 1 krónu af hverjum vertíðarhlut, en af skipum, sem ganga í Bolungarvík og Ögurnesi 2 kr. af hlut.

Samþykt 19. sept. 1914 um breyting á samþykt um lendingarsjóði í Norður-Ísafjarðarsýslu, 30. nóv. 1907 er hjermeð úr gildi numin.

Samþykt þessi, sem sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samþykt samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 21. júlí 1920.

Þjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

1920

Erindisbrjef

70
27. júlí

fyrir matsmenn á saltkjöti.

1. gr.

Matsmenn skulu sjá um, að slátrun fari fram samkvæmt 1. gr. laga um mat á saltkjöti til útflutnings frá 10. september 1919. Þeir skulu sjá um, að allar þær tunnur, sem saltað er í, sjeu í góðu standi, vel hreinar og vel bentar, og að ekkert það hafi verið í tunnunum áður, er haft geti áhrif á kjötið, hvort heldur bragð þess eða lykt. Þeir sjá um að ekkert kjöt verði í tunnurnar látið, sem ekki hefir áður verið viðurkent af dýralækni eða umboðsmanni hans, og skal alt kjöt vera stimplað. Þeir sjá um, að kjötið sje vel kælt áður en það er saltað niður, og að hæfilega mikið af hreinu salti sje notað, eða í hver 112 kílógr. um 10 kg. af góðu ensku salti, eða 9 kg. af góðu spönsku eða ítölsku salti. Þeir hafa eftirlit með því, að kjötið sje vel höggvið, og skal skifta hverjum kropp í sex parta, þannig, að fyrst sje kroppurinn klofinn að endilöngu sem næst miðhryggnum, þvínæst skal hvorum helming skift í þrjá parta, nefnil. bógstykki,

70 27. júlí miðstykki og læri. Miðstykkinu skulu fylgja fjögur rif, allur huppurinn, klettið og hryggurinn afturúr. Þeir skulu sjá um, að kjötið sje pæklað strax eftir söltun og að pækillinn sje nægilega sterkur, eða um 24 stig á pækilmæli; skal hann búinn til úr hreinu vatni (ekki sjó) og síaður í gegnum ljereft um leið og hann er látinn í kjötið. Í hver 112 kg. af kjöti skal láta 80 gr. af góðum saltpjetri. Æskilegt væri, að læri og bógar yrðu sprautaðir saltpækli, ef verkfæri þau er til þess þarf eru fáanleg. Matsmenn sjá um að kjötið sje rjett flokkað eftir því sem erindisbrjefið mælir fyrir.

2. gr.

Matsmenn skulu sjá um að í hverja tunnu sje látin ákveðin þyngd. Þannig í venjulega kjöttunnu 112 kíló, en í strokktunnu 100 kíló. Skulu þeir jafnframt tilgreina það í vottorði því, er þeim ber að gefa samkvæmt 3. gr. kjötmatslaganna.

3. gr.

Verði kjötinu ekki skipað út hið bráðasta eftir að söltun og pæklun hefir farið fram, skulu þeir sjá um, að því sje vel viðhaldið með pækli, og tunnurnar athugaðar og bættar ef leki kemst að þeim. Endurpæklun skal fara fram að minsta kosti á mánaðarfresti meðan kjötið liggur til geymslu, og þegar kjötið er flutt á skip skal þess gætt í hvert sinn að tunnurnar sjeu fullar af pækli. Ennfremur skulu matsmenn sjá um að útskipun fari vel úr hendi, og að þær tunnur, er kunna að skemmast við skipshlið, verði bættar að fullu áður en þær eru fluttar á burtu.

4. gr.

Flokkun kjötsins sje þannig:

I. flokkur.

a. Kjöt af dilkum, ef kroppurnir eru þriflegir og vega 10 kg. eða þar yfir.
b. Kjöt af veturgömlu fje, ef kroppurnir eru þriflegir og vega 16 kg. eða þar yfir, svo og af sauðum, ef kroppurnir eru þriflegir og vega 19 kg. eða þar yfir.
c. Annað kjöt af fullorðnu fje — að undanskildum fullorðnum hrútum er ekki skulu teknir til útflutnings — ef kroppurnir eru þriflegir og vega 17 kg. og þar yfir.

II. flokkur.

a. Annað lambakjöt, ef það er útflutningshæft.
b. Annað kjöt af eldra fje, ef það er útflutningshæft.

Kjötmatsmenn skera úr því, hvaða kjöt er svo magurt og ljelegt eða svo illa meðfarið, að það sje ekki útflutningshæft, eftir leiðbeiningum yfirmatsmanna.

5. gr.

Hver kjöttunna sje merkt á efra botni eða báðum botnum þannig: Á efra helmingi botnsins standi skýrum stöfum orðin: »Íslenskt saltkjöt« og þar fyrir neðan flokksmerkin I. eða II. með bókstöfum fyrir undirflokkana a., b. og c., eftir því sem innihald

tunnunnar skipast í flokk. Á neðra helmingi botnsins skal vera einkamerki útflytjanda, a. m. k. tveir bókstafir fyrir nafn hans og heimilisfang, nema auglýst firmamerki sje. **70** 27. júlí

Það kjöt, sem samkvæmt 2. gr. kjötmatslaganna hefir fengið undanþágu frá því að vera skoðað og stimplað af lækni, skal merkjast með orðinu »óstimplað« neðst á efra helmingi tunnubotnsins.

Kjötmatsmenn skulu varðveita merkiplöturnar og ber þeim að gæta þess vandlega, að þær sjeu ekki notaðar á aðrar tunnur en þær, sem útflutningshæft kjöt er í.

6. gr.

Kjötmatsmönnum ber að fara eftir nánari fyrirsögnum og leiðbeiningum yfir matsmanns. Þeir skulu og vera yfirmatsmanni til aðstoðar í starfi hans eftir þörfum.

7. gr.

Kjötmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi, og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Lögreglustjóri stílar þeim heitið.

8. gr

Matsmönnum er skylt að vinna að verkun kjötsins eða öðru er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlitsins að öðru leyti. Um kaup manna fer samkvæmt 6. grein kjötmatslaganna.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 27. júlí 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

71
9. ágúst

Reglugjörð

fyrir Strandasýslu um refaeyðingar og tófueldi.

I. kafli
um eyðingu refa.

1. gr.

Fyrir hvert gren sem finst og yrðlingar eru í þegar skotmaður kemur á það, getur hreppsnefnd, ef henni þykir við eiga, greitt alt að 4.00 kr. í fundarlaun, og hæfilega þóknun ber henni að greiða fyrir að tilkynna hreppsnefnd eða ráðnum skotmanni að grenið sje fundið.

Heimilt er og hreppsnefnd að ráða menn til grenjaleita, þyki henni ástæða til, og að launa þeim af sveitarsjóði fyrir leitina. Skotmaður skal ávalt vera með í slíkri leit, ef unt er.

2. gr.

Hreppsnefndir skulu ráða hæfa skotmenn, hver í sínum hreppi, og skal í hvert sinn er gren finst tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða þeim skotmanni, sem ráðinn hefir verið fyrir það svæði, er grenið finst á.

3. gr.

Hreppsnefnd semur um kaup við skotmenn og skulu þeir ráða sjer hæfan vökumann á hvert gren, enda eigi þeir heimtingu á aðstoð hreppsnefndar til þess.

Fyrir fyrra dýrið er skotmaður vinnur á greni, fær hann sjerstaklega 5.00 kr., en 10.00 kr. fyrir það síðara. 50 aurar greiðist fyrir hvern yrðling, sem drepinn er á greni, þeim er vinnur.

Alla yrðlinga, sem skotmaðui nær á greni á hann, og er honum heimilt að selja þá tófueldismönnum, eða ala þá sjálfur samkvæmt fyrirmælum reglugjörðar þessarar.

Náist yrðlingar á grenjum, sem skotmaður er frágenginn, eða á víðavangi, skulu þeir vera eign þess er nær þeim, og honum heimilt að fara með þá á sama hátt.

Til sannindamerkis skal afhenda hlutaðeigandi hreppsnefnd skottin af tófum og yrðlingnm, er unnist hafa á greni, sem hún þá eyðileggur.

Skotmaður á enga heimtingu á kaupi eða verðlaunum, nema hann hafi farið á grenið að tilhlutun hlutaðeigandi hreppsnefndar.

4. gr.

Ekki skal gjalda skotmanni kaup fyrir að liggja á greni lengur en þrjá sólarhringa. Yfirgefi hann grenið innan þess tíma, án gildra orsaka, fyrirgerir hann daglaunum sínum, nema hann hafi unnið bæði dýrin. Þó skotmaður liggi á greni eftir að dýrin eru unnin til að ná yrðlingum, greiðast honum engin daglaun. Áður en skotmaður yfirgefur gren, skal hann eitra rækilega fyrir þá yrðlinga, sem lifandi kunna að vera í greninu. Vanræki hann það, fyrirgerir hann daglaunum sínum og verðlaunum. Hreppsnefnd sjer skotmanni fyrir eitri í þessum tilgangi.

5. gr.

Bannað er að rjúfa gren eða spilla þeim á annan hátt.

6. gr.

Fyrir að vinna bitvarg er heimilt að borga alt að 50.00 kr. verðlaunum úr sýslusjóði, eftir meðmælum frá hreppsnefnd í hreppi þeim, sem dýrið er unnið í, enda hafi skot maður skilað henni skottinu.

7. gr.

Hreppsnefnd annast um eitrun fyrir refi í hreppnum eftir því sem hún álítur þörf á.

8. gr.

Andvirði eiturs þess, er hreppsnefndir nota til refeyðinga, skal þeim endurgoldið úr sýslusjóði eftir reikningi. Að öðru leyti greiðist eitrunarkostnaður úr hreppssjóði.

II. kafli

um tófueldi.

9. gr.

Hver sem óskar að ala upp yrðlinga til þess að nota skinn þeirra sem verslunarvöru, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni, á hverju ári ekki síðar en á manntalsþingum. Fyrir leyfið greiðast 5.00 kr., er renna í sýslusjóð. Fyrstu leyfisbeiðni skal fylgja úttektargjörð sú, er getur um í 10. grein.

10. gr.

Yrðlingaeldi skal bannað, nema í eyjum, er liggja nægilega langt frá landi, og í húsum með steinlímdum eða járnvörðum veggjum að innan, steinlögðu gólfi og öruggum umbúnaði um glugga og dyr.

Skal hlutaðeigandi hreppstjóri með lögskipuðum úttektarmanni taka hús þessi út og meta hvort fulltryggilega sje frá þeim gengið. Sje þeim í nokkru áfátt að þeirra dómi, og bæti eigandi það eigi þegar, skal hreppstjóri þegar í stað kæra það fyrir sýslumanni.

Úttektir þessar borgar tófueldismaður, eins og venja er til um aðrar úttektir.

11. gr.

Þeir, sem ala tófur í eyjum skulu jafnt sem aðrir skyldir til að hafa hús, útbúin samkvæmt 10. gr. til að ala í yrðlinga sína þar til þeir eru fluttir í eyjarnar.

Yrðlingar, sem lifandi kunna að vera í eyjum eftir 14. febrúar, skulu rjettdræpir af hverjum sem er. Sannist það að tófur sjeu lifandi í eyjum eftir 15. mars, er tófueldismaður sekur um 50.00 kr. til 200.00 kr. eftir málavöxtum.

12. gr.

Tófueldismaður skal árlega setja hreppstjóra örugt veð eða ábyrgð fyrir yrðlingaeldinu, er hann eða sýslumaður tekur gilda, og nemi 15.00 kr. fyrir hvern yrðling.

71 13. gr.

9. ágúst Hreppstjóri hefir eftirlit með tófueldi í sínum hreppi. Skal hann á hverju sumri, hið fyrsta, eftir að tófur eru komnar á eldi, fara til og telja yrðlingana hjá hverjum tófueldismanni, og líta um leið eftir að tófueldishúsum sje vel við haldið. Þegar tófudrápi er lokið, skal hreppstjóri gera aðra skoðun; leggur þá tófueldismaður fram refabelgina til talningar. Vanti nokkuð í töluna frá því um vorið, tilkynni hreppstjóri það þegar sýslumanni. Sektast tófueldismaður fyrir hvern yrðling sem ávantar, svo sem hann hefði sloppið, nema sannað sje, að svo hafi ekki verið. Undanþegnir þessum sektum eru þeir, sem alið hafa tófurnar í eyjum, ef þeir sanna með gildum vottum, að enginn yrðlingur hafi sloppið — af þeim, er þeir tóku til eldis — áður en þeir voru fluttir til eyja. Nú kemur hafís eða lagís, þannig að leggur milli lands og eyja, áður en tófudráp hefir fram farið, og er þá sama sönnunarskylda og sektarákvæði á þeim tófueldismönnum, sem í eyjum ala, eins og þeim, er tófur ala í húsum, nema sannað sje að tófur þær, sem á kann að vanta, hafi verið dauðar eða horfnar áður ís kæmi.

Eftirlitsferðir hreppstjóra borgist honum frá tófueldismönnum, með 6 krónum fyrir hverja ferð.

14. gr.

Fyrir hvern yrðling, sem sannast að sleppi frá tófueldismanni, greiði hann 50 krónur í sekt. Sama gildir um hvern yrðling, er sleppur í flutningum frá grenjum til tófueldishúsa. Er aðgangurinn með sektina að eiganda yrðlingsins, eða umboðsmanni hans, sem yrðlinginn hefir í vörslum.

15. gr.

Hafi hreppstjóri tófueldi með höndum, eða sje nákominn tófueldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað, til að hafa á hendi eftirlit með tófueldi í hreppnum.

16. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—200 kr., nema þar sem öðruvísi er ákveðið hjer á undan. Allar sektir renna að hálfu til uppljóstrarmanns og að hálfu í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

17. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numinn 1. og 2. kafli reglugjörðar fyrir Strandasýslu um refaeyðingar, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld o. fl. frá 15. des. 1914.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. ágúst 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

72
9. ágúst

um breyting á reglugjörð 16. júní 1915 um refaveiðar í vesturhluta Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Aftan við aðra málsgrein 6. greinar bætist:
»eða sje lagður á með fjallskilakostnaði þar sem refaveiðakostnaður er þannig greiddur«

2. gr.

Aftan við 18. grein reglugjörðarinnar bætist:
»Þó skal hreppsnefndum heimilt að jafna niður refaveiðakostnaði, ásamt fjallskilakostnaði, hafi hreppsbúar samþykt þá aðferð áður á almennum hreppsfundi.«

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndir Þingeyjarsýslna hafa samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. ágúst 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

73
9. ágúst

fyrir Borgarfjarðarsýslu um eyðing refa.

1. gr.

A sameiginlegum fjallskilafundi hvers leitarsvæðis, skulu viðkomandi hreppsnefndir kjósa einn mann til þess, að hafa yfirumsjón refaeyðingamála á leitarsvæðinu og kallast hann refaeyðingastjóri.

73 9. ágúst

2. gr.

Hver búandi maður er árlega skyldur að leita grenja í heimalandi ábýlisjarðar sinnar (sbr. 3. gr. fjallskrgl.). A afrjettum og fjalllöndum skal leita grenja einu sinni eða tvisvar á vori hverju og kveður refaeyðingastjóri menn til þess, og skal skotmaður ávalt vera með í förinni. Finnist gren, sem refir eru við, í grenjaleit, skal skotmaður strax leggjast á grenið, en sá, eða þeir, er skotmaður kveður til þess, útvegar honum þá aðstoð og hjálp, er hann þarf. Finnist gren utan grenjaleitar, skal finnandi strax gera refaeyðingastjóra aðvart, og gerir hann þá þegar nauðsynlegar ráðstafanir.

3. gr.

Með skotmanni skal ætíð vera vökumaður á grenjum og skal hann, ef mögulegt er, líka vera skytta. Skulu þeir liggja 3 sólarhringa á greninu, ef ekki eru áður unnin þau fullorðnu dýr, sem þar eiga heima og yrðlingum náð. Vinnist gren ekki að fullu, skal skotmaður sjá um, að eitrað agn sje skilið eftir í greninu, og má hann þá ekki frá hverfa fyr en sólarhring eftir að eitrað var, ef yrðlingar eru í greninu. Gren má ekki rjúfa nje bræla.

4. gr.

Skotmanni og vökumanni skal greiða hæfileg daglaun, sem mega þó ekki vera minni en 10 kr. fyrir skotmann og 8 kr. fyrir vökumann, og reiknast kaupið frá því er þeir fóru að heiman og þar til er þeir koma heim aftur.

Auk daglauna fær skotmaður 15 kr. fyrir hvert fullorðið dýr, enda sanni hann fyrir refaeyðingastjóra að hann hafi unnið dýrið. Auk þess fær hann 8 kr. fyrir hvern yrðling, er hann nær og lógar.

Drepa skal alla yrðlinga jafnóðum og þeir nást, nema þá er nota þarf við grenjavinslu vorlangt. Þó skal öllum yrðlingum, sem nást við gren, vera lógað fyrir 15. júlí.

5. gr.

Refaeyðingastjóri skal halda bók yfir eyðing refa og gera skýrslur um það, eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands setur, Auk þess skal þar lýsa öllum grenjum á leitarsvæðinu með stuttri en glöggri lýsingu, svo finna megi grenið af henni. (Best væri að kort herforingjaráðsins fylgji og væru grenin merkt á það.)

6. gr.

Eitra skal fyrir refi árlega í hagfeldum stöðum og á hentugum tíma, og skal svo með farið, að sem minst hætta stafi af fyrir menn og búfje. Refaeyðingastjóri skal brýna það fyrir þeim, er hann felur að eitra, að sjeu rjúpur eitraðar, þá sje skylt að auðkenna eitruðu rjúpurnar með því að stýfa af þeim hálfan hægri væng. Til eitrunar skal nota strychnin eða annað eitur ekki ósterkara, og skal refaeyðingastjóri jafnan sjá um, að nægar birgðir af því sjeu fyrir hendi. En gæta skal hann þess, að eitrið komist í einskis manns höndur, nema þess, er hann felur að eitra.

73
9. ágúst

7. gr.

Allan kostnað við eyðing refa skal greiða úr fjallskilasjóði þess leitarsvæðis, sem landið liggur í. Þar sem hreppar eiga afrjett utan sýslu, skal refaeyðingakostnaður greiðast af fjallskilasjóði viðkomandi hreppa.

8. gr.

Þeim skotmanni, er sama vor vinnur 6 fullorðin dýr, greiðir sýslunefnd 100 kr. sem verðlaun fyrir dugnað hans. Verðlaunin greiðast úr sýslusjóði, enda sanni skotmaður fyrir oddvita sýslunefndar, með vottorði refaeyðingastjóra, að hann hafi unnið dýrin.

9. gr.

Bannað er að ala upp refi innan sýslunnar.

10. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—500 kr., er renna í fjallskilasjóð.

11. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9 ágúst 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

74
9. ágúst

Fjallskilareglugjörð

fyrir Borgarfjarðarsýslu.

I. kafli.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskilamála hefir sýslunefnd á hendi, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, en hreppsnefndir alla umsjón og framkvæmd þeirra.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil, í einstökum atriðum. Þó má eigi þar með raska reglugjörð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sje eftir ákvæðum hennar.

II. kafli.

Um afrjetti og notkun þeirra.

3. gr.

Búfjárhagar eða heimalönd nefnast hjer lönd þau, er í bygð liggja, engjar og beitilönd, er búpeningur, (nautgripir, kvíaær, brúkunarhross), gengur jafnaðarlega í á sumrum og vetrum.

Fjalllönd eða afrjettir kallast hjer þeir hlutar landa, er liggja utan búfjárhaga og eru eigi varðir annara fjenaði.

4. gr.

Enginn má nota annan afrjett en þann, sem hann á upprekstur á, nema allar hlutaðeigandi hreppsnefndir leyfi, þegar um sameignarafrjett er að ræða. Enginn má heldur taka hross eða sauðfje í sameiginlegt upprekstrarland af þeim, sem ekki eru heimilisfastir í því upprekstrarfjelagi, nema hann hafi fengið til þess leyfi allra þeirra hreppsnefnda, er umráð hafa yfir landinu. Leyfið gildir aðeins eitt ár í senn.

5. gr.

Enginn má hafa sameignarafrjett til sjerstakra afnota fyrir sjálfan sig, svo sem til slægna eða beitar fyrir búsmala, nema hann, lögum samkvæmt, eigi tilkall til þess í afrjettinum.

Hver sem þarf að ná fje sínu, sem er utan búfjárhaga, til sölu eða annarar förgunar fyrir fjallgöngur, skal fá til þess leyfi hreppsnefndarinnar, en hreppsnefndin veitir leyfið með þeim skilyrðum, er henni þykir við eiga.

III. kafli

Um fjársmalanir á vorum.

6. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til afnota eða ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum, eftir því sem hver hreppsnefnd ákveður.

7. gr.

Nú finst fje er sloppið hefir úr höndum eiganda, eða kemur fyrir fjarri eiganda, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, og er þá finnandi skyldur, ef honum er unt, að hirða og rýja geldfje og sömuleiðis ær, þegar tími er til kominn, og einnig að marka ómörkuð lömb. Skal hann gera eiganda full skil á ullinni, og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefir rúið eða markað. Í ómakslaun ber finnanda 50 aurar fyrir að rýja kind og 50 aurar fyrir að marka lamb.

IV. kafli.

Um rekstur til afrjettar.

8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að dilkar og geldfje, þegar það er komið úr ull, svo og stóðhross, sje rekið til afrjettar svo tímanlega að vorinu, sem árferði og önnur atvik leyfa, og aldrei seinna en 11 vikur af sumri.

Reka skal þannig gegnum heimalönd manna, að sem minstur bagi verði að, og aldrei yfir tún og engjar, nema önnur leið sje ófær.

Fráfæring allan, sem rekinn er á fjall, skal setja 1—3 sólarhringa, eftir þörfum, heima, eða þar sem hann er eftirskilinn í afrjettinum.

Aldrei má, án leyfis eiganda, reka fjenað annara manna til afrjettar, nema víst sje, að afrjettarfjenaður sje, enda sje þá fje úr ullu og tryppi og lömb mörkuð.

Sjeu heimalönd notuð til uppreksturs, skal reka þangað sem búsmali gengur síst, enda sje það gert með leyfi landráðanda.

9. gr.

Enginn má hafa stóðhross, geldfje eða dilkær í heimahögum að sumrinu, nema í gripheldri girðingu sje, eða hreppsnefnd og nágrannar leyfi, enda ábyrgist eigandi að fjenaðurinn geri engan skaða.

Nú er fjenaður eigi rekinn til afrjettar eftir skipun hreppsnefndar, og má hún þá láta reka hann á kostnað eiganda, ef hann er í sama upprekstrarfjelagi.

10. gr.

Ef sauðfje eða hross ganga úr afrjett á sumrin í búfjárhaga, getur sá, er fyrir ágangnum verður, gert hreppsnefndinni þar í hreppi aðvart um það. Skipar hún þá fyrir um smölun þess og rekstur til afrjettar, sjái hún nauðsyn til. Kostnað við smölun og rekstur borgar

74 landráðandi að $^1/_4$ en $^3/_4$ greiðast úr fjallskilastjóði upprekstrarfjelagsins, að tiltölu við það,
9. ágúst sem hver hreppur leggur til sameiginlegra fjallskila, nema öðruvísi sje um samið.

V. kafli.

Um fjallskyldur og fjallskil.

11. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kind eða hross, hvort sem það er rekið úr heimahögum eða ekki, nema í gripheldri girðingu sje, eða hreppsnefnd og nágrannar leyfa að haft sje heima, enda eigi þá jörðin hvergi upprekstur fyrir hross. Skal hver leggja til fjallskila, það sem hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefnd, eða hreppsnefndir þar sem fleiri hreppar eiga saman upprekstur, skulu árlega meta allan fjallskilakostnað leitarsvæðisins til peningaverðs, er sje sem næst sannvirði, og nefnist sú upphæð fjallskilasjóður. Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að alt að $^1/_4$ hluti fjallskilakostnaðar skuli greiðast í peningum, og ber að jafna því gjaldi sem jafnast á menn, eftir rjettri tiltölu. Skal þá jafnt auratal lagt á hvert hross, sem á hverjar fimm kindur. Ef ær eru látnar ganga með dilkum, skulu hverjar tvær þeirra metast jafnt til fjallskila, sem þrjár kindur geldar. Fráfærð lömb teljast sem geldkindur. Skyldur er húsbóndi hver, að inna af hendi fjallskil, fyrir allan þann fjenað, er hann hafði á fóðri veturinn næstan áður, og þann fjenað, er hann eða aðrir heimamenn hans, fluttu inn í hreppinn, frá því að fóðurskoðun fór fram og til þess tíma, er fjenaður er á fjall rekinn, gegn endurgjaldi frá eiganda. Þó ber að draga frá kvíær og þann fjenað, sem húsbóndi sannar að farist hafi á tímabilinu frá því skoðun fór fram og til þess, er fjenaður er á fjall rekinn, sömuleiðis þann, er hafður er heima í gripheldum girðingum, og þann er menn utan sveitarfjelagsins eiga, og færður er út af leitarsvæðinu, áður en fjenaður er á fjall rekinn, enda hafi oddvita viðkomandi sveitarfjelags verið tilkyntur flutningurinn fyrir miðjan júlí.

Taki einhver fje í fjallland sitt til sumargöngu, skal hann tilkynna það oddvita viðkomandi hrepps fyrir miðjan júní.

Sá hluti fjallskilasjóðs, sem borgaður er í peningum, skal greiðast til hlutaðeigandi odddvita fyrir nóvembermánaðarlok ár hvert.

12. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrjett, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sjer, í síðasta lagi í 16. viku sumars, til að semja um það hvernig fjallskilum skuli haga, og skifta sameiginlegum fjallskilakostnaði milli hreppanna. Til þessa fundar boðar oddviti þess hrepps, sem aðalrjett s endur í. Skal þá leggja fram útdrátt úr skoðanaskýrslum hreppanna, staðfesta af forðagæslumönnum, og síðan jafna niður sameiginlegum fjallskilakostnaði hreppanna eftir fjölda fjallskylds fjenaðar, þannig, að jafnt auratal komi á hvert sauðfjárkúgildi í hvorum hreppnum um sig. Á fundinum ræður afl atkvæða, þannig, að hver hreppsnefnd hefir eitt atkvæði, án tillits til þess, hvort fleiri eða færri eru á fundi. Verði ágreiningur milli nefndanna, sker sýslunefnd úr eða oddviti hennar til bráðabirgða.

13. gr.

Fjallskilasjóður sá, er um getur í 12. gr., skal vera í vörslu þess manns, er hreppsnefndir leitarsvæðisins kjósa til þess. Skylt er honum að gera hreppsnefndunum árleg reiknings-

skil fyrir sjóðnum, og skal reikningurinn síðan samþyktur af þeim, sendast sýslunefnd til endurskoðunar og fullnaðarsamþyktar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. 74 9. ágúst

Af fjallskilasjóði skal greiða allan kostnað við refaveiðar og fjallskil að hausti, svo sem kaup leitarmanna, rjettarmanna, gangnastjóra, rjettarstjóra, marklýsingamanna og markskoðunarmanna, enda sje það sanngjarnlega metið. Ennfremur fundarlaun fjár og hrossa, er skylt var að reka á afrjett, eða hreppsnefnd leyfði að væri í heimahögum, gæslukostnað, reksturskostnað og það annað, er til fjallskila heyrir.

Komist fje eða hross ekki til rjetts eiganda, heldur sje selt eða ráðstafað á annan hátt, af því að hreppsnefnd í þeim hreppi, sem fjenaðurinn er úr, telji það hagkvæmara, skal borga allan áfallinn kostnað á þann fjenað úr fjallskilasjóði. Þó skal hreppsnefnd tilkynna eiganda, ef um hross er að ræða, áður en hún ráðstafar því til sölu, og má eigandi þá sækja hrossið á sinn kostnað ef hann vill það heldur. Hagatoll og fóður hrossa borgar fjallskilasjóður ekki, ef hann tilfellur eftir að $^1/_2$ mánuður er af vetri.

Rjett á hver einn til þess, að fá borgun úr fjallskilasjóði samkvæmt þessari grein, í þeim hreppi, sem hann borgar fjallskil í.

14. gr.

Nú á búandi tilkall til afrjettar fyrir sig eða ábýlisjörð sína, en kaupir, með leyfi hreppsnefndar (sbr. 4. gr.), annarsstaðar upprekstur og notar eigi sinn eigin afrjett en ekki mega þau vera meiri en helmingur þeirra fjallskila, sem honum hefði borið að gera, ef hann hefði notað afrjettinn. Skyldur er hann að gera full fjallskil þar sem hann hefir fjenað sinn.

15. gr.

Þrennar leitir skal gera á hverju hausti til þess að smala til rjetta. Þó getur hreppsnefnd felt úr miðleit, ef ástæða er til. Í öllum leitum skal smala sauðfje, en hrossum í síðustu leit. Þó má hreppsnefnd á fjallskilafundi ákveða, að hrossum sje líka rjettað í fyrri rjettum, enda skal það þá tilkynt í þá hreppa utan leitarsvæðisins, er þar eiga hrossa von. Einnig skal eftir þörfum senda menn til að hirða fje og hross í þeim útrjettum, er fjár von er við. (Útrjettir hjer kallaðar rjettir utan leitarsvæðisins).

16. gr.

Hver bóndi er skyldur að leita heimaland ábýlisjarðar sinnar, ef það er eigi stærra en svo, að það sje notað fyrir búpening heimilis hans, og reka skilvíslega til rjetta allan óskilafjenað, eftir nánari ráðstöfun hreppsnefndar.

17. gr.

Hreppsnefnd hver jafnar niður fjallskilum á hreppsbúa sína, eftir að hreppsnefndir hafa átt með sjer fund þann, er um ræðir í 12. gr., og skal niðurjöfnun lokið svo tímanlega, að hún geti orðið öllum hlutaðeigendum kunn eigi síðar en viku áður en göngur byrja. Niðurjöfnun skal birta þannig, að fjallskilaseðill eða seðlar, gangi bæ frá bæ um hreppinn, og hefir hann, eða þeir, hreppskilaþingboðsrjett. A seðli þessum skal standa hvaða fjallskil hver á að gera það haust, hvar leitarmenn skulu koma saman til að hitta leitarforingja, hvenær leitir eigi að byrja, hver verði leitarforingi, hverjir vera skuli foringjar fyrir þeim mönnum, er senda skuli í útrjettir o. s. frv.

74 9. ágúst

18. gr.

Hreppsnefndir skulu árlega kjósa leitarforingja, einn eða fleiri, fyrir hvert leitarsvæði, er þeir eiga yfir að segja. Enga aðalleit má gera án þess að leitarforingi sje í henni og stjórni henni, enda skulu leitarmenn skyldir að hlýða honum. Einnig skulu kosnir foringjar yfir þá, er sendir eru til að hirða fje manna í útrjettum.

19. gr.

Sjerhver maður er fjallskil á að inna af hendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem það, að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir og útrjettir o. s. frv.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í göngur, eða gera þau fjallsskil, sem hann er kvaddur til í gangnaboði, skal hann borga tvöföld fjallskil.

Ef einhver sendir mann í göngur, sem leitarforingi og helmingur gangnamannanna í hans flokki, telur óhæfan sökum ágalla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá fjáreigandi, er þann mann sendir, skyldur að borga gangnaskilin eins og hann hefði engan sent. Sama gildir og um menn í útrjettir.

Sannist það, að gangnamaður eða annar, sem fjallskil á að inna af hendi, vanræki skyldu sína, getur hreppsnefnd krafist uppbótar frá honnm, eða þeim, sem hann sendi, eftir því sem hæfa þykir. Vilji hann ekki hlýta úrskurðinum, getur hann skotið málinu til sýslunefndar.

Gjaldi fyrir gangnasvik og vanrækslu á fjallskilum, má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella renni það í fjallskilasjóð þess hrepps, sem hlut á að máli.

20. gr.

Áður en leit byrjar, kannar leitarforingi lið sitt, og ef svo reynist að einhverja vanti eða einhverjir reynist óhæfir til að fara í leitir, kaupir hann menn í þeirra stað.

Leitarforingi hefir á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir um hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess vel að allir vandi verk sín, að söfnin sjeu rekin með reglu til rjetta, svo þau sjeu komin þangað í tæka tíð, að allrar mannúðar sje gætt við skepnurnar, að lamakindur og nothæfir ræflar sjeu fluttir til bygða, og safnsins gætt þar sem rjettarstjóra ber að taka við því.

21. gr.

Þeir menn, sem sendir eru til að hirða fje og hross í útrjettum, eru skyldir að hlýða foringja sínum. Foringjar útrjettarmanna skulu gera sitt ýtrasta til þess, að ekki verði fje eða hross eftir í útrjettum og fari þar fram tófludráttur, mega þeir ekki fara frá rjettinni, fyr en hann er afstaðinn.

Sje einhver skepna svo fötluð, að hún verði ekki rekin með öðru fje, skal foringi útrjettarmanna koma henni í gæslu, eða ráðstafa henni á annan hátt, þyki honum það hagkvæmara fyrir eiganda. Komi hann kindinni í gæslu, skal hann, svo fljótt sem hann getur, tilkynna það eiganda, sem þá sækir hana eða ráðstafar á sinn kostnað. Aldrei má skilja eftir fatlað eða uppgefið fje milli bæja, heldur ber foringja útrjettarmanna skylda til, að koma hinni fötluðu eða uppgefnu skepnu til bæja og sje hún skilin þar eftir í gæslu, eða ráðstafað á annan hátt.

Gæta skal foringi útrjettarmanna þess, að fje sje rekið gætilega, svo það ekki uppgefist eða mæðist að óþörfu.

22. gr.

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar geta hreppsnefndir, ef þeim þykir ástæða til, látið gera enn eina almennu leit á leitarsvæðum þeim, er þær eiga um að sjá. Til þeirrar leitar má gera aukaniðurjöfnun á alla hlutaðeigendur. Leitin kallast eftirleit og sje ákveðin og boðuð í síðustu rjett. Láti hreppsnefnd ekki framkvæma eftirleit, og eins eftir að hún er afstaðin, ef hún hefir verið ákveðin, er hverjum einstökum manni heimilt að gera eftirleit.

23. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila eigi rjett, og vill fá leiðrjetting á því, ber honum þá engu síður að inna þau af hendi, en sent getur hann rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir hausthreppaskilaþing og beðið hana lagfæringar, og fer þá með hana sem um útsvarskæru.

VI. kafli.

Um rjettir og rjettahöld.

24. gr.

Þessar skulu vera skilarjettir sýslunnar:

1. Rauðsgilsrjett. Leitarsvæði: Hvítá ræður að norðan, Langjökull að austan, Geitlandsjökull að sunnan, þá norðanvert við Ok, þá út og suður með Oki í Flókadalsárdrög. Síðan ræður Flókadalsá að Hvítá.

Fyrsta Rauðsgilsrjett skal vera föstudaginn í 23. viku sumars, önnur fimtudaginn í 24. viku, þriðja þriðjudag í 25. viku sumars.

Á þessu leitarsvæði skal sundurdráttarrjett vera á Húsafelli. Úrtíningur rekst til Rauðsgilsrjettar.

2. Oddstaðarjett. Leitarsvæði: Að leitartakmörkum Rauðsgilsrjettar frá Hvítá eins og Flókadalsá ræður alt að Oki, með Oki suður í Kaldadal og svo vestur sýslumót í Kvígindisfell, þaðan beina stefnu í upptök Suðurár, en hún skilur leitarsvæði í Eiríksvatn, en síðan ræður Fitjaá, Skorradalsvatn og Andakílsá til sjávar.

Fyrsta Oddstaðarjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, önnur miðvikudaginn í 23. viku, þriðja miðvikudaginn í 25. viku sumars.

3. Hrafneyrarrjett. Leitarsvæði: Að norðan ráða leitartakmörk Oddstaðarjettar alla leið frá sjó til Kvígindisfells, þaðan í Hvalvatn austanvert við Skinnhúfuhöfða. Svo ræður Hvalvatn og Stórabotnsá til sjávar.

Fyrsta Hrafneyrarrjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, önnur miðvikudaginn í 23. viku, þriðja miðvikudaginn í 25. viku sumars.

Á þessu svæði skulu sundurdráttarrjettir vera í Hreppsrjett, Leirár- og Melahreppi og Innri-Akraneshreppi. Úrtíningur úr öllum þessum rjettum rekist til Hrafneyrarrjettar.

25. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar eða nytja, eða fje eiga, eru skyldir til að vinna að byggingu rjetta og ómerkingadilka og viðhaldi þeirra, hver að sínum hluta, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

74 9. ágúst

Við hverja aðalrjett skulu allar jarðir í upprekstrarfjelaginu eiga nægilegt dilkrúm, hver fyrir sig, eða fleiri í fjelagi, og eru ábúendur þeirra skyldir að kosta byggingu dilkanna og viðhald þeirra, eftir rjettri tiltölu.

Enn fremur skulu vera sjerstakir dilkar, einn eða fleiri eftir þörfum, fyrir fje úr öðrum leitarsvæðum eða hreppum, er hlutaðeigandi upprekstrarfjelag eða hreppar byggja og viðhalda á sinn kostnað, nema svo sje umsamið, að rjettarfjelagið kosti byggingu þeirra og viðhald mót því, að hlutaðeigandi upprekstrarfjelög sýni því aftur sömu skil.

26. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um:

a. Að almenningar rjetta sjeu nógu stórir.

b. Að sjerhver maður innan leitarsvæðisins, sem fjár von á við rjettina, hafi nógu stórt dilkrúm fyrir fje sitt, svo ekki þurfi að hleypa út úr dilknum fyr en að afstöðnu rjettarhaldi.

c. Að til sjeu nógu margir og stórir dilkar fyrir útrjettafje.

d. Að allir veggir rjettanna sjeu traustir og stöðugir og svo háir, að engin sauðkind geti stokkið yfir þá.

e. Að grindur sjeu í öllum dilkshliðum.

27. gr.

Vanræki einhverjir að vinna að rjettar- og dilkbyggingu, má hreppsnefnd útvega til þess menn á þeirra kostnað.

28. gr.

Viiji rjettarfjelagið byggja leitarskála eða gerði til þess að geyma safnið í næturlangt, skal vinnu og kostnaði við það jafnað niður eftir sömu hlutföllum og fjallskilum.

29. gr.

Rjettarbóndi, þar sem safns er gætt náttlangt, fær fyrir usla og átroðning alt að kr. 75 — sjötíu og fimm krónur — þóknun úr fjallskilasjóði leitarsvæðisins. Andvirði seldra ómerkinga renna í fjallskilasjóð.

30. gr.

Hreppsnefnd í þeim hreppi, sem rjett liggur í, skal kjósa rjettarstjóra, og tekur hann við af leitarforingja þegar markljóst er, og lætur þá þegar fara að rjetta. Hann gerir sjer far um, að alt fari skipulega fram, meðan á rjettarhaldinu stendur, hefir vald til að banna fjárkaup, slark, óreglu og alt annað, sem tafið getur fyrir rjetarhaldinu. Skyldir eru allir að hlýða skipunum rjettarstjóra og getur hann kært þá til sekta ef út af er brugðið. Rjettarstjóri getur skipað rjettarstjóra í sinn stað, ef hann þarf á að halda.

Rjettarstjóri skal sjá um, að ómerkingar sjeu settir í ómerkingadilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sjer þá.

Enginn má taka ómerking án leyfis rjettarstjóra.

Enginn má hleypa út úr dilk fyr en rjettarstjóri leyfir og búið er að kanna fjeð í dilknum. Að þeim starfa eru allir skyldir að vinna, þeir sem rjettarstjóri nefnir til þess.

Hvert dilkfjelag kýs sjer dilkstjóra og ber þeim að aðstoða rjettarstjóra eftir því sem þörf krefur. 74 9. ágúst

Hreppstjóri þess hrepps, sem rjett liggur í, skal ætíð vera við rjettina og gæta lögreglu.

31. gr.

Það er skylda sjerhvers manns í rjettarsókninni, er fjárvon á í einhverri skilarjettinni, að hafa þar nægan mannafla að hirða þar fjenað sinn; en ef einhver vanrækir þetta, er rjettarstjóra heimilt að láta draga fjenað hans og reka heim til hans á hans kostnað.

32. gr.

Á fundi þeim, sem umræðir í 12. gr., skal kjósa tvo marklýsingamenn til þess að gera úr mörkum fjár og hrossa við skilarjettir. Skulu þeir lýsa öllum mörkum eftir að töfludráttur byrjar. Í þóknun fyrir starfa sinn fá þeir 4 kr. — fjórar krónur — hver, og greiðast þær úr fjallskilasjóði. Greini þá á um mark, skal rjettarstjóri tilnefna þrjá menn, er þá lýsa markinu, og telst það mark skepnunnar, er meiri hluti þeirra telur rjett að vera.

Ennfremur má á nefndum fundi kjósa eins marga skoðunarmenn og þörf er fyrir hverja rjett. Skulu þeir skoða alt fje, sem dregið er og reka á út af rjettarsvæðinu, og skal að minsta kosti vera sinn maður í hverjum þeim dilksdyrum, sem útrjettarfje er dregið í. Í þóknun fyrir starfa sinn fá markaskoðunarmenn 10 kr. á dag, er greiðist úr fjallskilasjóði leitarsvæðisins.

33. gr.

Úrtíningur úr öllum sundurdráttarrjettum sýslunnar skal kominn til skilarjettar kvöldið áður en rjetta skal, ber hlutaðeigandi hreppsnefnd að annast um slíkt.

34. gr.

Enginn má blóðmarka fje að haustum.

VII. kafli.

Um smölun heimalanda á haustum og rekstur á aðkomufjenaði.

35. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að smala heimaland sitt á haustum, svo oft sem hreppsnefnd ákveður, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur og skal hann koma öllum aðkomufjenaði til rjetta.

36. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir rjettir á haustum sjeu öll heimalönd smöluð rækilega, svo oft sem þörf krefur, og setur hreppsnefndin reglur um, hvernig haga skuli rekstri á aðkomufjenaði, svo hann komist sem fyrst til skila.

74
9. ágúst

VIII. kafli.

Um eftirleitir einstakra manna og fundarlaun.

37. gr.

Hafi hreppsnefnd ákveðið eftirleit, er engum heimilt að fara á afrjett til fjárleita, fyr en henni er lokið.

A fjallskilafundi skal ákveða, hvernig ákveða skuli fundarlaun fyrir fjenað, áður óheimtan, er finst í afrjetti eftir leitir.

38. gr.

Fundarlaun fyrir óheimt fje, er finst í eftirleitum eða endranær, greiðist úr fjallskilasjóði þess upprekstrarfjelags, sem fjallskil voru borguð í af hinu fundna fje (sjá þó 46. gr.).

Fyrir heimanað sloppið fje, er finst í eftirleitum, borgar eigandi sjálfur fundarlaun.

Kostnað við rekstur hins fundna fjár, eftir að það er komið til bygða, innan leitarsvæðisins, ber eigandi sjálfur.

Hið sama gildir um hross.

IX. kafli.

Um meðferð óskilafjár.

39. gr.

Alla ómerkinga, svo og alt fje með vafasömum mörkum, eða marki, sem ekki finst við töfludrátt, enda hafi þá verið notaðar markaskrár úr nærliggjandi sýslum, skal afhenda hreppstjóra. Skal hann í lok hverrar rjettar selja alt það fje og ómörkuð folöld, sem ekki hefir gengið út, við opinbert uppboð. Uppboðið gerir hann heyrum kunnugt, birtir söluskilmála, nefnir uppboðsvotta og ritar hjá sjer í uppboðsbók hreppsins, mörk og lýsing á sölufje eftir marklýsingamönnum.

40. gr.

Óskilafje, sem finst eftir rjettir, skal hreppstjóri selja við opinbert uppboð á haust-hreppaskilum, eða annarstaðar eftir ástæðum.

41. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda sýslumanni, eða þeim, sem sýslunefnd ákveður, skýrslu yfir selt óskilafje í sínum hreppi. Sýslumaðnr, eða sá er sýslunefnd ákveður, skal síðan auglýsa hinn selda fjenað í Lögbirtingablaðinu, og þá jafnframt geta þess, hvað hver kind hefir selst fyrir.

42. gr.

Af andvirði óskilafjár greiðist umboðskostnaður, þar með talin sölulaun, auglýsingakostnaður svo og fundarlaun. Að öðru leyti greiðist eiganda fjárverðið, ef hann innan næstkomandi septembermánaðarloka sannar eignarrjett sinn.

Þegar lokið er útborgun á óskilafjárverði hvers árs, skal hreppstjóri senda oddvita afrit af uppboðsbók hreppsins um óskilafjársölu á árinu, ásamt sundurliðaðri skýrslu um það, hverjum fjárverðið er greitt; jafnframt sendir hann oddvita eftirstöðvar af óskilafjárverðinu, ef nokkurt er, og skal það renna í viðkomandi fjallskilasjóð. 74 9. ágúst

Skilríki hreppstjóra fyrir sölu óskilafjár skal síðan fylgja fjallskilasjóðsreikningunum sem fylgiskjal.

X. kafli.

Um hirðing hrossa á haustum.

43. gr.

Rjettarstjóri skal gæta þess, að hryssum sje gefinn kostur á að helga sjer ómörkuð folöld, og má enginn taka þau til hirðingar án leyfis hans. Einnig skal hann eftir mætti gæta þess, að hryssur klumsi ekki meðan á rjettarhaldi stendur.

Hross þau, sem eftir eru, þegar töfludrætti er lokið, skulu þegar seld af hreppstjóra í þeim hreppi, er rjettin stendur í. Gilda um það sömu ákvæði og um sölu óskilafjár, þó með þeirri undantekningu, að hross skal ætíð selja með 12 vikna gjaldfresti og jafnlöngum innlausnarfresti. Hrossin eru í geymslu kaupanda frá söludegi, en ekki í ábyrgð hans fyr en að innlausnarfrestinum liðnum. Gæslukaup og hagatollur eru 10 aurar um sólarhringinn, og reiknast frá söludegi til þess tíma, er hrossið er tekið, þó aldrei lengur en 12 vikur.

Komi hross á hús og hey, skal fóðurkostnaður greiddur eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, sem hrossið var geymt í.

Verði hæstbjóðandi eigandi hrossins að innlausnarfresti liðnum, ber honum hvorki hagatollur, gæslukaup nje fóður, þó þess hafi þurft.

44. gr.

Almenn hrossasmölun skal fara fram fyrsta föstudag í vetri, og svo fyrsta föstudag í desember og úr því, ef þurfa þykir, fyrsta föstudag í mánuði hverjum vetrarlangt. Skulu þá öll ókunn hross, sem fyrir koma í heimalöndum, rekin á þann stað í hreppi hverjum, sem viðkomandi hreppsnefnd ákveður, og þeim rjettað þar.

Um óskilahross, sem fyrir koma við þessar almennu smalanir, gilda sömu reglur og um óskilahross við rjettir. Sje ekki hægt vegna veðurs að smala hina tilteknu daga, skal smala næstan virkan dag, sem veður leyfir.

45. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum, skal hreppstjóri, innan tveggja daga, hafa sent af stað, til hreppstjóra í aðliggjandi hreppum, tilkynningu um upphæð, ásamt nákvæmri lýsingu af hinu selda. Í lýsingunni skal tilgreint nafn og heimili kaupanda. Gangi hrossin ekki út, skal auglýsa þau sem annað óskilafje.

XI. kafli.

Um mörk sauðfjár og hrossa og markaskrár.

46. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt og hross með glöggu marki á eyrum, en ef sauðfje er soramarkað, þá brennimarka á hornum.

74 Svo er það skylda fjáreigenda, að hafa hreppsbrennimark á hægra horni. Ef ein-
9. ágúst hver vanrækir að hafa hreppsbrennimark á fje sínu, getur hann ekki krafist skaðabóta, þó fje hans verði eftir í útrjettum, enda ber þá fjallskilasjóði ekki að borga gæslukostnað og annað, er á slíkt fje kann að falla.

Rjett er að fjáreigendur einkenni fje sitt, jafnóðum og það heimtist, með glöggu hagamarki. Vanræki einhver að auðkenna fje sitt þannig, verður hann sjálfur að borga fundarlaun fyrir hverja sína kind, sem finst í eftirleit eða annarstaðar, en ekki fjallskilasjóður.

47. gr.

Fje skal draga eftir mörkum. Markið helgar eiganda kind, nema sönnur komi fyrir, að annar eigi. Kind, sem ekki ber rjett mark manns, er honum óheimilt að draga sjer, hve lítið sem ávantar. Úr öllum ágreiningi, er rísa kann út af vafamörkum, skera marklýsingamenn. Verði þeir ekki samdóma, fer um það sem fyrir er mælt í 32. gr, Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, er á eyrnarmarkið, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarks krefsts þess, gera grein fyrir því, hvernig hann hefir eignast kindina. Kind, sem hefir eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess er brennimark á, þó skal hann, ef krafist er, gera grein fyrir, hvernig hann hefir eignast hana.

48. gr.

Enginn má taka upp mikil særingarmörk og mörk, sem vandi er að marka svo auðþekkileg sjeu. Þessi mörk eru: Afeyrt, bragð, netnál, hvathamrað, rifa í stýfðan helming, þrírifað, þrístúfrifað, sýlt í blaðstýft, sýlt í hvatt, sýlt í hálftaf, sýlt í stúf, tvísýlt í stúf, laufað og öll afbrigði af því, blaðstúfrifað, blaðtvístúfrifað, blaðtvístýft, gatrifað, geilrifað, geirrifað, geirstúfrifað, hamarsneitt, hvatblaðstýft, hvattvírifað, jaðrað og öll afbrigði af því, miðhlutað í sneitt, sneiðblaðstýft, sneið frá blaðstýft, þrírifað í sneitt, stúfrifað, tvístýft, sýlrifað, tiglað og öll afbrigði af því, tvíhamrað og öll afbrigði af því, vagllögg, vaglrifa og vinkill. Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á sama eyra. Mörk þau, er bann er lagt við, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og sölum. Sjeu fleiri mörk, en hjer eru talin, sem sýslunefnd síðar kynni að vilja banna, skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

49. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar 5. hvert ár, þegar ártalið stendur á heilum og hálfum tug. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það sem sýslunefnd ákveður, en hver markeigandi fær ókeypis eitt eintak af markaskránni. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni sjeu send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur eru við.

Gjald það er sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal ætíð vera svo hátt, að það nægi fullkomlega fyrir öllum kostnaði við markasöfnun, umsjón með skrásetningu og prentun markanna. Ef afgangur verður, þegar allur kostnaður við markasöfnun og prentun er greiddur, skal hann leggjast í sýslusjóð.

50. gr.

Sýslunefnd kýs einn mann, til 5 ára í senn, til þess að hafa umsjón með upptöku marka, og búa markaskrána undir prentun. Kaup hans, að meðtöldum öllum kostnaði við starf

hans, sje 15% af markagjaldi sýslunnar og borgist það ár sem markaskrá er prentuð. Marka- 74
umsjónarmaður skal gera sjer far um, að koma festu og samræmi í nöfn og röðun marka. 9. ágúst

51. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, kjósa mann til að safna mörkum hreppsins. Í ómakslaun ber honum 10% af markagjaldi hreppsins. Kosningu hans skal oddviti viðkomandi hrepps tilkynna markaumsjónarmanni, fyrir lok september það ár, sem mörkum er raðað. Markasöfnun fer fram í október, árið áður en mörkum skal raða. Skal henni svo haga, að hvert mark sje greinilega ritað á sjerstakan seðil, með nafni og heimili eiganda. Markaumsjónarmaður ákveður gerð markaseðla. Öll afbrigði frá mörkum, hversu lítil sem þau kunna að vera, teljast mark sjer.

Markaseðlar sjeu tilbúnir fyrir hausthreppaskil, og skal þá hver húsráðandi afhenda þá markasafnara hreppsins, ásamt hinu lögboðna gjaldi. Jafnskjótt sem markasafnari hefir veitt seðlununum móttöku, skal hann athuga þá vandlega, með samanburði við gildandi markaskrár og hlutast til um breytingu á þeim, er þess þurfa. Síðan skal hann tölusetja seðlana og senda markaumsjónarmanni fyrir nóvemberlok, ásamt markagjaldi hreppsins, að frádregnum ómakslaunum sínum. Jafnframt markaseðlunum skal markasafnari senda markaumsjónarmanni skrá yfir öll nýupptekin mörk í hreppnum, svo og þau, sem ekki eru prentuð í síðustu markaskrám, þó gömul kunni að vera. Hafi markið verið notað áður, skal þess getið, hvern rjett hlutaðeigandi hefir til marksins, og hvenær það hafi verið prentað síðast.

Fyrir næsta sýslufund eftir að markaskrá er fullger, skulu markasafnarar senda sýslunefnd tilkynningu um, ef prentvillur finnast á mörkum fjáreigenda í umdæmum þeirra.

52. gr.

Þá er umsjónarmanni hafa borist markaseðlar og skýrslur um nýupptekin mörk úr öllum hreppum sýslunnar, skal hann bera hverja skýrslu saman við markaseðlana úr hreppnum, síðan allar skýrslurnar saman sín á milli og loks hverja skýrslu saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta átt sjer stað. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, er teljast of lík eldri mörkum, svo og mörk er líkjast hvert öðru, og enn fremur mörk, sem ekki má upp taka, samkvæmt ákvæðum reglugjörðar. Nú hefir markaumsjónarmaður felt niður mark og skal hann þá tilkynna það marktakanda brjeflega, og jafnframt benda honum á annað mark, er hann geti fengið, sem líkast því, er hann hefir kosið. Hafi hann eigi svarað brjefi markaumsjónarmanns fyrir febrúarlok, skal líta svo á, að hann taki markið, er markaumsjónarmaður benti honum á, og skal þá prenta það í markaskránni.

Vilji einhver taka upp nýtt mark, milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann tilkynna það umsjónarmanni og fá til þess leyfi hans. Að því fengnu skal hann láta prenta það á sinn kostnað í Lögbirtingablaðinu og er það þá fyrst heimilt til notkunar.

53. gr.

Þeir sem nota mörk á sauðfje eða hrossum, sem ekki eru prentuð í markaskrám sýslunnar, s. s. Þeir, er flutt hafa inn í sýslu eftir að markaskrá var prentuð, skulu lýsa mörkum sínum á fyrstu vorhreppaskilum, eftir að þeir eru fluttir inn í hreppinn. Skal þá hreppsnefnd skrifa þau upp og sjá um, að þau verði brjeflega tilkynt hreppstjórum í nálægum hreppum, bæði utan sýslu og innan, þar sem von getur verið fjár eða hrossa. Sje þetta vanrækt af markeiganda eða marknotanda, getur hann ekki krafist neins úr fjallskilasjóði, þó fje hans og hross verði eftir í útrjettum og það falli á það kostnaður.

74
9. ágúst

54. gr.

Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir í Mýrasýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, um ráðstafanir til þess, að afstýra sammerkingum á þeim svæðum, er fjársamgöngur geta komið fyrir á.

Takist tjeð samvinna, skulu markaumsjónarmenn sýslnanna koma saman á fund í janúar það ár, sem prenta skal markaskrár. Á fundinum skulu markaumsjónarmenn sýslnanna leggja fram nákvæma skrá, hver fyrir sína sýslu, um öll nýupptekin mörk, og þau eldri mörk, sem ekki hafa verið í síðustu markaskrám. Skýrslur þessar bera þeir vandlega saman og fella niður sam- og námerkinga, eftir því sem þurfa þykir og við á. Jafnframt koma þeir sjer saman um þau ný mörk, er upp skuli tekin í stað hinna, er niður eru feld. Ef markaeftirlitsfundur ferst fyrir, eða getur eigi orðið haldinn í tæka tíð, skulu markaumsjónarmenn bera sig saman brjeflega. Skal umsjónarmaður hverrar sýslu senda umsjónarmönnum hinna sýslnanna, skýrslu um öll nýupptekin mörk í sýslunni, að undanteknum þeim, er hann hefir felt niður, en að viðbættum þeim mörkum, er hann hefir bent mönnum á að taka upp í þeirra stað, og ber umsjónarmanninum að annast um, að ekkert af þeim nýuppteknum mörkum, er valdið geti sammerkingum eða námerkingum á því svæði, er fjársamgöngur geta átt sjer stað á, verði prentuð í markaskrá sýslunnar.

XII. kafli.

Um markaði og rekstra á sölufje.

55. gr.

Hreppsnefndir mega árlega kjósa markaskoðunarmenn, er skoði alt fje, sem rekið er út úr hreppnum til slátrunar. Kaup þeirra greiðist úr fjallskilasjóði, nema þegar um fjárkaup er að ræða, þá greiðist það af kaupanda.

56. gr.

Hverjum rekstri fylgi nægilega margir duglegir og vel útbúnir rekstrarmenn, og sje einn þeirra rekstrarforingi. Vita skal hann tölu rekstrarfjár.

57. gr.

Alt fje í sölurekstrum skal vera merkt rekstrarmerki, hvítt fje með lit framan í, en mislitt fje lagðað, eða merkt á annan hátt, eftir því sem við á.

Merki skal vera svo ljóst að vel sjáist í björtu, og svo traust að ekki máist af.

58. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í áð. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstur eftir að farið er að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til, og sje það gert, skal ávalt kanna reksturinn að morgni. Aldrei má leggja upp með rekstur fyr en markljóst er.

59. gr.

Nú ber svo við, að öðru fje lendir saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fje úr rekstrinum og gæta þess

vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, er **74** viðstaða verður svo rekstur dreifir úr sjer, telja hann. Enginn, sem er á bænum, eða í næst, 9. ágúst má skorast undan því að kanna rekstur með rekstrarmönnum og ber rekstrarstjóra að greiða þóknun fyrir slíka aðstoð eftir samkomulagi, eða úrskurði sýslumanns, ef á greinir. Sjá skal rekstrarforingi um, að fje það, er saman við hefir komið, komist aftur í átthaga sína eigendum þess að kostnaðarlausu.

60. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því að hafa tekið fje annara í rekstur sinn, skal rekstrarforingi bæta eigendum það að fullu, eftir samkomulagi, eða úrskurði sýslunefndar, ef með þarf.

61. gr.

Rekstrarstjóri annast um, að reglum þessum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, sem kærir, en á aftur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

XIII. kafli.

Almenn ákvæði.

62. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fjenað, frekar en minst verður hjá komist, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárrjettir, í rekstrum eða gæslu, fjallgöngum eða heimasmölun. Brot gegn þessu varða skaðabótum eða sektum, ef þyngri hegning ekki liggur við.

63. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Undir úrskurð hennar heyra líka allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum, snertandi fjallskil. Ennfremur geta einstakir menn komið sjer saman um að leggja slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

64. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—500 krónum, og renna sektirnar í fjallskilasjóð þess leitarsvæðis, sem brot er framið í.

65. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. ágúst 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

75
9. ágúst

Samþykt

um framræslu og áveitu á Víkur-, Staðar- og Langholtsmýrar í Skagafirði.

1. gr.

Jarðeigendur og ábúendur á áveitusvæðinu mynda með sjer framræslu og áveitufjelag samkvæmt 8. gr. laga um vatnsveitu nr. 65, 1913.

Nafn fjelagsins er: Áveitufjelagið »Freyr«.

2. gr.

Fjelagsmenn eru ábúendur og eigendur eftirgreindra jarða eða jarðarparta, sem framræslu og áveitunni er ætlað að ná til.

I. Í Staðarhreppi:

Vík með hjáleigunni Pyttagerði, Ögmundarstaðir, Hafsteinsstaðir, Reynistaður með hjáleigum, Holtsmúli, Stóra-Gröf, Litla-Gröf, Pávastaðir, Kjartansstaðir og Kjartansstaðakot.

II. Í Seiluhreppi:

Marbæli, Glaumblær með hjáleigum og Halldórsstaðir.

3. gr.

Hlutverk fjelagsins er: framræsla og áveita á Víkur-, Staðar- og Langholtsmýrar. Það skal láta gera aðalskurði og aukaskurði eftir þörfum, sömuleiðis stíflur eða flóðlokur í aðalskurðina þar sem þeirra þarf með til áveitu eða fyrirstöðu. Flóðgarða og stíflur í aukaskurði skulu eigendur eða ábúendur gera svo fljótt sem kostur er á undir umsjón yfirumsjónarmanns áveitunnar.

4. gr.

Lögmætir fjelagsfundir hafa æðsta vald í öllum málum fjelagsins, innan þeirra takmarka, sem sett eru með landslögum og með samþykt þessari. Fundarfært er þó því að eins, ef helmingur fjelaga á fjelagssvæðinu er á fundi.

5. gr.

Til fjelagsfunda skal stjórn fjelagsins boða að minsta kosti með viku fyrirvara og á sama hátt og auglýstir eru lögmætir sveitafundir. Dagskrá fyrir fundinn skal getið í fundarboðinu.

6. gr.

Fjelagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sjer fundarskrifara. Fundarstjóri sker úr öllu, er snertir lögmæti fundarins, form umræðanna, meðferð málanna á fundinum og atkvæðagreiðslur, sem þó skulu fara fram skriflega ef einhver fundar-

manna æskir þess. Afl atkvæða ræður úrslitum á fjelagsfundi, þó verða eigi breytingar gerðar 75
á samþykt þessari nema $^2/_3$ fundarmanna á lögmætum fjelagsfundi greiði atkvæði með þeim 9. ágúst
og breytingarnar öðlist staðfestingu sýslunefndar og sjórnarráðs.

7. gr.

Allar fundarályktanir skal rita í sjerstaka bók og sömuleiðis stutta skýrslu um annað, er gerist á fjelagsfundum. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði, og undirskrifar þær fundarsjóri, fundarritari og stjórnendur fjelagsins sem voru á fundi. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, sem fram hefir farið á fundinum.

8. gr.

Allir fjelagsmenn hafa jafnan atkvæðisrjett á fjelagsfundum. Þeir fjelagsmenn sem eiga heima utan áveitusvæðisins, geta gefið öðrum umboð til að mæta á fjelagsfundum fyrir sína hönd og greiða þar atkvæði. Löglegir umráðamenn þeirra áveitujarða, sem eru eign Kirkjujarðasjóðs eða annara opinberra sjóða, hafa atkvæðisrjett svo sem væru þeir jarðeigendur.

9. gr.

Aðalfundur áveitufjelagsins skal haldinn fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Þar skulu þessi mál tekin fyrir:

a. Stjórn fjelagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu starfsári.
b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar fjelagsins fyrir hið liðna ár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum.
   Reikningarnir skulu svo úrskurðaðir á fundinum, nema úrskurði sje frestað vegna vantandi upplýsinga, en þó má ekki fresta úrskurði lengur en til næsta aðalfundar.
c. Lögð fram áætlun frá fjelagsstjórninni um tekjur og gjöld fjelagsins yfirstandandi ár, rædd og samþykt með breytingum, sem fundurinn kann að gera á henni.
d. Kosið skriflega í stjórn fjelagsins.
e. Kosið í varastjórn fjelagsins.
f. Kosnir 2 endurskoðendur fjelagsreikninganna.
g. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, er fjelagið varðar.

10. gr.

Aukafundi skal halda þegar fjelagsstjórninni þykir ástæða til, eða $^1/_4$ fjelagsmanna óskar þess og ekki síðar en 3 vikum eftir að áskorunin er komin í hendur stjórnarinnar. Á aukafundi verður að eins tekin ákvörðun um þau mál, er nefnd hafa verið í fundarboðinu, nema fundurinn samþykki annað með $^5/_6$ greiddra atkvæða.

11. gr.

Stjórn fjelagsins skal skipuð 3 aðalstjórnarnefndarmönnum og 3 til vara, skulu að minsta kosti 2 aðalmenn og varamenn búsettir á fjelagssvæðinu. Kosning þeirra gildir um 3 ár í senn, en þó þannig að á næsta aðalfundi gangi 1 maður úr stjórninni eftir hlutkesti, og svo áfram þannig að kosinn sje 1 maður í stjórnina á hverjum aðalfundi og annar til vara. Stjórnarnefndarmaður, sem setið hefir í stjórn 3 ár samfleytt, er ekki að skyldur taka við endurkosningu fyr en eftir jafn langan tíma.

75
9. ágúst

12. gr.

Stjórnin kýs sjer formann, svo og varaformann úr hópi varastjórnenda, og skiftir með sjer verkum að öðru leyti. Engin stjórnarákvörðun er gild, nema samþykt sje með atkvæðum tveggja stjórnenda eða varastjórnenda í forföllum þeirra.

13. gr.

Stjórnin ræður öllum fjelagsmálum milli funda með takmörkunum þeim, er leiða af landslögum og samþykt þessari. Stjórnin í heild sinni getur skuldbundið fjelagið og eignir þess með ályktunum sínum og samkvæmt ályktunum fjelagsfunda, þar á meðal veðsett eignir fjelagsins. Undirskrift allra aðalstjórnendanna í sameiningu er skuldbindandi fyrir fjelagið gagnvart öðrum.

14. gr.

Fjelagstjórnin annast útvegun á láni og lántöku þá, sem þarf til þess að koma framræslu og áveitufyrirtækjum í framkvæmd; hún útvegar tryggingar þær fyrir láninu sem með þarf og krefst eignarnáms áveitufjelaginu til handa á jörðum þeirra jarðeigenda, sem eigi vilja taka þátt í framræslu og áveitukostnaðinum eða kostnaði þeim, er af henni leiðir, eftir löglegan undirbúning, og framfylgir máli út af því, ef þarf. Fjelagsstjórnin skal og annast um fullnaðarundirbúning áveitunnar, s. s. mælingar o. fl. og framkvæmd áveitugerðarinnar samkvæmt ráðum eða tillögum verkfræðings, og undir stjórn verkfróðs manns, sem landsverkfræðingurinn eða vatnsvirkjafræðingur Búnaðarfjelags Íslands mælir með.

15. gr.

Þegar fullgerðir eru aðalskurðir, hinir helstu aukaskurðir og stíflur, skal stjórn fjelagsins jafna niður áveitukostnaðinum [stofnkostnaðinum] en til hans skal einnig telja vexti og afborgun af áveituláni því, sem ræðir um í 14. gr. meðan framkvæmd verksins stendur yfir. Kostnaði þessum skal jafna niður á allar þær jarðir, sem taldar eru í 2. grein þessarar samþyktar. Við niðurjöfnunina skal aðallega farið eftir stærð þess áveitulands, sem telja má víst að hverri jörð tilheyri samkvæmt undangengnum mælingum. Jarðeigendur greiða stofnkostnaðinn, en eftirlits og viðhaldskostnað greiði ábúandi, nema öðru vísi hafi umsamist.

16. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal, þá er áveitan er orðin nothæf, með samþykki aðalfundar ráða umsjónarmann fyrir áveituna. Segir hann fyrir um notkun vatnsins og sjer um framkvæmdir á viðhaldi mannvirkja áveitunnar í samráði við stjórn fjelagsins.

17. gr.

Enginn má án vitundar eða samþykkis umsjónarmanns, setja stíflur í vatnsfarvegi þá, sem áveitufjelagið hefir kostað, nje taka stíflur úr þeim, nje breyta slíkum stíflum, og ekki heldur gera neina röskun á hliðargörðum, flóðgáttarlokum nje öðrum mannvirkjum meðfram vatnsfarveginum, sem getur haft áhrif á rensli vatnsins í farveginum eða áhrif á það hve mikið vatn rennur út úr farveginum. Bannað er að gera kakkastíflur eða kakkabrýr á skurðina nje hindra greiða vatnsrás um heyannir.

18. gr.

Sjerhver búandi er skyldur til án sjerstaks endurgjalds að leggja hlutfallslega til eftir ákvörðun umsjónarmanns þá vinnu, sem útheimtist til að setja stíflur eða taka burtu stíflur svo sem þarf til þess að veita vatninu úr vatnsfarvegi áveitufjelagsins inn á land ábúanda eða til að minka eða stöðva það rensli.

19. gr.

Umsjónarmaður annast viðhald áveitunnar þannig, að hann lætur tafarlaust gera við allar smærri bilanir og við þær bilanir, sem að hans áliti ekki þola bið, en til meiri háttar aðgerða skal hann leita samþykkis áveitufjelagsstjórnarinnar.

20. gr.

Umsjónarmaður skal hafa eftirlit með áveituskurðum, sem gerðir hafa verið eða gerðir verða hjereftir á áveituvæðinu án tilhlutunar fjelagsins. Sjerstaklega skal hann sjá um, að þeir sjeu ekki stíflaðir síðar en áveituskurðir fjelagsins og að stífluumbúnaður sje nægilega traustur og þjettur; hlutaðeigandi ábúanda skal skylt að hlíta úrskurði umsjónarmanns í þessu efni og leggja fram þá vinnu, sem með þarf, svo sem segir í 18. gr. þessarar samþyktar.

21. gr.

Kaup umsjónarmanns og allur kostnaður, sem leiðir af umsjón og viðhaldi áveitunnar, greiðist úr sjóði áveitufjelagsins. Launakjör umsjónarmanns og ráðningstími, uppsagnarfrestur og annað, er hjer að lýtur, skal ákveðið í ráðningarsamningi, sem fjelagsstjórnin gerir við hann.

22. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal fyrir 20. október ár hvert gera áætlun um viðhald og umsjónarkostnað áveitunnar yfirstandandi ár. Við samning áætlunar þessarar skal fara eftir því hve mikill kostnaður hefir orðið það sem af er árinu, og áætla um þau útgjöld, sem vænta má að falli á það, sem eftir er ársins. Heimilt er og að taka á áætlun tekjuhalla, sem kann að hafa orðið á síðasta ársreikningi. Kostnaði öllum, eins og hann verður talinn í áætlaninni, jafnar fjelagsstjórnin niður á jarðir þær, sem áveitan nær til eftir þeim mælikvarða sem greinir í 15. gr. þessarar samþyktar. Fjelagsstjórnin skal gera skrá yfir gjöld þessi, svo og yfir afborganir þær og vexti af áveituláninu sem hverri einstakri jörð eða jarðarhluta ber að greiða eftir ítölu hennar í stofnkostnaði áveitunnar. Eftir gjaldskrá þessari skal fjelagsstjórnin innheimta gjöldin í heild sinni hjá jarðeigendum eða ábúendum fyrir 10. nóvember.

23. gr.

Ársreikning áveitunnar skal fjelagsstjórnin hafa gert upp og sent með fylgiskjölum til endurskoðenda tveim vikum fyrir aðalfund. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið.

24. gr.

Nú vilja fjelagsmenn slíta fjelaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykt þessari.

75
9. ágúst

25. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum frá 20—200 kr. og renna sektirnar í sjóð áveitu fjelagsins.

26. gr.

Mál út af brotum gegn samþykt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi, sem samin er og samþykt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. ágúst 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

76
25. ágúst

um breyting á reglugjörð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu um fjallskil, eyðing refa o. fl. frá 10. ágúst 1915.

Við 4. gr.

Í staðinn fyrir »25 aura« komi 1 króna o. s. frv.

Við 8. gr.

Í stað orðanna: »Upprekstrargjald skal vera 7 aurar fyrir hverja kind og 4 kr. fyrir hvert hross«, komi: Upprekstrargjald skal vera 28 aurar fyrir hverja kind, og 16 kr. fyrir hvert hross o. s. frv. Aftan við grein þessa komi svofeld viðbót: Hver sem tekur sauðfje eða hross til beitar í landið, hefir fulla ábyrgð á því, að fjenaður þessi gangi ekki í landi nágranna. Ber honum því að greiða allan kostnað þann, er nágranni getur sannað, að hann hafi af vörn slægjulands síns, af nefndum fjenaði.

Við 10. gr.

Úr henni falli niður orðin: »Nema hreppsnefnd mæli öðruvísi fyrir.«

Við 19. gr.

Í stað orðanna í annari málsgrein: »4 aurar um sólarhring«, komi: 20 aurar um sólarhring.

Við 23. gr.

Í stað: »10 aura gæslukaupi«, komi: 20 aura gæslukaupi.

Við 25. gr.

Á eftir orðunum: »í hvert sinn sem gren finst, skal« komi: Ábúandi, sá sem grenið finst hjá o. s. frv.

Við 27. gr.

Í stað: »kr. 3.00«, komi: Kr. 7.00. Í stað: »kr. 4.00«, komi: Kr. 6.00. Í stað: »kr. 8.00«, komi: Kr. 12.00. Í stað: »kr. 0.50«, komi: Kr. 2.00.

Við 30. gr.

Í stað: »kr. 5.00«, komi: Kr. 6.00. Í stað: »kr. 20.00«, komi: Kr. 50.00.

Við 33. gr.

Í stað: »kr. 25.00«, komi: Kr. 50.00.

Við 34. gr.

Í stað þessarar greinar komi svohljóðandi grein: Í þeim hreppum, sem Eyjahreppur hefir upprekstur, greiðir hann kostnað við refaveiðar, að tiltölu rjettri, miðað við fjártölu í hlutaðeigandi hreppi, samkvæmt vorframtali. Kostnaður þessi greiðist fyrir fardagaár hvert, enda hafi hreppsnefndin í hlutaðeigandi hreppi sent hreppsnefnd Flateyjarhrepps heildar-

20. dag nóvembermán. 1920. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h. f.

76 25. ágúst reikning yfir refaveiðakostnaðinn á árinu. Allan annan kostnað við eyðing refa í heimahögum, á almenningum og afrjettum þeim, er sveitarfjelög eiga, skal greiða úr sveitarsjóði, þó kosta ábúendur grenjaleitir samkvæmt 24. gr.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 25. ágúst 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

77 3. sept.

Reglugjörð

um skemtanaskatt í Bolungavík.

1. gr.

Reglugjörðin gildir fyrir skemtisamkomur, sem haldnar eru í Bolungavík, og sem almenningi er seldur aðgangur að.

2. gr.

Skattskyldar samkomur eru: Fyrirlestrar, upplestur alskonar, sjónleikir, myndasýningar alskonar, íþróttasýningar, einsöngur, kveðskapur og gamanvísur »þó sungnar sjeu«, eftirhermur, sjónhverfingar, skrautsýningar, dansleikir, böglauppboð, hlutaveltur og annað, sem til skemtana er notað og er í eðli sínu samskonar og nú er talið. Ennfremur skulu »spiritista«-samkomur þær, sem aðgangur er seldur að, taldar skattskyldar.

3. gr.

Skatturinn er hundraðsgjald af inngangseyri »brúttó«, og greiðist af hverri tegund samkoma þannig:

a. af fyrirlestrum, upplestri og sjónleikjum greiðist 5%
b. af myndasýningum, íþróttasýningum, samsöng og spíritistasamkomum greiðist 10%
c. af einsöng, sjónhverfingum, kveðskap og skrautsýningum greiðist 15%
b. af eftirhermum, dansleikjum, böglauppboðum og hlutaveltum greiðist 20%.

Þegar skemtanir koma fyrir, sem hjer eru ekki taldar, en sem skattskyldar álítast samkvæmt 2. gr., skal greiða sama skatt af þeim og þeim skemtunum, sem þær eru svipaðastar, af þeim sem hjer hafa verið taldar. Þegar fleiri en ein skemtun er höfð á sömu samkomu, skal skatturinn reiknaður fyrir þá skemtun, sem lengstan tíma stendur yfir af samkomunni.

4. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefir eftirlit með að reglugjörð þessari sje hlýtt og sjer um innheimtu skattsins. Ræður hún sjerstakan mann til þess fyrir sína hönd, og nefnist hann

eftirlitsmaður skemtana. Eftirlitsmaður innheimtir skattinn og hefir eftirlit með skemt- 77
unum eins og þurfa þykir. 3. sept.

5. gr.

Aðgöngumiðar á allar skattskyldar samkomur skulu þannig gerðir, að á aðra hlið þeirra sje skráð það sem, samkomunni viðkemur, en á hinni hliðinni sje aðeins innsigli eftirlitsmanns. Eftirlitsmaður skal ávalt hafa til nægar birgðir af stimpluðum aðgöngumiðum. Kostnaðurinn við seðlana greiðist af skatttekjunum.

6. gr.

Hver, sá sem halda vill skattskylda samkomu samkvæmt 2. gr., skal tilkynna það eftirlitsmanni skemtana. Eftirlitsmaður skal láta honum í tje eins marga aðgöngumiða og hann óskar. Þegar samkomunni er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr., af öllum þeim miðum, sem hann tók á móti, að frádregnum hinum ónotuðu. Þó má draga frá miða, sem varið hefir verið handa starfsmönnum samkomunnar.

7. gr.

Skatttekjum þessum, skal varið til styrktar sjúkrahúsbyggingu í Bolungavík, og þegar sjúkrahús hefir verið bygt, skal þeim varið til reksturskostnaðar þess.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að semja til eins árs í senn um ákveðna skattgreiðslu fyrir hverja sýningu, eða í eitt skifti fyrir öll, við þann eða þá, sem halda uppi stöðugum skattskyldum samkomum, til dæmis kvikmyndafjelög, leikfjelög o. s. frv. Einnig er hreppsnefnd heimilt að veita undanþágu frá skattgreiðslu, í eitt skifti í senn, fyrir skemtanir eða samkomur, sem haldnar eru í sjerstöku góðgerða- eða fræðslu-skyni.

9. gr.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34, 22, nóvember 1918, um skemtanaskatt, og gilda sektarákvæði þeirra laga um brot gegn henni.

10. gr.

Reglugjörð þessi er samin af hreppsnefnd Hólshrepps og öðlast gildi þegar dómsmálaráðherra hefir staðfest hana.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Hólshrepps í Ísafjarðarsýslu hefir samþykt, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum 22. nóvember 1918 til að öðlast gildi 1. október 1920, og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. september 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

78
8. oktbr.

Reglugjörð

um skipun slökkviliðs og brunamála í Siglufjarðarkaupstað.

I. Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 5 mönnum, formanni bæjarstjórnar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóra og þeim bæjarfulltrúum, er bæjarstjórn kýs. Kosningar í nefndina fara fram á sama hátt og kosningar í aðrar nefndir bæjarstjórnarinnar, að afloknum venjulegum bæjarfulltrúakosningum.

Brunamálanefnd hefir á hendi, undir umsjón bæjarstjórnarinnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti sem það ekki beinlínis ber undir slökkviliðstjóra eða lögreglustóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugjörðar þessarar sje í einu sem öllu framfylgt og fullnægja skyldum þeim, sem henni eru þar á herðar lagðar.

II. Hver slökkviáhöld húseigandi skuli útvega og láta fylgja húsi sínu.

2. gr.

Hverju húsi skal fylgja einn krókstjaki hæfilega sterkur og minnst 5 m. langur. Ennfremur stigi, er sje svo langur að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins, og 2 tvær skjólur. Þessir hlutir skulu geymdir á tilteknum stað, er sje aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

Bæjarstjórnin getur látið setja í sjerhverju húsi kaupstaðarins slökkvitæki í sambandi við vatnsveitupípur hússins. Húseigandi er skyldur að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess, að verjast eldsvoða eða slökkva eld.

III. Skylda borgaranna til að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðsins.

3. gr.

Allir karlmenn á verkfærum aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum eða stunda þar atvinnu, að undanskildum læknum, sóknarprestum, lyfsölum og símastöðvarstjórum, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sjeu ófærir til vinnu, eru skyldugir til að taka þátt í störfum slökkviliðsins.

Hver sá, er eigi mætir tafarlaust á vettvangi þegar er brunakall er hafið eða sýnir óhlýðni eða mótþróa gegn fyrirskipunum yfirmanns, skal sæta sektum eftir þessari reglugjörð. Við æfingar skal þó að jafnaði eigi beita hærri sektum en 25 kr., nema brot sje ítrekað eða sjerstakar ástæður sjeu til.

4. gr.

Slökkviliði bæjarins skal þannig skift:

1. Björgunarlið
2. Húsrifslið
3. Vatnsslöngulið
4. Stigalið
5. Brunahanalið
6. Brunaboðar
7. Lögreglulið.

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar. En brunamálanefnd skipar liðstjóra og aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögu slökkviliðstjóra. Við eldsvoða og æfingar skal slökkviliðsstjóri sjerstaklega snúa sjer til liðstjóranna með skipanir sínar.

6. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir 300 kr. árslaun og varaslökkviliðsstjóri 100 kr., er greiðist úr bæjarsjóði. Kaup umsjónarmanna áhalda skal ákveða eftir samningi.

7. gr.

Bæjarstjóri ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skuli hafa þegar það er að starfa sínum. Kostnaður við útvegun slíkra einkenna greiðist úr bæjarsjóði.

8. gr.

Slökkviliðsstjóri og í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri hefir á hendi allar framkvæmdir, er að eldsvörnum lúta og stjórnar slökkviliðinu í heild sinni við eldsvoða og við æfingar. Hann hefir eftirlit með slökkviáhöldum bæjarins, heldur skrá yfir þau og sjer um, að þau sjeu í reglu og ætíð til taks. Hann hefir eftirlit með því, að yfirmenn hvers liðs færi nákvæma nafnaskrá yfir undirforingja, varamenn og aðstoðarmenn í sínu liði.

Hann skal við störf sín bera einkennishúfu eða hjálm og hefir rjett á að bera einkennisbúning eftir ákvæði brunamálanefndar.

Auglýsa skal árlega í blaði, sem gefið er út í kaupstaðnum, hver sje slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir sjeu honum næstir yfirmanna í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera á brott úr bænum báðir í senn, nema alveg sjerstaklega standi á, enda hafi þeir leyfi lögreglustjóra til fjarverunnar.

9. gr.

1. Björgunarliðinu er skylt að mæta, þegar eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum svo fljótt sem unt er. Fyrsta verk þess skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnist og undantekningarlaust. Enga björgun má það þó framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað.

2. Húsrifsliðið skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu liðsmenn ávalt vera með sín ákveðin verkfæri á brunastaðnum.

3. Vatnsslönguliðið skal koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn eftir fyrirskipun yfirmannanna.

78 8. oktbr.

4. Stigaliðið skal sjá um, að stigar sjeu til eftir þörfum, reisa þá upp þar sem því er fyrirskipað og sjá um, að þeir sjeu svo tryggilega útbúnir, að ekki stafi hætta af. Ennfremur skulu þeir hjálpa til með brunaslöngurnar.

5. Brunahanaliðið skal sameina slöngurnar brunahönunum, og skrúfa þá til eftir því sem slönguliðið óskar og yfirmenn fyrirskipa.

6. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gjöra slökkviliðinn aðvart með því að blása í lúðra. Sje það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og húsnúmer þar sem eldurinn er.

Skyldir skulu þeir, að afloknum útblástri, til að mæta á brunastaðnum og láta slökkviliðsstjóra þegar vita af sjer til frekari fyrirskipana. Líka skulu þeir skyldugir að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

7. Lögregluliðið mætir við eldstöðvarnar svo fljótt sem unt er, og er því skylt að halda á reglu við eldsvoða og við æfingar slökkviliðsins, varna óviðkomandi mönnum að koma nærri eldstöðvunum og banna alla umferð um götur þar sem þess þarf. Það skal og gæta þess, að mannþyrpingar hindri ekki eða tefji slökkvivjelaliðið eða aðrar liðdeildir slökkviliðsins. Það sjer um, að inn í hús, sem í eldhættu eru, fari enginn nema húsbúar sjálfir og björgunarliðið. Það sjer um vörslu á björguðu góssi, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er fyrir slysum verða, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

10. gr.

Hinar nánari starfsreglur fyrir hvern liðsflokk um sig, semur slökkviliðsstjóri með ráði brunamálanefndar, og skulu yfirmenn hvers liðs birta þær liðsmönnum sem fyrirskipanir.

11. gr.

Það er skylda slökkviliðsins að vinna að því af fremsta megni að slökkva eld, er upp kann að koma í kaupstaðnum, þannig, að eigi standi hætta af, og takmarka útbreiðslu eldsins svo sem mögulegt er. Enginn slökkviliðsmaður má fara burt frá eldsvörnum fyrri en slökkviliðsstjóri gefur til þess merki.

Slökkviliðið er, gegn hæfilegri þóknun, er slökkviliðsstjóri og bæjarfógeti í hvert sinn ákveða, skyldugt til að kæfa eld í rústum og ryðja þær, ef þess er krafist.

12. gr.

Æfingar skal slökkviliðið halda minst 6 sinnum á ári, eina æfingu annan hvern mánuð, og skal kvatt til þeirra með venjulegu brunakalli.

IV. Um vatnstöku, vatnsburð, o. fl.

13.

Vatn til að slökkva eld, sem og til æfinga, skal tekið úr brunahönum bæjarins. Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar sjeu óskemdir og ávalt í notfæru ástandi, hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Sje þess vandlega gætt að moka snjó frá þeim þegar þá fennir í kaf, og á tímabilinu frá 1. október til 1.

júní skal einusinni á mánuði sannprófa að þeir sjeu óskemdir. Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra og umsjónarmannsins. 78 8. oktbr.

14.

Skylt er sjerhverjum húseiganda að leyfa að vatn sje tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýst, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir í veg fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum hússins. Meðan verið er að slökkva eldsvoða eru bæjarbúar skyldir til að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

15.

Ef hús brennur þar, sem vatnsveita liggur ekki að, eða ef vatn úr brunahönum nægir ekki, er sjerhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til að flytja vatn, og leyfa að vatn sje tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru eða hann hefir umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefir verið skemmist eða týnist, skal fult endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

V. Um skoðun eldfæra og reykháfa.

16. gr.

Brunamálanefnd skal, eftir fyrirmælum bæjarstjórnar, tvisvar á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum bæjarins og líta eftir að þau sjeu útbúin lögum samkvæmt og að reykháfar hafi verið tilhlýðilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir og önnur eldfim efni sjeu geymd sem vera ber. Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sje ábótavant í þessu, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húsráðanda stuttan frest til að fá það lagfært, og skal þá, að honum liðnum, ný skoðun fara fram. Komi það í ljós við hina síðari skoðun, að enn sje ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og skyldar hann til að færa í lag það, sem lagfæra þarf.

VI. Um brunaboðun.

17. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður eldsvoða var að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturvörður skal á göngum sínum um bæinn hafa sjerstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra og öðrum úr slökkviliðinu, lögreglustjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gjörð, slökkviliðið kallað til með því að hefja brunakall um bæinn með brunalúðri, samanb. 9. gr. og 12. gr.

VII. Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

18. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða annarstaðar á almannafæri, eða milli húsa eða í görðum, má eigi sitja lausar eldstór eða bráðabirgðahlóðir til eldunar nema leyfi sje veitt til

78 8. oktbr. Þess í hvert skifti af slökkviliðsstjóranum, og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli útbúið og hverra varúðarreglna skuli gæta. Þegar slík eldun er leyfð skulu menn ávalt vera við eldinn, og má eldunin ekki fara fram, ef þar nálægt er geymt mikið af eldnæmum efnum.

Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugjörð og bikgjörð undir beru lofti. Í húsum inni má ekki hafa slíkt um hönd á næturþeli. Milli húsa eða úti við má ekki bera eldglæður, nema í lokuðum málmkössum.

19. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir nefndin því, aðeins samþykki til þess, að af því geti ekki stafað veruleg eldshætta. Mikið af við og borðum má því aðeins hafa fyrir utan hús að slökkviliðsstjóri leyfi. Ákveður hann um leið hve stór hver trjástakkur megi vera, hve langt bil skuli vera í milli þeirra og minstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó aldrei má vera minna en 6 metr.

Það skal yfirleitt ekki leyft, að hafa viðarstakk hærri en 6 metra, ekki stærri að flatarmáli en 40 metra, enda standi þá ekki stakkarnir nær hver öðrum en 2 metra og ekki nær næsta húsi en 6 metra.

20. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, bensíni eða áþekkum lýsingar vökvum skal hjer greindum varúðarreglum fylgt.

1. Sjeu birgðirnar meira en 800 lítrar, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, þótt byrgt sje í lokuðu ljóskeri, ekki kveikja á eldspítu, nje reykja þar tóbak. Heldur ekki mega þar vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur.

2. Sjeu birgðirnar ekki meira en 800 lítrar og þær geymdar utanhúss, í görðum eða húsum, sem engin íbúð er í, má því að eins bera þar um ljós, að það sje í lokuðu ljóskeri, en eld má þar ekki kveikja nje bera. Ekki má þar heldur tappa ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sje geymt í lokuðu ljóskeri og það látið hanga a. m. k. í 2 metra fjarlægð.

3. Birgðir alt að 200 lítrum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þó skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum.

4. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er með ljós eða eld, má ekki tappa úr ílátum neitt ljósmeti, sem er svo eldfimt, að í því kvikni við 40 gr. hita hundraðmæla (C).

5. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni í sölustöðum eða smíðahúsi, skal gæta als hreinlætis. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldnæma hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sje höfð ábreiða, sem ekki er eldnæm. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af framangreindum ljósvökvum, má enginn vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sje ávalt staddur. Ella skal geymslustaðurinn lokaður, svo að óviðkomandi menn komist þar ekki inn.

6. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg þar þar sem það er hentugt til aflestrar.

21. gr.

Í smíðahúsum handiðnamanna, sem fást við trjesmíðar, skal gæta þessara varúðarreglna:

1. Eld má ekki fara með nema í eldhúsinu eða ofninum og ekki má reykja þar tóbak.

2. Kertaljós má því aðeins nota, að það sje haft í ljósastjaka úr málmi og nauð-

synlegrar varúðar gætt við meðferð þess. Sje borðlampi notaður skal, hann standa á þungum fæti, svo að ekki sje hætt við, að hann velti um koll. 78 8. oktbr.

3. Þegar tinpottur er tekinn af eldstæði skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 ctm. út á alla vegu. Kantur málmplötunnar skal beygður upp á við.

4. Ekki má fleygja eldspítu á gólfið þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað þar sem vissa er fyrir, að hún ekki geti kveikt frá sjer.

5. Trjespænir, hey eða aðrir slíkir eldnæmir hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir burtu úr smíðahúsinu eða þeim komið fyrir á sjerstökum stað í húsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af trjespónum skal geyma í lokuðum klefa þar sem engin sjerstök eldhætta getur stafað af.

6. Miklar birgðir af trjesmíðaefni mega ekki liggja í göngum nje stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið nema sjerstakt leyfi slökkviliðsstjóra komi til. Handiðnamenn, sem fást bæði við trjesmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járnsmiðju sinni, en svo til þess, að vinnan verði int af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

7. Þegar vinnu er lokið að kvöldi og áður en smiðir fara úr smiðjuhúsi, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu svo að óviðkomandi menn komist ekki inn í það.

8. Í sjerhverju smíðahúsi skal vera sjerstakur vatnskrani með viðfestri vatnsslöngu.

9. Í sjerhverju smíðahúsi skal prentað eintak af reglum þessum fest á vegg þar sem auðvelt er að lesa það.

Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sje hlýtt og að hinnar mestu varúðar sje að öllu leyti gætt í allri meðferð á eldi og ljósi.

VIII. Sektar ákvæði.

22. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal fara sem opinber lögreglumál og greiði hinn seki alt að 50 kr. sekt fyrir afbrot sitt í bæjarsjóð Siglufjarðar.

23. gr.

Reglugjörð þessi öðlist gildi 1. nóvember 1920.

Framanskráð reglugjörð, sem samin er og samþykt af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, staðfestist hjermeð samkvæmt 35. gr. laga nr. 30, 22. nóvember 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 8 október 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

79
12. okt.

Samþykt

um sýsluveginn Svínvetningabraut.

1. gr.

Svínvetningabraut er nefndur í samþykt þessari sýsluvegur sá, frá Húnvetningabraut að Guðlaugsstöðum og hliðarbrautin frá Tindum vestan Svínavatns austur yfir Svínadalsá, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu ákvað 1919.

2. gr.

Svínvetningabraut skal gera vagnfæra svo ört sem hægt er að fá menn til lagningar hennar.

Vegurinn skal gerður samkvæmt ákvörðun sýslunefndar 1919 og vel vandaður að öllu.

3. gr.

Helminginn af kostnaði þeim við vegagerð þessa, sem ekki fæst úr ríkissjóði, greiðir sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu

Hinn helming kostnaðarins skal greiða af notendum vegarins svo sem hér segir:

a. Hver, sem á land eða jörð er vegurinn liggur um, eða er í Svínavatnshreppi svo og eigandi Hamrakots skulu árlega greiða 1% af virðingarverði lands síns eða jarðar án húsa en með jarðabótum.

Rétt eiga landsdrotnar á að fá árlega frá leiguliðum sínum 10% af því, er þeir hafa greitt af leigulandinu til vegarins.

b. Hver sem á skepnur, er hann beitir að jafnaði á land það, sem nefnt er í staflið, skal greiða árlega:

1.	af hverri sauðkind	5 aura
2.	– hverju hrossi	25 —
3.	– hverjum nautgrip	50 —

Hreppstjórar skulu skyldir að láta í tje árlega fyrir júnílok staðfestan útdrátt úr búnaðarskýrslun til notkunar við útreikning á gjaldinu.

c. Hver húsráðandi á fyrnefndu svæði skal árlega vinna 1 dagsverk fyrir hvern verkfæran heimilisfastan karlmann 20—60 ára eða greiða 12 krónur í vegasjóð og má stjórnin hækka það gjald með samþykki aðalfundar. Rétt á húsráðandi til endurgreiðslu frá hlutaðeigendum.

Rafmagnslagning. Rafmagnsveitan lætur leggja heimtaugar frá götulögnum inn fyrir húsvegg, að stofnvari og eru heimtaugar ásamt stofnvari eign hennar, en umsækjandi (sbr. 7. gr.) skal að verkinu loknu greiða heimtaugagjald, sem bæjarstjórnin ákveður. Umsækjandi skal láta einhvern löggiltan rafvirkja leggja húsveiturnar, eða rafmagnsstjóra, taki rafmagnsveitan slik verk að sjer, en sjálfur stendur hann straum af kostnaðinum.

Rafmagnsstjóri ákveður hvers kyns mælitæki skulu notuð fyrir húsveitu hverri, hann ákveður og stað fyrir þau og annast uppsetningu þeirra, sölu eða leigu.

Sjerhver húsveita að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugjörðum rafmagnsveitunnar.

9. gr.

Löggilding rafmagnsvirkja. Rafmagnsstjórn löggildir þá menn, til lagninga á húsveitum, er sýnt hafa að þeir sjeu hæfir til þess með því að fullnægja löggildingarskilyrðum. Þessir menn verða kallaðir löggiltir rafmagnsvirkjar og skal rafmagnsstjórn ákveða löggildingarskilyrði og setja reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, er falla undir verksvið þeirra. Engir aðrir en þeir, sem löggiltir eru, mega taka að sjer lagningu á húsveitum eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snerti taugakerfi rafmagnsveitunnar.

Rafmagnsstjórn getur þegar henni þykir ástæða til, ákveðið verðlag á efni og vinnu rafmagnsvirkja.

10. gr.

Eftirlit með húsveitum Rafmagnsstjóri hefir eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á rafmagni og er starfsmönnum rafmagnsveitunnar heimill aðgangur til eftirlitsins á öllum sanngjörnum tíma eða þegar nauðsyn krefur. Gallar á húsveitum skulu tafarlaust bættir á kostnað eiganda. Sjeu gallar ekki bættir, eða meðan galli er á veitu, og hætta getur stafað af honum fyrir reksturinn, getur rafmagnsstjóri rofið samband við veituna, þar til úr er bætt. Verði uppvíst að straumur sje notaður á annan hátt en um var samið eða raskað hefir verið mælitækjum, skal rafmagnsstjórn meta þann straum, sem notaður hefir verið óleyfilega og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskránni fyrir allan þann tíma, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrjett er, nema þyngri refsing liggi við.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera viðeigandi ráðstafanir, til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerst.

11. gr.

Greiðsla. Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórðaparti í senn fyrir hvern ársfjórðung og eru gjalddagar 2. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október. Gjald eftir tölu kílóvattstunda skal greitt mánaðarlega eftirá undireins og krafist er.

Sje gjald eigi greitt á rjettum gjalddaga er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyr en 3 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent gjaldanda eða afhent í húsnæði því, er veita hans er í.

Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

98
5. nóvbr.

12. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari eða gegn reglugjörðum, sem settar verða samkvæmt henni varða sektum alt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemdum á eignum rafmagnsveitunnar skal hinn brotlegi þessutan bæta skaðann.

Sektir renna í bæjarsjóð Reykjavikur.

13. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari eða á reglugjörðum, sem settar eru samkvæmt henni skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 um rafmagnsveitur og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 5. nóv. 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

99
5. nóvbr.

Reglugjörð

um

hafnsögu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hafnarnefnd Hafnarfjarðarkaupstaðar skipar hafnsögumenn svo marga sem þurfa þykir og ákveður laun þeirra. Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði.

2. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sjer eftir því, sem sagt er í reglugjörð þessari og eftir skipun hafnarnefndar. Þeim skal skylt að bera einkennisbúning þann, er hafnarnefnd ákveður.

3. gr.

Hafnarnefnd getur með 3ja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum. Hafnarnefnd getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá starfanum, ef hann verður ber af vanrækslu í starfi sínu.

4. gr. 99

Hvert skip, sem ætlar til Hafnarfjarðar og nota vill hafnsögumann, skal þegar það 5. nóvbr.
er komið $^1/_2$ mílu undan Álftanesi eða Helguskeri, gefa merki um að það óski hafnsögumanns, og er hafnsögumanni skylt að vitja skipanna þangað.

5. gr.

Hafnsögumaður, er vísar skipi leið til hafnar, má eigi yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyr en skipið er lagst við festar á höfninni. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi, ber því að sjá honum fyrir fæði.

6. gr.

Hvert skip, sem af höfninni fer, á rjett á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því þangað, sem honum samkvæmt 4. gr. er skylt að vitja þess. Hafnsögumaður skal og hafa á hendi leiðsögu skipa um höfnina, komi það eigi í bága við aðalstarf hans.

7. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónauðsynlegar samgöngur við skipið áður en hann hefir lokið starfi sínu á skipsfjöl.

8. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til þess að ætla að sótthætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um að fylgt sje reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til landsins.

9. gr.

Hafnsögumenn leggja sjer sjálfir til báta og önnur tæki, er þeir þurfa að nota við starfa sinn, svo og mannahjálp.

10. gr.

Gjöld fyrir hafnsögu skulu greidd samkvæmt því sem ákveðið er í reglugjörð um hafnsögugjöld í Hafnarfirði.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 1000 krónum. Sektirnar renna í hafnarsjóð. Með mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykt, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 5. nóvember 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

100
5. nóvbr.

Reglugjörð

um

hafnsögugjald í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Öll skip, sem eru 30 smálestir að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka hafnarinnar. Komi skip oftar á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hjer á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

2. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt sjerstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa.

3. gr.

Hafnsögugjaldið, ásamt sjerstöku gjaldi fyrir leiðsögu skipa innan hafnar samkvæmt 2. gr., skal greitt til innheimtumanns hafnargjaldanna. Hefir hafnarsjóður haldsrjett yfir skipunum þar til gjaldið er greitt.

4. gr.

Hafnsögugjöldin, ásamt gjaldi fyrir leiðsögu innan hafnar, renna í hafnarsjóð. Þau má taka lögtaki. Gjöldin skulu greidd þegar innheimtumaður hafnargjaldanna krefst þess og áður en skipið fer burt af höfninni, og getur enginn skipstjóri vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann með vottorði innheimtumanns, sanni, að hann hafi greitt gjöld samkvæmt reglugjörð þessari.

5. gr.

Gjöldin skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 15 aurar á hvert nettó reg. tn., þó aldrei minna en 20 krónur.

b. Fyrir leiðsögu frá höfninni hálft gjald, þó aldrei minna en 15 krónur.

c. Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal að og frá bryggjum eða hafnaruppfyllingum, greiðast 15 krónur fyrir hvert skip alt að 100 reg. tn. nettó, og 30 krónur fyrir stærri skip.

Fyrir leiðsögu skipa frá og til nærliggjandi hafna greiðist sú borgun, er hafnarnefnd ákveður eða innheimtumaður hafnargjalda í umboði hennar, og rennur gjald þetta einnig í hafnarsjóð.

6. gr. 100

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 1000 kr., og renna sektirnar í 5. nóvbr.
hafnarsjóð. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórnin í Hafnarfjarðarkaupstað hefir samið og samþykt, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 5. nóvember 1920

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Samþykt 101
9. nóvbr.

um

lokunartíma sölubúða á Ísafirði.

1. gr.

Allar sölubúðir kaupmanna og kaupfjelaga á Isafirði, að undanskildum þeim sölubúð um, sem eingöngu versla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþyktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og opnaðar eigi fyr en kl. 8 árdegis á tímabilinu frá 1 apríl—30. sept, og kl. 9 árdegis á tímabilinu frá 1 okt. —31. mars, þó með þeim undantekningum, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, en laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðd.

Síðustu virka daga fyrir aðfangadag jóla og gamlársdag skal heimilt að halda opnum búðum til kl. 10 síðdegis.

3. gr

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og frídag verslunarmanna á Ísafirði mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi.

101
9. nóvbr.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Lögreglustjóra er heimilt þegar sjerstaklega stendur á, að veita undanþágu frá þessari samþykt fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða vegna nauðsynjafyrirtækja, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

7. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna þær í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 til að öðlast gildi 1. desember þ. á. og birtist til eptirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 19. nóv. 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

102
9. nóvbr.

Samþykt

um

lokun sölubúða í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfjelaga og heildsala skal lokað eftir því, er segir í 2., 3. og 4. grein.

Undanskildar eru þó sölubúðir, sem eingöngu versla með brauð og mjólk.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. okt. til 31. mars skulu sölubúðir vera lokaðar, virka daga, frá kl. 6 síðdegis til 9 að morgni, frá 1. apríl til 31. maí frá kl. 8 síðdegis til kl. 8 árdegis, frá 1 júni til 30. sept. frá kl. 10 síðdegis til 8 árdegis nema á laugardagskvöldum frá kl. 11 síðd.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

3. gr.

Sölubúðir skulu lokaðar almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og 1. desember.

4. gr. **102**

A lokunartíma sölubúða, samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða 9. nóvbr.
torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol og salt til skipa.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en í hálftíma.

6. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum 20—500 kr. og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál útaf brotum gegn samþykt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 til að öðlast gildi 1. desember þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. nóvember 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Heimilisiðnaðarsjóð Skagafjarðarsýslu«, **103**
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 6. des. 1920. 6. desbr.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

Heimilisiðnaðarsjóð Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er 1000 krónur, sem lagðar eru í Söfnunarsjóð Íslands 6. desember 1920 Stofnfjeð má aldrei skerða, og skulu allir vextir leggjast við innstæðu, uns þeir nema 100 krónum á ari. Frá þeim tíma leggist halfir vextir við höfuðstól, en helmingur vaxta útborgist árlega til sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.

103
6. desbr.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla heimilisiðnað í Skagafjarðarsýslu, og má í því skyni verja vöxtum hans:

1. til verðlauna á iðnaðarsýningum.
2. til kostnaðar við iðnaðarnámsskeið.
3. til iðnaðarkenslu í barna- og unglingaskólum.
4. til alþýðufræðslu um framfarir í verknaði.
5. til innkaupa á verkefnum og áhöldum.
6. til hverskonar framkvæmda, er miða að því, að glæða áhuga og auka kunnáttu í verklegum störfum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins er falin sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu. Vöxtum hans ráðstafar sýslunefndin á aðalfundi sínum ár hvert. Heimilt er að safna saman vöxtum fleiri ára og veita meira fje í einu lagi.

4. gr.

Reikning sjóðsins semur oddviti sýslunefndar fyrir hvert almanaksár, eftir að vextir koma til útborgunar úr Söfnunarsjóði. Reikningurinn skal endurskoðaður og auglýstur á sama hátt og sýslureikningar.

Reykjavík, 6. desember 1920.

Olafur Briem.

104
11. des.

Hafnarreglugjörð

fyrir

Vestmannaeyjakaupstað.

Stjórnarráðið hefir 11. desember 1920 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917.

I. kafli.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Höfnin takmarkast af strandlengjunni á Heimaey á einn veg og skiftist í:

a. Innri höfn,
b. Ytri höfn og
c. Hafnarlegu.

Hafnarsvæði þessi eru: 104

a. Innri höfnin er hinn svokallaði Botn og takmarkast af skjólgörðunum á Hringskeri og Hörgseyri og landinu í kring. 11. des.

b. Ytri höfnin takmarkast af Heimaey, Heimakletti, Ystakletti að Klettsnefi og línu frá því í Sigurðar-Rönku.

c. Hafnarlegan er austan og norðan Heimaeyjar:

1. Austan Heimaeyjar nær hún yfir svæðið, sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Sigurðar-Rönku sunnan í Bjarnarey, þaðan í Elliðaey að norðvestan, þaðan í Faxasker, þaðan í Ystaklett og meðfram honum í Klettsnef og úr því í Sigurðar-Rönku.
2. Norðurlegan nær yfir svæðið, sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Faxaskeri í Ystaklett með honum og Heimakletti, Eiði, Klyfi og Dalfjalli móts við Grasleysu, í hana og þaðan í Faxasker.

II. kafli.

Um lestagjald.

2. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hvers kyns uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm, eða með vörur eða seglfestu skulu greiða lestargjald í hvert sinn er þau leggjast á Innri- eða Ytri höfn, þó með þeim undantekningum, er síðar getur. Gjaldið reiknast af nettó burðarmagni skipsins sje ekki öðruvísi ákveðið, talið í heilum tonnum og er hálft tonn talið sem heilt en minna broti slept.

3. gr.

a. Allar fleytur, sem heima eiga í Vestmannaeyjum og minni eru en 30 tonn, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári 1. apríl, 10 krónur fyrir hvert tonn af brútto stærð skipsins eða fleytunnar, þó aldrei minna en 20 krónur. Uppskipunarbátar, prammar og önnur uppskipunartæki, svo og geymsluskip greiða sama gjald, þótt stærri sjeu en 30 tonn.

b. Innlend fiskiskip, hverju nafni sem nefnast, svo og öll skip, sem eru eingöngu í innanlands siglingum, skulu greiða lestagjald, 30 aura fyrir hvert tonn, þó ekki oftar en einu sinni á mánuði, þótt þau komi oftar til hafnar.

c. Öll önnur skip, sem á tjeð hafnarsvæði (Innri- og Ytri höfn) koma, nema herskip, björgunarskip, skip sem hafa skírteini sem skemtiskip, skip sem gjörð eru út til vísindalegra rannsókna og skip sem nefnd eru undir staflið d. þessarar greinar, skulu greiða 40 aura lestargjald fyrir hvert tonn; skip sem sigla eftir fastri áætlun, skulu þó eigi greiða gjald þetta oftar en einu sinni á mánuði. Hafnarnefnd er heimilt að semja um lægra gjald fyrir skip er sigla eftir fastri áætlun hvort er með ströndum landsins eða milli landa.

d. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemda á skipi, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt affermi eða fermi einhverjar vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinn til að rjetta áttavita eða fá skipanir.

4. gr.

Skip, sem liggja á Innri höfn lengur en sólarhring, en eiga að greiða lestagjald eftir 3. gr. staflið b eða c, skulu auk þess gjalds greiða 20 aura lestagjald af hverju tonni fyrir sólarhring, þó aldrei meira en 10 krónur fyrir hvert tonn í senn.

104 11. des.

5. gr.

Skip, sem lestagjald á að greiða samkvæmt 3. gr. stafl. b eða c, ef þau leggjast á Innri eða Ytri höfnina, skulu, ef þau leggjast á Hafnarleguna (sbr. 1. gr.) greiða sama lestagjald og sem þau læju á Ytri höfn, ef þau afferma eða ferma vörur eða hafa viðskifti við Eyjarnar og ekki eru undanþegin lestagjaldi, samkvæmt 3. gr. stafl. c eða d.

III. kafli.

Um hafnarfestar og gjöld fyrir afnot þeirra.

6. gr.

Hafnarfestum þeim, sem lagðar eru á höfnina á kostnað lendingarsjóðs, skal haldið við á kostnað hafnarsjóðs, sem hefur umráð yfir þeim, til afnota fyrir vjelarbáta og önnur smáskip, er stunda fiskiveiðar í Vestmannaeyjum.

Þangað til 1. janúar ár hvert hafa Vestmannaeyingar forgangsrjett til að fá á leigu hafnarfestar hjá hafnarnefnd til afnota fyrir báta, sem er eign þeirra að öllu leyti. Hafnarfestar þær, sem eigi eru leigðar Vestmannaeyingum 1. janúar ár hvert, skal hafnarnefnd leigja eða lána til afnota fyrir báta án tillits til hverjir eru eigendur þeirra, um eitt ár eða skemri tíma, og gengur sá fyrir, er fyr beiðist láns eða leigu. Í byrjun leigutímans, sem eigi má vera lengri en eitt ár, skal hafnarnefnd sjá um, að hin leigða hafnarfesti sje í góðu lagi.

Hafnarnefnd er skylt að sjá um, að jafnan sjeu nógar hafnarfestar fyrir báta Vestmannaeyinga, og ennfremur nokkrar handa öðrum bátum, svo framarlega sem rúm hafnarinnar leyfir.

Enginn bátur má liggja á Innri höfninni fyrir akkerum eða öðrum festum en einhverri hafnarfestanna, nema þær sjeu allar leigðar, og má bátur þá ekki liggja á öðrum stað, en hafnarvörður vísar til.

Hafnarvörður skipar fyrir um hvar og hvernig skipum er lagt á Innri höfn og er heimilt að skipa einnig fyrir um legu þeirra á Ytri höfn.

7. gr.

Bátar eða skip, sem fá leigðar festar þær, er umgetur í 6. gr. hjer á undan, skulu greiða í festargjald 10 krónur á ári í leigu fyrir hvert tonn af brutto stærð skips eða báts, en fyrir styttri tíma minna gjald, er hafnarnefnd ákveður.

IV. kafli.

Um hafnarbryggjugjald og afnot hafnarbryggjunnar.

8. gr.

Fyrir afnot hafnarbryggjunnar greiði kaupmenn, skipaafgreiðslur og aðrir atvinnurekendur, sem flytja að eða frá vörur um skemri eða lengri tíma 50 til 1500 krónur um árið eftir ákvörðun hafnarnefndar. Ákvæði þetta nær þó eigi til þeirra, sem sjálfir hafa bryggjur sunnan við höfnina til almenningsafnota, og skulu þeir ekkert gjald greiða. Án leyfis hafnar-

nefndar eða hafnarvarðar má ekkert liggja á hafnarbryggjunni, sem tálmað getur umferð um hana eða afnotum hennar við vöru- eða fiskflutning. Bátar mega aldrei liggja við hafnarbryggjuna að nauðsynjalausu án leyfis hafnarvarðar. 104 11. des.

V. kafli.

Ýms gjöld til hafnarinnar.

9. gr.

Fyrir að leggja skipi yfir 30 tonn að stærð eða sem ekki á heima í Vestmannaeyjum á fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 10 aura af hverju tonni af netto stærð skipsins fyrir hvern sólarhring.

10. gr.

Fyrir uppsátur báta á Innri höfn greiðist 15 krónur fyrir róðrabát og 30 krónur fyrir mótorbát ár hvert hinn 1. apríl.

VI. kafli.

Ýms ákvæði.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari renna í Hafnarsjóð.

12. gr.

Formaður skips, báts eða fleytu ber ábyrð á greiðslu lestar, festar og uppsátursgjaldi. Eigandi skips eða báts ber ábyrgð á gjöldum samkvæmt reglugjörð þessari, nema bryggjugjaldi, er kaupmaður sá, eða atvinnurekandi ber ábyrgð á, sem hlut á að máli.

13. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari má taka lögtaki og hefir Hafnarsjóður haldsrjett á skipum eða bátum fyrir lestar- festar- og uppsátursgjaldi.

VII. kafli.

Um seglfestu o. fl.

14. gr.

Enginn má kasta út seglfestu eða grjóti á Innri höfninni; eigi heldur má taka seglfestu nje leggja hana á land á öðrum stað en þeim, er hafnarvörður ákveður. Öll óþörf akkeri skulu tekin af höfninni svo og skipsflök og hvaðeina skipum hættulegt, er liggja kann á henni eða á ströndinni meðfram henni.

Skal þetta gert á kostnað hlutaðeiganda, ef þeir gjöra það ekki sjálfir eftir skipun hafnarnefndar.

VIII. kafli.

Leiðarljós og önnur merki.

15. gr.

Til leiðbeiningar við inn og útsiglingu af höfninni skal á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, vera ljós á þeim stöðum, sem hafnarnefnd tiltekur, frá því hálftíma eftir sólarlag og til hálftíma fyrir sólaruppkomu.

Veifur um daga en ljós á nóttum skal vera til taks á Gjábakka og Eiðinu, er gefi bendingu um að leið sje ófær. Aldrei mega vjelarbátar fara með fullri ferð á Innri hafnarlegunni eða Leiðinni, þegar fleiri bátar eru þar á ferð. A höfninni má eigi blása í þokuhorn, nema hjálpar þurfi.

IX. kafli.

Hafnarnefnd, hafnarvörður, hafnarsjóður.

16. gr.

I hafnarnefnd skulu vera 5 menn, oddviti bæjarstjórnar og 4 menn, er bæjarstjórn kýs, 2 úr sínum flokki og 2 utan bæjarstjórnar úr flokki kjósenda og skal annar vera kaupmaður og hinn sjómaður; kosningin gildir til eins árs.

Hafnarnefndarmenn fá engin laun fyrir starf sitt.

Bæjarstjórn skipar eftir tillögum hafnarnefndar hafnarvörð og aðstoðarmenn hans, sem fyrir hönd hafnarnefndar hafa alla daglega umsjón með höfninni.

Hafnarvörður sjer um að hafnarreglugjörðinni sje fylgt og að alt fari reglulega fram á höfninni; hann hefir og umsjón með og segir fyrir um afnot allra opinberra bryggna; hann kveikir og slekkur á leiðarljósunum á ákveðnum tíma og sjer um að hafnarmerki og hafnarfestar sjeu í góðu lagi. Hann skal ráða bót á öllum skemdum sem fyrst og haganlegast og hefir hafnarnefnd í ráðum, ef þörf þykir, og hann ber ábyrgð á því fyrir hafnarnefndinni, að alt sje í reglu. Bæjarstjórnin ákveður þóknun handa honum og aðstoðarmanni hans, sem greiðist úr hafnarsjóði.

Lögreglustjóri innheimtir tekjur hafnarsjóðs gegn 6% innheimtulaunum og gerir árlega reikning fyrir tekjum hans og gjöldum. Reikningarnir skulu fylgja bæjarsjóðs-reikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

Bæjarstjórnin ákveður hvernig fje hafnarsjóðs skuli ávaxtað, enda ber hún ábyrgð á innstæðum hans eins og öðrum eignum bæjarsjóðs.

X. kafli.

Hegningarákvæði o. fl.

17. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum 10 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

104
11. des.

19. gr.

Hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakauptún frá 14. febrúar 1911, er hjermeð úr gildi feld.

20. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1921 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1926, þó ekki síðar en þegar hinni fyrirhuguðu hafnargjörð er lokið.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. desember 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

105
13. des.

um

notkun og meðferð rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Rafveita Seyðisfjarðarkaupstaðar selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar veitunnar ná yfir að svo miklu leyti sem afl hennar nægir til, samkvæmt eftirfarandi skilmálum.

2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefir á hendi yfir stjórnrafveitunnar. Hún ákveður hvernig rekstri rafveitunnar skuli hagað og stjórnar fjármálum hennar, ræður starfsmenn og ákveður laun þeirra og starfssvið, að fengnum tillögum rafveitunefndar í hvert sinn.

Rafveitunefnd er bæjarstjórn kýs stjórnar málefnum rafveitunnar. Í nefndinni eru 3 menn kosnir til þriggja ára og skulu 2 þeirra ávalt vera úr tölu bæjarfulltrúa. Gengur einn maður árlega úr nefndinni. Tölu nefndarmanna getur bæjarstjórn breytt með fundarsamþykt. Rafveitunefnd skal halda gjörðabók. Í hana skal skrá allar samþyktar tillögur svo og ágreiningsatriði, ef hlutaðeigandi æskir þess. Rafveitunefnd velur sér formann í byrjun hvers árs, er boðar til nefnarfundar þegar þörf krefur. Skyldur er hann að boða fundi þá er bæjarstjórnin æskir eða meirihluti nefndarmanna.

3. gr.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má því aðeins stöðva þær eða taka

105 af strauminn, að brýna nauðsyn beri til sökum aðgerða eða eftirlits, er ekki verði hjá komist,
13. des. og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum í þræðina svo fljótt sem unt er.

Breytingar og aðgerðir, svo og viðtengingar á nýjum línum skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, fara fram á þeim tímum, sem veitan er lokuð. Komi það fyrir, að veitan sje lokuð sökum aðgerða, sem ekki verður hjá komist, lengur en tvo sólarhringa í senn á þeim tíma, sem hún á að vera opin, skal draga frá $^1/_{300}$ af árgjaldinu hjá þeim, sem hafa straumtakmarkara fyrir hvern sólarhring, sem framyfir er, þó ekki á tímabilinu frá 20. maí til 20. júlí ár hvert. Að öðru leyti ber bærinn enga ábyrgð gagnvart straumnotendum á lokun, sem stafar af ófyrirsjáanlegum atvikum (force majeure), heldur verður skemdin bætt eins fljótt eins og unt er. Allar breytingar frá venjulegum rekstri auglýsir bæjarstjórnin með hæfilegum fyrirvara.

4. gr.

Hver sá, sem óskar að fá leitt inn til sín rafmagn eða breytt eldri raflagningu, skal senda formanni rafveitunefndar skriflega beiðni um það, með nákvæmum upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann vill fá alls, hve mikið til ljósa, suðu, vjela eða annars. Rafveitunefnd ákveður, að fengnu áliti stöðvarstjóra, hvort raflagningin skuli leyfð; eða ekki og tilkynnir umsækjanda úrskurð sinn og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en 3 vikum eftir að formaður rafveitunefndar hefir fengið umsóknina.

Áður en byrjað er á raflagningunni, skal hlutaðeigandi með undirskrift sinni á pöntunarseðil skuldbinda sig til að uppfylla allar þær kröfur, sem reglugjörðin gerir til hans.

Pöntun á rafmagni til lýsingar sje bindandi til 1. október næst á eftir, Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta ár, sem telst frá 1 október til 30. september o. s. frv. nema notandi eða húsráðandi flytji búferlum og húsið sje án íbúðar, þó skal hlutaðeigandi greiða gjald fyrir ársfjórðung þann, er hann flytur burt á.

5. gr.

Húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðaltaugum að húsinu, alt að 35 metra. Standi hús lengra en 35 metra frá næstu aðaltaug, kostar húseigandi það, sem fram yfir fer, en rafveitan lætur undir öllum kringumstæðum vinna verkið og kostar sjálf uppsetningu á vörum og takmarkara eða mæli. Ef sjerstakir erfiðleikar eru við lagning húsálmu, getur rafveitan krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af því hlýtst, en ef svo stendur á, skal gera húseiganda aðvart fyrirfram.

Aðaltaugakerfi rafveitunnar má ekki stækka nema með samþykki bæjarstjórnar.

6. gr.

Innanhústaugar, lampar og önnur áhöld, vjelar o. s. frv., skal setja upp á kostnað hlutaðeiganda af löggiltum rafvirkja. Engir nema þeir, sem bæjarstjórnin eftir tillögum rafveitunefndar löggildir til þess; mega leggja raftaugar, setja upp lampa eða önnur raftæki eða vjelar, nje heldur að neinu leyti breyta eldri raflögnum.

7. gr.

Nú hafa verið lagðar raftaugar í hús eða breyting verið gerð á eldri taugum, og má ekki setja slíkar taugar í samband við raftaugar bæjarins, fyr en fulltrúi rafveitunefndar, eða annar, sem rafveitunefnd felur það, hefir prófað þær og gengið úr skugga um, að þær sjeu öruggar og samkvæmt fyrirmælum rafveitunefndar.

Álítist innanhústaugarnar ófullnægjandi að einhverju leyti, skal hlutaðeigandi rafvirki laga þær þannig að þær sjeu fullnægjandi.

8. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr taugakerfi bæjarins, nje ótilkvaddur brjóta innsigli rafveitunnar og ekki heldur aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugurnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögunum.

9. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur að sjá um, að innanhústaugar hans sjeu ætíð í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða raftæki í húsi, þannig, að skemdum valdi á taugum eða áhöldum rafveitunnar, t. d. að öryggi hrökkvi í sundur, mælar eða takmarkarar skemmist, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það fulltrúa rafveitunefndar.

Þar sem rafmagn er notað til ljósa, skal varast að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

Þar sem rafmagn er notað til suðu eða hitunar, ber þess að gæta, að suðu- eða hitunaráhöldin standi ekki svo nálægt veggjum, að brunahætta stafi af. Suðuáhöld skulu standa á palli eða undirlagi úr eldtraustu efni. Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss en rafveitan utan

10. gr.

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota lampa og áhöld, sem eftir áliti hennar eru talin ótrygg, eða til tálmunar góðum rekstri. Sjerstaklega skulu vjelar vera þannig gerðar, að þær byrji ekki ganginn eða stöðvi hann snögglega, heldur jafnt, svo það hafi ekki áhrif á ljósin.

11. gr.

Stöðvarstjóri og fulltrúar rafveitunefndar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang alstaðar þar sem taugar og áhöld eru í sambandi við aðaltaugarnar, til þess að rannsaka hvort alt er í lagi.

12. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, er hann hefir samkvæmt þessari reglugerð, skal þá rafveitunni heimilt að slíta sambandi við hann, og ber notandi fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

105
13. des.

13. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er bæjarstjórninni heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum, sker bæjarstjórnin úr.

14. gr.

Reglugjörð þessari og gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

15. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum, sem renna í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3 nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. desember 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

106
13. des.

Gjaldskrá

fyrir

notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til lýsingar er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir	50	Watt	kr.	36,00
»	75	»	»	52,00
»	100	»	»	64,00
»	150	»	»	96,00
»	200	»	»	124,00

»	250	»	»	156,00
»	300	»	»	184,00
»	350	»	»	212,00
»	400	»	»	240,00
»	450	»	»	268.00
»	500	»	»	296,00

og svo 28 kr. fyrir hver 50 watt úr því. Leiga fyrir takmarkarana er innifalin í þessu verði.

Um mæli er verðið þannig:

a. Til lýsingar 100 aurar fyrir hverja kilowattstund.
b. Til vjela við iðnrekstur 50 aurar fyrir hverja kilovattstund.
c. Til suðu og hitunar 12 aurar fyrir hverja kilowattstund.

Ofannefnt gjald undir staflið a. og c. er bæjarstjórninni heimilt að hækka eða lækka um alt að 25%, og gjald undir staflið b. um alt að 50% bæði í einstökum tilfellum og almennt.

Gjald fyrir götuljós og ljós til húseigna og bryggja bæjarins ákveður bæjarstjórnin sjálf.

2. gr.

Leiga eftir mæli er kr. 16,00 á ári. Sje mælir eða straumtakmarkari ekki til í svip handa einhverjum straumnotanda ákveður rafveitunefnd gjaldið, með tilliti til straummagns þess, sem notað er, þar til úr því verður bætt.

3. gr.

Gjaldið greiðist ársfjórðungslega eftir á. Þar sem straumtakmarkari er notaður er $^1/_4$ hluti greiddur í hvert skifti. Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjalddaga er rafveitunni heimilt að slíta sambandi við hlutaðeigandi, eftir skriflega tilkynningu til hans.

Taka má gjaldið lögtaki. Gjaldið greiðist til þess manns, er bæjarstjórnin felur innheimtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir takmarkara eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. desbr. 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

107
31. des.

Reglugjörð

um

breyting á reglugjörð 3. okt. 1919 um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði.

2. málsgrein 16. greinar reglugjörðarinnar orðist þannig:
Fardagaárið er reikningsár rafveitunnar.

Reðlugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3 nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 31. des. 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

108
31. des.

Auglýsing

um

breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Patrikshrepps frá 3. okt. 1919.

1. málsgrein 2. greinar orðist þannig:
Fardagaárið er reikningsár rafveitunnar.

Þetta birtist hjermeð til eftirbreytni öllum þeim. sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 31. desember 1920.

Pjetur Jónsson

Oddur Hermannsson.

Reikningur 109

yfir tekjur og gjöld árgjaldasjóðs árið 1919.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun:				
	a. Í bankavaxtabrjefum	kr.	2000,00		
	b. - sparisjóði	—	62,74		
				kr.	2062,74
2.	Vextir á árinu:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	90,00		
	b. — innstæðu í sparisjóði	—	3,30		
				kr.	93,30
				Kr.	2156,04

Gjöld:

1.	Úthlutað á Synodus 1919			kr.	90,00
2.	Eign í árslok:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	2000,00		
	b. Innstæða í sparisjóði	—	66,04		
				—	2066,04
				Kr.	2156,04

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 15. jan. 1920.

Jón Helgason.

Reikningur 110

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar árið 1919.

Tekjur:

1.	Sjóður í árslok 1918:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	1500,00		
	b. Skuldabrjef	—	1000,00		
	c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	3964,69		
	d. — - Landsbanka	—	402,17		
	e. Hjá reikningshaldara	—	16,85		
				Kr.	6883,71

110

2.	Vextir á árinu:			
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	75,50	
	b. — Skuldabrjefi	—	45,00	
	c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	188,72	
	d. — — í Landsbanka	—	5,69	
			—	315,91
3.	Til jafnaðar við gjaldlið 3 b.		—	400,00
			Kr	7599,62

Gjöld:

1.	Auglýsing í Lögbirtingablaði		kr.	9,80
2.	Keypt bankavaxtabrjef (400 kr. nafnverð) + vöxtum frá $^1/_1$		—	385,00
3.	Sjóður í árslok:			
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	1500,00	
	b. — keypt á árinu	—	400,00	
	c. Skuldabrjef	—	1000,00	
	d. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	4153,41	
	e. — í Landsbanka	—	89,56	
	f. Hjá reikningshaldara	—	61,85	
			kr.	7204,82
			Kr.	7599,62

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 15. jan. 1920.

Jón Helgason.

111

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1919.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun:			
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	15900,00	
	b. Innstæða í sparisjóði	—	706,94	
		kr.		16606,94
2.	Vextir á árinu:			
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	729,00	
	b. Af innstæðu í sparisjóði	—	24,86	
		—		753,86
3.	Til jafnaðar við gjaldlið 5 b	—		600,00
		Kr.		17960,80

Gjöld: 111

1.	Greitt Hvanneyrarprestakalli			kr.	140,00
2.	Styrkur veittur			—	400,00
3.	Greitt fyrir auglýsingu			—	6,30
4.	Keypt bankavaxtabrjef (nafnverð 600,00) + vöxtum frá 1/1			—	580,00
5.	Eign í árslok.				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	15900,00		
	b. Hin keyptu brjef á árinu	—	600,00		
	c. Í sparisjóði	—	334,50		
				—	16834,50
				Kr.	17960,80

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 15. jan. 1920.

Jón Helgason.

Reikningur 112

yfir tekjur og gjöld prestsekknasjóðs árið 1919,

Tekjur:

1.	Eign í árslok 1918 (sbr. Stjórnartíð 1919 B bls. 125)			kr.	35964,11
2.	Vextir á árinu:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr,	616,50		
	b. — veðskuldabrjefi	—	120,00		
	c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	876,64		
	d. — — - Landsbanka	—	47,24		
				kr.	1660,38
3.	Gjafir og tillög á árinu			—	547.00
				Kr.	38171,49

Gjöld:

1.	Úthlutað á Synodus			kr.	1300,00
2.	Eign í árslok 1919:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	13700,00		
	b. Veðskuldabrjef	—	2400.00		
	c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	18793,46		
	d. — - Landsbanka	—	1129,56		
	e. Í hlaupareikningi	—	515,75		
	f. Hjá reikningshaldara	—	332,72		
				—	36871,49
				Kr.	38171,49

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 15. janúar 1920.

Jón Helgason.

113

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1919.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun 1919:				
a. Jörðin Ytra-Vallholt	kr.	4000,00		
b. Bankavaxtabrjef	—	1000,00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	2043,85		
d. — - Landsbanka	—	11,46		
			kr.	7055,49
2. Landskuld og leigur Ytra-Vallholts			—	116,00
3. Vextir á árinu:				
a. Af bankavaxtabrjefi	kr.	45,00		
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	97,29		
c. — — - Landsbanka	—	2,88		
			—	145,17
			Kr.	7316,66

Gjöld:

1. Úthlutað fátækum ekkjum í Hegranessþingi:				
a. Jarðarafgjaldinu öllu	kr.	116,00		
b. Af vöxtum legatsins	—	75,00		
			kr.	191,00
2. Eign í árslok:				
a. Jörðin Ytra-Vallholt	kr.	4000,00		
b. Bankavaxtabrjef	—	1000,00		
c. Innstæða í söfnunarsjóði	—	2068.18		
d. — í Landsbanka	—	57,48		
			—	7125,66
			Kr.	7316,66

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 15. jan. 1920.

Jón Helgason.

114

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Kirkjujarðasjóðs árið 1919.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. á.			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	267300,00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	34997,57	
	Flyt kr.		302297,57

114

	Flutt kr. 302297,57		
c. Útistandandi í lánum	— 587763,00		
d. Á vöxtum í Landsbankanum	— 12594,07		
		kr.	902654,64
2. Andvirði seldra kirkjujarða 1919		—	58500,00
3. Andvirði fallinna húsa á pretssetrinu Hesti		—	55,00
4. Ágóði af útdregnum bankavaxtabrjefum (8400 kr.)		—	462,00
5. Afborganir af lánum		—	27511,76
6. Vextir:			
a. Af lánum	kr. 23573,06		
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1665,89		
c. — bankavaxtabrjefum	— 12267,00		
d. — bankainneign	— 1379,37		
		—	38885,32
7. Til jafnaðar móti gjaldlið 7 a 2		—	10600,00
		Kr.	1038668,72

Gjöld:

1. Vextir af andvirði seldra kirkjujarða frá prestaköllum, þar sem prestarnir taka laun eftir eldri launalögum		kr.	8354,73
2. Keypt bankavaxtabrjef að upphæð 10600 kr. (6000 á 95%, 3000 á 91% og 1600 á 94,5%).		—	9942,00
3. Gjöld sjóðsins		—	1250,00
4. Til jafnaðar móti tekjulið 5		—	27511,76
5. Vextir til Prestslaunasjóðs		—	28596,32
6. Tillag fyrir prestsetrið Ólafsvelli með hjáleigum til áveitufyrirtækis		—	3763,09
7. Eign við árslok:			
a. 1. Bankavaxtabrjef frá fyrra ári	kr. 267300,00		
– 2. — keypt á árinu	— 10600,00		
	kr. 277900,00		
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 36663,46		
c. Útistandandi í lánum	— 608356,24		
d. Á vöxtum í Landsbankanum	— 36231,12		
		—	959250,82
		Kr.	1038668,72

Reykjavík, 19. maí 1920.

G. Sveinbjörnsson.

115

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Thorkillii-barnaskólasjóðs árið 1919.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1919, B, bls. 122):			
	a. Veðskuldabrjef	kr.	76251,48	
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	3000,00	
	c. Bankainnstæða	—	737,23	
			kr.	79988,71
2.	Seld eintök af æfisögu Jóns Þorkelssonar		—	60,00
3.	Vextir:			
	a. Af veðskuldabrjefum	kr.	3121,31	
	b. Af hlutabrjefum í Íslandsbanka	—	250,00	
	c. Af bankainnstæðu	—	20,27	
			—	3391,58
			kr.	83440,29

Gjöld:

1.	Meðlag með börnum:			
	a. Geir Jónssyni	kr.	160,00	
	b. Helgu H. Helgadóttur með kostnaði við lækning	—	165,45	
	c. Hirti Jónssyni	—	160,00	
	d. Guðrúnu Elliðadóttur	—	150,00	
	e. Ólafi Ásmundssyni	—	140,00	
	f. Tómasi Klog Jochumssyni	—	140,00	
	g. Ólafi Jónssyni Thorarensen	—	140,00	
	h. Sverri Jónssyni	—	160,00	
			kr.	1215,45
2.	Eign til næsta árs:			
	a. Veðskuldabrjef	kr.	77606,74	
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	3000,00	
	c. Bankainnstæða	—	1618,10	
			—	82224,84
			kr.	83440,29

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 2. febrúar 1920.

G. Sveinbjörnsson.

Reikningur

116

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar árið 1919.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1919, B, bls. 123):				
	a. Lán Reykjavíkur	kr.	15000,00		
	b. Veðdeildarbrjef	—	7600,00		
	c. Lán gegn fasteignarveði	—	44850,00		
	d. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	3000,00		
	e. Innstæða í bönkum	—	2329,89		
				kr.	72779,89
2.	Vextir:				
	a. Af láni Reykjavíkur	kr.	600,00		
	b. Af Veðdeildarbrjefum	—	330,75		
	c. Af fasteignarveðslánum	—	1836,94		
	d. Af Íslandsbankabrjefum	—	250,00		
	e. Af bankainnstæðu	—	50,76		
				—	3068,45
				Kr.	75848,34

Gjöld:

1.	Styrkur til Dr. phil. prófessors Sigurðar Nordal			kr.	1000,00
2.	Leiga á fyrirlestrahúsnæði			—	677,50
3.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Lán Reykjavíkur	kr.	14000,00		
	b. Veðdeildarbrjef	—	7100,00		
	c. Lán gegn fasteignarveði	—	46650,00		
	d. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	3000,00		
	e. Innstæða í bönkum	—	3420,84		
				—	74170,84
				kr.	75848,34

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðssins, 2. febr. 1920.

G. Sveinbjörnsson.

117

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Herdísar og Ingileifar Benedictsen 1919.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1919, B, bls. 124):				
	a. Lán gegn fasteignarveði	kr.	79790,00		
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	2400,00		
	c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	7757,61		
	d. Veðdeildarbrjef	—	1200,00		
	e. Innstæða í bönkum	—	2043,67		
				kr.	93191,28
2.	Vextir:				
	a. Af fasteignarveðslánum	kr.	3331,04		
	b. Af hlutabrjefum í Íslandsbanka	—	200,00		
	c. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	—	369,26		
	d. Af veðdeildarbrjefum	—	99,00		
	e. Af fje í bönkum	—	33,02		
				—	4032,32
3.	Agóði á keyptum veðdeildarbrjefum			—	110,00
				Kr.	97333,60

Gjöld:

1.	Greiddur kostnaður við viðhald á grafreiti sjóðstofnanda			kr.	11,50
2.	Endurgreiddir ofreiknaðir vextir			—	95,24
3.	Sjóður í árslok:				
	a. Lán gegn fasteignarveði	kr.	79790,00		
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	2400,00		
	c. Innstæða í Sofnunarsjóði	—	8126 87		
	d. Veðdeildarbrjef	—	3200,00		
	e. Innstæða í bönkum	—	3709 99		
				—	97226,86
				Kr.	97333,60

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 2. febr. 1920.

G. Sveinbjörnsson.

Reikningur 118

yfir tekjur og gjöld »Landsspítalasjóðs Geirs Zoëga kaupmanns og frú Helgu Zoëga konu hans« árið 1919.

Tekjur:

1.	Eign frá fyrra ári (Stj.tíð. 1919, B, bls. 330):				
	a. Á innlánsskírteini í Íslandsbanka	kr.	2285,63		
	b. Sparisjóðsinnstæða í sama banka	—	60.54		
				kr.	2346,17
2.	Vextir:				
	a. Af fje á innlánsskírteini	kr.	103,96		
	b. Af sparisjóðsinnstæðu	—	2,46		
				—	106,42
				Kr.	2452,59

Gjöld:

	Eign í árslok:				
	a. Á innlánsskírteini í Íslandsbanka	kr.	2389,59		
	b. Sparisjóðsinnstæða í sama banka	—	63,00		
				kr.	2452,59
				Kr.	2452,59

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 1. júlí 1920.

G. Sveinbjörnsson.

Reikningur 119

yfir tekjur og gjöld »Styrktarsjóðs Kristjáns Jónssonar læknis« árið 1919.

Tekjur:

1.	Eign frá fyrra ári (Stj.tíð. 1919, B, bls. 331):				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	5000,00		
	b. Bankainnstæða	—	1140,70		
				kr.	6140,70
2.	Vextir:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	270,00		
	b. Af bankainnstæðu	—	11,63		
				—	281,63
3.	Agóði á keyptu bankavaxtabrjefi			—	55,00
				Kr.	6477,33

119

Gjöld:

1. Styrkur veittur			kr.	80,00
2. Eign í árslok:				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	6000.00		
b. Bankainnstæða	—	397,33		
			—	6397,33
			Kr.	6477,33

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 1. júlí 1920.

G. Sveinbjörnsson.

120

Reikningur

»Líknarsjóðs Sigríðar Melsted« árið 1919.

Stofnfje: Keldnakot í Stokkseyrarhreppi, 11,12 hndr. n. m.

Tekjur:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	409,56
2. Afgjald af Keldnakoti	—	120,00
3. Vextir í Söfnunarsjóði	—	19,66
	Kr.	549,22

Gjöld:

Sjóður:		
Í Söfnunarsjóði	kr.	549,22
	Kr.	549,22

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 19. okt. 1920.

G. Sveinbjörnsson.

121

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Ræktunarsjóðs Íslands 1919.

Tekjur:

1. Höfuðstóll 31. desember 1918:		
4% þjóðjarðasölulán	kr.	426929,86
4% önnur lán	—	3098,37
Flyt	kr.	430028,23

121

		Fluttar	—	430028,23	
$3^1/_2$% tóvjelalán			—	720,00	
3% lán til hreppa			—	488,57	
3% lán til bænda			—	10354,47	
4% lán til prestakalla			—	2558,00	
4% lán til bænda			—	215731,55	
4% jarðakaupalán			—	26445,70	
Ógoldnir vextir 1916:					
4% lán til bænda	kr.	8,00			
Ógoldnir vextir 1917:					
3% lán til bænda	—	22,50			
4% lán til bænda	—	44,00			
Ógoldnir vextir 1918:					
4% þjóðjarðasölulán	—	133,22			
3% lán til bænda	—	24,90			
4% lán til prestakalla	—	4,20			
4% lán til bænda	—	143,52			
			—	380,34	
Í Landsbankanum með sparisjóðskjörum			—	105538,47	
Í Íslandsbanka með sparisjóðskjörum			—	56240,38	
				kr.	848485,71
2. Vextir goldnir 1919:					
4% þjóðjarðasölulán			kr.	17832,49	
4% önnur lán			—	134,18	
$3^1/_2$% tóvjelalán			—	25,20	
3% lán til hreppa			—	14,81	
3% lán til bænda			—	359,82	
4% lán til prestakalla			—	101,27	
4% lán til bænda			—	8821,96	
4% jarðakaupalán			—	1059,31	
Af inneign í bönkum			—	7937,71	
			—	—	36286,75
3. Ógoldnir vextir 1919:					
4% þjóðjarðasölulán			kr.	23,52	
3% jarðabótalán til bænda			—	3,00	
4% jarðabótalán til prestakalla			—	7,00	
4% jarðabótalán til bænda			—	57,76	
4% jarðakaupalán			—	18,80	
			—	—	110,08
4. Afborganir lána:					
4% þjóðjarðasölulán			—	48582,68	
4% önnur lán			—	930,77	
$3^1/_2$% tóvjelalán			—	120,00	
3% lán til hreppa			—	488,57	
3% lán til bænda			—	2090,71	
4% lán til prestakalla			—	282,00	
		Flyt	kr.	51494,73	kr. 884882,54

121

	Fluttar	kr.	51494,73	kr. 884882,54
	4% lán til bænda	—	15755,25	
	4% jarðakaupalán	—	3520,81	
			—	71770,79
5.	Andvirði seldra þjóðjarða: 1—26		—	114875,00
			Kr.	1071528,33

Gjöld:

1.	Verðlaun		kr.	1750,00
2.	Vextir í ríkissjóð		—	18520,25
3.	Gjöld sjóðsins		—	1678,60
4.	Til jafnaðar móti tekjulið 4 færist		—	71770,79
5.	Höfuðstóll 31. desember 1919:			
	4% þjóðjarðasölulán	kr. 472577,18		
	4% önnur lán	— 2167,60		
	3½% tovjelalán	— 600,00		
	3% lán til bænda	— 8263,76		
	4% lán til prestakalla	— 3876,00		
	4% lán til bænda	— 203876,30		
	4% jarðakaupalán	— 24924,89		
	Ógoldnir vextir 1919:			
	4% þjóðjarðasölulán	kr. 23,52		
	3% lán til bænda	— 3,00		
	4% lán til prestakalla	— 7,00		
	4% lán til bænda	— 57,76		
	4% jarðakaupalán	— 18,80		
		—	110,08	
	Á hlaupareikningi í Landsbankanum	—	245354,84	
	Í sama banka með sparisjóðskjörum	—	5540,66	
	Í Íslandsbanka með sparisjóðskjörum	—	10517,38	
			—	977808,69
			Kr.	1071528,33

Reykjavík, 20. september 1920.

Vigfús Einarsson.

Reikningur 122

yfir tekjur og gjöld Fiskiveiðasjóðs Íslands árið 1919.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári:		
	Skuldabrjef fyrir lánum	kr. 161122,43	
	Í Íslandsbanka á innlánsskírteini	— 30000,00	
	Í sama banka með sparisjóðskjörum	— 60406,36	
	Í Landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 130990.09	
			kr. 382519,38
2.	Vextir á árinu:		
	Af útistandandi lánum	kr. 4855,99	
	Af inneign í bönkum	— 9784,78	
			kr. 14640,77
3.	Afborganir lána		— 45334,14
4.	Tillag úr ríkissjóði		— 6000,00
51. Hinn 8. júlí 1919 var stofnað fjelagið »Ísafoldarprentsmiðja hlutafjelag« í þeim tilgangi að reka prentsmiðju, bókband, bókaútgáfu og annað, er stendur í sambandi við þær iðnir. Stjórn fjelagsins skipa: Sveinn Björnsson yfirdómslögmaður í Reykjavík, formaður, August Flygenring kaupmaður í Hafnarfirði, ritari og Ólafur Johnson kaupmaður í Reykjavík, gjaldkeri. Formaður og annar meðstjórnandinn hafa heimild til að rita firmað. Herbert M. Sigmundsson er framkvæmdarstjóri fjelagsins og hefir hann prókúru. Stærð hlutafjárins er 170 þús. krónur, sem stjórnin má auka upp í 200 þús. krónur, og skiftist það í hluti, 5000 kr. hver hlutur. Hlutirnir hljóða á nafn og eru 170 þús. krónur í hlutafjel. greiddar að fullu. Birtingu til fjelagsmanna eru ekki settar í opinber blöð.

Í stjórn Ísafoldarprentsmiðju h/f.
Sveinn Björnsson. Aug. Flygenring. Ól. Johnson.

140 Prókúruhafinn ritar þannig:
p. p. Ísafoldarprentsmiðja h/f.
Herbert M. Sigmundsson.

52. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að á fundi h/f Eggert Ólafsson, sem haldinn var í Reykjavík 18, okt, 1920, varð sú breyting á stjórn fjelagsins, að bankastjóri Hannes Thorsteinsson fjekk lausn úr stjórninni, en í hans stað var kosinn meðstjórnandi Lárus Fjeldsted lögfræðingur í Reykjavík.
pr. h/f. Eggert Ólafsson
Halldór Kr. Þorsteinsson. Elías Stefánsson. Lárus Fjeldsted.
Undirskrift hins nýja meðstjórnanda ritast þannig:
pr. h/f. Eggert Ólafsson.
Elías Stefánsson. Lárus Fjeldsted.
pr. h/f. Eggert Ólafsson
Halldór Kr. Þorsteinsson. Lárus Fjeldsted.

53. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrár, að sú breyting varð á stjórn Isafoldarprentsmiðju h/f., á aðalfundi fjelagsins, sem haldinn var 21. september 1920, að Sveinn Björnsson hæstarjettarmálaflutningsmaður gekk úr stjórninni, og í hans stað var kosinn formaður Pjetur J. Thorsteinsson kaupmaður. Stjórn fjelagsins skipa nú: Pjetur J. Thorsteinsson kaupmaður, formaður. Aug. Flygenring kaupmaður, ritari. Ól. Johnson kaupmaður, gjaldkeri.
Virðingarfyllst
Ísafoldarprentsmiðja h/f.
Pjetur J. Thorsteinsson. Ól. Johnson.

54. Það tilkynnist hjermeð að herra haupmaður Björn Guðmundsson Grjótagötu 7, hefir prókúru-umboð fyrir verksmiðjur mínar De Islandske kem. & tekn. Fabrikker. — Hinar íslensku efnatilbúninsverksmiðjur (Chr. Fr. Nielsen).
De Islandske kem. & tekn. Fabrikker Reykjavík.
Chr. Fr. Nielsen.
Pr. p. Hinar íslensku efnatilbúningsverksmiðjur
(Chr. Fr. Nielsen).
Björn Guðmundsson.

55. Undirritaðir tilkynna hjer með að hlutafjelagið »Björk«, er hætt starfrækslu, og fjelagið leyst upp þann 1 októher þessa árs.
Stjórn hlutafjelagsins »Björk«
Pjetur Ingimundarson. Kjartan Gunnlaugsson. Helgi Magnússon.

56. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg frá og með þessum degi hefi veitt fulltrúa mínum herra Ludvig C. Magnússyni í Reykjavík, prókúruumboð fyrir firma mitt.
Prókúruhafi ritar firmað þannig:
pr. pro. O. J. Havsteen
L. C. Magnússon.
Reykjavík 17. júlí 1920
O. J. Havsteen

57. Vjer leyfum oss hjermeð að tilkynna til firmaskrárinnar, að herra kaupmaður Aug. Flygenring, Hafnarfirði, hefir verið kosinn í stjórn Hins íslenska steinolíuhlutafjelags. Hinn nýji stjórnandi ritar firmað ásamt formanni þannig: **140**

Hið íslenska steinolíuhlutafjelag
M. Eskildsen. Aug. Flygenring.

Virðingarfyllst
Hið íslenska steinolíuhlutafjelag
M. Eskildsen. Aug. Flygenring. Eggert Claessen. Jes. Zimsen.

58. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg hefi veitt herra kaupmanni Ólafi Proppé í Reykjavík prókúruumboð fyrir mig, frá og með þessum degi að telja. Jafnframt afturkallast hjermeð prókúruumboð það, er jeg á sínum tíma veitti herra lögfræðingi Birni Pálssyni Kalman. Ólafur Proppé ritar nafn mitt þannig:

p. p. G. Egilson
Ó. Proppé.

Reykjavík, 13. júlí 1920.
G. Egilson.

59. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrárinnar að þessir menn eru gegnir úr stjórn fiskiveiðahlutafjelagsins »Hilmir«. Guðmundur Kr. Guðmundsson, Ásgeir G. Gunnlaugsson og Jón Arnason, en í stað þeirra voru kosnir í stjórn fjelagsins á fundi þess 25. nóvember 1920, þeir Friðrik K. Magnússon formaður og meðstjórnendur Guðmundur Ólafs og Sigurður Hjaltested. Guðmundur Kr. Guðmundsson hefir ekki lengur prókúru fyrir fjelagið. Prókúruhafi er nú Skúli Jónsson, sem er framkvæmdarstjóri fjelagsins. Friðrik K. Magnússon og Guðmundur Ólafs rita firmað þannig:

Fiskiveiðahlutafjelagið »Hilmir«
Fr. K. Magnússon. Guðm. Ólafs,

Fr. K. Magnússon og Sigurður Hjaltested rita firmað þannig:

Fiskiveiðahlutafjelagið »Hilmir«
Fr. K. Magnússon. Sig. Hjaltested.

Guðm. Ólafs og Sig. Hjaltested rita firmað þannig:

Fiskiveiðahlutafjelagið »Hilmir«.
Guðm. Ólafs. Sig Hjaltested.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. h/f. »Hilmir«
Skúli Jónsson.

Reykjavík 11. desember 1920.
Fiskiveiðahlutafjelagið »Hilmir«
Fr. K. Magnússon. Guðm. Ólafs. Sig. Hjaltested.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Árni Böðvarsson og Sigurður Símonarson tilkynna, að þeir reki, með ótakmarkaðri ábyrgð, »Lean»-holsteinagerð á Akranesi með einkaleyfi fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu undir nafninu »Holsteinageriðin Lean«. Báðir hafa rjett til að rita firmað.

Árni Böðvarsson ritar firmað þannig:

»H. S. G. Lean«
Árni Böðvarsson.

140 Sigurður Símonarson ritar firmað þannig:

»H. S. G. Lean«
Sigurður Símonarson.

2. Stjórn »Kaupfjelags Akraness« tilkynnir, að hún hafi veitt Arnmundi Gíslasyni prókúru umboð.

Hann ritar firmað þannig:

p. p. Kaupfjelag Akraness.
Arnmundur Gíslason.

3. Vigfús Guðmundsson og Björn Guðmundsson reka verzlun í Borgarnesi, báðir með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu: Vigfús & Björn. Hvor um sig hefir rjett til að rita firmað.

Vigfús ritar firmað þannig:

Vigfús & Björn
Vigfús Guðmundsson.

Björn ritar firmað þannig:

Vigfús & Björn.
Björn Guðmundsson.

4. Í stjórn Kaupfjelags Borgfirðinga eru: Sigurður B. Runólfsson í Borgarnesi, framkvæmdarstjóri. Guðmundur Ólafsson á Lundum og Guðmundur Jónsson á Skeljabrekku, meðstjórnendur. Prókúruhafi er Sig. B. Runólfsson.

5. Bændur í Mýra-, Borgarfjarðar- og Hnappadalssýslum reka samvinnufjelag í Borgarnesi undir nafninu »Sláturfjelag Borgfirðinga« og annast fjelag þetta um slátrun á búfje fjelagsmanna, og sölu á afurðum af því. — Lög fjelagsins eru dagsett 20. júlí 1920. Fjelagsstjórnin getur tekið lán handa fjelaginu og veðsett eignir þess. Fjelagsmenn bera ábyrgð á skuldum fjelagsins sem sjálfskuldarábyrgðarmenn, allir fyrir einn og einn fyrir alla. (In solidum). Stjórn fjelagsins skipa: Formaður: Sig. B. Runólfsson framkvæmdarstjóri. Sláturhússtjóri: Guðm. Jónsson, Skeljabrekku. Meðstjórnendur: Davíð Þorsteinsson, Arnbjargarlæk, Jón Hannesson, Deildartungu og Páll Jónsson, Einarsnesi. Prókúru hefir Sig. B. Runólfsson, Borgarnesi og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Sláturfjelag Borgfirðinga
Sig. B. Runólfsson.

Stofnfje fjelagsins er kr. 36,000,00.

III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

Jón Hallgrímsson og Hallgrímur Jónsson, til heimilis í Grafarnesi í Grundarfirði, tilkynna að þeir með firmanafninu »Jón Hallgrímsson & sonur« reka verslun og útgerð í verslunarstaðnum Grafarnesi í Grundarfirði, báðir með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita þeir báðir þannig: »Jón Hallgrímsson & sonur«.

IV. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Ólafur Sigurðsson og Ólafur Pálsson tilkynna, að þeir reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð undir firmanafninu: Verslun S. Guðmundssonar. Rita firmað hvor um sig.

2. »Kaupfjelag Ísfirðinga« rekur verslun á Ísafirði. Fjelagar sem eiga 1 stofnbrjef og versla fyrir 100 kr. á ári, hafa fulla samábyrgð. Stofnfjeð er 4000 kr., innborgað, og skiftist í 100 kr. nafnhluti. Forstjóri ritar firmað utan Ísafjarðar, en 2 stjórnendur á Ísafirði. Í stjórn: Guðm. Guðmundsson forstjóri, Vilmundur Jónsson og Guðjón Jónsson meðstjórnendur. Lög 30. apríl 1920. **140**

3. Ólafur Guðmundsson, Guðm. Pétursson, Þorl. Ólafsson og Jóhann Bárðarson tilkynna að þeir, auk verslunar í Bolungavík, reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð. Þeir rita hvor um sig firmanafnið Ólafur Guðmundsson & Co., með nafni sínu undir. Tilkynningin er gerð 2. mars 1920.

4. Kaupfjelag Mýrarhrepps rekur verslun á Þingeyri. Fjelagar hafa fulla samábyrgð. Lög 12. júní 1920. Í stjórn: Kristinn Guðlaugsson formaður, Friðrik Bjarnason, Björn Guðmundsson, Kristján Davíðsson, Jóhannes Davíðsson meðstjórnendur. Formaður ritar einn firmað. Óskar Jónsson hefir prókúru.

5. Ólafur Kárason tilkynnir að hann reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð undir firmanafninu:

Verslunin Björninn
Ól. Kárason.

6. Kaupfjelag Súgfirðinga rekur verslun á Suðureyri. Fjelagar hafa allir samábyrgð uns ár er liðið frá brottför úr fjelaginu. Friðbert Friðbertsson og Friðrik Hjartarson rita firmað hvor um sig. Prókúru hefir Magnús Arnason. Í stjórn: Þorvarður Brynjólfsson, formaður. Meðstjórnendur: Friðbert Friðbertsson, Friðrik Hjartarson, Halldór Guðmundsson, Jón Einarsson. Lög 16. ágúst 1920.

7. Stjórnin tilkynnir, að stórkaupmaður John Fenger í Reykjavík hafi prókúruumboð fyrir verslunarfjelagið:

Hæstikaupstaðurinn
(Nathan & Olsen).

8. Jóh. J. Eyfirðingur & Co. h/f. tilkynna, að Ingólfur Árnason hafi prókúruumboð.

9. Ólöf Benediktsdóttir tilkynnir að hún reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð undir firmanafninu:

Verslunin Ljónið,
Ólöf Benediktsdóttir.

Gísli Hjálmarsson hefir prókúru.

10. Óli Ketilsson kaupmaður tilkynnir að hann reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð undir firmanafninu:

Nýja Búðin,
Óli Ketilsson.

Hann ritar firmað þannig:

Nýja Búðin,
Óli Ketilsson.

140 11. Guðjón Halldórsson járnsmiður, Kristján A. Kristjánsson kaupmaður og Örnólfur Valdimarsson kaupmaður, reka í fjelagi járnsmíðaverkstæði á Suðureyri með fullri ábyrgð með firmanafninu: G. Halldórsson & Co. Sala fasteigna og veðsetning fer fram í sameiningu, en annars rita þeir firmað hver um sig með nafnfesting. Samningar 27. nóvember 1920.

V. Húnavatnssýsla.

1. Sláturfjelag Austur-Húnvetninga tilkynnir hjermeð, að sú breyting hefir orðið á stjórn fjelagsins, að úr henni hafa gengið Einar Jósefsson og Jón Hannesson og í stað þeirra hafa komið Hannes Jónsson á Undirfelli og Bjarni Jónasson frá Litladal.

Rjett til að rita firma hefir fjelagsstjórnin, en prókúruumboð hafa að eins Hannes Jónsson og Árni Á. Þorkelsson.

Blönduósi, 11. september 1920.

Í stjórn Sláturfjelags Austur-Húnvetninga.

Hannes Jónsson. Bjarni Jónasson. Jón Jónsson.

2. Samkvæmt símskeyti frá stórkaupmanni Carl Sæmundsen, Kaupmannahöfn, hingað, dags. í dag, er firmað Carl Sæmundsen & Co., Blönduósi, hætt atvinnurekstri á Blönduósi.

VI. Skagafjarðarsýsla.

Kaupfjelag Fellshrepps rekur verslun í Hofsós. Lög fjelagsins dagsett 20. mars 1920. Hver fjelagsmaður greiðir 5 kr. inntökugjald og ábyrgjast þeir allir skuldir þess in solidum, uns eitt ár er liðið frá burtför þeirra úr fjelaginu.

Stjórnendur eru: Jón Konráðsson hreppstjóri í Bæ, Sveinn Árnason hreppstjóri á Felli og Tómas Jónasson oddviti á Miðhóli. Stjórnin í heild sinni ritar firmað.

VII. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.

1. Jóhannes Þorsteinsson kaupmaður og Jón E. Sigurðsson kaupmaður, báðir til heimilis hjer í bænum, reka ýmiskonar verslun á Akureyri og útibú á Siglufirði með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

»Verslunin Hamborg, Jóhannes Þorsteinsson & Co.«

Jón E. Sigurðsson ritar einn firmað þannig:

Jóhannes Þorsteinsson & Co.

Jón E. Sigurðsson.

Akureyri, 5. janúar 1920.

Jóhannes Þorsteinsson.

Jón E. Sigurðsson.

2. Hlutafjelagið »Sv. Sigurjónsson & Co.« tilkynnir, að það reki verslun með allskonar vörur. Hlutafjelagið er stofnað 1. maí 1919 og lög þess samþykt. Hlutafjeð 7000 krónur, er skiftist í 7 hluti, 1000 krónur hver, er að fullu innborgað, og hljóða hlutabrjefin á nafn. Í stjórn fjelagsins eru: Hallgrímur Kristjánsson formaður. Meðstjórnendur: Gísli R. Magnússon og Eggert Melstað, allir búsettir á Akureyri. Framkvæmdarstjóri fjelagsins er: Sveinn Sigurjónsson Akureyri. Undirskrift formanns og framkvæmdarstjóra

í sameiningu, skuldbindur fjelagið og eignir þess. Lögheimili fjelagsins og varnarþing er Akureyri. 140

Formaður og framkvæmdarstjóri rita firmað þannig:

p. p. h/f. Sv. Sigurjónsson & Co.
Hallgr. Kristjánsson.
Sveinn Sigurjónsson.

Akureyri, 1. maí 1920.

Stjórn h/f. Sv. Sigurjónsson & Co.
Hallgr. Kristjánsson. Gísli R. Magnússon. Eggert Melstað.

3. Hólmfríður S. Geirdal rekur verslun í Grímsey innan Eyjafjarðarsýslu, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu »H. Geirdal«. Prókúruumboð hefir maður hennar Steinólfur E. Geirdal og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. H. Geirdal.
Steinólfur E. Geirdal.

VIII. Þingeyjarsýsla.

1. Bjarni Benediktsson og Páll Einarsson, báðir til heimilis hjer í bænum, reka ýmiskonar verslun og útgerð í Húsavík í Suður-Þingeyjarsýslu, með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

Bjarni Benediktsson & Co.

og rita þeir báðir firmað þannig:

Bjarni Benediktsson & Co.

Húsavík, 17. nóvember 1919.

Bjarni Benediktsson. Páll Einarsson.

2. Undirrituð stjórnarnefnd Kaupfjelags Langnesinga gefur hjermeð meðundirrituðum formanni stjórnarinnar Guðmundi Vilhjálmssyni á Syðra-Lóni fult umboð sem prókúrista fyrir ofannefnt fjelag, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfjelag Langnesinga.
Guðm. Vilhjálmsson.

Þórshöfn, 26. ágúst 1920.

Í stjórnarnefnd Kaupfjelags Langnesinga.
Guðm. Vilhjálmsson. Jóhannes Jóhannesson. Ólafur Þórarinsson.

IX. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Jeg undirritaður Tanke Hjemgaard kaupmaður á Seyðisfirði, gef hjermeð erfingjum T. L. Imsland sama staðar, fult og ótakmarkað prókúruumboð til að annast öll mín viðskifti hjer á landi frá því í dag.

140 Prókúristarnir rita nöfn sín fyrir mína hönd þannig:
p. p. T. Hjemgaard Seyðisfirði
Erfingjar T. L. Imsland.
T. C. Imsland
eða: L. J. Imsland.
Seyðisfirði, 6. desember 1919.
T. Hjemgaard.

2. Hlutafjelagið »Prentsmiðjufjelag Austurlands« rekur atvinnu á Seyðisfirði við rekstur prentsmiðju og útgáfu blaðsins »Austurland«. Lögheimili fjelagsins er á Seyðisfirði. Lög fjelagsins samþykt á aðalfundi 12. desember 1919. Formaður Jón Jónsson bóndi í Firði. Meðstjórnendur: Eyjólfur Jónsson bankastjóri á Seyðisfirði, Benedikt Jónasson verslunarstjóri á Seyðisfirði, Hermann Þorsteinsson skósmiður á Seyðisfirði, St. Th. Jónsson konsúll og kaupmaður á Seyðisfirði. Formaður og tveir meðstjórnendur hafa heimild til þess að skuldbinda fjelagið. Hlutafje fjelagsins er ákveðið alt að 25 þúsund kr., sem skiftist í 100 hluti á 250 kr. hver. Af hlutafjenu er selt 22 þúsundir kr. og innborgast alt hlutafje jafnóðum og selt er. Tilkynningar til fjelagsmanna auglýsast í blaðinu »Austurland«. Hlutabrjefin hljóða upp á nafn eiganda.

3. »Kaupfjelag Austfjarða« rekur verslun á Seyðisfirði, undir sama nafni. Lög fjelagsins eru dagsett 25. apríl 1920. Hver fjelagsmaður greiðir 20 krónur, er hann gengur í fjelagið og ábyrgjast þeir allir skuldir þær, er myndast hafa á meðan þeir eru í fjelaginu, »in solidum«, uns tvö ár eru liðin frá brottför þeirra úr því. Í stjórn fjelagsins eru: Stefán Baldvinsson, Stakkahlíð Loðmundarfirði, formaður, Hjálmar Vilhjálmsson, Brekku Mjóafirði, varaformaður og Árni Friðriksson, Þórarinsstaðaeyrum Seyðisfirði, meðstjórnandi. Varamaður í stjórninni er, Jón Sigurðsson Seyðisfirði. Prókúru hefir framkvæmdarstjóri fjelagsins, Sigurður Vilhjálmsson Seyðisfirði. Tilkynningar skal birta í Lögbirtingablaðinu.

Stjórn fjelagsins ritar firmað þannig:
»Kaupfjelag Austfjarða«
Stefán Baldvinsson. Hjálmar Vilhjálmsson. Árni Friðriksson.
Formaður ritar firmað þannig:
»Kaupfjelag Austfjarða«
Stefán Baldvinsson.
Prókúristinn ritar firmað þannig:
p. p. »Kaupfjelag Austfjarða«
Sig. Vilhjálmsson.

X. Suður-Múlasýsla.

1. Engelhardt Svendsen og Páll G. Þormar, báðir til heimilis í Neskauptúni í Norðfirði tilkynna hjermeð til skrásetningar í firmaskrána, að þeir í fjelagi reka vjelsmíðaverkstæði á Norðfirði undir firmanafninu: »Vjelaverkstæði Norðfjarðar« (Svendsen & Þormar) með ótakmarkaðri ábyrgð. Til reksturs atvinnunnar hafa þeir hvor um sig lagt fram kr. 2500,00, eða samtals kr. 5000,00. Rjett til að skuldbinda firmað hafa eigendur hvor um

sig, að öllu öðru leyti en því, er til veðsetningar kemur á eignum sameignarinnar, þá skal þurfa undirskrift beggja, annars hvors sem er. 140

Engelhardt Svendsen ritar firmað þannig:

»Vjelaverkstæði Norðfjarðar«
(Svendsen & Þormar).
Engelhardt Svendsen.

Páll G. Þormar ritar firmað þannig:

»Vjelaverkstæði Norðfjarðar«
(Svendsen & Þormar).
Páll G. Þormar.

3. Kaupfjelag Eskifjarðar rekur verzlun á Eskifirði undir sama nafni. Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 20. janúar 1920. Fjelagsmenn ábyrgjast skuldir þess in solidum, uns ár er liðið frá brottför þeirra úr fjelaginu. Í stjórn eru: Jóhann Þorvaldsson útvegsmaður Eskifirði, Jón Brynjólfsson útvegsmaður Eskifirði og Jón Valdimarsson kennari Eskifirði. Formaður fjelagsins er Jón Valdimarsson kennari Eskifirði. Prókúru hefir: Ólafur Hermannson Eskifirði, framkvæmdarstjóri fjelagsins.

Firmað skrifar meiri hluti stjórnarinnar þannig:

pr. pr. Kaupfjelag Eskifjarðar
Jón Valdimarsson. Jóhann Þorvaldsson
eða
Jón Valdimarsson. Jón Brynjólfsson
eða
Jóhann Þorvaldsson. Jón Brynjólfsson.

3. Jeg undirritaður Hallgrímur Benediktsson, sem rek heildsölu og umboðsverslun í Reykjavík með nafninu H. Benediktsson, tilkynni hjermeð, að jeg hefi sett á stofn útbú á Reyðarfirði, með nafninu: »H. Benediktsson, útbúið á Reyðarfirði«. Útbúið rekur heildsölu og umboðsverslun og get jeg sjálfur ritað firmað. Jeg er einn einn eigandi firmans og fullábyrgur. Pjetur Bóasson hefir prókúru fyrir firmað. Einnig hefir Hallgrímur A. Tulinius prókúru fyrir firmað.

Reykjavík, 23. maí 1919.
H. Benediktsson.

Prókúru hefir Pjetur Bóasson og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. H. Benediktsson, Reyðarfirði.
Pjetur Bóasson.

Prókúru hefir ennfremur Hallgrímur A. Tulinius og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. H. Benediktsson, Reyðarfirði.
H. A. Tulinius.

4. Útgerðarmannafjelag Eskifjarðar tilkynnir til firmaskrár Suður-Múlasýslu: Lögheimili fjelagsins er á Eskifirði. Lög þess dags. 10. janúar 1920. Ábyrgð þess gagnkvæm. Fjelagið selur afurðir fiskiveiða og kaupir það, sem framleiðslan þarfnast. Í stjórninni eru 3 menn: Bjarni Sigurðsson, Finnbogi Erlendsson, Halldór Jónsson, og auk hennar fram-

140 kvæmdarstjóri Símon Jónasson. Undir skuldbindingar fjelagsins rita framkvæmdarstjóri og einn maður úr stjórninni, eða tveir menn úr stjórninni, þannig:

Pr. Útgerðarmannafjelag Eskifjarðar.
Símon Jónasson. Bjarni Sigurðsson.
eða
Símon Jónasson. Finnbogi Erlendsson.
eða
Bjarni Sigurðsson. Halldór Jónsson.
Prókúru hefir Símon Jónasson.

5. Undirritaðir Marteinn Þorsteinsson, Jónas Gíslason og Björgvin Þorsteinsson, allir til heimilis á Fáskrúðsfirði, tilkynnum hjermeð að við rekum í fjelagi verslun á Búðum í Fáskrúðsfirði, sem fullábyrgir fjelagar, með allskonar innlendar og útlendar vörur, undir firmanafninu Marteinn Þorsteinsson & Co. og skal undirskrift hvers okkar vera bindandi fyrir firmað.

Búðum í Fáskrúðsfirði, 2. júní 1920.
Marteinn Þorsteinsson. Jónas Gíslason. Björgvin Þorsteinsson.

Marteinn Þorsteinsson ritar firmað þannig:
Marteinn Þorsteinsson & Co.
Marteinn Þorsteinsson.

Jónas Gíslason ritar firmað þannig:
Marteinn Þorsteinsson & Co.
Jónas Gíslason.

Björgvin Þorsteinsson ritar firmað þannig:
Marteinn Þorsteinsson & Co.
Björgvin Þorsteinsson.

6. »Kaupfjelag Breiðdæla« rekur verslun á Breiðdalsvík undir sama nafni. Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 9. janúar 1920. Hver fjelagsmaður greiðir 10 kr. er hann gengur í fjelagið, og ábyrgjast þeir allir skuldir þess, in solidum, uns 2 ár eru liðin frá brottför þeirra úr fjelaginu. Í stjórn eru: Hóseas Björnsson, Guðmundur Árnason og Lárus Jónsson. Prókúru hefir: Einar Björnsson. Tilkynningar skal birta í Lögbirtingablaðinu. Hóseas Björnsson hefir einn stjórnenda rjett til þess að rita firmað.

Hóseas Björnsson ritar firmað þannig:
Kaupfjelag Breiðdæla.
Hóseas Björnsson.

Prókúristinn ritar firmað þannig:
p. p. Kaupfjelag Breiðdæla.
Einar Björnsson.
Þverhamri 1. mars 1920.
Hóseas Björnsson. Lárus Kr. Jónsson. Guðmundur Árnason.

XI. Skaftafellssýsla.

Kaupfjelag Austur-Skaftfellinga — símnefni Kask — rekur verslun á Hornafirði, með innlendar og útlendar vörur. Stjórn fjelagsins skipa: Formaður Þorleifur Jónsson alþm.

í Hólum, meðstjórnendur Sigurður Jónsson bóndi í Stafafelli, Gunnar Jónsson bóndi í Þinganesi, Halldór Eyjólfsson bóndi í Hólmi og Steinþór Þórðarson bóndi í Hala. Framkvæmdarstjóri fjelagsins, er hefir prókúru fyrir það, er Guðm. J. Hoffell, og ritar hann firmað þannig: 140

pr. pr. Kaupfjelag Austur-Skaftfellinga.
Guðm. J. Hoffell.

Lög fjelagsins eru samþykt 28. desbr. f. á.

XII. Vestmannaeyjasýsla.

1. Undir firma: »Fiskiveiðafjelagið Draupnir h/f.« eru frá Vestmannaeyjum reknar fiski veiðar og atvinnugreinar, sem standa í sambandi við fiskiveiðaútgerð svo og kaupskapur með fiskiveiðaafurðir og vörur, sem snerta fiskiveiðaútgerð, af hlutafjelagi með lögum frá 7. febrúar 1920. Í stjórn fjelagsins eru þrír menn og eru það þeir: Gísli Lárusson framkvæmdarstjóri Vestmannaeyjum, formaður, Bjarni Sighvatsson kaupmaður, Reykjavík, varaformaður og Kristmann Þorkelsson yfirfiskimatsmaður, Vestmannaeyjum. Formaður og einhver annar úr stjórn fjelagsins ritar firmað. Prókúru hefir: Gísli Lárusson framkvæmdarstjóri. Hlutafjeð er 330,000 krónur, sem er skift í 66 hluti á 5000 krónur. Hlutafjeð er alt innborgað. Hlutabrjef hljóða á nafn. Tilkynningar til fjelagsmanna skulu gerðar í ábyrgðarbrjefi eða símskeyti. Stjórnin ritar firmað þannig:

Fiskiveiðafjelagið Draupnir h/f.
Gísli Lárusson.
Kristmann Þorkelsson eða Fiskiveiðafjelagið Draupnir h/f.
Gísli Lárusson. Bjarni Sighvatsson.
Prókúristinn ritar firmað þannig:
p. p. Fiskiveiðafjelagið Draupnir h/f.
Gísli Lárusson.
Vestmannaeyjum, 9. febr. 1920.
Gísli Lárusson. Kristmann Þorkelsson. Bjarni Sighvatsson.

2. Undir firma: »Fiskiveiðahlutafjelagið Víkingur« eru reknar fiskiveiðar í Vestmannaeyjum af hlutafjelagi með lögum dags. 7. nóv. 1919. Í stjórn fjelagsins eru 3 menn og eru þeir: Þorsteinn Þorsteinsson, kaupmaður, Vík, formaður, Guðlaugur Br. Jónsson kaupmaður Vestmannaeyjum, varaformaður og Jón Þorsteinsson kaupmaður, Vík, ritari. Formaður og einhver annar úr stjórn fjelagsins ritar firmað. Prókúru hefir: Guðlaugur Br. Jónsson kaupmaður. Hlutafje er 35000 krónur, skift í 14 hluti á 2500 krónur. Hlutabrjef hljóðar á nafn. Hlutafjeð greiðist 10. desember 1919.

Stjórnin ritar firmað þannig:
Fiskiveiðahlutafjelagið Víkingur
Þorsteinn Þorsteinsson,
Jón Þorsteinsson
eða Fiskiveiðahlutafjelagið Víkingur
Þorsteinn Þorsteinsson. Guðlaugur Br. Jónsson.

140 Prókúristinn ritar firmað þannig:
p. p. Fiskiveiðahlutafjelagið Víkingur.
Guðlaugur Br. Jónsson.
Vík, 25. nóv. 1919.
Þorsteinn Þorsteinsson. Jón Þorsteinsson.
Vestmannaeyjum, 28. nóv. 1919.
Guðl. Br. Jónsson.

3. Firmað »Björgunarfjelag Vestmannaeyja«, annast bjargráð, eftirlit með veiðarfærum, og landhelgisgæslu við Ísland fyrst um sinn með björgunar- og eftirlitsskipinu »Þór« frá Vestmannaeyjum. Lög fjelagsins eru frá 7. apríl 1919. Stjórn fjelagsins skipa 5 hluthafar í Vestmannaeyjum, þeir: bæjarfógeti Karl Einarsson formaður, kaupmaður Jóhann Þ. Jósefsson ritari, kaupfjelagsstjóri Jón Hinriksson, lyfsali Sigurður Sigurðsson og kaupfjelagsstjóri Gísli Lárusson. Heimild til að rita firmað hefir formaður og tveir meðstjórnendur hverjir sem eru: Útgerðarstjóri Jóhann Þ. Jósefsson kaupmaður getur skuldbundið fjelagið í daglegum rekstri. Hlutabrjef hljóða á nafn og skiftast í 25, 50, 100 og 500 króna hluti. Hlutafjeð er 180 þúsund krónur, þar af eru innborgaðar 160 þúsund krónur. Stofnfje ennfremur áætlað 90 þúsund krónur úr landssjóði, þar af innborgaðar 40 þúsundir. Aðalfundur skal auglýstur í Lögbirtingablaðinu með tveggja mánaða fyrirvara. Í Vestmannaeyjum eru hluthafar kallaðir með þriggja daga fyrirvara.
Vestmannaeyjum, 13. og 18. mars 1920.
Stjórn Björgunarfjelags Vestmannaeyja.
Jóhann Þ. Jósefsson. Karl Einarsson. Sigurður Sigurðsson.
Jón Hinriksson. Gísli Lárusson.

4. Stjórn kaupfjelagsins »Drífandi« í Vestmannaeyjum, þeir útgerðarmennirnir Eiríkur Ögmundsson, Guðmundur Sigurðsson, Sigfús Scheving, verkamaður Guðlaugur Hansson og trjesmiður Guðmundur Magnússon, allir í Vestmannaeyjum tilkynna að kaupfjelagið Drífandi reki verslun, undir nefndu firma. Fjelagsmenn greiða í inngangseyri minst 100 kr. og ábyrgjast skuldir fjelagsins sameiginlega — in solidum —, þó svo að hver einstakur fjelagsmaður losnar við skuldbindingar sínar 1 ári eftir að hann fer úr fjelaginu. Samþyktirnar eru frá 29. maí 1920. Birtingar til fjelagsmanna skulu vera brjeflegar eða opinberlega auglýstar með þriggja daga fyrirvara. Ísleifur Högnason er framkvæmdarstjóri fjelagsins, og er hann prókúruhafi. Ritar hann firmað þannig:
p. p. kaupfjelagið Drífandi
Ísleifur Högnason.

5. Stjórn Fiskiveiðafjelagsins »Draupnir« h/f. tilkynnir: Samkvæmt lagabreytingu á fundi í Fiskiveiðafjelaginu »Draupnir« h/f., 8. sept. 1920, eru 5 menn í stjórn fjelagsins og 1 varamaður og eru það þessir: Gísli Lárusson framkvæmdarstjóri Vestmannaeyjum, formaður; Kristmann Þorkelsson fiskimatsmaður Vestmannaeyjum; Símon Egilsson útvegsbóndi Vestmannaeyjum; Bjarni Sighvatsson stórkaupmaður Reykjavík og Guðmundur Kristjánsson skipamiðlari Reykjavík: varamaður er Þorsteinn Jónsson útvegsbóndi Vestmannaeyjum. Prókúru hafa formaður og útgerðarstjóri með sama valdsviði og ákveðið er fyrir prókúruhafa í 25. gr. laga nr. 42, 13. nóv. 1903.

Á stjórnarfundi í fjelaginu 12. sept. 1920 var skipstjóri Guðmundur Sigurðsson í Reykjavík ráðinn útgerðarstjóri fjelagsins. 140

Prókúruhafarnir rita firmað þannig:

Gísli Lárusson ritar: p. p. Fiskiveiðafjelagið »Draupnir« h/f.
Gísli Lárusson.

Guðmundur Sigurðsson ritar: p. p. Fiskiveiðafjelagið »Draupnir« h/f.
Guðmundur Sigurðsson.

XIII. Arnessýsla.

Kaupfjelag Grímsnesinga rekur verslun á Minniborg í Grímsnesi, undir nafninu »Kaupfjelag Grímsnesinga«. Samþyktir fjelagsins eru dags. 1. apríl 1919. Fjelagsmenn ábyrgjast skuldir þess in solidum. Í stjórninni eru: Stefán Diðriksson framkvæmdarstjóri á Minniborg, Guðlaugur Þórðarson bóndi á Vatnsnesi, Þorsteinn Briem, prestur á Mosfelli, Eirikur Þ. Stefánsson, prestur á Torfastöðum og Björn Bjarnason, hreppstjóri á Brekku. Prókúru hefir: Stefán Diðriksson framkvæmdarstjóri á Minniborg. Rjett til að rita firmað hafa: Stefán Diðriksson, Guðlaugur Þórðarson.

Guðlaugur Þórðarson ritar firmað þannig:

Kaupfjelag Grímsnesinga
Guðl. Þórðarson.

Prókúristinn ritar firmað þannig:

p. p. Kaupfjelag Grímsnesinga
Stefán Diðriksson.

XIV. Gullbringu- & Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.

1. »H/f. Eos« tilkynnir, að fjelagið reki atvinnu við siglingar undir firmanafninu »hlutafjelagið Eos«. Lögheimili fjelagsins er í Hafnarfirði. Lög fjelagsins eru dagsett 2. janúar 1920. Hlutafje fjelagsins er kr. 105,000,00, er skiftist í 30 hluti, sem hver er að upphæð kr. 3,500,00. Af hlutafjenu eru þegar teiknaðar kr. 94,500,00. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Helmingur hlutafjárins greiðist 14. jan. 1920 og afgangurinn fyrir 15. febr. 1920. Stjórn fjelagsins skipa: Formaður: Lárus Fjeldsted, lögfræðingur, Reykjavík. Meðstjórnendur: Jóh. J. Reykdal, kaupmaður, Setbergi við Hafnarfjörð. Ásmundur Árnason, bóndi, Hábæ í Vogum. Varastjórnandi: Guðmundur Guðmundsson, bóndi á Vegamótum, Reykjavík. Prókúruumboð hefir firmað G. Kr. Guðmundsson & Co., Reykjavík. Tilkynning til hluthafa sendist í ábyrgðarbrjefi eða símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Stjórn fjelagsins ritar firmanafnið þannig:

Jóh. J. Reykdal & Lárus Fjeldsted rita:

pr. h/f. Eos.
Jóh. J. Reykdal. Lárus Fjeldsted.

Jóh. J. Reykdal & Ásmundur Árnason rita:

pr. h/f. Eos.
Jóh. J. Reykdal. Ásmundur Árnason.

Ásmundur Árnason & Lárus Fjeldsted rita:

pr. h/f. Eos.
Asmundur Arnason. Lárus Fjeldsted.

140 Prókúruhafi ritar:
pr. h/f. Eos.
G. Kr. Guðmundsson & Co.

2. Hlutafjelagið »Norðri«, stofnað 27. nóvbr., tilkynnir að ætlunarverk þess sje, samkvæmt lögum fjelagsins samþyktum s. d., að hagnýta eignir þess: Gufunes, Knútskot, Eiði og Geldinganes, með því sjerstaklega, að gera þar hafnarvirki, bryggjur, fiskreiti, byggingar og annað, er til þess þarf að útgerðarfjelög geti haft þar stöðvar sínar. Að yrkja og bæta jarðirnar til landbúnaðar, og ef til vill í framtíð að reka þaðan útgerð. Stjórn fjelagsins skipa 5 hluthafar, formaður og 4 meðstjórnendur. Undirskrift formanns og tveggja meðstjórnenda nægir til þess að skuldbinda fjelagið. Prókúruumboð hefir Þorsteinn Jónsson frá Seyðisfirði. Hlutafjeð er alt 500,000 krónur, er skiftist í 1000 og 5000 króna hluti. Hlutir hljóða upp á nafn. Innborgað hlutafje nú þegar 120 þúsund krónur. Birtingar til fjelagsmanna fara fram brjeflega eða með símskeyti til þeirra.

3. Steingrímur Torfason og Sveinn Jónsson, báðir til heimilis í Hafnarfirði, tilkynna að þeir reki verslun undir firmanafninu »Veiðarfæraverslunin Alda«, með sameiginlegri ábyrgð.
Rita þeir hvor um sig firmað þannig:
»Veiðarfæraverslunin Alda«
Steingrímur Torfason.
»Veiðarfæraverslunin Alda«
Sveinn Jónsson.
Hafnarfirði 12. febr. 1920.
Steingrímur Torfason. Sveinn Jónsson,

4. Klæðskerarnir Einar Einarsson og Einar Hans Sigurðsson í Hafnarfirði tilkynna 5. þ. m., að þeir reki klæðskeraiðn í Hafnarfirði með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Einar & Hans. — Hvor um sig ritar firmað þannig:
Einar Einarsson ritar:
Einar & Hans.
E. Einarsson.
Einar Hans Sigurðsson ritar:
Einar & Hans.
E. H. Sigurðsson.

5. Sigurjón Pjetursson og Einar Pjetursson, kaupmenn í Reykjavík, tilkynna, að þeir, undir firmanafninu: »Klæðaverksmiðjan Álafoss« reki ullariðnað með vjelum á Álafossi í Mosfellssveit. Báðir bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum fjelagsins og hafa hvor fyrir sig rjett til að rita firmað. Til þess að veðsetning á eignum fjelagsins sje gild, eða sala á fasteignum þess, þarf þó undirskrift beggja. Báðir eiga jafnan hluta í fjelaginu. Hvorugur hefir rjett til að selja sinn hluta í fjelaginu án samþykkis hins.
Sigurjón Pjetursson ritar:
Klæðaverksmiðjan Álafoss
Sigurjón Pjetursson.

Einar Pjetursson ritar: 140
Klæðaverksmiðjan Alafoss
Einar Pjetursson.
Reykjavík, 20. maí 1920.
Sigurjón Pjetursson Einar Pjetursson.

6. Við undirritaðir rekum verslun með kol, salt, fisk og ýmsar útlendar vörur undir firmanafninu »Þórður & Ingólfur Flygenring«, með ótakmarkaðri ábyrgð. —
Firmað ritum við þannig:
Þórður & Ingólfur Flygenring.
Þórður Flygenring.
Þórður & Ingólfur Flygenring.
Ingólfur Flygenring.

Auglýsing 141

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík,

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1920.

Skrás. 1920 nr. 1.

Tilkynt 23. desember 1919, kl. 4 síðd., af Shinola Company, verksmiðjurekstur, Rochester í New-York-ríki, Bandaríkjunum, N.-Am. og skrásett 16. janúar 1920.

SHINOLA

Lýsing á merkinu:
Orðið Shinol'A, sem einungis á að ná til bursta og áburðar til skófágunar.
Samkv. 2 tilk. dags. 7. apríl 1911 og 10. jan. 1912, er merkið skrásett í Washington 16. júlí 1912, fyrir ofangreindar vörutegundir, 4. og 29. flokki.

141 *Skrás. 1920 nr. 2.*

Tilkynt 23. desbr. 1919, kl. 4 síðd., af Seager Evans & Co., Limited, áfengisgerð, London, Englandi, og skrásett 16. janúar 1920.



Lýsing á merkinu:

Á dökkum grunni, sem er ferstrendur með bogadregnum hornum og mjókkar ögn niður á við, standa efst orðin: Trade Mark, þá mynd af grind, en til beggja hliða við hana hanga niður hlekkir og eru orðin: Established over a Century letruð hinu megin við myndina. Fyrir neðan það, sem nú er talið, er hvítur reitur með bognum hornum og efst í honum stendur orðið: Seager's, en undir hvíta reitnum, sem er með dökkum deplum meðfram hliðunum, standa orðin: Seager Evans & Co., Limited og þar fyrir neðan: Millbank Distillery, Westminster, London, S. W.

Merkið á að ná til áfengra drykkja og er samkv. tilk. dags. 14. jan. 1919 skrásett í London 11. okt. s. á., 43. flokki.

Skrás. 1920 nr. 3.

Tilkynt 23. desbr. 1919, kl. 4 síðd., af Vacuum Oil Company, olíuframleiðsla, New-York í New-York-ríki, Bandaríkjunum N.-Am., og skrásett 16. janúar 1920.

Vacuum

Lýsing á merkinu:

Orðið: Vacuum, sem á að ná til steinolíu eða steinolíuafurða, annaðhvort út af fyrir sig eða í sambandi við önnur efni.

Samkv. tilk. dags. 21. apríl 1898, er merkið skrásett í Washington 21. júní s. á., fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1920 nr. 4. **141**

Tilkynt 23. desbr. 1919, kl. 4 síðd., af Norðurlanda-útbúi hlutafjelagsins Vacuum Oil Company, verslun, er Ernst Michaelsen veitir forstöðu í Kaupmannahöfn, og skrásett 16. janúar 1920.



Lýsing á merkinn:

Ímynduð mynd af dýri með hundshöfði og fuglslíkama, er skagar lárjett út frá múrhluta.

Samkv. tilk. dags. 26. júní 1906, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 30. s. m. fyrir tilkynnanda, og sú skrásetning síðan endurnýjuð fyrir sama 30. júní 1916.

Skrás. 1920 nr. 5.

Tilkynt 23. desbr. 1919, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 16. janúar 1920.

Lýsing á merkinu:

Ímynduð mynd af dýri með hundshöfði og fuglslíkama, sem gnæfir út frá horninu á hlöðnum múrvegg þannig, að hálsinn og höfuðið nær upp fyrir múrinn. Vinstra megin við hálsinn stendur: GARG, en hægra megin: OYLE.

Merkið á einungis að ná til allra olíutegunda og fituefna og til allra annara jurta og dýraafurða til iðnlegrar-, lækninga- og annarar notkunar.

Samkv. tilk. dags. 22. sept 1904, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 30. s. m. fyrir tilkynnanda, og sú skrásetning síðan endurnýjuð fyrir sama 30. sept. 1914.

141 *Skrás. 1920. nr. 6.*

Tilkynt 23. des. 1919. kl. 4 síðd., af Norðurlanda-útbúi h/f. Vacuum Oil Company, er Ernst Michaelsen veitir forstöðu, verslun, Kaupmannahöfn og skrasett 20. janúar 1920.

GARGOYLE

Lýsing á merkinu: Orðið: GARGOYLE.

Merkið er skrásett sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir olíur og fituefni, sem unnin eru úr dýra-, jurta- og steinaríkinu.

Samkv. tilk. dags. 25. jan. 1905 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 15. febr. s. á., fyrir tilkynnanda og sú skrásetning síðan endurnýjuð fyrir sama 15. febr. 1915.

Skrás. 1920 nr. 7.

Tilkynt 23. des. 1919, kl. 4 síðd. af Tuxham A/s, vjelagjörð, Valby, Kaupmannahöfn, og skrásett 20. janúar 1920.

Lýsing á merkinu:

Mynd af hjóli; bak við það sjest mótor, sem geislar út frá. Fyrir framan hjólið sjest stafurinn T og stendur í efsta hluta hans orðið: Tuxham, en í leggnum: Motor, lesið ofan frá og niður eftir.

Merkið á einungis að ná til allskonar aflvjela og vinnuvjela og er orðið Tuxham að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Samkv. tilk. dags. 8. sept. 1919 er merkið skrásett fyrir tilkynnanda í Kaupmannahöfn 20. s. m., fyrir áðurgreindar vörutegundir.

Skrás. 1920 nr. 8.

Tilkynt 12. jan. 1920, kl. 5 síðd., af Norðurlanda-útbúi h/f. Vacuum Oil Company, er Ernst Michaelsen veitir forstöðu, verslun, Kaupmannahöfn, og skrásett 22. s. m.

GARG

Lýsing á merkinu: Orðið: GARG.

Merkið á einungis að ná til eftirtaldra vörutegunda: Olíu til ljósa, mótorolíu, mótorfeiti, iðnaðarolíu, skreytiolíu, loftnæmrar olíu og fituefna, áburðarefna, rykverjandi og tengi-

efna; vax og vaxeftirlíkinga, gólffágunarefna, harpeis, fernisolíu, litarefna, lakktegunda, bæsi- 141
áburðar, kerta, lýsingarefna, náttljósa, kveikja, sótthreinsunarefna, bensin, kolvetnissamsetninga til skrauts, sápa, hreinsunar-, fágunar- og varðveitandi efna sem og efna til varnar ryði, gljáunar- og sútunarefna, steinolíuafurða, smurningsáhalda, íláta til geymslu, flutnings og skiftingar nefndra efna, tækja til fágunar og hreinsunar gólfa, tækja til að olíubera með gólf, pentla, bursta, kanna, flaskna, karfna og kassa, pjáturíláta, tunna og annara umbúða, hylkja, tappa og annara lokunartækja, umbúðapappírs- og ljerefts, einkennismiða, auglýsingaspjalda, brjefapappírs, umslaga, brjefspjalda, brjefhylkja, brjefpressa, hnífa, ritblýja vindlakveikjara og lampa.

Orðið Garg ber að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Samkv. tilk. dags. 28. jan 1907 er merkið skrásett fyrir tilkynnanda 23. febr. s. á., í Kaupmannahöfn, og skrásetningin síðan endurnýjuð fyrir sama, 23. febr. 1917.

Skrás. 1920 nr. 9.

Tilkynt 12. jan. 1920, kl. 4 síðd., af The Texas Company, verksmiðjurekstur, Port Arthur í Texas-ríki og New-York, Bandaríkjum Norður-Ameríku og skrásett 30. s. m.

TEXACOAT

Lýsing á merkinu:

Orðið: TEXACOAT, sem einungis á að ná til vatnsheldrar málningar fyrir málara, þakmálningar og málningar á ílát; ber að skoða orðið Texacoat sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Samkv. tilk. dags. 19. júní 1917, er merkið skrásett í Washington 27. nóvember s. á. fyrir ofangreindar vörutegundir, 16. flokki.

Skrás. 1920 nr 10.

Tilkynt 12. jan. 1920, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 30. s. m.

TIGER

Lýsing á merkinu:

Orðið: TIGER, sem einungis á að ná til sjerstaklega uppfundinnar þaksamsetningar.

Samkv. tilk. dags. 26. febr. 1914, er merkið skrásett í Washington 9. júní s. á.

141 *Skrás. 1920 nr. 11.*

Tilkynt 12. janúar 1920, kl. 4 síðd., af Aunt Jemima Mills Company, verksmiðjurekstur, St. Joseph í Missouri-ríki, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 30. s. m.

Lýsing á merkinu:

Brjóstmynd af svertingjakonu með tíglóttan klút bundinn um höfuð sjer, en undir myndinni standa orðin: AUNT JEMIMA, og á merkið einungis að ná til pönnukakna, bókhveitis, korns og hveitimjöls.

Samkv. tilk., dags. 23. ágúst 1917, er merkið skrásett í Washington 15. janúar 1918 fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1920 nr. 12.

Tilkynt 23. janúar 1920 kl. 5 síðd., af Monkhouse & Glasscook, Ltd., verslun Bermondsey, London í Englandi, og skrásett 6. febrúar s. á.

MONK & GLASS

Lýsing á merkinu:

Orðin: MONK & GLASS, sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir áfengislausa drykki ávaxtasafa til framleiðslu áfengislausra drykkja, »Lemon Squash« (áfengislaust, uppsogað loft og lyf), »Lime Juice Cordial« (áfengislaust), hlaup í mat, »Blancmanger«, eggjamjólkur- og ávaxtaduft.

Samkv. tilk. dags. 4. mars 1911, er merkið skrásett í London 28. júní s. á. fyrir ofangreindar vörutegundir, 42. flokki.

Skrás. 1920 nr. 13. 141

Tilkynt 2. febrúar 1920, kl. 5 síðd., af The Scottish Woollen Trade Mark Association, Ltd., verksmiðjurekstur, Edinburgh í Skotlandi, og skrásett 10. s. m.

Lýsing á merkinu:

Mynd, sem er samsett af ílöngum ferhyrning og bogadreginni línu ofan og neðan um miðju hans. Neðan undir efri bugðunni standa orðin: TRADE MARK, þar undir: SCOTTISH WOOLLEN, og í neðri bugðunni: ASSOCIATION, en undir henni stendur: Limited. — Ofan á efri bugðunni er mynd, lík blævæng, en niður úr neðri bugðunni gengur önnur mynd, lík skafti í lögun. — Merkið er einungis skrásett fyrir klæði og efni úr ull.

Samkv. tilk. dags. 26. júní 1919, er merkið skrásett í London 1. okt. s. á fyrir ofangreindar vötutegundir, 34. flokki.

Skrás. 1920 nr. 14.

Tilkynt 26. febrúar 1920, kl. 2 síðd., af Rice & Hutchins, Incorporated, verksmiðjurekstur, Boston í Massachusetts, Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 9. mars s. á.

MAYFAIR

Lýsing á merkinu: Orðið: MAYFAIR.

Samkv, tilk., dags. 29. maí 1917, er merkið skrásett i Washington 4. sept. s. á. fyrir stígvjel, skó og inniskó, sem búnir eru til algerlega eða að nokkru leyti úr leðri eða vefnaði, svo og sokkavarning handa körlum, konum og börnum.

141 *Skrás. 1920 nr. 15.*

Tilkynt 5. mars 1920, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 11. s. m.

Lýsing á merkinu:

Innsigli, ólmyndaður hringur, og yfir því kóróna; á ólina eru letruð orðin: Built on the square, en fyrir innan ólina er fangamark gert úr bókstöfunum: R. og H. — Undir innsiglinu stendur orðið: SIGNET.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 10. júní 1905, er merkið skrásett í Washington 14. ágúst 1906 fyrir leðurstígvjel og skó og leður, sem notað er við tilbúning þeirra.

Skrás. 1920 nr. 16.

Tilkynt 23. mars 1920, kl. 5 síðd., af A/s Bakteriologisk Laboratorium »Ratin«, efnaframleiðsla, Frederiksberg, Kaupmannahöfn, og skrásett 30. s. m.

RATIN

Lýsing á merkinu: Orðið: RATIN.

Merkið er aðeins skrásett fyrir sóttkveikjuefni, og er orðið Ratin að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

Samkv. tilk. dags. 6. ágúst 1903, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 5. sept. s. á. og sú skrásetning síðan endurnýjuð 5. september 1913 fyrir tilkynnanda, sem nú er eigandi merkisins samkvæmt tilk. dags. 6. febrúar 1920.

Skrás. 1920 nr. 17.

Tilkynt 23. mars 1920 kl. 5 síðd., af Det danske Petroleums-Aktieselskab, verslun Kaupmannahöfn, og skrásett 30. s. m.

PETRODUKT

Lýsing á merkinu: Orðið: PETRODUKT.

Merkið, sem einungis á að ná til steinolíu og steinolíuafurða, er skrásett í Kaup- 141
mannahöfn 31. janúar 1920, samkv. tilk. dags. 26. nóvember 1919.

Skrás. 1920 nr. 18.

Tilkynt 25. mars 1920, kl. 4 síðdegis, af Stefáni Thorarensen, lyfsala, Reykjavík og skrásett 30. s. m.

SOLIN

Lýsing á merkinu: Orðið: SOLIN.

Merkið er aðeins skrásett fyrir hægðapillur, og ber að skoða orðið Solin sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

Skrás. 1920 nr. 19.

Tilkynt 27. mars 1920, kl. 4 síðd., af Rice & Hutchins, Incorporated, versmiðjurekstur, Boston í Massachusetts, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 3. apríl s. á.

The Vera

Lýsing á merkinu: Orðin: THE VERA.

Samkv. tilk. dags. 12. júlí 1905, er merkið skrásett í Washington 7. ágúst 1906 fyrir stígvjel, skó, morgunskó og reimaðan skófatnað.

Skrás. 1920 nr. 20.

Tilkynt 27. mars 1920, kl. 4 síðd., af R. J. Reynolds Tobacco Company, tóbaksgjörð Winston-Salem í North Carolina, Bandaríkjum N.-Ameríku og skrásett 3. apríl s. á.

CAMEL

Lýsing á merkinu: Orðið: CAMEL.

Samkv. tilk. dags. 4. apríl 1919, er merkið skrásett í Washington 30. september s. á. fyrir reyktóbak og brjefvindlinga (Cigarettes).

141 *Skrás. 1920 nr. 21.*

Tilkynt 10. apríl 1920, kl. 5 síðdegis, af Hið íslenska steinolíuhlutafjelag, verslun, Reykjavík, og skrásett 16. s. m.

Lýsing á merkinu: Orðið: SÓLARLJÓS.

Merkið á að ná til steinolíu og steinolíuafurða, og er nafnið »Sólarljós« að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir.

Skrás. 1920 nr. 22.

Tilkynt 10. apríl 1920, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 16. s. m.

Lýsing á merkinu: Orðið: ÓÐINN.

Merkið á að ná til steinolíu og steinolíuafurða, og er nafnið »Óðinn« að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir.

Skrás. 1920 nr. 23.

Tilkynt 10. apríl 1920, kl. 5 síðdegis, af sama, og skrásett 16. s. m.



Lýsing á merkinu: Orðið: ÞÓR.

Merkið á að ná til steinolíu og steinoliuafurða, og er nafnið »Þór« að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir.

Skrás. 1920 nr. 24. 141

Tilkynt 15. maí 1920, kl. 5 síðdegis, af Chas, & Thos. Harris & Co., Limited, svínakjöts- og flesksala, Calne í Wiltshire, Englandi, og skrásett 25. júní s. á.

Lýsing á merkinu:

Mynd af kórónu; fyrir ofan hana í boga stendur orðið: HARRIS, en fyrir neðan hana orðin: CALNE WILTS, sem einnig standa í boga, þannig, en orðin bæði fyrir ofan og neðan mynda hring um kórónuna.

Merkið er einungis skrásett fyrir flesk.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er merkið skrásett fyrir tilkynnanda í London, 10. júlí 1888, 42. flokki.

Skrás. 1920 nr. 25.

Tilkynt 15. maí 1920, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 25. júní s. á.

HARRIS

Lýsing á merkinu: Orðið: HARRIS.

Merkið á einungis að gilda fyrir svínakjöt, svínslæri, svínafeiti til matar og pækilskryddað svínakjöt.

Samkvæmt tilkynningu dags. 22. desember 1909. er merkið skrásett í London, 8. júlí 1910 fyrir ofangreindar vörutegundir, 42. flokki.

Skrás. 1920 nr. 26.

Tilkynt 15. maí 1920, kl. 5 síðdegis, af F. F. Dalley Company of New-York. Inc.,

141 verksmiðjurekstur, Buffalo í New-York-ríki, Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 25. júní s. á.

Lýsing á merkinu:

Tölustafurinn 1 og í honum tölustafurinn 2. Út frá hliðum tölustafsins 1 liðast bönd; standa i efri böndunum orðin: TWO IN ONE, og í þeim neðri orðin: DEUX DANS UN.

Merkið er einungis skrásett fyrir skósvertu.

Samkv. tilk. dags. 15. maí 1905, er merkið skrásett í Washington 14. mai 1907.

Skrás. 1920 nr. 27.

Tilkynt 28. maí 1920, kl. 4 síðd., af S. Garmann Clausen, Administrationskontor A/S., verslun, Bergen í Noregi, og skrásett 29. júní s. á.

Lýsing á merkinu:

Bókstafirnir S G C og eru stafirnir S og C samtengdir með bogadreginni línu.

Merkið er skrásett fyrir skrifstofuvjelar, skrifstofuáhöld og skrifstofuhúsgögn.

Samkvæmt tilkynningu dagsett 29. janúar, 1919, er merkið skrásett í Kristianiu 14. apríl s. á., fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1920 nr. 28. 141

Tilkynt 4. júní 1920, kl. 4 síðd., af A. J. Tower Company, verksmiðjurekstur, Portland og Boston, Bandaríkjum N. Ameríku og skrásett 10. júlí s. á.

Lýsing á merkinu:

Orðin: STAR BRAND, sem standa í bogadreginni línu undir fimmgeislaðri stjörnu.
Merkið er einungis skrásett fyrir olíuborinn fatnað.
Samkv. tilk. dags. 12. júní 1913, er merkið skrásett í Washington 4. nóvbr. s. á. fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1920 nr. 29.

Tilkynt 4. júní 1920, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 10. júlí s. á.

Lýsing á merkinu:

Mynd af fiski, en undir henni standa í boginni línu upp á við orðin: FISH BRAND.
Merkið á einungis að gilda fyrir olíufatnað af öllum tegundum.
Samkv. tilk. dags. 17. apr. 1905, er merkið skrásett í Washington 24. apr. 1906, fyrir áðurgreindar vörutegundir.

141 *Skrás. 1920 nr. 30.*

